22



Fróðleikur tengdur forystufé

27–30



Bændur vilja sterk Bændasamtök

32–34



Hesturinn – þarfasti þjónninn

# Bændablaðið

1. tölublað 2017 ● Fimmtudagur 12. janúar ● Blað nr. 482 ● 23. árg. ● Upplag 32.000



Það færist í vöxt að í sveitum landsins sé settur á fót óhefðbundinn búskapur. Á bænum Steðja í Borgarfirði er enginn hefðbundinn búskapur lengur. Þess í stað er þar rekið brugghús af Dagbjarti Ingvari Arilíussyni og Svanhildi Valdimarsdóttur. Þau eru einnig að byggja upp ferðaþjónustu á bænum. – Sjá viðtal á bls. 24 og 25 Mynd / HKr.

## Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er ráðherra landbúnaðarmála í nýrri ríkisstjórn undir forystu Bjarna Benediktssonar:

# Fyrsta verk að skipa að nýju í nefnd um endurskoðun búvörusamninga

## – Ný stjórn vill aukna framleiðni í landbúnaði, draga úr sértækum búgreinastyrkjum og endurskoða ráðstöfun tollkvóta

**Ný ríkisstjórn undir forsæti Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, hefur tekið til starfa. Í stjórninni sitja ellefu ráðherrar og þar er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir úr Viðreisn í sæti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

Auk Bjarna og Þorgerðar Katrínar er Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, fjármálaráðherra, Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, er heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, Sjálfstæðisflokki, er menntamálaráðherra, Björt Ólafsdóttir, Bjartri framtíð, er umhverfis- og auðlindaráðherra, Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, er samgöngu-, fjarskipta- og byggðamálaráðherra, Þorsteinn Víglundsson, Viðreisn, er félagsmálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, Sjálfstæðisflokki, er ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Sigríður Á. Andersen, Sjálfstæðisflokki, er dómsmálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, er utanríkisráðherra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, nýskipaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði í tíufréttum í Sjónvarpinu (RÚV) á þriðjudagskvöld, að hennar fyrsta verk í embætti verði að skipa að nýju í nefndina sem á að endurskoða búvörusamninginn.

Í stuttu samtali við Bændablaðið í gærmorgun sagði Þorgerður að áherslur hennar í landbúnaðarmálum séu í samræmi við það sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum.

„Þar á ég við að meira tillit verði tekið til sjónarmiða neytenda og að ýtt verði undir meiri sátt um greinina. Búvörusamningurinn er til staðar og það verður áfram unnið eftir honum. Ég tel bara að það sé hægt að gera það í enn meiri sátt en ríkir í dag.“

### *Framleiðsla heilnæmra, innlendra afurða*

Í landbúnaðarkafla stjórnarsáttmála, eða stefnuyfirlýsingar nýju stjórnarinnar, segir að áfram skuli lögð áhersla á framleiðslu heilnæmra, innlendra afurða í umhverfisvænum og samkeppnishæfum landbúnaði. Velferð dýra verði í hávegum höfð. Skilvirkt eftirlit með dýrum og matvælaframleiðslu verði tryggt, sem og gætt að neytendavernd.

### *Áhersla á aukna framleiðni*

Þá segir að breytingar á búvörusamningi og búvörulögum skuli miðaðar að því að leggja áherslu á aukna framleiðni, hagsmuni og valfrelsi neytenda og bænda og fjölbreytt vöruúrval. Jafnframt verði horft til samkeppnisstöðu landbúnaðar á Íslandi vegna legu landsins, veðurfars og takmarkaðra landgæða.

Síðan segir að hreinn landbúnaður, þegar litið er til afurða og umhverfis, og minni kolefnislosun verði ásamt framangreindum þáttum leiðarljósið í landbúnaðarstefnu stjórnvalda. Leggja beri áherslu á að draga ekki úr hagkvæmni og styðja áfram við jafna stöðu bænda eins og kostur er.

### *Draga á úr sértækum búgreinastyrkjum*

Endurskoðun búvörusamnings verður grunnur að nýju samkomulagi við bændur sem miðað er við að ljúki eigi síðar en árið 2019. Verður af hálfu stjórnvalda hvatt til að vægi almennari stuðnings verði aukið, svo sem til jarðræktar, fjárfestingar, nýsköpunar, umhverfisverndar og nýliðunar, en dregið úr sértækum búgreinastyrkjum.

Þá segir að endurskoða þurfi ráðstöfun innflutningskvóta og greina forsendur fyrir frávikum frá samkeppnislögum fyrir mjólkuriðnaðinn og gera viðeigandi breytingar. Ekki fer á milli mála að þar er átt við Mjólkursamsöluna (MS). /VH/HKr.

Markaðsskrifstofur landshlutanna standa fyrir Mannamóti 2017 fimmtudaginn 19. janúar:

# Sóknarfærin eru á landsbyggðinni

**Þetta er í fjórða sinn sem markaðsstofurnar taka höndum saman og setja upp þennan viðburð fyrir samstarfsfyrirtæki sín.**

Tilgangurinn er að kynna ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni fyrir ferðaþjónustuaðilum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum á höfuðborgarsvæðinu og markmiðið að vinna að dreifingu ferðamanna um landið allt og efla uppbyggingu heilsársferðaþjónustu úti á landi.

Tilgangurinn með viðburðinum er einnig sá að auka dreifingu ferðamanna um landið allt. Það verði gert með því að mynda og efla tengsl á milli ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi.

Þrátt fyrir fjölgun ferðamanna til landsins á seinni árum eru enn mörg ónýtt sóknarfæri á landsbyggðinni og ferðaþjónustan þar í stakk búin að taka á móti fleiri gestum.


Arnheiður Jóhannsdóttir.


Siglufjörður.

*Að beina straumnum út á land*

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands og talskona Mannamóta, segir að tækifærin séu mörg í ferðaþjónustunni úti á landi og að hægt sé að taka á móti mun fleiri ferðamönnum en gert sé nú. „Það er óþarfi að hægja á straumi ferðamanna til landsins,“ segir hún. „Það þarf bara að beina honum lengra út á landið.“

Hún segir að þótt þróunin þokist í rétta átt sé mikil árstíðasveifla víða á landsbyggðinni og erfiðlega gangi að reka ferðaþjónustufyrirtæki utan háannatímans á sumrin. Eitt af hlutverkum Mannamóta sé að sýna fram á að fjölda vel rekinna ferðaþjónustufyrirtækja sé að finna á landsbyggðinni sem vel geti þjónustað mun fleiri viðskiptavini en nú sé gert.

*Tækifæri í landbúnaði*

Arnheiður nefnir sem dæmi landbúnaðinn sem nú hefur tækifæri til að framleiða matvæli handa vel yfir 2 milljónum manna árið 2017 til viðbótar við Íslendingana. „Tækifærin eru til staðar en það þarf að breyta áherslum eða starfsháttum til að nýta þau vel. Það er mikilvægt að við stöndum öll saman og tökum vel á móti ferðamönnum, fylgjumst með þróuninni á jákvæðan hátt og byggjum hér upp trausta atvinnugrein til lengri tíma.“ /MÞÞ

## Ný stjórn skipuð í Framleiðnisjóði

**Ný stjórn tekur við Framleiðnisjóði landbúnaðarins 15. janúar næstkomandi.**

Samkvæmt skipunarbréfi er nýr formaður stjórnarinnar Elín Aradóttir, bóndi, Hólabaki, Húnavatnshreppi. Aðrir í stjórn framleiðslusjóðs eru Eiríkur Blöndal, Jaðri, Borgarfirði, Jóhannes Ríkarðsson, Brúnastöðum, Fljótum, Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, Hvammstanga og Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi, Hornafirði.

Varamenn í stjórn eru Hanna Dóra Másdóttir, sérfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Sigríður Jóhannesdóttir, Gunnarsstöðum. Þórshöfn, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri, Guðfinna Harpa Árnadóttir, Straumi, Egilsstöðum og Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, Flúðum. /VH


Kristófer A. Tómasson.

## Engar launahækkanir

**Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt að hækka ekki launin sín þrátt fyrir launahækkanir þingmanna samkvæmt kjaradómi.**

Laun sveitarstjórnarmanna tengjast þingfararkaupi. Framvegis mun laun sveitarstjórnar taka breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu. Þá hefur Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri lagt til að laun sín hækki ekki heldur og hefur það verið samþykkt, launin hans munu einnig taka breytingum samkvæmt launavísitölu. /MHH

## Merkið um vistvæna landbúnaðarafurð enn notað af Græneggjum og sumum garðyrkjubændum

**Merkið sem notað var sem vottun fyrir vistvænni landbúnaðarframleiðslu er enn í notkun.**

Í kjölfarið á Brúneggjamálinu, frá því í lok nóvember á síðasta ári, fjölluðu fjölmiðlar talsvert um notkunina á merkinu – sem Brúnegg skörtuðu á eggjabökkum sínum. Svo virtist vera, þegar eftirlitsskýrslur Matvælastofnunar voru skoðaðar, að um vörusvik væri að ræða. Bæði hafði merkið ekki lengur stoð í reglugerð um vistvæna vottun, sem var felld úr gildi í nóvember 2015, auk þess sem búreksturinn hjá Brúneggjum var ekki í neinu samræmi við það sem merkið stóð fyrir.

Þegar mál Brúneggja kom upp lýstu ýmsir verslunareigendur því yfir að þeir myndu ekki selja vörur sem væru þannig merktar. Meðal annars hafði fréttamaður Ríkisútvarpsins eftir eigendum verslana Haga, sem reka Bónus og Hagkaup, að þeir myndu framvegis ekki ætla að selja vörur með slíkum merkingum.

*Grænegg segir merkinguna eiga fullan rétt á sér*

Grænegg á Svalbarðsströnd eru að sögn með vistvæna framleiðslu. Þau nota merkið á Bónusmerktum eggjabökkum í Bónusverslunum, en eru með aðrar pakkningar fyrir Hagkaup og aðrar verslanir. Þórður Halldórsson, annar eigenda Græneggja, segir að eggjabúið í Sveinbjarnargerði hafi verið fyrsta eggjabúið sem fékk vistvæna vottun árið 1998 og þar af leiðandi fékk það heimild til þess að nota merkið. Grænegg, sem nú rekur eggjabúið, endurnýjaði heimildina árið 2013. Frá 1998 hefur, að sögn Þórðar, verið árlegt eftirlit á vegum Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

„Með tilkomu nýrra laga um dýravelferð – og lögfestingu evrópskrar matvælalöggjafar – voru teknir upp margir þeir þættir sem lögð var áhersla á í vistvænu reglugerðinni. Því fannst mörgum ekki nauðsynlegt að vistvæna reglugerðin héldi gildi þar sem eftirlitið með framkvæmd hennar hafði verið ábótavant sums staðar á landinu. Í tengslum við það var rætt um að merkja sérstaklega egg úr búrhænum eins og sums staðar er gert erlendis. Það náði ekki fram að ganga, kannski vegna þess að mikill meirihluti af íslenskri eggjaframleiðslu er framleidd í búrum.



Garðyrkjubændur hafa notað merkið eftir að mál Brúneggja kom upp.



Hagkaup selur Grænegg með merkinu á. Myndir / smh

Nú er í gildi áætlun um hvernig og hvenær menn skulu hætta framleiðslu í hefðbundnum búrum. Því teljum við rétt að á umbúðunum komi ávallt fram við hvers konar framleiðsluaðstæður eggin eru framleidd. Því á merkingin á vistvænum landbúnaði ennþá fullan rétt á sér,“ segir Þórður.

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar fór úttektaraðili frá sambandinu í reglulegar heimsóknir til Græneggja eftir að vistvæna vottunin var fengin, en að sjálfsögðu ekki eftir að hún var felld úr gildi.

*Garðyrkjubændur nota líka merkið*

Merki vistvænnar landbúnaðarframleiðslu hefur einnig verið að finna á umbúðum garðyrkjubænda frá því að mál Brúneggja komu upp. Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, segir að það sé stefnan að allar merkingar á vörum frá þeim verði fullkomlega réttar.

„Merki vistvænnar landbúnaðarframleiðslu hefur einnig verið að finna á umbúðum garðyrkjubænda frá því að mál Brúneggja komu upp. Katrín María segir að merkið sé í raun Sambandi garðyrkjubænda óviðkomandi.

Stefnan er að allar merkingar á vörum frá garðyrkjubændum séu vandaðar og fullkomlega réttar. „Við styðjum menn til að vinna markvisst að því að hafa þetta í lagi. Ég held að í langflestum tilvikum þar sem þetta merki hefur sést á umbúðum hjá garðyrkjubændum eftir að reglugerðin var felld úr gildi, uppfylli varan þau skilyrði sem krafist var í henni. Garðyrkjubændur hafa notað merkið í góðri trú og áttu einhvern umbúðalager sem verið var að klára. Svo veit ég til þess að einhver hópur hafði bundið vonir við að brugðist yrði hratt við að koma vottunarferli undir merkið en sú vinna virðist hafa dregist.

Það er auðvitað þannig að hver og einn framleiðandi ræður því hvernig hann merkir vöruna sína, en við leggjum hins vegar áherslu á að nota íslensku fánaröndina sem okkar merki. Hún segir skýrt til um uppruna vörunnar og stendur fyrir ákveðna verkferla sem eftirlitsaðilar okkar taka út. Við erum að fara af stað í vinnu við að endurskoða reglurnar um fánaröndina til að skerpa enn frekar á því að hún sé notuð rétt,“ segir Katrín María.

*Framleiðandi mögulega að villa um fyrir neytendum*

Samkvæmt upplýsingum sem fengust úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var merkið í eigu íslenskra stjórnvalda sem settu það á fót með reglugerð. Það sé hins vegar ekki til staðar lengur og hefur því enga lagalega þýðingu. Með notkun á því sé framleiðandi að nota úrelt merki sem ekki sé í eigu neins aðila. Ef framleiðandi notar merkið þá verður hann að geta staðið við það sem merkið stendur fyrir og varið notkun þess. Með því að nota fyrrgreint merki sem hefur enga lagalega merkingu í dag eða frá því að reglugerðin um vistvæna landbúnaðarframleiðslu var felld úr gildi, þá er framleiðandinn mögulega að villa um fyrir neytendum.



Merkið á umbúðum Græneggja í Bónus.

Ráðuneytið leggur áherslu á að neytendur fái réttar upplýsingar um viðkomandi vöru og ef merki er notað sem stendur fyrir ákveðin gæði þá þarf eitthvað að vera á bakvið þá vottun og það staðfest með eftirliti, sem ekki er í þessu tilviki. Ráðuneytið bendir neytendum á að hafa samband við Neytendastofu, Matvælastofnun og/eða heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ef framleiðendur nota merkið á framleiðsluna sem ekki stenst. /smh

FÓÐURBLANDAN

# Áburðarverðskrá 2017

GRÆÐIR áburður

| Tegund: | Gjaldagi 1. mars kr./tonn án vsk. 8% | Gjalddagi 1. maí kr./tonn án vsk. 5% | Greiðsludreifing kr./tonn án vsk. | N | $P_2O_5$ | P | $K_2O$ | K | Ca | Mg | S | B | Se |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Magni 1<br>N27 | 43.453 kr. | 44.870 kr. | 47.232 kr. | 27 | | | | | 8,4 | | | | |
| Magni S<br>N26 + 4S | 45.056 kr. | 46.526 kr. | 48.974 kr. | 26 | | | | | 7 | | 4 | | |
| Græðir 1<br>12-15-17 | 66.650 kr. | 68.823 kr. | 72.445 kr. | 12 | 15 | 6,6 | 17 | 14,1 | | 1 | 14 | 0,03 | |
| Græðir 8<br>21-7-11 | 54.522 kr. | 56.300 kr. | 59.263 kr. | 21 | 7 | 3,1 | 11 | 10 | 1 | | 2 | | |
| Græðir 9<br>27-6-6 Selen | 52.522 kr. | 54.234 kr. | 57.089 kr. | 27 | 6 | 2,6 | 6 | 5 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölmóði 2<br>23-12 | 50.846 kr. | 52.504 kr. | 55.267 kr. | 23 | 12 | 5,2 | | | 5,9 | | 2 | | |
| Fjölmóði 3<br>25-5 Selen | 49.674 kr. | 51.294 kr. | 53.994 kr. | 25 | 5 | 2,1 | | | 7,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölmóði 4<br>24-9 Selen | 49.854 kr. | 51.480 kr. | 54.189 kr. | 23,8 | 9 | 4 | | | 5,9 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölgræðir 5<br>17-15-12 | 57.311 kr. | 59.180 kr. | 62.295 kr. | 17 | 15 | 6,6 | 12 | 10 | 4 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 6<br>22-11-11 | 57.918 kr. | 59.807 kr. | 62.954 kr. | 22 | 11 | 4,8 | 11 | 9,2 | 1,1 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 7<br>22-14-9 Selen | 58.076 kr. | 59.970 kr. | 63.126 kr. | 22 | 14 | 6,1 | 9 | 7,3 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölgræðir 9<br>25-9-8 | 55.401 kr. | 57.208 kr. | 60.219 kr. | 25 | 9 | 3,9 | 8 | 6,6 | 1,1 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 10<br>25-9-8 Selen | 57.377 kr. | 59.248 kr. | 62.366 kr. | 25 | 9 | 3,9 | 8 | 6,6 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |

Verð gildir til 31. janúar 2017. - Nánari skilmála má finna á www.fodur.is - Verð háð gengi evru, verð geta breyst án fyrirvara.

25% LÆKKUN

## Hafið samband við söluráðgjafa og fáið tilboð!

## Áburðarsölumenn og afgreiðslustaðir

### SUÐURLAND
Þjónustufulltrúar

FB verslun Selfossi
Guðmundur Árni Sigurðsson
gudmundurs@fodur.is
Sími:570-9840

Birkir Ármannsson
Brekku
birkirarm@gmail.com
Sími: 487 5646
Gsm: 898 2464

Einar Gestsson
Hæli II
einargestsson@gmail.com
Sími: 486 1058
Gsm: 860 9682

Björn Helgi Snorrason
Kálfafelli
bjornhelgi@fodur.is
Gsm: 848 9872

Björn Jónsson
Höfn
bjornj@kask.is
Sími: 470 8222
Gsm: 893 5444

FB verslun Hellu
Þorsteinn Ingvarsson
thorsteinn@fodur.is
Sími: 570-9870

Hermann Árnason
Hellu
hermann@fodur.is
Gsm: 894 2628

FB Verslun Hvolsvelli
Tryggvi Sigurður Bjarnason
tryggvi@fodur.is
Sími: 570 9850
Gsm: 894 9820

### VESTURLAND / DALIR
Þjónustufulltrúar

Margrét Katrín Guðnadóttir
margret@kb.is
Sími: 430 5500
Gsm: 898 0034

Jónmundur Hjörleifsson
Gsm: 660 8254

Unnsteinn Árnason
Klúku
371 Búðardal
irisbjorg@simnet.is
Gsm: 898 8210

Einar Valur Árnasson
einarvalur@fodur.is
Sími: 5709833
Gsm: 894 9823

### VESTURLAND VESTFIRÐIR
Þjónustufulltrúar

Jóhann P. Ágústsson
Brjánslæk
brl2@simnet.is
Sími: 456 2055
Gsm: 824 3108

Valgeir Örn Kristjánsson,
pakkhus@ksholm.is.
455 3106

Viktoría Rán Ólafsdóttir
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Hólmavík
viktoria@ksholm.is
Sími 455 3100, Bs: 455 3101

### NORÐURLAND / NORÐAUSTURLAND
Þjónustufulltrúar

Gylfi Pálsson
gylfi@bustolpi.is
Sími: 460 3352
Gsm: 898 5565

Elvar Freyr Pálsson
elvar@bustolpi.is
460-3356

Sigurður Kristjánsson
Stöng, Mývatnssveit
stongmy@emax.is
Sími: 464 4252
Gsm: 892 0157

Hanna Dögg Maronsdóttir
hanna@bustolpi.is
460-3354

Stefán Grímsson
Kópasker
shgsirra@kopasker.is
Sími: 465 2172
Gsm: 894 0172

Ingvar Olsen
ingvar@bustolpi.is
Gsm: 840 6363

Thelma Rut Káradóttir
bustolpi@bustolpi.is
460-3358

Trausti Aðalsteinsson
Húsavík
Sími: 458 8981
Gsm: 858 8981

### REYKJAVÍK / AUSTURLAND
Þjónustufulltrúar

Pétur Pétursson
petur@aburdur.is
Sími: 570 9826
Gsm: 862 0090

Hjördís Bergsdóttir
Sími: 570 9811
hjordis@fodur.is

Stefanía Gunnarsdóttir
stefa@aburdur.is
Sími: 570 9822

Gunnar Hauksson
gunnar@fodur.is
Sími: 5709812
Gsm: 894 9822

Úlfur Blandon
ulfur@fodur.is
Sími: 570 9816
Gsm: 697 4728

Elvar Vignisson
FB Verslun Egilsstöðum
elvar@fodur.is
Sími: 570 9860
Gsm: 863 2325

Einar Valur Árnasson
einarvalur@fodur.is
Sími: 5709833
Gsm: 894 9823

### NORÐURLAND VESTRA
Þjónustufulltrúar

Jón Hilmar Karlsson
KVH Hvammstanga
Sími: 455 2325
Gsm: 868-8022

Reimar Marteinsson
KVH Hvammstanga
reimar@kvh.is
Sími: 455 2300
Gsm: 894 9939

Björn M. Svavarsson
KS - Sauðárkróki
bjorn.svavarsson@ks.is
Sími: 455 4626




FÓÐURBLANDAN BÚREKSTRARDEILD Verslunin Eyri KVH Bústólpi



Starfsemin á Hlemmi mun taka miklum breytingum með opnun á Hlemmi Mathöll.

# Hlemmur Mathöll frestast til vors

**Verkefnið Hlemmur Mathöll, sem gengur út á að opnað verði markaðstorg með matvöru á Hlemmi, hefur nú dregist fram yfir áramót, en áætlað hafði verið að opna það í haust. Bjarki Vigfússon, annar af framkvæmdastjórum verkefnisins, telur nú að opnað verði með vorinu.**

Bjarki segir að verkið hafi tafist vegna ýmissa mála hjá Reykjavíkurborg og enn ekki komin dagsetning á opnun, líklega einhvern tíma í vor. „Vegna þessa – og þar sem ekki hefur verið gengið frá samningum við alla leigutaka – höfum við ekki farið á fullt í að kynna hverjir verða með rekstur þarna.

Til að breyta Hlemmi í mathöll þarf að fá byggingaleyfi. Reykjavíkurborg er framkvæmdaaðilinn og sækir um leyfið til byggingafulltrúans í Reykjavík. Tafir urðu á að fá leyfið frá því sem stefnt var að, meðal annars vegna þess að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og síðar skipulagsfulltrúi töldu teikningar ekki mæta kröfum sínum. Afgreiðslu málsins var því frestað á meðan unnið var að breytingum á teikningum. Lausn er fundin á málinu og leyfið verður væntanlega gefið út fljótlega,“ segir Bjarki.

### *Fjölbreytt blanda veitingastaða og sælkeraverslana*

Í mathöllinni á Hlemmi verður blandað saman litlum veitingastöðum og sælkeraverslunum úr ýmsum áttum – eins og margir þekkja til að mynda frá Torvehallerne í Kaupmannahöfn.

Nú þegar hefur verið greint frá því að ísbúðin Ísleifur heppni verði með bás á Hlemmi, en þar er leitast við að kaupa mjólkina í ísinn beint frá býli.

Matreiðslumeistarinn Gísli Matthías Auðunsson, sem á og rekur Slippinn í Vestmannaeyjum, ætlar að reka smárétta-, kokteila- og bjórbarinn Skál! ásamt Birni Steinari Jónssyni, eiganda saltvinnslunnar Saltverks.

Taco Santo býður upp á ósvikinn mexíkóskan „götumat“. Taco Santo er rekið af Juan Carlos Peregrina Guarneros og fjölskyldu hans, en hann kemur frá Mexíkóborg og gerir taco eins og mamma hans og amma kenndu honum.

Þá verður Micro Roast Te & kaffi með kaffibás með áherslu á nýristað og árstíðabundið kaffi, tilraunastarfsemi, fræðslu og vandað handbragð.

### *Rekið af Íslenska sjávarklasanum*

Það er Íslenski sjávarklasinn sem mun reka Hlemm Mathöll en gert er ráð fyrir að um tíu veitingaaðilar muni skipta með sér svæðinu, sem stendur til boða undir þaki hallarinnar, en umsóknir voru um 100 talsins. Stefnt er að því að hafa mathöllina opna alla daga vikunnar og er gert ráð fyrir sætisplássi fyrir um 100 gesti. /smh

# Nýr bútækniráðunautur ráðinn til starfa hjá RML

**Sigtryggur Veigar Herbertsson hefur hafið störf sem bútækniráðunautur hjá RML.**



Sigtryggur Veigar Herbertsson.

Sigtryggur er með sérmenntun í aðbúnaði og atferli húsdýra og útskrifaðist með meistaragráðu í búvísindum með áherslur á það efni.

Sigtryggur hefur áður starfað sem yfirmaður búrekstrar á Hvanneyri og Hesti í stuttan tíma, lektor við LbhÍ og kenndi þar m.a. landbúnaðarbyggingar og bútækni í bændadeild og á háskólastigi. Sigtryggur hefur einnig unnið sem dýraeftirlitsmaður hjá MAST og síðast var hann sölumaður búvéla og útihúsa-lausna hjá Jötunn Vélum.

Sigtryggur mun veita ráðgjöf varðandi allt sem viðkemur vali á búnaði, hönnun á nýbyggingum eða breytingum á núverandi útihúsum og getur komið að málum sama hversu langt hönnunarferlið er á veg komið.

Með þessari ráðgjöf eiga bændur að geta haft aðgengi að hlutlausri ráðgjöf sem hefur það að markmiði að tryggja góðan aðbúnað bæði dýra og manna með hagkvæmni og langtímasjónarmið að leiðarljósi.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Nýjar reglugerðir vegna nýrra búvörusamninga:

# Fjöldi breytinga sem bændur þurfa að kynna sér

**Um áramótin tóku í gildi margar breytingar á reglugerðum í tengslum við nýju búvörusamningana og rammasamning ríkis og bænda. Reglugerðarbreytingarnar hafa talsverð áhrif á útgreiðslur stuðningsgreiðslna til bænda og margt sem þeir þurfa að kynna sér í framhaldi af þeim.**



Jón Baldur Lorange. Mynd / HKr.

Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, segir að breytingarnar taki til nánast allra greina í landbúnaði en minnst í garðyrkju.

„Samhliða reglugerðabreytingunum, sem varð að gera vegna nýrra búvörusamninga, er búið að einfalda þær, færa viðauka inn í reglugerðirnar sjálfar með kaflaskiptingu eftir efnisflokkum, og gera þær heildstæðari og ítarlegri en áður var. Reglugerðirnar skiptast í reglugerð um stuðning í nautgriparækt, stuðning í sauðfjárrækt, stuðning í garðyrkju og reglugerð um almennan stuðning í landbúnaði. Búvörusamningarnir sem tóku gildi um áramót fela í sér umtalsverðar breytingar á landbúnaðarstefnu stjórnvalda og það endurspeglast í þeim reglugerðum sem hafa tekið gildi og hefur talsverð áhrif á útgreiðslur stuðningsgreiðslna til bænda og margt sem þeir þurfa að kynna sér í framhaldi af þeim.“

### *Fyrstu breytingar þegar í framkvæmd*

Jón Baldur segir að starfsfólk Búnaðarstofu Matvælastofnunar sé þessa dagana að innleiða nýju búvörusamningana og reglugerðabreytingarnar sem þeim fylgja. Það sé þó umfangsmikið verkefni, enda um að ræða fjórar reglugerðir ásamt breytingarreglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, alls um 40 blaðsíður, sem að mestu varða verkefni Matvælastofnunar.

„Fyrstu áhrif breytinganna voru 2. janúar þegar Matvælastofnun greiddi út beingreiðslur í mjólk og daginn eftir þegar við greiddum út gripagreiðslur til kúabænda. Gripagreiðslur hækkuðu töluvert um áramótin vegna hærra framlags miðað við árið á undan. Þá komu til breytingar á því hvað teljast vera árskýr. Nú er aðeins greitt fyrir mjólkurkýr og holdakýr sem borið hafa a.m.k. annað hvert ár. Við það fækkaði heildarfjölda árskúa í útreikningi. Fjöldi mjólkurkúa sem greitt var fyrir eftir 1. janúar var 25.169 en var í desember á síðasta ári 27.429. Fjöldi holdakúa sem greiðslur fást fyrir í janúar var 1.308 árskýr en voru í desember 2016 tæplega 1.600. Gripagreiðslur fyrir hverja mjólkurkú er núna 3.911 krónur en var 1.974 krónur. Fyrir hverja holdakú var nú greitt 9.076 krónur en var áður tæplega 4.000 krónur.

Árskúm sem greitt er fyrir hefur því fækkað en greiðslur fyrir hverja árskú aftur á móti hækkað.“

### *Innlausn á greiðslumarki*

Matvælastofnun auglýsti innlausnarvirði greiðslumarks í sauðfé á heimasíðu sinni þann 6. janúar síðastliðinn, Innlausnarvirðið er 12.480 krónur fyrir hvert ærgildi, núvirt andvirði beingreiðslna tveggja næstu almanaksára. Handhafi greiðslumarks getur óskað eftir innlausn á greiðslumarki sínu í sauðfé með því að fylla út rafrænt eyðublað á þjónustugátt Matvælastofnunar eigi síðar en 20. janúar á því ári sem innlausn á að fara fram, og fær það greitt eigi síðar en 15. febrúar á innlausnarári.

Ríkinu er einnig skylt að innleysa mjólkurkvóta af bændum vilji þeir selja hann. Innlausnardagar fyrir mjólk eru fjórum sinnum á ári, tveir fyrri hluta ársins og tveir á seinni hluta þess og verður sá fyrsti 1. mars næstkomandi og er innlausnarverðið 138 krónur á lítra árið 2017, tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark út gildistíma samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Matvælastofnun annast innlausn og sölu greiðslumarks.

Jón Baldur segir að eftir að Matvælastofnun hafi innleyst til sín greiðslumarkið eigi stofnunin að annast úthlutun þess aftur til þeirra kúabænda sem óska eftir að kaupa greiðslumark. Unnið sé samkvæmt ákveðnum reglum sem settar eru í 10. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt nr. 1150/2016 þar sem m.a. komi fram að greiðslumarkið sé boðið á sama verði og ríkið greiddi fyrir það og þá njóti nýliðar og þeir sem framleiddu mjólk a.m.k. 10% umfram greiðslumark á árunum 2013–2015 forgangs að kaupum sbr. nánari útfærslu í reglugerð.

„Þessi tilhögun kemur í staðinn fyrir kvótamarkaði fyrir mjólk sem var lagður niður með nýjum búvörusamningum, en síðasti kvótamarkaður var haldinn 1. nóvember á síðasta ári. “

### *Skilyrði fyrir greiðslum*

„Annað sem einnig hefur tekið gildi og skiptir miklu máli fyrir alla bændur er hvaða skilyrði menn verða að uppfylla til að njóta stuðnings frá ríkinu.

Bændur þurfa að vera skráðir eigendur eða leigjendur á lögbýli og stunda landbúnað á lögbýlinu. Atvinnuflokkunarnúmer verður að vera rétt samkvæmt skattskýrslu og virðisaukaskattsnúmer verður að vera virkt. Hjón geta hér eftir einnig skipt greiðslum jafnt á milli sín, sem er nýmæli í þessum samningum.

Auk þess er skilyrði að bændur séu þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi í nautgriparækt, sauðfjárrækt eða jarðrækt, eftir því sem við á, og standi skil á fullnægjandi afurðaskýrsluhaldi í þar til gerðu skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands. Í reglugerðum eru tilgreindar þær upplýsingar sem bændur þurfa að skila og skiladagsetningar og einnig eru ákvæði um með hvaða hætti stuðningsgreiðslna er frestað eða jafnvel felldar niður, ef bændur sem þiggja stuðning frá ríkinu, standa ekki skil á lögbundnu skýrsluhaldi.“

Skýrsluhaldskerfin eru Fjárvís í sauðfjárrækt, Huppa í nautgriparækt og Jörð í jarðrækt.

Bændur sem hafa tekið þátt í afurðaskýrsluhaldi eru ekki að finna fyrir miklum breytingum, en vissulega eru hér auknar kröfur á þá, sem það hafa ekki gert. Rétt er að undirstrika að ekki er nóg að skila inn hjarðbók samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012, heldur þarf að hefja þátttöku í afurðaskýrsluhaldinu frá og með áramótum, og á það jafnt við um bændur sem eru í mjólkur- og kjötframleiðslu. Þá er enn fremur skilyrði fyrir greiðslum að hafa skilað inn fullnægjandi haustskýrslu, forðagæsluskýrslu, árið á undan, til að njóta stuðningsgreiðslna árið eftir.

### *Nýtt kjötflokkunarkerfi í nautgriparækt*

„Annað sem er nýtt í sambandi við nautgriparæktina er að um áramótin tók í gildi svokallað EUROP-gæðaflokkunarkerfi. Sláturhús eiga að skila inn sláturupplýsingum til Matvælastofnunar í samræmi við þetta nýja kerfi frá og með áramótum. Nýja flokkunarkerfinu fylgir ný tegund stuðningsgreiðslu fyrir nautgripabændur, sláturálag, sem er út á nautakjöt þar sem lágmarksþyngd grips er 250 kg, nautakjöt falli ekki í EUROP gæðaflokk P og P-, og að gripur sé yngri en 30 mánaða gamall. Matvælastofnun skal ráðstafa greiðslum til framleiðenda í fjórum jöfnum hlutum í maí, ágúst, nóvember ár hvert og febrúar árið á eftir og skipta þeim með sér greiðslum úr ¼ hluta heildarframlaga hvers árs, eins og segir í reglugerð um stuðning við nautgriparækt.“

### *Gæðastýring í sauðfjárrækt*

„Hvað gæðastýringu í sauðfjárrækt varðar þá er núna bannað að nota erfðabreytt fóður í sauðfjárrækt og skal skrá alla fóðurnotkun og kaup í rafræna gæðastýringarhandbók búsins, sem Matvælastofnun ber að hafa eftirlit með.

Annað sem líka er nýtt fyrir sauðfjárræktina er að Matvælastofnun skal útbúa rafræna gæðahandbók sem bændur eiga að færa í skráningaskyldar upplýsingar. Það hefur í för með sér að gæðastýringarmöppurnar, sem bændur hafa verið að handskrifa í, falla úr gildi. Aðeins þeir sem skila inn fullnægjandi rafrænni gæðahandbók vegna framleiðsluársins 2017 uppfylla þá skilyrði gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu og eiga rétt á gæðastýringargreiðslu.

Dagsetningar á skiladögum vor- og haustbóka skýrsluhaldsins í sauðfjárrækt er einnig að breytast og eru núna 20. ágúst fyrir vorbók og 12. desember fyrir haustbók. Bið ég bændur að hafa þetta í huga.“

### *Ársáætlun um heildargreiðslur allra framleiðenda*

„Fyrir 15. febrúar ár hvert ber Matvælastofnun að gera ársáætlun um heildarframlög til hvers sauðfjárbónda. Heildargreiðslur taka til beingreiðslna, gæðastýringargreiðslna, greiðslna fyrir ullarnýtingu og greiðslna vegna svæðisbundins stuðnings. Fyrir þann tíma þarf að liggja fyrir hvort bændur hafi uppfyllt skilyrði um afurðaskýrsluhaldið árið á undan, hvort þeir hafi uppfyllt öll skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, hafi skilað haustskýrslu í Bústofni og uppfylli skilyrði reglugerðar um merkingar búfjár.

Allar greiðslurnar verða sem sagt settar saman í einn pott og hann greiddur út í jöfnum greiðslum mánaðarlega á tólf mánuðum og síðan er heildaruppgjör í febrúar árið eftir,“ segir Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar

Nánari upplýsingar um lög og reglugerðir í tengslum við búvörusamningana má nálgast á heimasíðu Matvælastofnunar undir lög og reglugerðir. Jafnframt er búið að setja rafræn eyðublöð/umsóknir í tengslum við framkvæmd samninganna í þjónustugátt MAST. /VH

# Sprettur
## ÁBURÐUR

# Áburðarverðskrá 2017

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara

| Áburðartegund | N | P | K | Ca | Mg | S | Se | Na | B | Vatns uppl. P | Fyrirframgr. 1. mars | Greitt fyrir 15. maí | Greiðslu-dreifing |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sprettur N27 | 27 | | | 4,3 | 1,8 | | | | | | 43.940 | 45.373 | 47.761 |
| Sprettur N23+Sweet-Grass Nýtt | 23 | | | 3,4 | 1,4 | 2 | | 3,7 | | | 44.216 | 45.658 | 48.061 |
| Sprettur+OEN 42+S+Selen Nýtt | 42 | | | | | 2 | 0,002 | | | | 63.500 | 65.571 | 69.022 |
| Sprettur 25-5 | 25 | 2,2 | | 3,3 | 1,4 | 2,5 | | | | 0,93 | 47.800 | 49.359 | 51.957 |
| Sprettur 25-5+Avail+Selen | 25 | 2,2 | | 3,3 | 1,4 | 2,5 | 0,002 | | | 0,93 | 50.700 | 52.353 | 55.109 |
| Sprettur 26-13 | 26 | 5,7 | | 1,3 | 0,5 | 2 | | | | 0,93 | 52.150 | 53.851 | 56.685 |
| Sprettur+OEN 38-8 | 38 | 3,5 | | | | 3 | | | | 0,93 | 64.000 | 66.087 | 69.566 |
| Sprettur 22-7-6 | 22 | 3,1 | 5 | 2,9 | 1,2 | 2,5 | | | | 0,93 | 49.900 | 51.527 | 54.239 |
| Sprettur 22-7-6+Selen | 22 | 3,1 | 5 | 2,9 | 1,2 | 2,5 | 0,002 | | | 0,93 | 51.800 | 53.489 | 56.305 |
| Sprettur 20-5-13+Avail+Selen | 20 | 2,2 | 11 | 2,4 | 1 | 2,5 | 0,002 | | | 0,93 | 52.900 | 54.625 | 57.500 |
| Sprettur 20-10-10 | 20 | 4,4 | 8,3 | 2,2 | 0,9 | 2,5 | | | | 0,93 | 50.950 | 52.612 | 55.381 |
| Sprettur 20-10-10+Selen | 20 | 4,4 | 8,3 | 2,2 | 0,9 | 2,5 | 0,002 | | | 0,93 | 52.850 | 54.574 | 57.446 |
| Sprettur 20-12-8+Selen | 20 | 5,2 | 6,6 | 2,1 | 0,9 | 2,5 | 0,002 | | | 0,93 | 53.500 | 55.245 | 58.152 |
| Sprettur+OEN 25-12-12 | 25 | 5,2 | 10 | | | 3 | | | | 0,93 | 57.300 | 59.169 | 62.283 |
| Sprettur 27-6-3+Selen | 27 | 2,6 | 2,5 | 1,4 | 0,6 | 2 | 0,002 | | | 0,93 | 52.600 | 54.315 | 57.174 |
| Sprettur+OEN 27-5-5 +polysulphate Nýtt | 27 | 2,2 | 4,2 | 3,6 | 1,2 | 6 | | | | 0,93 | 54.000 | 55.761 | 58.696 |
| Sprettur 16-15-12 | 16 | 6,5 | 10 | 1,3 | 0,5 | 2,5 | | | | 0,93 | 54.900 | 56.690 | 59.674 |
| Sprettur+OEN 20-18-15 | 20 | 7,8 | 12 | | | 3 | | | | 0,93 | 59.500 | 61.440 | 64.674 |
| Sprettur 12-12-20+AV+B | 12 | 5,2 | 17 | 1,1 | 0,6 | 7,2 | | | 0,02 | 0,93 | 64.700 | 66.810 | 70.326 |
| Sprettur DAP | 18 | 20 | | | | | | | | 0,93 | 67.500 | 69.701 | 73.370 |
| Calciprill | | | | 36,4 | 0,1 | | | | | | 30.000 | 30.978 | 32.609 |

## Sölumenn



**Norðausturland**
Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



**Mýrar Snæfellsnes og Dalir**
Sigurjón Helgason
Mel
Sími: 867 8108
melursf@gmail.com



**V-Skaftafellssýsla**
Einar Bárðarson
Breiðabólsstað
gsm: 844 5252
einar.rvik@gmail.com



**Eyjafjörður**
Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com



**Borgarfjörður, Kjós og Hvalfjörður**
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is



**Rangárvallasýsla**
Örvar Arason
Hvolsvelli
gsm: 861 1782
akurey2@emax.is



**Eyjafjörður**
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku Dalvík
gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



**Austurland**
Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is



**Árnessýsla**
Bjarni Másson
Háholti
gsm: 862 4917
801haholt@internet.is



**Norðvesturland**
Eymundur Þórarinsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
eymundur@saurbaer.is



**Hornafjörður og Suðausturland**
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



**Sölustjóri**
Lúðvík Bergmann
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is

Skeljungur

**Bændablaðið**
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.** Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Góðar óskir

**Ný ríkisstjórn undir forystu Bjarna Benediktssonar hefur nú litið dagsins ljós. Skiptar skoðanir eru að venju um samsetningu þessarar stjórnar eins og allra þar á undan. Eigi að síður hlýtur fólk að vona að henni takist vel upp við að stýra okkar landsmálum.**

Staða þjóðarbúsins er á margan hátt góð við upphaf ferils nýrrar ríkisstjórnar, en þar eru líka fyrirliggjandi endalaus verkefni við að bæta hag landsmanna. Þar skipta áherslur valdhafa miklu máli, en einnig að þau hafi kjark til að standa fast í lappirnar í mikilvægum málum þótt á móti blási.

Umræða um heilbrigðismál er eitt af eilífðarmálunum, en þar hefur farið hæst átök um uppbyggingu nýs Landspítala. Í þeirri umræðu á ekkert að vera heilagt, hvorki skipulag, útlit eða verð þess steinkassa sem á að byggja, né staðsetning.

Heildarumgjörð heilbrigðismála og skilgreining Landspítala sem háskólasjúkrahúss á ekki heldur að vera heilög ritning. Þar hefur fyrir löngu verið bent á að sú skilgreining með áherslu á miðlægum rannsóknarspítala samkvæmt ýtrustu kröfum að erlendri fyrirmynd, gæti reynst landsbyggðinni skeinuhætt. Miklu nær væri að vera með landssjúkrahús og semja um dýrustu rannsóknar- og sérfræðiþættina við burðugri sjúkrastofnanir á hinum Norðurlöndunum. Í því efni hefur verið bent á að íslenskt samfélag væri langt frá því að vera nógu stórt til að bera miðlægan hátækni-rannsóknarspítala. Öll viðleitni til að stuðla að slíku þýði að skera verði alla aðra sjúkrastarfsemi í landinu við nögl.

Því miður hafa þessar ábendingar reynst réttmætar og staða sjúkrahúsanna á landsbyggðinni er langt frá því að vera boðleg í nútíma samfélagi.

Varðandi Landspítala þá er ljóst að þar er um mjög mannfreka stofnun að ræða í starfsmannahaldi. Því skiptir afar miklu máli að innra skipulag og vinnuferlar séu eins vel skipulagðir og frekast er unnt. Í fljótu bragði virðist hönnun nýrrar spítalabyggingar lítið gera til að bæta þau mál.

Líklegt er að besta nýtingarform sjúkrahúss sé hringlaga bygging með aðgerðarrými í miðjukjarna. Út frá miðjukjarna væri svo hægt að rúlla sjúklingum stystu leið í umönnun eftir aðgerð. Grunnflatarmál slíkrar byggingar hlýtur þó líka að takmarkast af nýtingarhagkvæmni. Því væri væntanlega líka hagkvæmast að byggja á hæðina en ekki þenja spítalann út um allar koppagrundir.

Gallinn við núverandi byggingar Landspítala eru nær endalausir gangar. Það þarf ekkert stærðfræðiséní til að reikna það út að til að manna slíkan spítala þarf að gera ráð fyrir að mikill fjöldi starfsmanna sé að öllu jöfnu á ferðinni eftir þessum löngu göngum. Á meðan er þetta sérhæfða og verðmæta starfsfólk ekki að sinna sjúklingum né rannsóknarstörfum. Í rekstri spítalans geta falist í þessu mjög stórar upphæðir á hverju ári.

Annar galli sem tengdur er þessu gangahönnunarrugli er starfsferlafyrirkomulag t.d. í bráðamóttöku í Fossvogi. Fjölmargir hafa þar nefnt af eigin reynslu að skilvirkni sé með ólíkindum léleg við þær aðstæður sem þar eru. Það getur undirritaður staðfest af ítrekaðri reynslu. Þrátt fyrir tölvuinnritun við móttöku sjúklinga er sífellt verið að senda starfsfólk eftir löngum göngum til að spyrja sjúklinga sömu spurninga og þeir svöruðu við innkomu. Þetta aukaþramm starfsfólks eftir löngum göngum kostar aukið mannahald með tilheyrandi útgjöldum. Það kostar líka óþarfa tafir og óþægindi fyrir sjúklinga. Væri ekki ráð fyrir nýjan og ferskan heilbrigðisráðherra að láta skoða öll þessi mál sjúkrahúss allra landsmanna, þjóðinni til hagsbóta? */HKr.*

# Tölum af ábyrgð



**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

**Það er komin ný ríkisstjórn eftir erfiðar fæðingarhríðir. Meirihluti hennar er sá minnsti mögulegi og ekki er víst að hún fái neina hveitibrauðsdaga. En hér skal henni óskað velfarnaðar.**

Nýr ráðherra málaflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er einnig boðin velkomin til starfa en hún er jafnframt fyrsta konan sem fer með þennan málaflokk og ástæða er til að fagna því sérstaklega. Bændur vænta góðs samstarfs við hana um málefni landbúnaðarins sem og ríkisstjórnina í heild.

Hvað varðar stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar þá er fagnaðarefni að sjá að hún tiltekur styrkleika íslensks landbúnaðar og litið er til samkeppnisstöðu hans, legu landsins og veðurfars. Einnig er mikilvægt að sjá að jafna eigi stöðu bænda, sem er þýðingarmikið til að landbúnaður í öllum búgreinum verði stundaður um allt land.

Jafnframt verður ekki annað séð en að ríkisstjórnin ætli að virða samþykkt Alþingis og þann sáttarfarveg sem þingið setti málefni landbúnaðarins í og fram kemur í áliti meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis við afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi um búvörusamninga í september sl. Þetta er mikilvægt því landbúnaður gegnir ríku hlutverki við að tryggja byggð og atvinnulíf um allt land. Það er þó ljóst að ný ríkisstjórn leggur áherslu á ákveðin mál sem hún þarf að skýra betur, þar á meðal tollvernd búvara. Það liggur fyrir að bændur eru ekki sammála áherslum þeirra sem vilja auka innflutning á búvörum sem framleiddar eru hér á landi.

Í öllu falli lýsa bændur sig reiðubúna til samstarfs sem miðar að því að efla íslenskan landbúnað í þágu bænda og almennings á Íslandi. Það er meginatriðið. Flokkurinn sem nú fer með málefni landbúnaðar hefur aldrei setið í ríkisstjórn áður fremur en annar hinna ríkisstjórnarflokkanna. Þessir flokkar hafa báðir talað vel til landbúnaðar með almennum hætti en verið afar gagnrýnir á landbúnaðarstefnuna, án þess að leggja mikið til málanna um hvernig hún ætti þá að vera. Nú þegar þessir flokkar eru komnir að ríkisstjórnarborðinu og hafa aðstöðu til áhrifa á hvernig mál þróast þá verður að vænta þess að menn séu reiðubúnir að ræða málin frá öllum hliðum. Á meðan stjórnarmyndunarviðræður stóðu yfir þá birti ég á vef Bændasamtakanna umfjöllun um nokkur þeirra atriða sem þar skipta máli og ég leyfi mér að ítreka þau hér á þessum vettvangi.

### *Hverju vilja stjórnmálamenn fórna?*

Bændur hafa oftsinnis bent á þann fórnarkostnað sem aukinn innflutningur á erlendum búvörum eins og kjöti, grænmeti og mjólkurvörum hefur í för með sér. Það kann að vera að hægt sé að flytja inn ódýran mat sem á uppruna sinn í fjarlægum löndum þar sem kröfur um heilnæmi afurða og aðbúnað dýra eru lakari en á Íslandi, vinnulöggjöf er í skötulíki og launastig annað en við eigum að venjast. Um leið og innflutningur eykst á sambærilegum vörum og hér eru framleiddar um allt land mun byggðamynstur breytast og bændum fækka hratt.

Íslensk búvöruframleiðsla skipar sér á bekk með þjóðum sem nota hvað minnst af sýklalyfjum í framleiðslunni. Heilbrigði búfjár er betra en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Lyfjaþolnar bakteríur hafa ekki fundist hér á landi og meiri kröfur eru gerðar til framleiðenda varðandi eyðingu á salmonellusmituðum afurðum og þannig má lengi áfram telja. Vilja stjórnmálamenn og kjósendur þeirra gefa eftir þessa stöðu í skiptum fyrir ódýrar matvörur að utan?

### *Ræðum saman um starfsumhverfi landbúnaðarins*

Ýmsir stjórnmálamenn hafa barið sér á brjóst og vilja umsvifalaust breyta fyrirkomulagi við sölu og verðlagningu á mjólk og mjólkurafurðum. Þar er við lýði skipulag sem hefur skilað neytendum og bændum góðum ábata. Það hefur m.a. verið rakið í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2015. Ein af niðurstöðum þeirrar skýrslu var að mjólkurafurðir hefðu hækkað minna í verði en aðrar neysluvörur á árabilinu 2003–2013. Verðlagning á mjólk er opinber og tryggt að almenningur fær grunnvörur á afar hagstæðum kjörum. Þetta hefur að vísu verið þyrnir í augum ýmissa stórkaupmanna sem ekki geta í ljósi stærðar sinnar krafist hærri afslátta en kaupmaðurinn á horninu fær.

Bændur eru ekki mótfallnir því að endurskoða starfsumhverfi sitt í samvinnu við stjórnvöld og það gera þeir reglulega. Einhliða yfirlýsingar og sleggjudómar um rekstur Mjólkursamsölunnar og hennar rekstrarumhverfi eru ekki til þess fallnar að skila okkur fram á veginn.

### *Umræða á skjön við tíðarandann*

Undanfarin ár hefur umræða í samfélaginu um mikilvægi dýravelferðar, aðbúnaðar húsdýra og heilnæmi matvöru stóraukist. Fólk hlýtur því að spyrja sig hvort það sé eðlilegt að marka þá stefnu að auka framboð af innfluttri matvöru þar sem neytendur fá litlar eða engar upplýsingar um hvort að kröfur þeirra séu uppfylltar.

Ekki má gleyma að aukinn innflutningur á vörum sem við getum framleitt hér á Íslandi mun auka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Það er í andstöðu við þær skuldbindingar sem ríki heimsins, þar á meðal Ísland, hafa undirgengist til að draga úr útblæstri og sporna við hlýnun jarðar.

### *Eflum íslenska matvælaframleiðslu*

Hér hafa verið nefndir nokkrir mikilvægir þættir sem vonir stóðu til að teknir yrðu til umræðu í því samráðsferli sem Alþingi vísaði mótun landbúnaðarstefnu í við afgreiðslu búvörusamninga síðastliðið haust. Bændur hafa fullan hug á að taka þátt í því ferli með opnum huga og með það að markmiði að efla íslenska matvælaframleiðslu og komast að niðurstöðu sem er í þágu bænda og almennings á Íslandi. Það er því krafa Bændasamtaka Íslands að ný ríkisstjórn haldi því starfi til streitu og standi við þau fyrirheit sem gefin hafa verið. Einhliða tollalækkanir og stórkarlalegar yfirlýsingar um aukinn innflutning á mat ógna tilvist íslenskrar matvælaframleiðslu og eru feigðarflan að mati bænda. Við skulum tala saman af ábyrgð.

## Ísland er land þitt



**Fáskrúðsfjörður á Austfjörðum. Skýring á nafni fjarðarins hefur vafist fyrir mörgum. Úti fyrir firðinum er eyjan Skrúður sem sumir vilja meina að hafi heitið Fáskrúð eða jafnvel Fáskrúðsey. Nafnið Fáskrúðsfjörður gæti þó allt eins verið af gelískum uppruna, auðskilið og viðeigandi, nefnilega Fa-sruth (Fa-srúþ). Fa er eins konar staðaratviksorð og merkir við eða innan við, struth þýðir straumur eða röst. Fasruth (Fasrúþ) þýddi þá „við röstina“. Þarf þá litlu að breyta til að fá Fáskrúð og Fáskrúðsfjörð, en Skrúðurinn héti þá að réttu Straumey að því er fram kemur í ritinu Franskir dagar sem gefið var út 2015.** Mynd / HKr.

## Líf og starf



Folaldið Jóla-Drífa með móður sinni, Litbrá frá Sölvholti.

# Ævintýrið um Jóla-Drífu

**Hryssan Litbrá frá Sölvholti, sem fædd er vorið 2012, kastaði sínu fyrsta folaldi núna nokkrum dögum fyrir jól og fékk sú litla nafnið Jóla-Drífa.**

Hún fannst í snjónum á að giska dags- eða tveggja daga gömul á sólstöðum og er fædd svo nærri vetrarsólstöðum að hún hefur líklega aldrei litið mót hnígandi sól.

Litbrá var í stóði sumarið 2015 en hefur ekki fyljast eins og hinar hryssurnar eða misst fyl snemma. Hins vegar hefur hún verið móttækileg um miðjan janúar 2016 og þá fest fang. Um það leyti var verið að taka hauststóðin heim til að snyrta þau, örmerkja og gefa ormalyf, raga niður í hópa fyrir vetrarbeit, taka sláturhross og seld folöld úr hópunum og fjarlægja stóðhestana, sem gagnast höfðu hryssunum um sumarið og annað þess háttar.

*Óvíst um faðernið*

Folarnir tveir höfðu unað með hryssunum um haustið í sátt og samlyndi í tveim hjörðum sem gátu þó haft samgang. Í haustbeitarhópinn komust líka stutta stund fjórir veturgamlir folar ógeltir, eins og getur gerst, og enginn veit því að sinni hver faðir Jóla-Drífu er, en það finnst út úr því áður yfir lýkur, annaðhvort út frá litaerfðum eða með DNA-greiningu.



Jóla-Drífa er spræk og hefur ekki tekið drífuna sem gerði á hana nýfædda nærri sér.

Jóla-Drífa er spræk og hefur ekki tekið drífuna sem gerði á hana nýfædda nærri sér. Hún er nú á húsi við besta atlæti og unir hag sínum vel, leikur sér og þroskast vel. Móðir hennar er brúnlitförótt en sjálf er Jóla-Drífa ennþá aðeins rauð að sjá, hvað sem síðar kemur í ljós.

*/Páll Imsland*

# Dýravernd og dýravelferð til umræðu á ársfundi Siðfræðistofnunar

**Ársfundur Siðfræðistofnunar var haldinn fimmtudaginn 5. janúar síðastliðinn. Eftir yfirferð Vilhjálms Árnasonar, formanns stjórnar Siðfræðistofnunar, um starfsemina á síðasta ári var athyglinni beint að málefni fundarins sem að þessu sinni var helgað dýrasiðfræði. Jón Kalmansson, nýdoktor í heimspeki, flutti erindi og var inntakið að mannfólkið þyrfti að minnka neyslu á kjötafurðum.**

Rök Jóns fyrir þeirri skoðun eru meðal annars umhverfisleg – að þau krefðust þess hreinlega. Mannfólkið stæði á tímamótum og þyrfti að brjótast út úr viðjum vanans sem ekki færi illa fyrir jörðinni.



Í pallborðsumræðum voru Elínborg Sturludóttir, fundarstjóri, Jón Á. Kalmansson heimspekingur, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / smh

Í pallborðsumræðum voru, ásamt Jóni, þau Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Fyrsta spurning til þeirra var frá Vilhjálmi Árnasyni, en hann velti því upp að mannfólkið væri víða komið í þá stöðu að það væri valkvætt hvort það neytti kjötafurða. Fólk þyrfti þess ekki til að komast af og spurði hversu mikil áhrif sú staðreynd hefði á þessa grundvallar siðferðilegu spurningu. Sindri sagði að það væri sjálfsagt að velta því fyrir sér hvort þörf væri á að hafa umfang kjötframleiðslu eins og hún er í dag. Hann sagði að það væri víða vakning varðandi breyttar neysluvenjur og framleiðendur matvæla tækju mið af þeim. Hallgerður sagðist miða sínar neysluvenjur við siðferðilega umgjörð dýrahalds, frá öllum tiltækum hliðum. Það þyrfti að taka tillit til ýmissa þátta. Sigurborg nefndi dæmi frá Svíþjóð um að kaup- og neysluvenjur fólks færu ekki alltaf saman við fögur fyrirheit. Fólk gæti átt erfitt með að brjótast út úr þeirri venju að velja ódýrari vöruna í verslun, þótt vitað væri að aðbúnaðurinn væri ekki eins og best væri á kosið.

Sköpuðust líflegar umræður um efnið og má ljóst vera að ými s sjónarmið eru í þessum málum og á þeim margar hliðar. */smh*

## MÆLT AF MUNNI FRAM

169

Nýtt vísnaár verður ögn á pólitískum nótum. Nú um stundir sjást fá dæmi þess, að skopast sé að pólitískum embættismönnum í bundnu máli. Áramótaskaup eru þó undantekning, en sá kveðskapur lifir þó sjaldnast lengi. Á síðustu öld voru samdar heilar revíur um pólitíkusa þjóðarinnar og á tíma Spegilsins sáluga, voru birtir heilir gamanbragir um suma þeirra. Í ljósi mikilla átaka í pólitík undangenginna mánaða er ekki úr vegi að birta gamankvæði sem birtist í Speglinum sáluga. Höfundurinn, **Sigurður Ívarsson**, var eitt helsta gamanvísnaskáld 20. aldar, og mörg verka hans birtust einmitt í Speglinum. Bragur Sigurðar nefnist **„Kleppsförin“** og er ortur í kjölfar þeirrar ákvörðunar **Jónasar frá Hriflu**, að reka **Helga Tómasson** úr embætti yfirlæknis á Kleppi, en Helgi hafði þá skömmu fyrr heimsótt Jónas í því skyni að ræða andlegt heilsufar hans, en Jónas gegndi þá starfi dómsmálaráðherra:

*Jónas vaknar af blíðum blundi,*
*brjálaður virtist ekki par;*
*í bælinu lengur ekki undi*
*ók sér og fór í brækurnar.*
*Í Landhelgisbílinn brátt var náð*
*og brunað svo upp í Stjórnarráð.*

*Daníel, sem þar dyrnar passar,*
*dyrnar opnaði fljótt og vel.*
*Jónasar gjörðust glyrnur hvassar,*
*hann gaut þeim skáhalt á Daníel:*
*„Til setu boðið ei sýnist oss,*
*sæk, Daníel, vort besta hross.“*

*„Inn að Kleppi er óravegur,*
*andskotastu því fljótt af stað;*
*ríddu eins hart og hrossið dregur,*
*-Helga réttirðu þetta blað,-*
*flýttu þér nú og farðu vel“.*
*-Þá fruktaði‘ og spýtti Daníel.*

*Óþverra fylltist loftið ljótum,*
*-leðjurigning og malarél.-*
*Veifandi‘ í bláinn báðum fótum*
*bikkjuna þandi Daníel.*
*Drótt öll á Kleppi dauðhrædd beið,*
*-Daníel inn í húsið reið.*

*-Helgi greip blaðið báðum mundum,*
*blekugur varð um hendurnar,*
*undirskriftirnar eru stundum*
*ekki meira‘en svo þornaðar.*
*Við Doktora Jónas dundar vart*
*og Daníel getur riðið hart.*

*Doktorinn varð sem dreyri‘í framan,*
*Dungal var þar og studdi hann.*
*Nú sá hann eftir öllu saman*
*að‘ann heimsótti ráðherrann.*
*Húsi og stöðu flæmdur frá.*
*-Hann flutti með eina lyfjaskrá.*

*-Daníel svarsins drjúgur bíður,*
*Daníel tók í húfuna,*
*Daníel út um dyrnar ríður,*
*Daníel sló í merina.*
*-Daníel tyggur drjúgum skro,*
*Daníel spýtir á við tvo.*

*Jónas vor húkti heima‘ á meðan*
*hugsandi stinnt um brjálæðið;*
*hefði‘ einhver normal sála séð hann*
*sú mundi hafa komist við.*
*-Höfasköll dundu dimm og löng,*
*Daníel kom og spýtti og söng.*

*Daníel frétta flutti sóninn,*
*frísaði merin löðursveitt.*
*Jónas tvíhenti telefóninn,*
*við Thorlacius hann mælti greitt:*
*„Þú tekur við Kleppi Tolli minn,*
*Tíkarbrand skaltu gefa inn.“*

*Lyfja-fargansins fræga miðann*
*flutti Helgi úr brúkunum.*
*Nú fá menn trauðla að tala við hann*
*þó tíkall hafi í lúkunum.*
*-Hrelldan og þjáðan huga ber,*
*og Hriflu-réttlætið móti sér.*

*Að þessu skaltu önd mín hyggja,*
*yfirvöldunum geðjast þú,*
*á hnjánum báðum er best að liggja*
*og biðja um náð í sannri trú.*
*-Hver veit nær sorgar hefjast él?*
*Hver veit nær söðlar Daníel?*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

### Ísland er alls ekki í neinni sérstöðu í heiminum varðandi takmarkanir á innflutningi landbúnaðarvara:

# Flest ríki heims beita ströngum lögum og tollum til að vernda sinn landbúnað

## – Verndun lífríkis oftast borið við varðandi innflutningstakmarkanir og innflutningsbann á ýmsum landbúnaðarvörum

**Flestar þjóðir heims eru með ströng lög um innflutning á landbúnaðarvörum, það á ekki síður við um lönd innan Evrópusambandsins og Bandaríkjanna en önnur. Ísland er því langt frá því að vera sér á báti í þessum efnum eins og oft mætti ætla á umræðunni.**

Undir stranga löggjöf fellur m.a. innflutningur á matvælum, ekki síst á kjöti, mjólk, mjólkurafurðum, grænmeti og ávöxtum. Það sem leyft er að flytja inn fellur auk þess í flestum tilvikum undir mjög vel skilgreinda tollalöggjöf. Er þá aðallega borið við heilsufarsástæðum fyrir mannfólkið og verndun lífríkis.



Hið mikla kjötframleiðslu- og kjötútflutningsríki Ástralía, ver sitt vistkerfi og sinn landbúnað fyrir innflutningi eins og flest önnur lönd með ströngu laga- og regluverki.



Átök um mögulegan TTIP-tollasaming milli Bandaríkjanna og ESB-landa snúast m.a. um mikla hormónanotkun Bandaríkjamanna við kjötframleiðslu.

### *Bandaríkin vernda sinn landbúnað*

Sem dæmi er bannað að flytja inn til Bandaríkjanna án sérstakra heimilda ferskt, þurrkað og niðursoðið kjöt og kjötafurðir frá flestum löndum heims. Það á einnig við um tilbúna rétti sem innihalda kjöt. Fyrir kjöt sem flutt er inn utan innflutningskvóta eru yfirleitt rúmlega 21–26% tollur.

Brot einstaklinga á þessum ákvæðum varðar allt að 10.000 dollara sekt. Aðeins er heimilt að flytja kjöt frá löndum sem eru ekki með þekkta sjúkdóma í sínu búfé eins og gin- og klaufaveiki og fleiri sjúkdóma.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að flytja inn nautakjöt, svínakjöt og kindakjöt er það gegn því að slíku kjöti fylgi rækileg heilbrigðisvottorð. Sama á við um alifuglakjöt og egg og eggjaafurðir. Í einhverjum tilfellum, hefur þó verið heimilað að flytja inn ferskt lambakjöt, t.d. frá Íslandi.

### *Hormónagjafir nær allsráðandi í bandarískri nautakjötsframleiðslu*

Ágreiningur um nýjan fríverslunarsamning ESB-ríkjanna við Bandaríkin, svokallaðan TTIP-samning, snýst að verulegu leyti um hversu mikið þjóðirnar eru tilbúnar að slaka á sínum varúðarreglum varðandi landbúnað. Þar er m.a. tekist á um innflutning á svokölluðu hormónanautakjöti frá Bandaríkjunum og erfðabreyttu korni. Fjallaði bandaríska þingið sérstaklega um algjört bann ESB við innflutningi á kjöti af nautgripum sem meðhöndlaðir höfðu verið við ræktun með hormónalyfjum.

Á þinginu kom fram að notkun hormóna (stera) við ræktun nautgripa í Bandaríkjunum væri mjög útbreidd til að auka og hraða vexti gripanna. Slíkt hafi verið leyft þar í landi líkt og í Bretlandi síðan upp úr 1950 með notkun á diethylstilboestrol (DES) og hexoestrol. ESB bannaði innflutning á slíku hormónakjöti árið 1989 gegn vilja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Hormónalyf eru notuð við ræktun á tveim þriðju allra nautgripa í Bandaríkjunum og við um 90% eldi nautgripa til kjötframleiðslu samkvæmt því sem fram kom á bandaríska þinginu.

Á stórum kjötframleiðslubúum er notkunin á hormónalyfjum 100% samkvæmt skýrslu Congressional Research service. Eru gripunum þá einkum gefnir náttúrulegir hormónar eins og estradiol, progesterone og testosterone. Auk þess eru notaðir efnafræðilega tilbúnir hormónar eins og zeranol og trenbolone acetate auk melengestrol. Er þó tekið fram í skýrslunni að ekki sé heimilt að nota hvaða hormóna sem er við eldi dýranna en FDA (Food and Drug Administration) og USDA (U.S. Department of Agriculture) setja um það nánari reglur.

Viðræður um tollamálin snúast líka um fleira eins og klórþvott á kjöti sláturdýra.

### *Flókið lagskipt leyfiskerfi*

Fara þarf í gegnum flókið og lagskipt kerfi til að fá innflutningsleyfi fyrir kjöt til Bandaríkjanna samkvæmt gögnum utanríkisþjónustu bandaríska landbúnaðarráðuneytisins (USDA Foreign Agricultural Service). Innflytjendur þurfa fyrst að fá samþykki ráðuneytisins og Dýra- og plöntuheilbrigðiseftirlitsins (APHIS). Þar er gert áhættumat varðandi hugsanlegan innflutning sjúkdóma. Þar að auki kemur sjúkdómaeftirlit landbúnaðarráðuneytisins sem verður að gefa út staðfestingu á að innflutningurinn standist allar kröfur. Eins og að kjötið sé framleitt við sambærilegar kröfur (U.S. standards) og gerðar eru af bandarískum stjórnvöldum.

### *Nokkur ríki hafa heimild til að flytja inn „frosið“ nautakjöt*

Sem stendur hafa 12 ríki heimild til að flytja „frosið“ nautakjöt til Bandaríkjanna (ekki ferskt). Þetta eru Ástralía, Kanada, Chile, Costa Ríka, Hondúras, Írland, Japan, Litháen, Mexíkó, Nýja-Sjáland, Nikaragva og Úrugvæ.

Þótt þessi ríki hafi fengið leyfi til að flytja nautakjöt til Bandaríkjanna, þá er það háð ýmsum skilyrðum og allt undir innflutningstollkvótum. Þar er um að ræða tvenns konar tollkvóta, svokallaða sérstaka landskvóta fyrir tiltekin ríki, sem eru Ástralía, Japan, Nýja-Sjáland, Úrugvæ og Argentína. Þar er enginn tollur á kvótakjöt frá Kanada, Mexíkó og Argentínu, en 4,4 sent á kíló frá hinum ríkjunum. Ef innflutningur fer umfram kvóta greiða öll ríkin nema Kanada, Mexíkó og Ástralía 21,1% til 26,4% toll. Síðan er tollkvóti fyrir önnur ríki sem hafa heimild til að flytja inn nautakjöt. Sá tollur er 4,4 sent í toll á kíló og 26,4 sent á kíló fyrir kjöt umfram tollkvóta.



Það er ekki alltaf einfalt fyrir ferðamenn að flytja kjöt milli landa. Í sumum löndum varðar slíkt háum sektum og jafnvel fangelsi.

### *Nær allur kjötinnflutningur í gegnum tollkvóta*

Bandaríkin flytja árlega inn mikið af nautakjöti Þess má geta að Ástralir eru stærstir í innflutningi á nautakjöti til Bandaríkjanna og fluttu þangað 418.000 tonn árið 2015. Þar á eftir kom Nýja-Sjáland með 211.000 tonn og Kanada með 210.000 tonn. Síðan er Mexíkó með 145.000 tonn og Úrúgvæ með 39.000 tonn. Bandaríkin fluttu hins vegar út 720.000 tonn af nautakjöti á árinu 2015 á meðan heildarinnflutningurinn nam 1.080.000 tonnum.

Nær allur innflutningur Bandaríkjamanna á kjöti er í gegnum sérstaka tollkvóta. Þá hefur verið í gildi bann á innflutningi á nautakjöti til Bandaríkjanna frá ESB vegna kúariðunnar sem þar kom upp um árið.

### *Löggjöf ESB er líka ströng*

Evrópusambandið er ekki síður en Bandaríkin með mjög stranga innflutningslöggjöf varðandi kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir. Byggja þær reglur á matvælaöryggi og sjúkdómavörnum líkt og gert er á Íslandi.

### *Ferðamönnum bannað að flytja kjöt til ESB-landa*

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins (Directorate-General for Health & Consumers), verður að vera tryggt að innflutt kjöt uppfylli sömu gæðareglur um framleiðslu og gilda í ESB-löndunum. Er þar borið við matvælaöryggi eins og á Íslandi. Það á einnig við um dýraheilbrigði í framleiðslulöndunum. Í staðinn fyrir þessi ströngu ákvæði beita menn lægri tollum en ella varðandi það kjöt sem heimilt er að flytja inn.

Ný og strangari löggjöf þar um fjallar um allt framleiðsluferlið frá býli á disk neytenda. Til að fylgja þessu eftir er almennt bann á kjötinnflutningi ferðamanna til ESB-landa.

### *Ekki er allt sem sýnist*

Meðalinnflutningstollur á öllum landbúnaðarvörum til ESB-landa er 12% samkvæmt úttekt sem Australian Farm Institute gerði um áhrif af útgöngu Breta úr ESB. Áhugavert er að í þeirri úttekt kemur líka fram að matreiðsla opinberra gagna getur verið misvísandi.

Opinber stuðningur við breska bændur er t.d. í skýrslunni sagður nema sem svarar 55% af heildartekjum á meðan hann er samkvæmt PSE-mati OECD 56% á Íslandi, og 62% Noregi. Aftur á móti er hann sagður vera 18,9% í ESB-löndunum að meðaltali. Spurningin er hvort þarna sé að öllu leyti verið að bera saman sambærilega hluti.

Nefna má að ýmsir styrkir sem veittir eru bændum innan ESB eru ekki skilgreindir sem stuðningur við landbúnað. Það má m.a. segja um aðstoð við þýska bændur til að framleiða raforku inn á orkukerfið með því að brenna gasi sem búið er til með gerjun á korni og skít. Þetta er gert með því að kaupa orkuna af bændum á mjög háu yfirverði. Ýmislegt af þessum toga kemur ekki fram undir CAP-landbúnaðarstefnu ESB. Margvíslegir samfélagslegir styrkir og stuðningur við byggð í dreifbýlinu geta líka verið af svipuðum toga. Þá var á síðasta ári undir CAP aukið verulega við stuðning við bændur og þá til að draga úr mjólkurfamleiðslu. Verða þeir styrkir auknir enn frekar á nýbyrjuðu ári sem nemur 14 evrusentum á hvert kíló af mjólk sem ekki er sett á markað.

### *Ástralir vernda mjög hart sína framleiðslu*

Ástralir eru með mjög ströng lög um innflutning á kjöti og öðrum matvælum og eina landið sem nýtur einstakra sérreglna samkvæmt samningum þar um er nágrannaríkið Nýja-Sjáland. Háir innflutningstollar eru líka á kjöti og kjötvörum til Ástralíu til að vernda innlenda framleiðslu. Er þar um að ræða allt að 100% tolla á kjöti sem flutt er inn utan innflutningskvóta eins og á sumu kjöti frá ESB-löndum. Meðaltollur á innfluttum landbúnaðarvörum innan tollkvóta til Ástralíu er þó ekki nema 1,2%. Tollur á kvótakjöt getur þó numið frá 0 til 50%. Við sum ríki gilda síðan sérstakir fríverslunarsamningar. Danir hafa t.d. flutt svínakjöt til Ástralíu.

Á tólf mánaða tímabili frá október 2015 til október 2016 fluttu Ástralir út 1.048.344 tonn af nautakjöti, 373.686 tonn af kindakjöti og 26.489 tonn af geitakjöti samkvæmt tölum MLA.

Hörð viðurlög eru við brotum á lögum og reglum um innflutning á kjöti til Ástralíu, eða allt að 100.000 dollara sekt og fangelsi í nokkur ár.

### *Vernd lífríkis og vatns í landinu*

Lögin í Ástralíu byggja á vernd lífríkis og vatns í landinu og þar eru margvíslega hindranir til að framfylgja þeirri verndarstefnu. Undir þessi lífríkisöryggisákvæði fellur líka innflutningur á eggjum og afurðum sem innihalda egg, mjólkurvörur, óniðursoðið kjöt, fræ, hnetur, ferskir ávextir og grænmeti.

### *Hörð viðurlög á Nýja-Sjálandi við brotum á kjötinnflutningi*

Svipuð löggjöf er í Nýja-Sjálandi og í Ástralíu. Þar er ströng löggjöf um innflutning á matvælum hverju nafni sem þau nefnast. Undir það falla öll dýr lifandi eða dauð og dýraafurðir. Allt kjöt og kjötafurðir er ýmist alfarið bannað að flytja inn eða sett undir mjög stranga innflutningslöggjöf. Undir þessi lög falla líka lífsýni, plöntur og plöntuhlutar lifandi eða dauðir. Einnig tæki og tól sem tengjast dýraeldi og afurðavinnslu, útilegubúnaður, golfkylfur og meira að segja notuð reiðhjól. Ótti er við að nýr TPP-samningur (Trans-Pacific Partnership) 12 Kyrrahafslanda um tollamál geti eyðilagt þessar varnir og þar með landbúnað viðkomandi landa.

Ferðamenn þurfa að útfylla sérstök lífríkisöryggiseyðublöð er varðar einangrun við komu með matvæli til Nýja-Sjálands. Er það nefnt „Passenger Arrival Card“. Ef fólk bregst þessari skyldu á það yfir höfði sér háar sektir. Ranglega útfyllt eyðublað kostar t.d. skilyrðislausa sekt upp á 400 dollara. Ef brotið er alvarlegra eru viðurlögin allt að 100.000 dollarar upp að nokkurra ára fangelsisvist. Tollvörðum er ekki skylt að útskýra í smáatriðum fyrir fólki við komuna hvaða matvæli falla nákvæmlega undir bann við innflutningi. Til að fá slíkar upplýsingar er fólki bent á ráðuneyti frumframleiðslugreina.

Hér er aðeins stiklað á stóru en algengt er að tekið sé upp tímabundið bann á kjötinnflutningi víða um lönd þegar uppvíst verður um sjúkdóma af ýmsu tagi í framleiðslulöndunum. Þetta á ekki síst við innflutning á „fersku“ kjöti. Kannski er það þess vegna sem sumir Bandaríkjamenn hafa miklar væntingar til TPP-samningsins. Markaður fyrir kjöt í Asíu hefur verið að aukast hröðum skrefum þar sem regluverkið er veikast fyrir. Ráðgert er að nautakjötsinnflutningur Asíuríkja verði kominn í um 3,3 milljónir tonna á næsta ári en hann var um 2 milljónir tonna árið 2012 samkvæmt tölum USDA. /HKr.

# Fáðu LÍF í tún og akra

## Fjölkorna gæðaáburður frá Grassland Agro á Írlandi

| Tegund | Þyngd (kg) | N | P | Vatnsl. P | K | Ca | Mg | S | B | Se |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **LÍF 27** | 600 | 27,0 | | | | 4,3 | 2,4 | | | |
| **LÍF 24-5+Se** | 600 | 24,0 | 2,2 | 91% | | 2,7 | 1,5 | 2,8 | | 0,0015 |
| **LÍF 24-13** | 600 | 24,0 | 5,7 | 89% | | 2,4 | 1,4 | 2,0 | | |
| **LÍF 20-5-12+Se** | 600 | 20,0 | 2,2 | 91% | 10,0 | 2,1 | 1,2 | 2,5 | | 0,0015 |
| **LÍF 20-10-10** | 600 | 20,0 | 4,3 | 91% | 8,3 | 2,0 | 1,1 | 2,0 | | |
| **LÍF 20-10-10+Se** | 600 | 20,0 | 4,3 | 91% | 8,3 | 2,0 | 1,1 | 2,0 | | 0,0015 |
| **LÍF 20-12-8+Se** | 600 | 20,0 | 5,2 | 90% | 6,7 | 1,7 | 1,0 | 2,5 | | 0,0015 |
| **LÍF 20,6-11-9+Se** | 600 | 20,6 | 4,8 | 90% | 7,5 | 1,7 | 1,0 | 3,0 | | 0,0015 |
| **LÍF 21-6-9,5+Se** | 600 | 21,0 | 2,6 | 92% | 7,9 | 2,4 | 1,3 | 2,0 | | 0,0015 |
| **LÍF 27-6-6** | 600 | 27,0 | 2,5 | 76% | 5,0 | | | 2,3 | | |
| **LÍF 17-15-12** | 600 | 17,0 | 6,5 | 91% | 10,0 | 1,5 | 0,8 | 2,2 | 0,22 | |
| **LÍF 12-12-20+Se** | 600 | 12,0 | 5,2 | 90% | 16,7 | | 0,6 | 4,8 | | 0,0015 |

- LÍF áburðurinn er nú á boðstólunum annað árið í röð.
- Kynntu þér verðskrá okkar á www.lifland.is og fáðu tilboð í áburðarpakkann.
- Sveigjanleg greiðslukjör og hagstæð flutningskjör í boði.
- Vörurnar okkar eru einnig á jörð.is



**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 540-1138 eða á aburdur@lifland.is og fáðu nánari upplýsingar um áburðarúrvalið**

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghåls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Stórólfsvelli

**LÍFLAND**



Ingimar Pálsson hjá Topphestum á Sauðárkróki.

Norðurland vestra:

# Ingimar hjá Topphestum maður ársins 2016

**Ingimar Pálsson, sem rekur fyrirtækið Topphesta á Sauðárkróki, hefur verið kosinn Maður ársins 2016 á Norðurlandi vestra af lesendum Feykis.**

Ingimar, sem fagnaði 70 ára afmæli sínu á síðasta ári, hefur í rúmlega 30 ár rekið reiðskóla og m.a. staðið fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn sem notið hafa mikilla vinsælda.

„Á hann heiður skilinn fyrir að halda þessi öfluga starfi úti ár eftir ár," segir m.a. í tilnefningu sem Ingimar fékk frá Feyki. Sagt er frá þessu á vef Feykis.

Bolungarvík:

# Þjónustuhús á tjaldsvæði endurnýjað á nýju ári

**Þjónustuhús við tjaldsvæðið í Bolungarvík verður endurnýjað á árinu og er gert ráð fyrir að opið aðgengi verði í gegnum það og inn í sundlaugina.**



Markmiðið er að tengja sundlaugina við tjaldsvæðið á opinn og skemmtilegan hátt og auka þannig þjónustu við tjaldsvæðisgesti. Gert er ráð fyrir að hið nýja þjónustuhús verði að stærstum hluta borðsalur fyrir gesti tjaldsvæðis þar sem hægt er að borða nesti ásamt því að útbúa kvöldmat, þerra föt og fleira.

Samhliða uppbyggingu á tjaldsvæði er gert ráð fyrir að sett verði fjármagn í sérstaka markaðsherferð fyrir tjaldsvæðið með það að markmiði að kynna hina nýju aðstöðu ásamt annarri þjónustu fyrir gesti í Bolungarvík.

### *Liður í að bæta þjónustu við ferðamenn*

Fyrir hefur tjaldsvæðið í Bolungarvík marga kosti og nokkur uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár. Það er staðsett á fallegum og skjólstæðum stað við Hólsána í miðjum bænum og er stutt í alla þjónustu og afþreyingu. Glæsileg sundlaug er í Bolungarvík, við hlið tjaldsvæðisins, og er það góður kostur fyrir gestina, en með auknu og betra aðgengi mun þjónustan aukast verulega.

Allar spár ganga út frá mikilli aukningu ferðamanna á Vestfirði næsta sumar og eru þessar framkvæmdir liður í því að bæta þjónustu við ferðamenn og auka aðgengi þeirra að Bolungarvík og auka þannig komur þeirra á þessu og næstu árum. Þetta kemur fram á vefsíðu Bolungarvíkur. /MÞÞ

# Leiðrétting

**Af gefnu tilefni skal það tekið fram að Landbúnaðarháskóli Íslands og Kraftvélar stóðu ekki saman að jólakveðju í síðasta blaði Bændablaðsins.**

Landbúnaðarháskólinn á í góðu samstarfi við fjölda vélaumboða um land allt. Beðist er velvirðingar á mögulegum misskilningi sem þetta gæti hafa valdið.

# Höfundur jólakattargreinar

**Í grein um uppruna, ættir og hlutverk jólakattarins í jólablaði Bændablaðsins gleymdist að geta greinarhöfundar.**

Undir greininni var nefndur uppruni greinarinnar sem var af vefsíðunni Kreddur – vefrititi um þjóðfræði. Höfundur jólakattargreinarinnar er hins vegar Hrefna



S. Bjartmarsdóttir. Er hún beðin velvirðingar á þessum mistökum. Höfundur teikningarinnar góðu af jólakettinum er svo Jón Baldur Hlíðberg eins og réttilega var getið í blaðinu.



# Lög og reglur um kaup erlendra aðila á bújörðum verða endurskoðaðar

**Í tilkynningu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi frá sér á föstudaginn kemur fram að skipaður verði þriggja manna starfshópur til að leggja mat á það hvaða takmarkanir komi helst til greina til að viðhalda ræktanlegu landbúnaðarlandi og búsetu í sveitum landsins.**

Kemur þetta í kjölfar umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um árabil og varðar kaup erlendra aðila á bújörðum hér á landi. Hafa dæmin sýnt að einn aðili hefur keypt margar jarðir á stóru svæði án þess að þar sé fyrirhuguð búseta eða að ræktanlegt land sé nýtt. Í tilkynningunni segir:

„Hópnum er jafnframt ætlað að skoða þær takmarkanir sem er að finna í löggjöf nágrannalanda Íslands eins og Noregs, Danmörku og Möltu og rúmast innan marka 40. gr. EES-samningsins. Í dönsku jarðalögunum er m.a. eignarhald á landbúnaðarlandi takmarkað og skilyrði sett fyrir kaupum erlendra ríkisborgara. Þá mun hópurinn gera tillögu til ráðherra um nauðsynlegar breytingar á lögum í samræmi við framangreint.

Hópurinn verður skipaður þremur fulltrúum; einum tilnefndum af innanríkisráðherra, einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands en formaður hópsins verður skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum sínum eigi síðar en í júní 2017." /smh

Ålö AB, framleiðandi Quicke ámoksturstækja:

# Fjölgar samstarfsaðilum sínum á Íslandi

**Ålö AB, einn af þekktustu framleiðundum í heimi í landbúnaðargeiranum og leiðandi á sínu sviði, hefur ákveðið að auka við og styrkja samstarf um sölu á Quicke á Íslandi og bæta við öðrum söluaðila.**

Kraftvélar hafa flutt inn Quicke ámoksturstækin til Íslands frá árinu 2010. Ålö hefur nú ákveðið að gera breytingar á sölukerfi sínu og bæta við öðrum innflutnings- og söluaðila. Kemur þetta fram í auglýsingu frá sænska félaginu í Bændablaðinu í dag.


Quicke ámoksturstæki frá Ålö.

Núverandi umboðsmaður Trima á Íslandi, Vélfang ehf., mun frá 1. janúar 2017 einbeita sér að sölu á merki Ålö, Quicke.

„Við erum mjög bjartsýn á að þessi breyting sé jákvæð og að Vélfang muni nú geta einbeint sér að sölu á okkar aðalmerki. Sérstaklega núna þegar aðeins nokkrir mánuðir eru í að við kynnum alveg nýja kynslóð ámoksturstækja, Quicke Q-series sem við erum sannfærð um að verði í fremstu röð á íslenska markaðinum.

Við hlökkum til að eiga gott samstarf við bæði Kraftvélar og Vélfang," segir Joakim Norlin, sölustjóri Ålö AB.

Umhverfisstofnun úrræðalaus gagnvart lögbrotum við notkun eiturefna:

# Yfir 70% ekki með gild notendaleyfi til kaupa á „plöntuverndarvörum"

**Umhverfisstofnun lauk nýverið eftirlitsverkefni þar sem kallað var eftir gögnum um sölu ársins 2015 á tilteknum varnarefnum, en undir það falla „plöntuverndarvörur" (líka nefnt illgresiseyðir eða jurtaeitur) og nagdýraeitur sem notuð eru í atvinnuskyni. Í úrtaki voru sjö fyrirtæki sem setja þessar vörur á markað hér á landi.**

Svokallaðar plöntuverndarvörur sem eru í raun eiturefni og nagdýraeitur innihalda efni sem geta skaðað heilsu manna og umhverfið og því er krafist notendaleyfis til þess að mega kaupa og nota þessar vörur og skulu söluaðilar ganga úr skugga um það að kaupendur séu með notendaleyfi í gildi þegar salan á þeim fer fram.

Nagdýraeitur er notað til eyðingar á rottum og músum. Á árinu 2015 voru sjö mismunandi slíkar vörur í sölu hér á landi og nam salan á þeim um 4.680 kg sem er um 43% samdráttur frá árinu áður þegar þessi sala nam 8.238 kg.

Af þeim 64 einstaklingum sem keyptu nagdýraeitur á árinu 2015 reyndist einn einstaklingur vera án leyfis þegar kaupin áttu sér stað, samanborið við 15 árið á undan.

### *103 án leyfis*

Umrædd eiturefni eru notuð gegn skaðvöldum í landbúnaði og garðyrkju. Þau eru flokkuð í illgresiseyða, sveppaeyða, skordýraeyða og stýriefni eftir notkunarsviði.

Alls seldust 2.453 kg af þessum svokölluðu plöntuverndarvörum á árinu 2015, sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni, og er það lítils háttar aukning frá árinu áður. Þetta voru 37 mismunandi vörur og mest var selt af illgresiseyðum, eða 458 kg (57%).

### *Einungis 29% með gild leyfi*

Af þeim 145 einstaklingum sem keyptu þessar vörur á árinu 2015 reyndust einungis 42 (29%) vera með notendaleyfi í gildi en 103 (71%) voru annaðhvort með útrunnið leyfi eða höfðu aldrei verið með notendaleyfi eða annað sambærilegt leyfi þegar kaupin áttu sér stað. Þetta eru jafnmargir einstaklingar og reyndust vera án leyfis við kaup á plöntuverndarvörum í sambærilegu eftirliti á síðasta ári.

### *Misbrestur þrátt fyrir eftirfylgni*

Þessar niðurstöður sýna að þrátt fyrir eftirfylgni af hálfu Umhverfisstofnunar, er enn mikill misbrestur á því að fyrirtæki sem setja á markað plöntuverndarvörur, sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni, krefji kaupendur um notendaleyfi áður en salan á sér stað.

### *Máttlaus úrræði*

Þau úrræði sem Umhverfisstofnun býr nú yfir duga ekki til þess að tryggja að farið sé að lögum hvað þetta varðar og horfir stofnunin því til þess að möguleg beiting á stjórnvaldssektum samkvæmt væntanlegri reglugerð geti orðið til þess að söluaðilar taki við sér og uppfylli sjálfviljugir skyldur sínar," segir í frétt á vef stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun efnir til kynningarfundar um plöntuverndarvörur þann 26. janúar næstkomandi fyrir þá sem sjá um markaðssetningu á þessum vörum og eða nýta þær. /MÞÞ/HKr.




# Hittu í mark með KUBOTA

**KUBOTA RTV-X900** vinnuþjarkurinn hefur farið sigurför um heiminn og er ein af vinsælustu vörum KUBOTA.
Þetta eru sterkbyggðir vinnuþjarkar sem henta vel í girðingarvinnu og alla almenna vinnu við búskapinn.
Hafið samband sem fyrst til að tryggja ykkur eintak af RTV-X900 vinnuþjarkinum frá KUBOTA á þessu frábæra verði.
Fyrsta sending seldist upp.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500

AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555

Vefsíða: www.thor.is

# JÖKLAR HÓTEL

## ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

*Forsniðin einingahús*
*Fljótleg í uppsetningu*





## Gistiálma
### Nýjung frá Landshúsum

Okkar vinsælu einingahús Jöklar henta einstaklega vel sem gistiálma fyrir hótel. Stærð herbergja er breytileg og fjöldi þeirra ótakmarkaður. Húsin eru fljótleg í uppsetningu og sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Afgreiðslufrestur er 8-10 vikur frá staðfestri pöntun.

*Styrkur - Hagkvæmni - Hönnun*

LANDSHÚS

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

Byggðastofnun – þróun atvinnutekna 2008–2015:

# Hækkuðu mest á Suðurnesjum og á Suðurlandi

**Atvinnutekjur á árinu 2015 námu tæpum 980 milljörðum kr. og voru að raunvirði ríflega prósenti hærri en þær voru hrunárið 2008 á meðan íbúum fjölgaði um rúmlega 5%. Atvinnutekjur hækkuðu mest á Suðurnesjum og á Suðurlandi en einnig nokkuð á Norðurlandi eystra.**

Á sama tíma stóðu þær í stað á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi en drógust saman á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Þetta kemur fram í skýrslu um atvinnutekjur á tímabilinu 2008 til 2015 eftir atvinnugreinum og svæðum, en hún var unnin hjá Byggðastofnun og kom út í lok nýliðins árs. Í skýrslunni er gefin mynd af þróun atvinnutekna á landinu eftir atvinnugreinum, kyni, landshlutum og svæðum.

***Breytileiki innan landshluta***

Í skýrslunni kemur fram að breytileiki var verulegur innan landshlutanna, jafnvel milli byggða sem liggja þétt saman. Á höfuðborgarsvæðinu varð samdráttur í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, en aukning á atvinnutekjum í öðrum sveitarfélögum á svæðinu. Á Suðurnesjum er svipaða sögu að segja þar sem mikil aukning varð í Grindavík, nokkur í Reykjanesbæ en samdráttur í hinum sveitarfélögunum þremur.

Á Vesturlandi varð samdráttur í Borgarfirði og Dölum á meðan aukning varð á atvinnutekjum á öðrum svæðum. Á Vestfjörðum varð samdráttur í Ísafjarðarbæ en aukning í heildina utan hans. Á Norðurlandi vestra varð verulegur samdráttur í atvinnutekjum bæði í Húnavatnssýslum og í Skagafirði.

***Myndarleg aukning á Suðurlandi***

Á Norðurlandi eystra má rekja nær alla aukningu í atvinnutekjum til Eyjafjarðarsvæðisins á meðan Þingeyjarsýslurnar rétt halda sínu. Á Austurlandi varð aukning sunnan Fagradals en samdráttur norðan hans. Á Suðurlandi varð nokkuð myndarleg aukning atvinnutekna alls staðar nema í Sveitarfélaginu Árborg, Hveragerði og Ölfusi og í Rangárvallasýslu.

Aukning varð á atvinnutekjum í nær öllum atvinnugreinum fyrir utan byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og fjármála- og vátryggingastarfsemi, þar sem atvinnutekjur drógust samtals saman um yfir 60 milljarða kr. á verðlagi ársins 2015 á milli áranna 2008 og 2015. Á móti þessu kom aukning sem að stærstum hluta má tengja ferðaþjónustu en einnig fiskvinnslu og opinberri þjónustu.

***Meðaltekjur dragast saman***

Meðalatvinnutekjur drógust saman á tímabilinu um 2,9% á landinu öllu. Mest drógust þær saman á Seltjarnarnesi, um 7,7%, aðallega vegna samdráttar í fjármála- og vátryggingastarfsemi, í Reykjavík um 7,2%, í Kópavogi og Hafnarfirði um 4,8% vegna samdráttar í fjármála- og vátryggingastarfsemi og byggingar- og mannvirkjagerð.

/MÞÞ

Húnavatnshreppur:

# Ljósleiðari kominn inn á 117 heimili

**Ljósleiðari er kominn inn á 117 heimili í Húnavatnshreppi og er stefnt að því að tengja flesta þá ljósleiðara sem komu inn fyrir húsvegg fyrir jól.**

Vinna hófst á liðnu sumri við að ljósleiðaravæða sveitarfélagið, en þá voru stofn- og heimtaugar lagðar heim á bæi. Nú er unnið við að tengja ljósleiðara saman og í brunnum.

Áætlað var að ljósleiðaravæða öll heimili í sveitarfélaginu á þessu ári en það tekst ekki. Helsta ástæða er sú að sveitarfélagið fékk á sínum tíma ekki aðgengilegt tilboð í allar lagnaleiðir. Gert er ráð fyrir að klára það sem eftir er í maí eða júní á þessu ári að því er fram kemur á vefnum huni.is.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps ákvað í apríl sl. að ljósleiðaravæða sveitarfélagið og fékk 84 milljón króna styrk í verkefnið frá Fjarskiptasjóði. Stofnað var sérstakt félag utan um verkefnið sem fékk nafnið Húnanet ehf. Öllum íbúum bauðst ljósleiðari gegn gjaldi.

Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra og Blönduósbær, voru á meðal þeirra sveitarfélaga sem fengu styrki til uppbyggingar ljósleiðara í sveitarfélögunum til að efla fjarskiptasamband í dreifðum byggðum sem markaðurinn sinnir ekki. /MÞÞ

# Skylt verður að geta um upprunaland kjötafurða

– reglugerð þar að lútandi tekur gildi í þessum mánuði

**Síðar í þessum mánuði tekur gildi reglugerð sem kveður á um að skylt sé að tilgreina upprunaland allra kjötafurða af svínum, sauðfé, geitum og alifuglum. Í gildi er sams konar reglugerð fyrir nautgripakjöt.**




Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja rétt neytenda til að vita frá hvaða landi þær kjötvörur eru sem þeir hyggjast kaupa. Í lok árs 2013 fór af stað umræða í þjóðfélaginu um að ómögulegt væri fyrir íslenska neytendur að átta sig á hvað væru íslenskar kjötafurðir og hvað væru innfluttar í hillum verslana. Fór hún af stað eftir að Matvælastofnun greindi frá því á vef sínum að fram hafi komið fullyrðingar um að innflutt kjúklingakjöt væri selt sem ferskt og í umbúðum íslenskra framleiðenda í verslunum hér á landi. Í löndum Evrópusambandsins tók slík reglugerð gildi í desember 2014.

Reglur um upprunamerkingar á fersku og frosnu nautgripakjöti hafa verið í gildi hér á landi frá hausti 2011 og í Evrópusambandinu frá árinu 2000 – eftir að svokallað kúariðumál kom upp.

***Sáttmáli um upprunamerkingar***

Ljóst var að talsvert magn var flutt inn af kjúklinga- og svínakjöti, en ekki var skylt að geta þess á umbúðum hvaðan kjötið væri upprunnið. Í ársbyrjun 2014 var undirritaður sáttmáli um upprunamerkingar á milli Bændasamtaka Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Neytendasamtakanna, eða í svokölluðum Samstarfshópi um bættar upprunamerkingar, þar sem fram kom að það væru sjálfsögð réttindi neytenda að vita hvaðan maturinn þeirra kæmi.

Af því tilefni var hleypt af stað átaksverkefni til að vinna að vitundarvakningu um þessi málefni meðal matvælaframleiðenda og innflytjenda á matvælum og hvetja þá til að merkja upprunaland matvörunnar með skýrum hætti. Í kjölfarið hófu margir þessara söluaðila að merkja kjötafurðir sínar með upprunalandi.

***Gildir ekki um unnar kjötvörur***

Sú reglugerð sem nú tekur gildi fjallar eingöngu um hreint kjöt samanber fyrstu grein hennar: „Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað á merkimiðum á nýju, kældu og frystu kjöti af svínum eða geitum og alifuglum."

Varðandi merkingar á unnum kjötvörum gilda þær reglur, að í þeim tilvikum þegar hráefni eiga uppruna að rekja til annars lands en þau eru meðhöndluð eða fullunnin í, ákvarðast upprunamerkingin af þeim stað þar sem varan undirgengst síðustu umtalsverðu umbreytingu.

***Íslenskt beikon úr dönsku svínakjöti***

Í bæklingnum *Frá hvaða landi kemur maturinn?*, sem Samstarfshópur um bættar upprunamerkingar matvæla gaf út árið 2015, segir að „þegar skinka eða beikon er unnið úr svínakjöti eða kjöt nýtt í pylsur eða bökur er um að ræða umtalsverða umbreytingu.

Aftur á móti er ekki um að ræða umtalsverða umbreytingu þegar kjöt er niðursneitt, hakkað eða pakkað í umbúðir. Samkvæmt þessu má kalla beikon sem unnið er á Íslandi, úr dönsku svínakjöti, íslenskt beikon.

Hins vegar hafa matvælaframleiðendur í síauknum mæli gengið lengra en lágmarkskröfur löggjafar á þessu sviði kveða á um og upplýst um uppruna innfluttra hráefna."

Þess má geta að reglugerð um upprunamerkingar innflutts grænmetis og ávaxta tók gildi hér á landi 1. september 2009. /smh

Atvinnutekjur í landbúnaði:

# Úr 6,7 milljörðum 2008 í ríflega 8 milljarða 2015

**Atvinnutekjur í landbúnaði jukust úr 6,7 milljörðum kr. í 8,1 milljarð á milli áranna 2008 og 2015. Atvinnutekjur í landbúnaði eru líklega vanmetnar þar sem hluti tekna af landbúnaði kemur fram sem hagnaður af búrekstri á einstaklingsframtal viðkomandi bónda.**

Er það til viðbótar við reiknað endurgjald þegar um rekstur á einstaklingskennitölum er að ræða. Líkt og við er að búast kemur meginhluti allra atvinnutekna í



landbúnaði utan höfuðborgarsvæðisins.

Þegar horft er til þróunar á árunum 2008 2015 sést að lækkun varð á atvinnutekjum í landbúnaði allt fram til ársins 2012 þegar það varð 17% hækkun á milli ára. Í framhaldi af því hafa atvinnutekjur í greininni hækkað ár frá ári að raunvirði. Hækkunin árið 2012 stingur nokkuð í augu en skýrist líklega að stærstum hluta af því að viðmiðun ríkisskattstjóra á reiknuðu endurgjaldi í landbúnaði hækkaði verulega á milli áranna 2016 og 2017. /MÞÞ

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmári 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

# Vinnufatnaður

**Léttur - Lipur - Hlýr - Öruggur og Sterkur**

Vandaður vinnufatnaður frá Svíþjóð. Góður fatnaður bæði til sjós og lands
Bæði til sem samfestingur og eða tvískiptur, jakki og smekkbuxur

**GOTT VERÐ !**




**Vesturröst**
Sérverslun veiðimanna Laugaveg 178
sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

# BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

*Bændablaðið í 32 þúsund eintökum um land allt – Smáauglýsingar 56-30-300*

**Næsta blað kemur út 26. janúar**


# Hvar kaupir þú áburð í ár?

**Hjá Búvís hefur áburðarverð lækkað síðustu 2 ár (frá 2015 til 2017) um 31 til 34%.**

Heimsmarkaðsverð á áburði hefur hækkað frá því um miðjan desember. Hvetjum við því bændur til að panta áburð sem fyrst.

| | Áburðartegund | | Greitt í febrúar-mars-apríl kr.tonn án vsk. | Greitt í maí, kr/tonn án vsk. | Greitt í október kr/tonn án vsk. | Verðin miðast við að áburðurinn sé kominn heim á hlað. N | P | P2O5 | K | K2O | Ca | Mg | S | B | Se |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Kraftur 15+Ca | Nýtt | 39.900 kr. | 40.700 kr. | 42.700 kr. | 15,5 | | | | | 20,4 | | | | |
| 2 | Kraftur 27+Ca+Mg | | 43.350 kr. | 44.217 kr. | 46.385 kr. | 27 | | | | | 4,3 | 2,4 | | | |
| 3 | Kraftur 34+Se | | 45.900 kr. | 46.820 kr. | 49.120 kr. | 34,4 | | | | | | | | | 0,0015 |
| 4 | Völlur 23-5+Ca+Mg+S+Se | | 48.950 kr. | 49.930 kr. | 52.380 kr. | 22,8 | 2 | 4,5 | | | 3,7 | 2 | 4,6 | | 0,0015 |
| 5 | Völlur 26-6+Ca+Mg+S+Se | Nýtt | 50.860 kr. | 51.880 kr. | 54.430 kr. | 25,4 | 2,5 | 5,7 | | | 2,2 | 2 | 5,1 | | 0,0015 |
| 6 | Völlur 27-12 +S | | 52.900 kr. | 53.960 kr. | 56.610 kr. | 26,9 | 5,2 | 11,8 | | | | | 2 | | |
| 7 | Völlur 30-5+S+Se | | 48.550 kr. | 49.530 kr. | 51.950 kr. | 30,3 | 2,2 | 5 | | | | | 2,3 | | 0,0015 |
| 8 | * MAP 12-52 (25 kg ) | | 1.980 kr. | 2.020 kr. | 2.120 kr. | 12 | 22,7 | 52 | | | | | 2,8 | | |
| 9 | * Gardenia 8-9-30+S (25 kg) | | 2.290 kr. | 2.340 kr. | 2.460 kr. | 8,14 | 4,08 | 9,36 | 25,1 | 30,2 | | 2 | 10,1 | 0,09 | |
| 10 | Völlur 17-15-15+Mg+S | | 53.700 kr. | 54.780 kr. | 57.460 kr. | 17,2 | 6,7 | 15,3 | 12,2 | 14,7 | | 0,1 | 1 | | |
| 11 | Völlur 20-9-9+Ca+Mg+S+Se | | 51.880 kr. | 52.920 kr. | 55.520 kr. | 19,8 | 3,8 | 8,6 | 7,2 | 8,6 | 3,7 | 0,3 | 2 | | 0,0015 |
| 12 | Völlur 20-12-8+Ca+S+Se | Nýtt | 51.890 kr. | 52.930 kr. | 55.530 kr. | 20,1 | 5,3 | 12 | 6,4 | 7,8 | 2,2 | | 2,2 | | 0,0015 |
| 13 | Völlur 22-10-10+Mg+S | Nýtt | 52.550 kr. | 53.610 kr. | 56.230 kr. | 21,8 | 4,3 | 9,8 | 8,1 | 9,8 | | 0,3 | 2,2 | | |
| 14 | Völlur 22-8-8+Mg+S+Se | | 50.960 kr. | 51.980 kr. | 54.530 kr. | 21,6 | 3,4 | 7,9 | 6,5 | 7,9 | | 1,9 | 2,3 | | 0,0015 |
| 15 | Völlur 22-7-12+Mg+S+Se | Nýtt | 52.650 kr. | 53.710 kr. | 56.340 kr. | 22 | 2,9 | 6,6 | 9,8 | 11,8 | | 0,7 | 2 | | 0,0015 |
| 16 | Völlur 23-4-4+Ca+Mg+S+Se | | 48.950 kr. | 49.930 kr. | 52.380 kr. | 23 | 1,8 | 4,1 | 3,4 | 4,1 | 3,7 | 1,6 | 1,9 | | 0,0015 |
| 17 | Völlur 26-6-6+Mg+S | Nýtt | 50.750 kr. | 51.770 kr. | 54.310 kr. | 26 | 2,6 | 6 | 4,9 | 5,9 | | 0,3 | 2,2 | | |
| 18 | Kornað kalk (1100 kg) | | 27.900 kr. | 28.460 kr. | 29.860 kr. | | | | | | 37,2 | 0,1 | | | |

* Verð á 25 kg. poka.

Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Verðskráin er birt með fyrirvara um prentvillur.

Verð geta breyst án fyrirvara.

**Búvís** 2006-2016 · 10 ÁRA

Akureyri · Sími 465 1332

www.buvis.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · 2014 · 2015

Fréttir

## Lagningu Hólasandslínu 3 ætlað að bæta afhendingaröryggi raforku á Norður- og Austurlandi:

# Bæði jarðstrengur og loftlína koma til álita

**Landsnet vinnur nú að tillögu að matsáætlun vegna byggingar Hólasandslínu 3. Athygli vekur að þar er að hluta bæði gert ráð fyrir möguleikum á lagningu jarðstrengs og loftlínu.**

Tilgangurinn með lagningu Hólasandslínu 3 er að bæta stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Það er talið nauðsynlegt svo kerfið ráði betur við truflanir og einnig til að auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með samtengingu virkjanasvæða. Þá er líka verið að horfa til þess að mæta þörfum við uppbygginguna og núverandi atvinnustarfsemi á svæðinu.

Framkvæmdirnar eru einnig taldar mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni. Þar er um að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta þess á suðvesturhorninu og veikari hluta þess austanlands. Línan mun því bæta afhendingaröryggi raforku á Norður- og Austurlandi til muna.




Hólasandslína.

### Samhliða Kröflulínu 1

Gert er ráð fyrir að Hólasandslína 3 liggi samhliða Kröflulínu 1 að mestu, en þó eru til skoðunar nokkur frávik frá því sem fjallað verður um í umhverfismati. Til skoðunar eru línulega í Eyjafirði, Bíldsárskarði, Fnjóskadal og á Hólasandi. Ekki liggja fyrir nákvæmir staðsetningarkostir á þessu stigi og er því afmarkað belti umhverfis leiðina á þessum stöðum.

### Um 220 kílóvolta háspennulína

Um er að ræða nýbyggingu 220 kílóvolta (kV) háspennulínu, Hólasandslínu 3, frá Akureyri að Hólasandi. Flutningsgeta línunnar verður að lágmarki 550 MVA. Línuleiðin er 70–80 km, mislöng eftir valkostum og er að stóru leyti samhliða núverandi línu, Kröflulínu 1, sem mun standa áfram. Í drögum að Kerfisáætlun 2016–2025 er framkvæmdin ein af þeim línuleiðum sem eru sameiginlegar þeim fjórum valkostum sem taldir eru uppfylla markmið raforkulaga. Í áætluninni er ráðgert að framkvæmdir við línuna hefjist árið 2019. Framkvæmdin sem um ræðir er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Jarðstrengir mögulegir í Eyjafirði og á verndarsvæði

Ekki er lagður fram aðalvalkostur heldur gert ráð fyrir að hann verði valinn eftir niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og sem afrakstur frekara samráðs. Á tveimur stöðum á línuleiðinni, í Eyjafirði og við þverun verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Laxárdal, er lagður fram bæði loftlínukostur og jarðstrengskostur. Skoðun jarðstrengskosta á þessum stöðum samræmist stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja á hárri spennu. Mögulega bætast fleiri valkostir við meðan á matsvinnunni stendur, t.d. vegna ábendinga sérfræðinga sem vinna við matið eða hagsmunaaðila.

### Yfir 25 ára reynsla á jarðstrengjum

Ljóst er á úttektum m.a. frá Eurocable að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að leggja 220 kílóvolta jarðstrengi. Yfir 25 ára reynsla er komin á 220 kV háspennu jarðstrengi og yfir 20 ára reynsla af „extra“ háspennuköplum, svokölluðum XLPE 220 til 275 kV köplum. Þá hafa 400 kV XPLE ofurháspennukaplar verið við lýði síðustu 14 ár. Reyndar hefur elsti 400 kV XLPE kapallinn verið í notkun í Kaupmannahöfn síðan 1996.

Lengsti tvöfaldi háspennujarðstrengurinn sem lagður hefur verið er 500 kV og 40 km að lengd og var lagður í göng í Japan. Þar hefur hann verið í notkun síðan árið 2000.

Yfir 1.100 km af 220 kV og um 200 km af 400 kV jarðstrengjum hafa verið lagðir í Evrópu á liðnum árum.

### Vanda þarf til verka

Við lagningu slíkra kapla þarf þó að vanda sérstaklega til verka við lagninguna og huga m.a. að kælieiginleikum jarðvegs og segulsviði. Segulsviðið getur verið talsvert ofanjarðar yfir köplunum sem yfirleitt eru lagðir á 1,5 metra dýpi. Reyndar þarf líka að hafa segulsviðið í huga við lagningu loftlína.

Hægt er að fá jarðstrengi allt að 1.150 metra að lengd. Reyndar ræðst lengd kapla aðallega af umfangi og þyngd keflanna sem og burðargetu vega sem flytja þarf kaplana um. Sem dæmi getur 1.150 metra langur jarðstrengur á kefli vegið um 40 tonn. Hvert verkefni er þó sagt krefjast sérstakra úrlausna miðað við aðstæður á hverjum stað.

### Loftlínur í möstrum af M-gerð

Þar sem um loftlínu verður að ræða er gert ráð fyrir að reisa stálmöstur af M-gerð sem aðalmöstur í línunni. Bæði verða skoðuð röramöstur og stálgrindarmöstur. Á þessu stigi hafa ekki komið hugmyndir að valkostum um aðrar mastragerðir á tilteknum svæðum. Komi slíkar hugmyndir fram verða þær teknar til skoðunar.

### Matsáætlun

Í matsáætlun eru lagðar fram upplýsingar um umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum, tilgreint hvaða fyrirliggjandi gögn verði nýtt við matsvinnuna og hvaða gagnaöflun sé yfirstandandi eða fyrirhuguð.

Samkvæmt tillögu Landsnets er ráðgert að meta áhrif framkvæmdarinnar á eftirtalda þætti:

Gróður, fugla, vatnalíf, jarðmyndanir, landslag og sjónræna þætti, útivist og ferðamennsku, fornleifar, svæði á náttúruminjaskrá, vatnsvernd og neysluvatn, landnotkun og skipulag og áhrif á heilsu og öryggi.

Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum sem nýst geta við komandi matsvinnu. Allir geta gert athugasemdir við drögin. Hægt er að senda athugasemdir til Friðriku Marteinsdóttur hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið fridrika.marteinsdottir@efla.is, frá 4. til 18. janúar. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Hólasandslína 3 220 kV. Drög að tillögu að matsáætlun“ og senda á eftirgreint heimilisfang: EFLA Verkfræðistofa, V.t. Friðrika Marteinsdóttir, Hofsbót 4a, 600 Akureyri. /HKr.


## Nýr Pöttinger heyhleðsluvagn á einstöku verði

Eigum á lager nýjan Pöttinger 5510 D Combiline heyhleðsluvagn á einstöku kynningarverði

Helsti búnaður:

- 55m³ heyhleðsluvagn með útmötunarsniglum
- Tandem 710/35 R 22,5 Nokian dekk á fjöðrum
- 35 hnífa söxun, 39mm bil á milli hnífa
- Kefli yfir sópvindu sem hraðar innmötun
- Sjálfvirk stjórnun botnfæribands við fyllingu

Verð án vsk.
7.950.000




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



## Ljósleiðaravæðing í dreifbýli

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær er með í athugun gerð samninga um ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í sveitarfélaginu. Ef af verður mun verkefnið verða unnið í áföngum, taka nokkur ár og felast í að koma að lágmarki á ljósleiðaratengingu á þá staði sem hverju sinni uppfylla skilyrði sem Fjarskiptasjóður setur um þátttöku sjóðsins á næstu árum.

Auglýst er eftir fjarskiptafélögum sem ætla sér, á markaðsforsendum, að bjóða ljósleiðaratengingar til lögheimila og annarra staða í dreifbýli í sveitarfélaginu næstu 3 ár. Sé fyrir hendi ásetningur um slíkt, óskar Ísafjarðarbær eftir upplýsingum um fyrirhugaða uppbyggingu en að öðrum kosti kemur til greina að styrkja, eða hafa milligöngu um styrkveitingu til verkefna sem uppfylla skilyrði. Við óskum eftir því að þau fjarskiptafyrirtæki sem eru áhugasöm hafi samband við sveitarfélagið í gegnum netfangið taeknideild@isafjordur.is fyrir klukkan 12 miðvikudaginn 25. janúar 2017.

Að því gefnu að ekki sé uppi ásetningur um ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í sveitarfélaginu á markaðsforsendum hyggst Ísafjarðarbær gera samning við hæfan bjóðanda (seljanda) sem lýsir yfir áhuga á að hanna, byggja, reka og eiga ljósleiðarastreng ásamt því sem honum tilheyrir. Samningar munu fela í sér að Ísafjarðarbær mun veita seljanda opinberan fjárhagslegan stuðning til verkefnisins eða einstakra áfanga þess. Ísafjarðarbær áskilur sér allan fyrirvara um hvort af einstökum áföngum verður, enda hefur ekki verið fullmótuð stefna um þetta verkefni.










# "Quicke ámoksturstækin sem eru framleidd af Ålö AB, bæta við samstarfsaðilum á Íslandi"

**Ålö AB, einn af þekktustu framleiðundum í heimi í landbúnaðargeiranum og leiðandi á sínu sviði, hefur ákveðið að auka við og styrkja samstarf um sölu á Quicke á Íslandi og bæta við öðrum söluaðila.**

Kraftvélar hafa flutt inn Quicke ámoksturstækin til Íslands frá árinu 2010. Ålö, hefur nú ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á sölukerfi sínu og bæta við öðrum innflutnings og söluaðila.

Núverandi umboðsmaður Trima á Íslandi Vélfang ehf mun frá 1 janúar 2017 einbeita sér að sölu á merki Ålö, Quicke.

- *"Við erum mjög bjartsýn á að þessi breyting sé jákvæð og að Vélfang muni nú geta einbeint sér að sölu á okkar aðal merki. Sérstaklega núna þegar aðeins nokkrir mánuðir eru í að við kynnum alveg nýja kynslóð ámoksturstækja, Quicke Q-series sem við erum sannfærð um að verði í fremstu röð á Íslenska markaðinum. Við klökkum til að eiga gott samstarf við bæði Kraftvélar og Vélfang segir Joakim Norlin, Sölustjóri Ålö AB."*

Q-series, er alveg ný kynslóð ámoksturstækja frá Quicke mikið endurbætt og með nýja eiginleika. Þetta er ekki bara ný framleiðsla heldur alveg ný aðferð. Kerfi sem bætir og einfaldar alla notkun, "gerir lífið léttara" í búskapnum og gerir alla vinnu skilvirkari fyrir notandann.

Líklega er helsta breytingin fólgin í svokölluðu Q-Companion notendaviðmóti, sem fylgist með ástandi tækjanna og gefur m.a. upplýsingar um stöðu þeirra, þyngd byrðarinnar auk upplýsinga um viðhald tækjanna. Þessar upplýsingar birtast á einföldum skjá. Q-companion kerfið færir alla notkun inn í nútímann og gerið notandanum kleyft að vinna með meiri skilvirkni og yfirsýn.

- *"Ég get stoltur sagt að við erum að færa okkar viðskiptavini nær framtíðinni og það ferðalag er bara rétt að byrja, segir Niklas Åström, Sölu og markaðsstjóri, Ålö AB."*

Quicke Q-series verða kynntar á SIMA sýningunni í febrúar 2017.

**Nánari upplýsingar gefa:**

Niklas Åström, Sales & Marketing Director, Ålö AB, sími : +46 70-6693444, Netfang: niklas.astrom@alo.se

**Kraftvélar:** Eiður Steingrímsson sími 535-3518, netfang: eidur@kraftvelar.is

**Vélfang:** Eyjólfur Pétur Pálmason sími: 580-820 , netfang: eyjolfur@velfang.is

# STEKKUR

## Brunelleschi og upphaf endurreisnartímabilsins

**Ítalskur arkitekt og einn fyrsti verkfræðingurinn, eins og við þekkjum þá í dag, fæddist á Ítalíu í borginni Flórens árið 1377, einn þriggja systkina. Faðir hans var opinber starfsmaður og fékk drengurinn menntun í bókmenntum og stærðfræði sem átti að hjálpa honum að feta í fótspor föður síns.**

Um æskuár hans er lítið vitað en síðar meir átti hann eftir að marka spor sín í byggingarsöguna. Drengurinn fékk nafnið Filippo Brunelleschi.

Brunelleschi var einn af upphafsmönnum tímabils í listasögunni sem við köllum endurreisnartímabilið. Ítalir á þessum tíma sögðu Gota og aðrar germanskar þjóðir hafa eyðilagt hinn siðmenntaða heim og suðupott menningarinnar sem Ítalía, undir forystu Rómaborgar, hafði verið til forna með innrás sinni og innleiðingu gotnesks byggingarstíls sem markaði upphaf miðalda. Ítalir litu hýru auga til fornra tíma með tilkomu listamannsins Giotto og þeim nýjungum sem hann hafði fram að færa í list sinni á 14. öld skömmu fyrir tíma Brunelleschi.

Sagan segir að hann, ásamt vini sínum Donatello, hafi ferðast til Rómar til að mæla út og skoða fornar rústir frá gullöld borgarinnar til að fá innblástur í verk sín. Talið er að þrátt fyrir dálæti Ítala á byggingarstíl forfeðra sinna hafi enginn skoðað og skráð jafn ítarlegar upplýsingar um hin fornu mannvirki.

Í huga Brunelleschi virðist ekki hafa komið til greina að líkja um of eftir þeim forna og klassíska stíl sem Rómverjar höfðu notast við. Það samræmdist ekki kröfum hans nútíma. Hann nýtti sér klassískt skraut og form sem hann svo raðaði saman á frjálslegan hátt til að skapa ódauðlega list.

Þekktasta verk Brunelleschi er vafalítið hvolfþak, einnig þekkt sem kúpola, dómkirkjunnar í Flórens. Hann var ráðinn til að fullgera kirkjuna sem var í gotneskum stíl, enda mikill listamaður og þekkti þann stíl og þá byggingartækni eins og handarbakið á sér. Brúa þurfti gríðarstórt gat sem íbúar Flórens vildu skreyta með hvolfþaki, enginn hafði þá þekkingu sem til þurfti til að klára slíkt verk en Brunelleschi var ekki af baki dottinn og með hæfileikum sínum á sviði listar og stærðfræði leysti hann vandann.

Annað þekkt verk eftir hann er kapella. Hún er þekkt undir nafninu Pazzi-kapellan í höfuðið á annarri ríkustu fjölskyldu Flórens á þeim tíma. Ekki stóð á fjármagni til byggingar hennar og árið 1429 var komið vilyrði á að hefja störf. Þrátt fyrir það var hún ekki byggð fyrr en 1442 eftir teikningu og handleiðslu Brunelleschi. Þar má sjá glöggt hvernig Brunelleschi raðaði saman súlum, stólpum og bogum eftir eigin höfði og sjá má á dyraumbúnaðinum hversu ítarlega hann hafði tileinkað sér fornar rústir og byggingar eins og til dæmis pantheon.

Næstu fimm hundruð árin fylgdu Evrópubúar og síðar meir Ameríkubúar fordæmi hans. Um hinn vestræna heim voru reistar byggingar hver á fætur annarri í klassískum stíl og má sjá þær í öllum helstu stórborgum Evrópu. Það var ekki fyrr en á 20. öld að byggingarlist fór að færast frá endurreisnarstíl að einhverju ráði á sama hátt og Brunelleschi fjarlægðist gotneskan stíl. Filippo Brunelleschi dó þann 15. apríl árið 1446, blessuð sé minning hans.

*/Jóhannes F. Halldórsson*

SKIPULAGSMÁL

Sigríður Kristjánsdóttir
lektor – auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ
sigridur@lbhi.is



# Húsnæðisþörf mannsins – hagsveiflur og skipulagsáætlanir

**Þar sem jólin eru nýyfirstaðin er vel við hæfi að fjalla um áhugaverða bók sem kom út fyrr á árinu.**

Á dögunum kom út bókin Ways of Residing in Transformation, Interdisciplinary Perspectives. Útgefandi er Ashgate-bókaforlagið í London. Bókinni ritstýrðu þau Sten Gromark, Mervi Ilmonen, Katrin Paadam og Eli Støa, sem starfa við háskólastofnanir í Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi og Noregi. Bókin er ávöxtur rannsóknarverkefnisins Visions of Residential Futures: Housing in Transformation VISURF, og er ætlað að veita innsýn í þróun og breytingar á húsnæðis- og skipulagsmálum í Evrópu og víðar. Verkefnið hófst árið 2007 og innan ramma þess hafa verið haldin hátt í tylft funda, málþinga og ráðstefna. Lokahnykkur verkefnisins er útkoma þessarar bókar. Á bakhlið bókarinnar segir svo, í íslenskri þýðingu:

Djúpstæðar umbreytingar á búsetuvenjum í borgum eru nú að eiga sér stað, jafnt í Evrópu sem annars staðar í heiminum. Sjá má birtingarform þessara breytinga í vaxandi fjölbreytileika í arkitektúr íbúðarhúsnæðis og endurskiplagningu borgarrýmisins víða um heim. Flækjustig borgrænna og samfélagslegra ferla að baki þessum breytingum krefst nýrra rannsóknaraðferða, svo unnt sé að skilja til hlítar þá endurmótun sem er að eiga sér stað á lífsstíl almennings og búsetuóskum, svo og getu fólks og framtíðartækifærum þess til þess að viðhalda traustum og lífseigum búsetuháttum.

Í bókinni er greint frá fjölmörgum rannsóknarverkefnum frá Evrópulöndum og annars staðar að úr heiminum, sem lýsa bæði breyttum búsetuháttum og breytingum á þýðingu og mikilvægi hins félagslega, efnahagslega, pólitíska, menningarlega og táknræna samhengis. Einnig er í bókinni dregið saman þverfaglegt úrval af ólíkum sjónarmiðum, í því skyni að endurspegla annars vegar dýnamískt samspil búsetuvenja í sífelldri framþróun og hins vegar þróun starfsháttа á sviði arkitektúrs og hönnunar, áætlanagerðar, stefnumótunar og málefna fasteignamarkaðar. Á þennan hátt veitir bókin öflugan grundvöll fyrir frekari athuganir, sem leitt geta til aukins skilnings á þeim síbreytilegu búsetuháttum sem eru fylgifiskur breytilegrar búháttamenningar.




Bókin veitir þannig glögga innsýn í efnisþætti, sem eru áhugaverðir fyrir jafnt háskólasamfélagið og stefnumótendur og sérfræðinga í skipulagsmálum, sem og fyrir nemendur í borgarfræðum, félagsfræði, arkitektúr, húsnæðisrannsóknum, skipulagsfræðum, viðskiptafræði, hagfræði og verkfræði.

Í bókinni er kafli eftir þau Sigríði og Jón Rúnar sem ber heitið Phantom Suburbs out of the Ashes og fjallar um þróun húsnæðis- og skipulagsmála í Reykjavík í ljósi efnahagsþróunarinnar á Íslandi fyrir og eftir efnahagshrunið 2008. Þar er fjallað um þær áherslur sem verið hafa ríkjandi í húsnæðismálum, þ.e. fyrst og fremst á sjálfseignarstefnu, svo og þær breytingar sem eru á döfinni í bæði húsnæðis- og skipulagsmálum. Fyrsti hluti kaflans er yfirlit yfir þróun síðustu ára, sem virðist stefna í átt að talsverðum breytingum ríkjandi viðmiðana. Þessu næst er lýst risi og hnigi efnahagsbólunnar sem átti sér stað hér á landi á sl. áratug og átti sér bæði erlendar og innlendar orsakir. Þá er farið yfir þróun og þýðingu séreignarstefnunnar á Íslandi og hremmingar hennar á eftirhrunsárunum frá 2008. Loks er í kaflanum að finna ítarlega greiningu á nokkrum svæðisbundnum skipulagsverkefnum í Reykjavík og hvernig þeim reiddi af árin eftir efnahagsþrengingarnar.

Úlfarsfellshverfið er dæmi um hverfi þar sem metnaðarfullar skipulagstillögur voru settar fram í uppsveiflu en hverfið byggist síðan upp í niðursveiflu. Enn er hverfið ekki fullbyggt en það er áhugavert að fylgjast með þróun þess í gegnum öldudali hagsveiflunnar. Fasteignaverð hefur tekið kipp á síðustu mánuðum. Fyrir fáeinum misserum stóðu hálfbyggð hús sem minnisvarðar um ofris markaðarins í seinustu hagsveiflu. En nú virðist aftur vera skortur á nýju húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Spennandi verður að sjá hverfið fullbyggt, en óvíst er hvenær það verður!

---

MAST Matvælastofnun
...frá heilbrigði til hollustu



# Styrkir vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum

**Veittir eru styrkir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum í dreifbýli samkvæmt reglugerð innanríkisráðuneytisins nr. 180/2016.**

Heimilt er að greiða árlega framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004.

Matvælastofnun annast úthlutun framlaga. Matvælastofnun skal fyrir 1. maí ljúka yfirferð umsókna og leggja mat á hvort þær uppfylli skilyrði þess að vera styrkhæfar. Matvælastofnun tilkynnir umsækjendum um niðurstöðu matsins og setur jafnframt þau skilyrði um tæknilegan frágang vatnsveitu sem hún telur nauðsynleg.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (www.bondi.is) eigi síðar en 1. mars 2017. Með umsókn skal fylgja mat búnaðarsambands á þörf býlisins fyrir viðkomandi framkvæmd og staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun af úttektarmanni búnaðarsambands á svæðinu. Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Hámarksframlag vegna einstakra framkvæmda má nema allt að 44% stofnkostnaðar við vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa, þ.e. kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni og dælur, vatnsgeyma og leiðslu frá vatnsbóli að bæjarvegg. Ennfremur telst til stofnkostnaðar þóknun fyrir úttekt, sbr. 5. gr.

Úttektir á framkvæmdum umsækjenda, staðfestar af úttektaraðila Matvælastofnunar, skulu berast Matvælastofnun fyrir 20. nóvember á framkvæmdaári. Framkvæmdum skal lokið áður en úttekt fer fram. Matvælastofnun gerir í lok hvers árs tillögur til ráðherra um úthlutun framlaga vegna einstakra framkvæmda á því ári. Ráðgjafarnefnd innanríkisráðherra skal gefa ráðherra umsögn um tillögur Matvælastofnunar áður en tekin er ákvörðun um úthlutun. Matvælastofnun annast greiðslur framlaga til framkvæmdaaðila. Framlög vegna framkvæmda á næstliðnu ári skulu greidd eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.



# Orðsending til garðyrkjubænda

**Ný reglugerð nr. 1234/2016 um stuðning við garðyrkju hefur tekið gildi.**

Þeir sem hafa hug á að þiggja beingreiðslur á árinu 2017 þurfa að skila inn umsókn og/eða áætlun til Matvælastofnunar fyrir 15. febrúar 2017 í þjónustugátt MAST á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á árinu 2017. Framleiðendur sem hlotið hafa beingreiðslur á árinu 2016 skulu senda heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda til Matvælastofnunar fyrir 10. febrúar 2017.

*Búnaðarstofa Matvælastofnunar*

# Einkorna áburður:
# Hin fullkomna pakkalausn




*Gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir viðskiptin á árinu sem var að líða.*

## Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. ▪ Fosshálsi 1 ▪ 110 Reykjavík ▪ Sími 575 6000 ▪ yara@yara.is ▪ www.yara.is

# Nýtt á Íslandi frá Wörmann kerrum!

WÖRMANN world of trailers


Krókhaysiskerra. 3500kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.


Unilader .2700-3500kg heildarburður,sem véla og sturtukerra.


WC-vagn ýmsar útfærslur. Leitið upplýsinga.

# Kerrurnar frá Humbaur hafa margsannað sig á Íslandi!

Ýmsar gerðir og möguleikar.

HUMBAUR


750kg 201x102cm
verð:139,900,- m/vsk.


750kg 251x131cm
verð:250,000,-m/vsk.


2500kg 303x150cm
verð:495,000,-m/vsk og skráningu.


750kg 251x131cm og sturtur.
verð:285,000,-m/vsk.

Topplausnir
www.Topplausnir.is - S: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Hrossaræktarsamband Vesturlands valdi ræktunarbú ársins 2016:

# Skipaskagi þótti öðrum fremra

**Á haustfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands (HrossVest) var Skipaskagi útnefnt hrossaræktarbú Vesturlands árið 2016. Fjórtán bú voru tilnefnd fyrir þetta val.**

Sambandið var stofnað þann 31. október árið 1964. Síðan hefur Hrossaræktarsambandið verið þannig uppbyggt að að því standa búnaðarfélög, hestamannafélög og deildir innan sambandsins en félagssvæðið er frá Hvalfjarðarbotni að Hrútafjarðarbotni. Auk þess Strandasýsla, Austur-Barðastrandasýsla og félagssvæði Storms. Markmið Hrossaræktarsambands Vesturlands hefur verið að efla hrossarækt á félagssvæðinu. Áður fyrr átti sambandið stóðhesta með mismunandi hlutum. Því hefur verið hætt en síðustu hestarnir sem voru í eign sambandsins voru þeir Gustur frá Hóli og Dynur frá Hvammi.

Með breyttum tímum hefur starfsemi sambandsins breyst. Bændur og búalið áttu almennt ekki flutningstæki og gerði sambandið fólki því kleift að sækja nýtt blóð í sína ræktun.

Í dag hafa bættar samgöngur og tækjakostur gefið fólki meiri möguleika til að flytja hryssur til eftir því hvar stóðhestar eru staðsettir hverju sinni. Hrossarækt á Vesturlandi hefur fleygt fram á síðustu árum og sýndi haustfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands, sem haldinn var þann 13. nóvember sl., að hrossarækt hefur farið hægt og sígandi upp á við og sýna einkunnir frá kynbótadómum að ræktendur á félagssvæðinu eru á réttri leið og stefna til enn frekari gæða.

### *Stjórn sambandsins*

Stjórn Hrossaræktarsambandsins skipa, formaður, Gísli Guðmundsson í Hömluholti, Stefán Ármannsson, Skipanesi, Hlöðver Hlöðversson í Litla-Laxholti, Hrefna B. Jónsdóttir í Hjarðarholti og Unnsteinn Snorrason, Syðstu-Fossum.

Aðalverkefni stjórnar er nú að finna stóðhesta til að bjóða upp á á komandi sumri. Hefur m.a. verið farin sú leið að auglýsa eftir hestum og hafa komið góðir hestar út úr því. Sambandið hefur hvað mest boðið upp á tólf hesta yfir sumartímann en voru sex árið 2016. Ekki er endanlega búið að ganga frá samningum fyrir komandi sumar. Auk þessa er stefnt að því að standa fyrir sýningu í reiðhöllinni Faxaborg þann 25. mars undir yfirskriftinni ,,ræktun 2017", ef næg þátttaka næst. Sumarið 2017 verður haldið fjórðungsmót á Vesturlandi og stjórn því bjartsýn á að það takist að ná spennandi kynbótagripum á sýninguna.

### *Ræktunarbú ársins á Vesturlandi*

Haustfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands er á sinn hátt uppskeruhátíð hestamanna á Vesturlandi. Árlega er þar veitt viðurkenning því hrossaræktarbúi er sýnir framúrskarandi árangur á sviði hrossaræktar. Eins og fyrr segir var það ræktunarbúið Skipaskagi sem hlaut þá útnefningu.

Það eru hjónin Sigurveig Stefánsdóttir og Jón Árnason sem standa á bak við ræktunina frá Skipaskaga og er þetta í þriðja skiptið sem þau fá þessa tilnefningu frá árinu 2000. Alls voru fjórtán bú sem tilnefnd voru á landsvísu þetta árið en búunum hefur fjölgað jafnt og þétt með árunum.

### *Heiðursmerki sambandsins*

Frá árinu 2011 hefur Hrossaræktarsambandið veitt heiðursmerki til einstaklinga sem hafa lagt sitt af mörkum til félagsmála ýmiss konar og staðið fyrir góðri hrossarækt.

Formaður kynnti þá einstaklinga sem fá nú heiðursmerki HROSSVEST fyrir að hafa lagt margvíslegum félagsmálum lið og eflt hrossarækt á félagssvæði sambandsins. Þau sem voru sæmd heiðursmerki á haustfundi sambandsins eru:

Gunnar Örn Guðmundsson, Borgarnesi, Jónína Hlíðar, Hvanneyri, Marteinn Njálsson, Vestri-Leirárgörðum, Marteinn Valdimarsson, Borgarnesi og Þórður Bachmann, Borgarnesi.

### *Viðurkenningar fyrir efstu hross*

Veittar voru viðurkenningar til ræktenda efstu hrossa sem ræktuð voru af félagsmönnum á svæði sambandsins.



Skaginn frá Skipaskaga. Mynd / Jón Björnsson



Þau hlutu heiðursmerki Hrossaræktarsambands Vesturlands, talið frá vinstri: Þórður Bachmann, Gunnar Örn Guðmundsson, Marteinn Valdimarsson, Jónína Hlíðar og Smári Njálsson, sem tók við heiðursmerki f.h. bróður síns, Marteins Njálssonar á Leirárgörðum.

## Tilnefnd ræktunarbú ársins á Vesturlandi árið 2016

| Ræktunarbú | Aðstandendur búanna |
|---|---|
| Berg | Jón Bjarni Þorvarðarson og Anna Dóra Markúsdóttir |
| Brautarholt | Björn Kristjánsson, Snorri Kristjánsson og Þrándur Kristjánsson |
| Efri-Hreppur | Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðjónsson |
| Einhamar 2 | Hjörleifur Jónsson og Sif Ólafsdóttir |
| Húsafell 2 | Inga Dröfn Sváfnisdóttir og Róbert Veigar Ketel |
| Miðhraun I | Ingibjörg Kristjánsdóttir og Ólafur Ólafsson |
| Oddsstaðir I | Sigurður Oddur Ragnarsson og Guðbjörg Ólafsdóttir |
| Skáney | Bjarni, Birna, Haukur og Randi/Skáneyjarbúið |
| Skipaskagi | Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir |
| Skrúður | Sigfús Kristinn Jónsson og Ragnhildur Guðnadóttir |
| Steinsholt | Jakob Svavar Sigurðsson og Sigurður Guðni Sigurðsson |
| Stóri-Ás | Kolbeinn Magnússon og Lára Kristín Gísladóttir |
| Syðstu-Fossar | Snorri Hjálmarsson og Unnsteinn Snorri Snorrason |
| Söðulsholt | Einar Ólafsson |

## Viðurkenningar fyrir efstu hross

| Stóðhestar 7 vetra og eldri | Einkunn | Ræktandi |
|---|---|---|
| Ölnir frá Akranesi | Aðaleinkunn 8,82 | Smári Njálsson |
| Skaginn frá Skipaskaga | Aðaleinkunn 8,73 | Jón Árnason |
| Bruni frá Brautarholti | Aðaleinkunn 8,47 | Snorri Kristjánsson |
| **Stóðhestar 6 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Logi frá Oddsstöðum | Aðaleinkunn 8,55 | Sigurður Oddur Ragnarsson |
| Sproti frá Innri-Skeljabrekku | Aðaleinkunn 8,54 | Þorvaldur Jónsson |
| Erill frá Einhamri 2 | Aðaleinkunn 8,48 | Sif Ólafsdóttir og Hjörleifur Jónsson |
| **Stóðhestar 5 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Forkur frá Breiðabólsstað | Aðaleinkunn 8,67 | Ólafur Flosason |
| Goði frá Bjarnarhöfn | Aðaleinkunn | 8,46 Brynjar Hildibrandsson |
| Flygill frá Stóra-Ási | Aðaleinkunn 8,46 | Lára K Gísladóttir og Kolbeinn M. |
| **Stóðhestar 4 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Sægrímur frá Bergi | Aðaleinkunn 8,31 | Jón Bjarni Þorvarðarson |
| Gyrðir frá Einhamri 2 | Aðaleinkunn 8,26 | Sif Ólafsdóttir og Hjörleifur Jónsson |
| Meitill frá Skipaskaga | Aðaleinkunn 8,24 | Jón Árnason |
| **Hryssur 7 vetra og eldri** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Sif frá Syðstu-Fossum | Aðaleinkunn 8,45 | Unnsteinn Snorri Snorrason |
| Hreyfing frá Skipaskaga | Aðaleinkunn 8,45 | Jón Árnason |
| Hugsýn frá Svignaskarði | Aðaleinkunn 8,40 | Guðmundur Skúlason og Oddný Jónsd. |
| **Hryssur 6 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Hamingja frá Hellubæ | Aðaleinkunn 8,59 | Gíslína Jensdóttir |
| Gnýpa frá Leirulæk | Aðaleinkunn 8,40 | Guðrún Sigurðardóttir |
| Kvika frá Grenjum | Aðaleinkunn 8,40 | Jóhannes V Oddsson |
| **Hryssur 5 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Svíta frá Stóra-Ási | Aðaleinkunn 8,24 | Lára K Gísladóttir og Kolbeinn M. |
| Ilmur frá Steinsholti | Aðaleinkunn 8,23 | Sigurður Guðni Sigurðarson |
| Frigg frá Syðstu-Fossum | Aðaleinkunn 8,21 | Snorri Hjálmarsson |
| **Hryssur 4 vetra** | **Einkunn** | **Ræktandi** |
| Spá frá Steinsholti | Aðaleinkunn 8,24 | Jakob Svavar Sigurðsson |
| Buna frá Skrúð | Aðaleinkunn 8,21 | Sigfús Jónsson |
| Úa frá Efri-Hrepp | Aðaleinkunn 8,11 | Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir |



Svíta frá Stóra-Ási.



Sægrímur frá Bergi.



Handhafar viðurkenninga og verðlauna á haustfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands 2016.

### *Heiðursverðlaunahryssur*

Tvær hryssur á starfssvæði HrossVest fengu heiðursverðlaun. Þau eru þær Gusta frá Litla-Kambi, IS1997237500, sem er í eigu þeirra Sifjar Ólafsdóttur og Hjörleifs Jónssonar, og Elka frá Efri-Hrepp, IS1999235606, sem er í eigu Guðrúnar Jóhönnu Guðmundsdóttur. Elka er ræktuð af föður Guðrúnar, Guðmundi Þorsteinssyni, og Gusta er ræktuð af Guðrúnu Jóhönnu Eggerz.

### *Sleipnisverðlaunahafinn*

Arður frá Brautarholti hlaut hinn eftirsótta Sleipnisbikar á Landsmóti hestamanna á Hólum sl. sumar eins og greint var frá í Bændablaðinu. Eigandi Arðs frá Brautarholti er Snorri Kristjánsson, sem ræktar hross ásamt bræðrum sínum í Brautarholti á Snæfellsnesi.

Sægrímur frá Bergi stóð sig líka mjög vel í fjögurra vetra flokki á Landsmótinu sl. sumar og á trúlega eftir að sýna okkur talsverða framför í kynbótabrautinni á árinu. Hrossaræktarbúið Berg stóð annað í stigum og var því mjög nálægt titlinum hrossaræktarbú Vesturlands en þau hömpuðu þeim titli síðast árið 2011. Þau hjónin Anna Dóra og Jón Bjarni standa fyrir hrossaræktinni á Bergi.

Hjónin Lára K Gísladóttir og Kolbeinn Magnússon standa fyrir ræktuninni í Stóra-Ási. Þau eiga einnig heiðursverðlaunahryssuna Nótu frá Stóra-Ási sem er amma Svítu. Nokkuð margir þekkja til frænda Svítu en þeir eru m.a. Trymbill og Flygill frá Stóra-Ási. Lára er fædd og uppalin á Hofsstöðum í Hálsasveit og hefur því trúlega fengið gott blóð í sína hrossarækt út frá ræktun foreldra sinna en langamma Svítu er Harpa frá Hofsstöðum sem var undan Gáska frá Hofsstöðum og margir muna eftir.

DEKKJASALA AKUREYRAR

**Úrval hjólbarða á betra verði**

**Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.**



Vinnu- og dráttarvéladekk

**20%**

**afsláttur af öllum dekkjum til 31. janúar 2017**



Double Star Jeppadekk 35x12,5x15



Double Star vörbíladekk

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350



CLARVISTA STURTUGLER FYRIR VANDLÁTA

Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Íspan GLER OG SPEGLAR

Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla

New Holland - Fiat - Ford - Case - Steyr - Zetor - Fendt

Eigum fyrirliggjandi síur í flestar gerðir þessara véla og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.



JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

RÝMINGARSALA

20% aukaafsláttur af öllum

GARÐHÚSUM

á meðan byrgðir endast



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

völundarhús.is Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

· *Allt á að seljast*
· *Fyrstur kemur fyrstur fær*
· *Ekki missa af þessu*

*Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar* ***volundarhus.is*** *og í síma 864-2400.*

Staðgreiðsla VISA Lán

www.volundarhus.is

VH/16-05

MÆNISGLUGGAR

**NÁTTÚRULEGT LJÓS OG GÓÐ LOFTRÆSTING ER ÖLLUM DÝRUM NAUÐSYNLEG.**

JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsmíðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af hámörkun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stillanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.

**Hafðu samband:**
*bondi@byko.is*




byko.is

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

BRIGGS & STRATTON

**Mótorar og varahlutir á lager**
**Hröð og góð þjónusta**
**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI**

**MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS**

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

## Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn fimmtudaginn 26. janúar 2017, kl. 14:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

**Dagskrá**

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

*Mosfellsbæ 11. janúar 2017.*
*Stjórn ÍSTEX hf.*

FRÉTTASKÝRING

# Eiga Íslendingar á hættu að glata yfirráðum yfir eigin landi og dýrmætum vatnslindum?

## – Lögin segja að allt sé í lagi, en þau eiga líka allt sitt undir staðfestu alþingismanna hverju sinni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Íslendingar búa við þær einstöku aðstæður að vera í landi allsnægtanna hvað varðar aðgengi að vatni til neyslu og orkuframleiðslu. Svo virðist sem lög og reglur eigi að tryggja íslensk yfirráð yfir þessum dýrmætu auðlindum, en kannski er ekki allt sem sýnist.**

Lög halda bara svo lengi sem þau njóta meirihlutastuðnings á Alþingi. Trúlega er heldur ekkert sem getur komið í veg fyrir erlenda nýtingu á íslensku vatni og jafnvel eignarhald í gegnum íslenskar kennitölur.

Nýlegar fréttir af landhremmingum, þ.e. uppkaupum auðmanna, erlendra og íslenskra, á landi á norðausturhorni landsins hljóta að vekja spurningar um hvort þjóðin sé mögulega að tapa aðgengi að sínum helstu auðlindum í hendur auðmanna. Kaup bresks auðmanns á sex jörðum í Vopnafirði og meirihluta í gríðarstórri jörð Grímsstaða á Fjöllum, eru öll gerð undir því yfirskini að verið sé að tryggja vernd laxastofna. Forsenda þessara jarðakaupa eru því árnar og þar með væntanlega yfirráð yfir vatninu sem er að verða dýrmætasta auðlindin á jörðinni. Víst er að auðkýfingurinn breski er sagður afar vel hugsandi og beri hag Íslendinga fyrir brjósti. Enginn veit þó hvað verður þegar eignin skiptir næst um hendur.



Grímsstaðir á Fjöllum. Mynd / HKr.

### *Aðgengi að neysluvatni fer þverrandi*

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur,“ segir máltækið og það kann nú að vera að sannast varðandi vaxandi ásælni auðmanna í landkosti á Íslandi. Þegar litið er til annarra ríkja er augljóst hvert stefnir. Aðgengi að neysluvatni fer þverrandi í heiminum af ýmsum ástæðum. Þar er einkum um tvo þætti að ræða sem ráða mestu um þróunina. Það er stórfelld fólksfjölgun og breytingar á loftslagi.

### *Réttur Íslendinga á að vera tryggður í lögum*

Á Íslandi eru lög um verndun vatnasvæða og er landið allt eitt vatnaumdæmi ásamt árósum og strandsjó. Í maí í fyrra sagði Jónas Ketilsson, yfirverkefnisstjóri hjá Orkustofnun, í samtali við Bændablaðið að landeigendur ættu að öllu jöfnu þær auðlindir sem eru innan landareignar.

„Það breytir því þó ekki að hver sem er getur sótt um nýtingarleyfi. Ef nauðsyn ber til þá getur maður sem ekki hefur aðgengi að vatni á eigin landareign farið fram á það við nágranna sinn að komast í vatn hjá honum og greiða fyrir það lágmarks bætur. Réttur almennings er því mjög ríkur til að komast í gott vatn. Að öðru leyti er nýtingarrétturinn hjá landeigandanum, en viðkomandi sveitarfélag hefur þó forgangsrétt á rekstri vatnsveitu og staða þess er því mjög sterk í slíkum málum.“

Samkvæmt 1. grein laga um vatnsveitur sveitarfélaga gildir ákvæði um einkarétt sveitarfélaga til að reka vatnsveitur ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu.

Jónas sagði að varðandi mál er snúa að nýtingu vatns til útflutnings þá gildi í raun sömu reglur. Hann telur því varla mögulegt að t.d. erlend vatnsfyrirtæki geti öðlast slík vatnsréttindi hér á landi sem yfirtæki rétt almennings til aðgengis að vatninu líkt og þekkt er í Bandaríkjunum.

Til að tryggja meirihlutarétt sveitarfélaga og ríkis við rekstur vatnsveitna er í 4. grein laganna um heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélaga, eftirfarandi ákvæði:

„Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum.“

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins segir í 72. grein að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þar segir þó líka að með lögum megi takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. Sem sagt, það er algerlega undir þingmönnum komið.

### *Vatnsskortur ein af helstu orsökum fólksflótta*

Í Mið-Austurlöndum, sumum Asíuríkjum og í Afríku er staðan víða orðin hrikaleg hvað aðgengi að vatni áhrærir. Evrópubúar hafa á undanförnum árum horft með skelfingu á vaxandi flóttamannastraum til álfunnar. Oftast er skýringin á þessum straumi flóttamanna sögð vera átök í heimalöndum flóttamannanna. Stríðið í Írak og Sýrlandi er þá gjarnan nefnt samhliða átökum í Líbíu, Sómalíu, Súdan og fleiri ríkjum Afríku. Mun færri nefna þverrandi fæðuöryggi þjóðanna og vatnsskort sem einhverja ástæðu fólksflóttans. Samt er vitað að grunnvatnsstaðan í Írak og fleiri ríkjum sem fólk er nú að flýja er orðin hættulega lág. Vegna vatnsskorts flosna bændur upp og ekki er lengur hægt að brauðfæða íbúana sem leggja því á flótta. Gott dæmi um slíkt er Íran sem helst hefur komist í fréttir vegna ógnarstjórnar klerka og öfgasinnaðra stjórnmálamanna. Minna hefur farið fyrir fréttum af bændum sem eru að flosna upp vegna vatnsskorts, þar sem mjög er gengið á grunnvatnslindir og fyrrum eitt stærsta saltvatnsstöðuvatn heims er að þorna upp. Þetta er þó sú staðreynd sem við blasir og ef þessi þróun heldur áfram í Íran er fyrirsjáanlegur gríðarlegur fólksflótti þaðan í uppsiglingu.

Vegna stöðunnar í heiminum er afar líklegt að aukinn þrýstingur verði á það á komandi árum að opna fyrir erlent fjármagn og eignarhald á landi og vatnsréttindum á Íslandi. Spurningin er þá hvort íslenskir stjórnmálamenn hafi dug til að standa í lappirnar, þegar fjársterkir einstaklingar og forsvarsmenn fyrirtækja banka á dyrnar með tilboð sem erfitt getur verið að hafna. Þegar peningar eru annars vegar virðist nefnilega oft auðvelt að búa til rök til að umbylta lagaumhverfinu ef því er að skipta.

---

## Alvarleg þróun vatnsmála í Íran:

# Stöðuvatnið Urmia er að hverfa og grunnvatnslindir að tæmast

## – Pistasíuframleiðsla bænda og annar landbúnaður hefur hrunið á svæðinu við vatnið

**Vatnsskortur er víða orðið stóralvarlegt vandamál í heiminum og afleiðingarnar eru fólksflótti frá vatnslausum svæðum og átök sem af slíkum fólksflutningum skapast.**

Fréttastofa Aljazeera fjallaði um einn anga þessa máls í fréttum 13. nóvember síðastliðinn. Þar kom fram að kapphlaupið um að bjarga vatnsmálunum í Íran sé í fullum gangi. Ef ekki takist að snúa dæminu við muni milljónir manna flosna upp frá heimkynnum sínum.

Í tímaritinu Science er fjallað um hvað þurfi að gera til að bjarga Urmia-vatni, sem var eitt sinn sjötta stærsta saltstöðuvatn jarðar og var yfir 5.200 ferkílómetrar árið 1970. Vatnið er einnig þekkt undir nöfnunum Orumiyeh eða Orumieh. Fyrir um þrem áratugum var vatnið aðeins stærra en Great Salt Lake í Utah-ríki í Bandaríkjunum. Urmiavatn er nú aðeins um 10% af upprunalegri stærð. Það er á hraðri leið með að hverfa líkt og Arial-haf í Rússlandi, sem er að breytast í salteyðimörk.



Skip ryðgar í saltinu á þurrum botni Urmia-vatns í Íran.

### *Fjármagni veitt í aðgerðir*

Írönsk yfirvöld settu vorið 2015 um 21 billjón riala (um 730 milljónir dollara) í að finna leiðir til að stöðva þornun Urmia-vatns. Höfðu menn þá áhyggjur af því að ef ekkert yrði að gert yrði vatnið horfið innan 15 ára. Issa Kalantari, yfirmaður vatnsendurreisnar Urmia-vatns, sagði þá að þegar væri búið að þurrka upp um 130 af 200 milljörðum rúmmetra af öllum saltvatnsbirgðum Írans. Hann telur mögulegt að hægt verði að endurheimta vatnið fyrir 2023 ef nægt fjármagn fæst til þess. Vísindamenn eru ekki allir sammála því og segja uppdælingu grunnvatns á svæðinu við vatnið eina helstu orsök vandans.

Vatnsendurnýjun Urmia-vatns kemur að mestu sem rigningarvatn, en frá 1995 hefur vatnið verið að rýrna og þurrkar hafa einkennt svæðið í nágrenni vatnsins. Íran er rúmlega tíu sinnum stærra en Ísland, eða 1,6 milljónir ferkílómetra. Um 39% landsins er eyðimörk, fjöll og saltsléttur (kavirs). Einungis um 12% landsins hefur verið nýtt til landbúnaðar og 92% landbúnaðar byggist algjörlega á aðgengi að nægu vatni. Íbúarnir, sem flestir eru íslamar, eru um 77 milljónir og opinbert tungumál er persneska.

### *Ekkert líf án vatns*

Í frétt Aljazeera segir að erfitt sé að ímynda sér að líf geti þrifist án aðgengis að nægjanlegu ferskvatni.




Samanburðarmyndir sem teknar voru úr Landsat-gervihnetti af Urmia-vatni í Íran. Fyrsta myndin frá vinstri var tekin 29. júlí 2000. Næsta mynd var tekin 10. ágúst 2010 og þriðja myndin var tekin 20. júlí 2014. Þarna sést greinilega hversu minnkun vatnsins hefur verið ótrúlega hröð á allra síðustu árum. Mynd / USGS

Í sumum heimshlutum, og þá einkum í Mið-Austurlöndum, sé vatnsleysið hætt að vera fræðilegur möguleiki. Breytingar á loftslagi, mikill straumur flóttamanna, hnignun umhverfisþátta, þurrkar og pólitískur óstöðugleiki, sé ásamt fleiru farið að kalla á skipulagðar aðgerðir til að stemma stigu við vaxandi vatnsskorti. Ástandið sé sérlega mikið áhyggjuefni í Íran. Vatnsleysið þar í landi bætist ofan á margháttaða erfiðleika sem stafa m.a. af viðskiptabanni sem Bandaríkin hafa staðið fyrir gegn landinu út af kjarnorkumálum.

Kaveh Madani, umhverfisstefnusérfræðingur hjá Imperial-háskólanum í London, segir að þrjár meginskýringar séu á vaxandi vatnsskorti í Íran.

Ein sé hröð fólksfjölgun. Á innan við tveimur áratugum hafi mannfjöldinn í Íran tvöfaldast.

Annar þáttur sé óhagkvæmni í landbúnaði. Það sé mjög mikilvægur þáttur að teknu tilliti til langvarandi styrjaldarátaka við Írak og með hliðsjón af viðskiptabanninu. „Það var því eðlilegt að hafa miklar áhyggjur af sjálfbærni landsins og fæðuöryggi, þ.e. möguleikum þess til að brauðfæða þjóðina.“

Segir Madani að þriðji stóri vandinn sé svo óstjórnin í landinu.

Hann segir að vatnsskortur stafi af mörgum samhangandi þáttum. Vonlaust sé að leysa málið nema menn skilji og virði samhengi hlutanna.



Brú yfir fljótið Zayandeh Rud við borgina Isfahan glampar í vatnsfletinum. Þarna er allt með felldu í vatnsbúskapnum en síðan hefur mikið breyst.



Sama brú en „fljótið“ Zayandeh Rud algerlega horfið og fólk röltir um í þurrum árfarveginum.




### *Ár og vötn að þorna upp*

„Ár og vötn eru hvert af öðru að þorna upp. Við erum að tapa flæðilöndum og við erum að sjá land eyðileggjast og fara í eyði, sem er mjög sorglegt.“

Í frétt Aljazeera segir að á sama tíma og Íranar horfi á vötn og ár hverfa, sé verið að þurrka upp grunnvatn með uppdælingu. Ræktarlandið blási upp í kjölfarið. Vaxandi skilningur sé þó að koma verði í veg fyrir þá tilvistarlegu ógn sem blasi við á komandi árum. Landsmenn þurfi að endurhugsa á róttækan hátt viðhorf sitt til vatnsnotkunar. Stjórnvöld séu byrjuð að kynna verkefni sem miðast við að stýra vatnsnotkun á skilvirkari hátt, sérstaklega í landbúnaði. Þá sé farið að nota samskiptamiðla til að vara almenning við þessari alvarlegu stöðu.

### *Fæðuöryggi þjóðarinnar ógnað*

Fyrir Írak er það stórmál ef landbúnaðarframleiðsla dregst saman vegna vatnsskorts. Íran hefur verið stærsti framleiðandi heims á pistasíuhnetum og innanlandsframleiðsla á kjöti hefur verið nálægt því að duga fyrir þjóðina. Íranar hafa einungis þurft að flytja inn sem nemur 5% af rauðu kjöti samkvæmt upplýsingum yfirvalda.

Af húsdýrum rækta Íranar einkum geitur, nautgripi, vatnabuffala, asna, hesta, múldýr og alifugla. Árið 2010 framleiddu Íranar um 950.000 tonn af rauðu kjöti og 1,6 milljónir tonna af alifuglakjöti. Ljóst má því vera að fæðuöryggi þjóðarinnar er ógnað vegna vatnsskorts.

### *Verður hægt að snúa þróuninni við?*

Fréttastofa Aljazeera spyr hvort þessar áætlanir íranskra stjórnvalda muni bera árangur og hvort skilaboðin muni skila einhverju til að önnur ríki fari að bregðast við vaxandi vanda í þessum málum víða um heim.

Aljazeera birti kvikmynd brottflutts Írana, Gleareh Darabi, sem byggð er á ljósmyndum Meysam Mir Zendehdel af Urmia-vatni. Sá ljósmyndari var einn þeirra fyrstu til að vekja athygli á alvarlegu ástandi vatnsins. Þær sýna að vatnið hefur stórminnkað á ótrúlega skömmum tíma og við blasir saltstorkinn vatnsbotn, saltblásið umhverfi og stór flutningaskip á þurru landi. Darabi spyr sig hvernig í ósköpunum geti staðið á þessu.

Kvikmyndagerðarmaðurinn lýsir minningum foreldra sinna frá höfuðstaðnum við Urmia-vatn sem stóð við vatnsbakkann þar sem fólk naut svalans frá hafgolunni. Nú er engin strönd og ekkert vatn nálægt bænum. Hann segir að á fjölda heimila í Íran séu til myndir af bænum meðan allt lék í lyndi þar sem fólk skemmti sér glaðlynt á ströndinni og við leik í vatninu á hjólabátum.

„Ég gat ekki trúað því að á aðeins 15 árum hafi Urmia-vatn, þetta stolt asirísku þjóðarinnar, skroppið saman niður í 10% af upprunalegu flatarmáli. Myndir Meysam Mir Zendehdel af Urmia-vatni fengu mig til að átta mig á að glæsilegu myndirnar úr minningu foreldra minna voru óðfluga að hverfa. Alvarlegur veruleikinn blasti við.“



Pistasíuhnetur hafa verið Írönum afar mikilvæg útflutningsvara.

### *Um 70% af grunnvatninu er þegar horfið*

Hann segir að uppþornun Urmiavatns sé vissulega stóralvarlegt mál, en enn alvarlegri sé sú staðreynd að verið sé að eyða grunnvatninu líka með uppdælingu. Þannig hafi doktor Kaveh Madani, sem er alþjóðlegur sérfræðingur í vatnsstjórnunarmálum, bent honum á að þegar væri búið að þurrka upp um 70% af grunnvatni Írans. Þá hafi hin fræga á Zayandeh Rud, sem verið hafi lífæð borgarinnar Isfahan, þornað upp.

Bandaríska blaðið The New York Times birti frétt í maí 2015 af stöðu Zayandeh Rud-árinnar sem eitt sinn einkenndi borgina Isfahan. Hugmyndin var að skoða frægar brýr sem byggðar voru yfir ána suður af borginni, en þá komust blaðamenn að því að þar rann engin á lengur. Árfarvegurinn var skraufþurr.

### *Pistasíuframleiðslan skreppur saman*

Pistasíuræktun, sem verið hefur næststærsta útflutningsgreinin á eftir olíu, er óðum að hverfa vegna vatnsskorts. Samkvæmt gögnum Iran Pistachio Association (IPA) var pistasíuuppskeran á síðasta ári áætluð rúmlega 114 þúsund tonn. Hún var um 200 þúsund tonn 2008, 220 þúsund tonn árið 2015 og 230 þúsund tonn árið 2014. Á síðustu fimm árum hefur uppskeran fyrir utan síðasta ár farið lægst í 170.000 tonn árið 2013 samkvæmt tölum IPA.

Tölur um pistasíuuppskeruna eru reyndar mjög misvísandi eftir því hver leggur þær fram. Samkvæmt tölu FAOSTAT var heimsframleiðslan rúmlega 916 þúsund tonn árið 2013 og þar af var Íran með mest, eða 478.600 tonn. Það stemmir alls ekki við tölur IPA. Samkvæmt tölum FAOSTAT eru Bandaríkjamenn næststærstu pistasíuframleiðendur á heimsvísu með tæp 197 þúsund tonn árið 2015.

### *Með vatnsþurrðinni hverfur merkileg menning*

Helstu menningarleg einkenni landsins eru óðum að hverfa, segir Gleareh Darabi. Íbúarnir standi þó ekki eftir í þögn, heldur sé vatnsskorturinn orðinn helsta umræðuefni fjölmiðla og samfélagsmiðla í landinu. Fréttir berast af borgum sem hafi orðið uppiskroppa með vatn. Einnig af jarðsigi á fjölmörgum stöðum (sinkholes), fyrirbæri sem breiðist út eins og eldur um sinu samhliða því að grunnvatnslindirnar tæmast.

### *Dapurt vatnsheilbrigði í Íran*

Masoumeh Ebtekar, varaforseti landsins og yfirmaður umhverfismála, hefur verið duglegur við að upplýsa landsmenn um stöðu mála. Sendir hann nánast daglega út uppfærslur á úttekt á vatnsheilbrigði landsins, þar sem sjúkdómsgreiningin er ekki góð.

Þá er ástandið í Íran farið að vekja athygli erlendra fréttastöðva, enda búa milljónir Írana víða um heiminn. Það var þó ekki fyrr en leikarinn og umhverfisaðgerðarsinninn Leonardo DiCaprio birti færslu með mynd sem sýndi stöðu Urmia-vatns á Instagram (weather.com), að fregnir af stöðunni komust virkilega á flug. Myndina tók ung kona, Solmaz Daryani.

Staðan í Íran er því greinilega hrikaleg. Ef áætlanir hins nýkjörna forseta Bandaríkjanna, Donalds Trump, verða að veruleika um að herða afstöðuna gagnvart Írönum í kjarnorkumálum með auknum viðskiptaþvingunum, þá blasir líklega fátt annað við þjóðinni en gríðarlegur landflótti. Fátt hefur nefnilega leikið þjóðina eins grátt á undanförnum árum og efnahagsþvinganirnar gegn Íran sem knúnar hafa verið fram af Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra.



Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, að Svalbarði í Þistilfirði. Myndir / VH

## Fræðasetur um forystufé í Langanesbyggð:

# Fróðleikur tengdur forystufé

**Í gamla félagsheimilinu að Svalbarði í Þistilfirði er að finna áhugavert fræðasetur og sýningu um forystufé. Þar er haldið til haga fróðleik og minjum um íslenskt forystufé og gert aðgengilegt fyrir almenning og fræðafólk. Forystufé úr Norður-Þingeyjarsýslu er viðurkennt sem sérstakur fjárstofn.**

Forystufé hefur verið til og í miklum metum á Íslandi um aldaraðir. Það hefur í eðli sínu að fara á undan fjárhópi í rekstri og sýnir meiri vitsmuni en fé almennt og annað fé fylgir því. Forystuféð er meira vexti og fjöldi sagna er til um það þegar góður forystusauður fór á undan í slæmri færð og fann bestu leiðina. Forystusauðurinn rataði vel í hríðarbyljum og skilaði fé í hús heilu og höldnu. Forystufé er talið veðurglöggt og var oft tregt til að fara úr húsi ef von var á slæmum veðrum á vetrum.

Fullvíst þykir að fé með hegðunarmynstur íslenska forystufjárins sé hvergi þekkt í heiminum annars staðar en hér á landi.

### *Samkomuhúsi breytt í fræðasetur*

Daníel Hansen, forstöðumaður forystufjársetursins, var áður skólastjóri í Svalbarðsskóla og leiðsögumaður. „Frá því að ég var barn á Patreksfirði hef ég haft mikinn áhuga á sauðkindum og þegar ég flutti í Þistilfjörð sá ég í fyrsta sinn vel ræktað og vel þjálfað forystufé að störfum og varð strax hugfanginn af því.

Samkomuhúsið í Þistilfirði stóð autt þegar ég fluttist hingað og ekkert annað eftir en að jafna það við jörðu. Smám saman vaknaði hjá mér sú hugmynd að nýta húsið sem fræðasetur og safn fyrir forystufé og tengja það ferðamennsku í sveitinni því allt forystufé á landinu er upprunnið í Norður-Þingeyjarsýslu.

Árið 2010 samdi ég við sveitarfélagið um afnot af húsinu og um svipað leyti var stofnað fræðafélag um forystufé. Meðlimir félagsins unnu í sjálfboðavinnu við að gera húsið upp eftir hugmyndum hönnuðar sem við fengum til að hanna setrið fyrir okkur enda höfum við stefnt að því að gera allt vel og faglega frá upphafi.

Við höfum viðað að okkur öllu því sem við getum og tengist forystufé, hvort sem það eru bækur, fræði- eða dagblaðagreinar, sögur, uppstoppaðir hausar eða bein. Hugmyndin er að hér sé aðgengi fyrir alla að upplýsingum um forystufé sem nýtast bæði almenningi til fróðleiks og fræðimönnum sem vinna að rannsóknum sem tengjast þessu fé. Við höfum til dæmis aðstoðað við lokaritgerð í þjóðfræði í Háskóla Íslands þar sem fjallað var um viðhorf til forystufjár.“



Daníel við afgreiðslu í safnabúðinni.



Uppstilling sem óneitanlega minnir á leikmynd úr frumuppfærslu á Fjalla-Eyvindi eftir Jóhann Sigurjónsson. Að þessu sinni eru hrútarnir Höfðingi frá Ytra-Álandi og Gorbatsjof frá Brúnastöðum í aðalhlutverki.

### *Sérstakur fjárstofn*

„Forystufé er sérstakur fjárstofn. Ræktunarmarkmið stofnsins eru önnur en höfð eru að leiðarljósi með hefðbundið fé. Forystufjárstofninn telur um 1.400 einstaklinga sem eru hávaxnari og holdþynnri en venjulegt fé og það hefur sérstakt göngulag. Mest um vert eru þó þær sérgáfur eða genasamsetning sem gerir það einstaklega veðurglöggt eins og margar sögur eru til um. Forystufé finnur á sér hættur, er einstaklega ratvíst og það er eitthvað í karakter þess sem gerir að verkum að annað fé fylgir því.

Eitt af verkefnum okkar er, í samvinnu við áhugamannafélagið um forystufé, að kanna útbreiðslu þess um landið og hverjir eiga það. Þessum upplýsingum er reyndar nokkuð vel haldið saman á Fjárvís Bændasamtaka Íslands en það vantar að mér skilst samt eitthvað upp á og okkur langar til að fullgera þá skráningu.

Fyrr á öldum dreifðist forystufé um landið héðan en vegna sjúkdóma eins og garnaveiki og riðu var því víðast eytt í öðrum sýslum landsins. Í dag er forystufé sótt hingað vegna þess að svæðið er sjúkdómafrítt og því má flytja fé héðan í aðra landshluta,“ segir Daníel.

### *Forystufé í tísku*

Áhugi á forystufé hefur aukist töluvert undanfarin misseri og eins og það hafi komist í tísku. „Forystufé er viðurkennt í vísindaheiminum sem sérstakur fjárstofn en vegna niðurskurða og breyttra þarfa fækkaði því mikið. Þegar hætt var að beita á veturna og fé tekið á hús minnkaði þörfin fyrir forystufé og hlutverk þess að hluta til hvarf. Okkur ber því að þakka þeim sérvitringum hér í Norður-Þingeyjarsýslu sem héldu stofninum við og notuðu hann áfram og nota enn. Undanfarið hefur svo orðið vakning í kringum þetta sérstæða fé og það er gott.“

### *Safnaverslun og gallerí*

Setrið var formlega opnað 2013 og segir Daníel að um 900 manns hafi heimsótt það á ári frá því að það var opnað. „Til að byrja með voru flestar heimsóknir yfir hásumarið en í ár hefur heimsóknum fjölgað bæði í vor og haust.“

Auk sýningar er safnaverslun á fræðasetrinu að Svalbarði þar sem hægt er að kaupa minjagripi sem tengjast forystufé. Þar má nefna leggi, horn, kjúkur, garn og handavinnu gerða úr ull af forystufé, uppstoppaða hausa, gærur og punga.

Þar er einnig gallerí, líklega það minnsta á landinu, þar sem myndlistarmenn sýna verk sín og segir Daníel að rýmið sé bókað til 2025. Til að auka nýtingu rýmisins hefur Daníel í hyggju að bjóða upp á ýmiss konar menningarviðburði í framtíðinni og nefnir hann þar sem dæmi fræðilega fyrirlestra, bókmenntaupplestur, tónleika og leiksýningar.

### *Markaðssetning forystufjárafurða*

Daníel segir að þar sem ullin af forystufé sé mýkri en á hefðbundnu fé séu eiginleikar hennar öðruvísi. „Rúningsmenn segjast finna strax hvað ullin er mjúk og mér er líka sagt að hún sé hlýrri un venjuleg ull. Sú ull sem er til sölu á setrinu er þvegin við vægan hita þannig að hitinn sprengi ekki fituna úr henni. Þannig heldur hún upprunnalegri mýkt og hrindir vel frá sér vatni.“


Ull af forystufé er sögð mýkri og hlýrri en ull af hefðbundnu íslensku fé.


Ær úr Borgarnesi og Jóakim frá Bjarnastöðum.



Fræðasetur um forystufé að Svalbarði í Þistilfirði.


Í safnabúðinni er hægt á fá margs konar minjagripi sem tengjast forystufé.

Að sögn Daníels er afskaplega lítið kjöt á forystufé og nánast engin fita. Hann segir það öðruvísi á bragðið og nokkurs konar millistig milli geita- og kindakjöts.

„Haustið 2015 var gerð tilraun með vinnslu á kjöti af forystufé. Ég hafði samband við nokkra innleggjendur hjá Fjallalambi og fékk hjá þeim kjöt til vinnslu af hreinræktuðu og skráðu forystufé. Kjötið er tvíreykt og látið liggja í sérblönduðum pækli sem gefur því annað bragð en öðru kindakjöti.

Kjötið er það sérstakt að bændur hafa fengið hærra verð fyrir það en annað kjöt. Það hefur líka þá sérstöðu að vera frá stað á landinu sem er laus við búfjársjúkdóma og þess vegna má segja að þetta kjöt sé hrein náttúruafurð.

Allt kjötið fer á veitingahúsið Matur og drykkur í Reykjavík þar sem það er unnið áfram og boðið á matseðli. Mér er sagt að gestir staðarins rómi kjötið og að það þyki einstaklega gott og engu öðru líkt,“ segir Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé að Svalbarði í Þistilfirði. /VH

**Magnað tækifæri á fallegum stað**

Starfskraftur óskast á vélaverkstæði á Kópaskeri. Óskað er eftir áhugasömum aðila annaðhvort með iðnmenntun sem getur nýst á fjölbreyttu vélaverkstæði t.d. bifvélavirkja, vélvirkja, stálsmið eða aðila sem hefur víðtæka reynslu í vélaviðhaldi almennt.

Vinnan getur falið í sér t.d. verkstjórn, rekstrarstjórn eða öðru sem hæfir viðkomandi aðila. Á verkstæðinu er stunduð mjög fjölbreytt þjónusta svo sem bílaviðgerðir, smíði, pípulagnir, viðhald og eftirlit með hitaveitu o.fl. Aðstoðað verður við atvinnuleit maka og gott húsnæði á vægu verði er til staðar– sjá mynd.

Kópasker er á fallegum stað á norðausturhorninu. Öll helsta þjónusta er á svæðinu og atvinnulíf er blómlegt. Svæðið byggir að mestu á matvælavinnslu, ferðamennsku og svo er hvers kyns vélaþjónusta öflug. Menning er talsverð og eru starfrækt ýmiskonar félög á svæðinu.

**Nánari upplýsingar má fá hjá Stefáni Hauk, Verkstæðinu Sel í síma 8940172 eða á netfangið *shgsirra@kopasker.is*. Senda skal umsóknir á sama netfang.**




friendtex
praxis
...þegar þú vilt þægindi

Frábært verð á Friendtex vörum

Tilboð

Frábær tilboð á Praxis vörum vegna góðs gengis

40% afsláttur
af 3ja laga softshell jökkum





Gleðilegt nýtt ár

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mán. og mið. 11-17, þri. og fim. 11-15, fös. 11-14.

**Öryggisskór í vinnuna!**

*Það getur verið þreytandi að reima. Hvernig væri að prufa öryggisskó með Bóa snúrukerfi? Auðveldar að þrengja og losa um skóna.*
***Verð: 19.988 kr.***
*Hafðu samband.*
*Við veitum þér faglega aðstoð.*



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

**IÐNAÐARHURÐIR**
**BÍLSKÚRSHURÐIR**



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is



Dagbjartur Ingvar Arilíusson við bruggtækin í Steðja í Borgarfirði. Auk bruggverksmiðju er hann að byggja upp ferðaþjónustu á staðnum ásamt konu sinni, Svanhildi Valdimarsdóttur. Auk sérstöðunnar eins og með hinum fræga bjór Hval 2, segir Dagbjartur að mikið sé keyrt á hreinleika íslenska vatnsins í kynningum á þeirra framleiðslu.

### Á bænum Steðja í Borgarfirði er nú óhefðbundinn búskapur með rekstri á brugghúsi og þjónusta við ferðamenn:

# Hefur fengið viðurkenningu fyrir sérstæðasta bjórinn á jörðinni

### – Hvalur 2 er sannkallaður þorrabjór, að sögn eigenda og er bruggaður úr reyktum hvalseistum sem hefur leitt til alvarlegra hótana

**Á bænum Steðja í Borgarfirði er enginn hefðbundinn búskapur lengur. Þess í stað er þar rekið brugghús af Dagbjarti Ingvari Arilíussyni og Svanhildi Valdimarsdóttur. Brugghús Steðja ehf. tók til starfa 2012 og hefur framleitt allt að 16 tegundir af bjór og selur um 15% framleiðslunnar víða um heim.**

Dagbjartur og Svanhildur reka sannarlega óhefðbundinn búskap á Steðja. Þar er hvorki sauðfjárrækt, nautgriparækt né annar hefðbundinn búskapur lengur, heldur rekstur bjórverksmiðju auk þjónustu við ferðamenn.

Hjónin keyptu í ársbyrjun 2012 tæki og búnað til bruggunar og stofnuðu svo Steðja í framhaldið sama sumar. Fyrstu afurðirnar komu svo á markað um haustið, þ.e. lagerbjór og jólabjór með lakkrís, sem haldið var áfram að framleiða og nú heitir Norðurljósabjór.

*Sveitabrugghús steinsnar frá höfuðborginni*

Brugghús Steðja er sannkallað sveitabrugghús í um 90 km fjarlægð frá Reykjavík. Það er staðsett um 27 km frá Borgarnesi og er ekið þangað inn Borgarfjarðarbraut í átt að Reykholti. Bærinn er um 5 km sunnan við Kleppjárnsreyki. Margir athyglisverðir staðir eru nálægt Steðja, eins og Deildartunguhver, Reykholt, Kleppjárnsreykir, Hraunfossar, Húsafell, hellirinn Víðgelmir, Surtshellir, Ísgöngin í Langjökli, Fossatún, Hvanneyri og margt fleira.




Brugghús Steðja lætur ekki mikið yfir sér þar sem það stendur við hliðina á íbúðarhúsinu.

*Bruggað samkvæmt þýskum hreinleikalögum og enginn sykur*

Öll framleiðslan þykir eins heilsusamleg og hægt er að segja um bjór. Enginn sykur eða rotvarnarefni eru t.d. notuð við bruggunina sem byggir á rótgróinni vistvænni bjórhefð frá Bæjaralandi í Þýskalandi – og íslensku vatni.

„Við notum engan sykur og bruggum eftir þýskum hreinleikalögum, en leikum okkur þá aðeins í kringum það eins og með jarðarberjabjórinn. Þá bætum við hreinum íslenskum jarðarberjum í lögunina frá nágrönnum okkar í Sólbyrgi. Við erum þannig að reyna að tengja okkur Íslandi eins mikið og við getum og höfum því líka verið með þarabjór,“ segir Dagbjartur.

Samið var við menntaðan þýskan bruggara, Philipp Ewers. Hann hefur starfað við bruggun í Þýskalandi í mörg ár. Markmið hans og eigendanna er að vera frumlegir í hugsun og að auka flóru íslenskra bjóra. Það virðist sannarlega hafa tekist og hafa sumar tegundir Steðja komist í fréttir erlendra fjölmiðla svo eftir er tekið.

*Sérstæðasti bjór í heimi*

„Hvalur 2 er talinn sérstæðasti bjór á jörðinni og um hann hafa meira að segja verið skrifaðar bækur. Þá hafa verið viðtöl við okkur um þennan bjór víða, m.a. í BBC, Guardian, Washington Post og víðar og það hefur verið umfjöllun um bjórinn úti um allan heim. Er hann nú efstur á lista yfir athyglisverðustu bjóra í heimi. Við erum einmitt að vinna

þann bjór nú í ársbyrjun og fer hann á markað 19. janúar.“

Hvalur 2 hefur skemmtilega útlistun á ensku sem: Sheep shit smoked Whale Testicle Beer. Þessi lýsing á bjórnum hefur vakið heimsathygli.

### *Hótað af hvalfriðunarsinnum*

„Hvalfriðunarsinnar Sea Shepheard hafa hótað að brenna allt ofan af okkur og Greenpeace hafa líka haft uppi hótanir gegn fyrirtækinu út af þessum bjór. Þá hefur verið haldið úti vefsíðum gegn þessum bjór og ýmislegt annað.“

Sennilega hefur þessi neikvæða athygli þó orðið til þess að vekja aðra og mun öflugri jákvæða athygli á fyrirtækinu.

### *Hinn „eini sanni þorrabjór“ með taðreyktum eistum*

„Við notum hvalaeistu sem eru taðreykt og sjóðum þau í bjórinn. Þannig fáum við gríðarlega skemmtilegan þorrabjór. Það má því sannarlega segja að þetta sé „þorrabjórinn“ hinn eini sanni. Enda var það hugmyndin að grípa þorrann svolítið með þessari framleiðslu.“ Sjá má myndband um gerð bjórsins á heimasíðu Steðja.

Þótt Hvalur 2 hafi borið hróður brugghúss Steðja út um allan heim, þá hefur þessi tegund ekki verið flutt út. Aðrar tegundir hafa hlotið þann heiður og segir Dagbjartur að um 15% framleiðslunnar sé nú seldur úr landi og fari það hlutfall ört vaxandi.

### *Steðja-bjór er ódýrari á bar í Bretlandi en á Íslandi*

„Við erum komin með fínan markað úti í Bretlandi og erum að byggja okkur upp í Skandinavíu og Austurríki. Þá er verið að skoða markaðssetningu í Bandaríkjunum og í Kanada. Eins höfum við selt bjór frá okkur til Eistlands og Ástralíu þótt þar séu ekki orðnir fastir markaðir fyrir okkur. Bjórinn okkar hefur víða vakið áhuga.“

*– Er ekki kostnaðarsamt að komast inn á markað erlendis varðandi flutning og annað?*

„Jú, flutningur er mjög dýr. En samt sem áður þá er bjór sem við erum að senda á bari í Bretlandi seldur þar jafnvel á lægra verði en á börum á Íslandi. Þar er lægra áfengisgjald og miklu minni álagning á veitingastöðunum úti. Steðja-bjór á bar úti í Brighton er t.d. ódýrari en á veitingastöðum hér á landi.

Við höfum líka verið með okkar bjór í sérstakri bjórbúð í Austurríki sem selur bjór framleiddan víða um heim. Þar var okkar Steðja-bjór seldur á sama verði og í ÁTVR á Íslandi. Samt er flutningurinn þangað afar dýr.“

### *Keyrt á hreinleika íslenska vatnsins*

Auk sérstöðunnar eins og með Hval 2 segir Dagbjartur að mikið sé keyrt á hreinleika íslenska vatnsins í kynningum á þeirra framleiðslu. Oft hefur verið sagt að bjórframleiðslan í Evrópu hafi bjargað íbúum í borgunum þar hreinlega frá því að deyja vegna mengaðs drykkjarvatns. Í dag er þar mikið notast við endurunnið vatn frá hreinsistöðvum við bruggun á bjór.

„Íslenska vatnið er mjög vel markaðssett sökum hreinleika. Við teljum okkur afar heppin með grunninn í bjórinn sem er okkar hreina íslenska vatn.“

*– Hvað segir þá þýski bruggarinn ykkar með íslenska vatnið í samanburði við það þýska?*

„Fyrir einhverjum árum síðan var íslenskt vatn ekki talið hæft til bruggunar, það væri hreinlega of hreint. Við höfðum sent vatnssýni frá okkur til Þýskalands til að reyna að finna út hvaða bjórstíla við ættum helst að veðja á og hvaða malt hentaði best með okkar vatni. Þeir sendu okkur línu til baka og óskuðu eftir að við sendum þeim ómeðhöndlað vatn til að nota sem sýni. Þeir héldu að við hefðum gerilsneytt vatnið sem við sendum þeim.




Í Steðja er framleiddur sérstæðasti bjór í heimi.



Dökkur bjór frá Steðja sem þykir betri en þýska „Altbier“-fyrirmyndin. Ástæðan er íslenska vatnið.

Bruggarinn okkar, Philipp Ewers, segir að vatnið okkar gefi alveg ótrúlega mikinn ferskleika. Hann var t.d. að brugga úti í Düsseldorf þýskan alt bjór (Altbier = gamall bjór) sem er mjög vinsæll þar. Hann bruggaði sama bjórinn hjá okkur en úr íslensku vatni, sem er dökki bjór Steðja. Hann segir að bjórinn sé ívið betri hér og vill meina að það sé eingöngu út af vatninu. Allt annað í bjórnum er nánast eins í Þýskalandi og hér.

Það má því segja að þetta sé munaðarvara sem við erum að framleiða sem er meinholl, en í hófi að sjálfsögðu.“

### *Alda límonaði með kollageni og nýr páskabjór væntanlegur*

Dagbjartur segir að sífellt sé verið að brydda upp á nýjungum og nýr páskabjór sé ein þeirra nýjunga.

„Það er athyglisverður bjór sem við getum ekki opinberað alveg strax. Við erum líka komin út í framleiðslu á léttöli og óáfengu límonaði sem hefur komið ákaflega vel út. Það er límonaði sem heitir Alda. Það er sykurlaust og með kollagen próteinum sem unnið er úr þorskroði í Grindavík. Þetta er einstök afurð á heimsvísu og er að slá í gegn, m.a. í Nettó-verslunum, Bláa lóninu og á veitingastöðum í Reykjavík. Þá erum við líka að hefja útflutning á þessum drykk. Framleiðslan á Öldu er að sprengja allt utan af sér hjá okkur. Sem stendur er ein bragðtegund en fleiri væntanlegar.

### *Ríkið stendur í vegi smáframleiðenda*

„Það sem er okkar Akkilesarhæll eru reglugerðir ÁTVR, sem veldur því að við náum ekki meiri dreifingu á Íslandi en raunin er. Það er dapurlegt að hugsa til þess að ríkið skuli þannig standa í vegi fyrir að smáframleiðendur nái að fóta sig.“

Dagbjartur er ekki einn um þessa skoðun því mjög erfitt hefur stundum reynst fyrir nýja söluaðila á t.d. léttvíni að komast inn í sölukerfi ÁTVR. Hann segist því hafa þá skoðun að ÁTVR þurfi að setja upp íslenska bjórrekka í öllum helstu vínbúðum landsins. Þar gæti Steðji þá verið með tvær til þrjár tegundir eins og aðrir íslenskir framleiðendur. Þeir gætu svo skipt sínum tegundum út eftir eigin þörfum. Hann segir að ÁTVR sé hins vegar ósveigjanlegt til að breyta sínum reglum. Það þýði að Steðji komist ekki inn í nema örfáar verslanir ÁTVR og þurfi þar að keppa við stóru aðilana á markaðnum sem hafi nægt fjármagn úr að spila.



Tekið er á móti fyrirtækja- og áhugamannahópum sem vilja kynna sér starfsemina hjá Steðja. Hér eru það starfsmenn Bændasamtaka Íslands sem eru í kynningu hjá Dagbjarti.



Að sjálfsögðu fá gestir að dreypa á framleiðslunni. Þar eru margar gerðir af bjór í boði auk nýja óáfenga límonaðidrykkjarins sem nefndur er Alda. Hann er sykurlaus og inniheldur kollagen sem unnið er úr þorskroði í Grindavík.



Skemmtileg útiaðstaða hefur verið sett upp við gestastofuna í Steðja.



Jarðarberjabjór frá Steðja með jarðarberjum frá nágrönnunum í garðyrkjustöðinni Sólbyrgi.




Bjórinn Hvalur 2 hefur meira að segja fengið virðulega umfjöllun í bók.

### *Kerfið er fjandsamlegt litlu brugghúsunum*

„Ég vil meina að þetta kerfi sé fjandsamlegt litlu brugghúsunum, þó ekki séu kannski allir sammála mér í því. Þarna er ÁTVR bara eins og ríki í ríkinu með sitt dýra kerfi.“

*Hvaða afstöðu hefur þú þá til frumvarps sem lagt var fram á Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verslunum utan ÁTVR?*

„Við erum eina brugghúsið sem hefur verið fylgjandi þessu frumvarpi opinberlega. Við fórum fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis út af þeim málum í fyrrahaust og töluðum þar fyrir málinu.“

*Hvað með þá gagnrýni á frumvarpið að aukið frelsi í sölu myndi fækka tegundum hér á markaði?*

„Það myndi klárlega fækka tegundum í stóru verslununum, það er alveg rétt. Þetta myndi hins vegar opna möguleikana fyrir sérverslanir, eins konar „gourmet“ verslanir fyrir sérvín og bjóra. Við erum íslenskt fyrirtæki, borgum okkar skatta og skyldur til þjóðfélagsins. Okkur finnst þar af leiðandi sjálfsagt að íslenskt áfengi sem framleitt er hér á landi sé í boði í öllum Vínverslunum landsins. Okkur finnst að ÁTVR ætti að styðja betur við íslenska framleiðslu. Við erum í beinni samkeppni við erlend fyrirtæki sem eru ekki með sína starfsemi hér á landi.“

### *Aukið frelsi í sölu gæti nýst „Beint frá býli“*

Dagbjartur nefnir eitt atriði sem rök í umræðuna um frjálsari verslun á áfengi hér á landi. Það sé fyrirbærið „Beint frá býli“ þar sem bændur selja eigin framleiðslu heima hjá sér. Auknar heimildir til að selja áfengi myndi koma mjög til góða brugghúsum á landsbyggðinni sem þyrftu þá ekki að fara með allt sitt í gegnum ÁTVR.

### *Eru að fikra sig meira út í ferðaþjónustuna*

„Við erum líka komin út í ferðaþjónustuna, enda er Borgarfjörðurinn ört vaxandi sem ferðamannastaður.

Síðastliðið sumar opnuðum við gestastofu hér í Steðja þar sem fólk getur sest niður, bæði innan dyra og utanhúss, og fengið að smakka á framleiðslunni. Þar myndast oft gríðarlega skemmtileg stemning þegar fólk alls staðar að hittist og spjallar, á meðan smakkaðar eru ýmsar tegundir af Steðja. Í vetur geta gestir fengið að kíkja í heimsókn eftir pöntun. Við höfum mikið verið að taka á móti hópum allt árið um kring og opnum síðan gestastofuna aftur núna með vorinu.

Hvalabjórinn laðar margan útlendinginn til okkar og fær Hvalur 2 mjög góða dóma.

Það er sannarlega hægt að gera ýmislegt hér á svæðinu og stefnan okkar er að búa til lífsviðurværi fyrir fjölskylduna og að hafa gaman af því.“

### *Fáir starfsmenn og lítil yfirbygging*

„Annars erum við ekki mörg sem störfum hér. Það er bruggmeistarinn og síðan erum við hjónin. Það er að rætast úr rekstrinum, en þetta hefur verið erfitt. Við erum þó að sjá fram á betri tíma eftir að við opnuðum gestastofuna og fórum að taka á móti hópum. Það styður vel við framleiðsluna. Þá erum við að reisa fjögur lítil gistihús við hliðina á brugghúsinu. Þetta eru einstök hús, svona örútgáfa af brugghúsinu og 20 fermetrar að stærð.

Við ákváðum að fara heldur út í þetta en að opna Steðja-bar á Laugaveginum í Reykjavík með tilheyrandi kostnaði,“ segir Dagbjartur.

### *Á eigin fótum*

Fyrirtækið er sannarlega sjálfstætt, er ekki þrælbundið á skuldaklafa og er ekki í eigu neins fjármálafyrirtækis. Á heimasíðu fyrirtækisins er þetta áréttað, en þar segir:

„Að gefnu tilefni viljum við árétta að Brugghús Steðja ehf. er eingöngu í eigu fjölskyldunnar á Steðja. Lífeyrissjóðirnir eiga okkur ekki, ríkið á okkur ekki, engir fjárfestar eiga neinn hlut né aðrir. Við höfum engar afskriftir fengið á kostnað almennings í landinu!“ /HKr.

### Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands skorar á yfirvöld að standa vörð um lífríki Breiðafjarðar:

# Góðar söluhorfur á æðardún eftir gott sumar 2016

## – Hátt gengi íslensku krónunnar þó farið að vinna gegn greininni

**Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands var haldinn þann 12. nóvember sl. á Hótel Sögu. Á fundinn mættu tæplega 70 manns, en almennt var gott hljóð í æðarbændum eftir hagstætt vor og sumar.**

Söluhorfur á æðardúni síðasta sumars eru góðar og má ætla að magn til útflutnings verði allavega svipað og 2015, eða rúmlega 3 tonn. Þá var búið að flytja heldur meira út í nóvember en á sama tíma árið áður. Víðast var hefur tíðarfar verið hagstætt æðarfuglinum vor og sumar 2016 og gott hljóð í æðarbændum. Styrking krónunnar hefur þó ekki verið að vinna með æðarbændum að undanförnu frekar en öðrum útflutningsgreinum. Að öllu óbreyttu getur það farið að hafa áhrif á verð til bænda.

*Aukið ónæði víða í æðarvarpi*

Á fundinum voru æðarbændur hvattir til að friða æðarvörp sín, en aukið ónæði er í sumum vörpum vegna fjölgunar ferðamanna og vegna aukins þyrluflugs. Það eru sýslumenn sem sjá um friðlýsingu æðarvarpa. Upplýsingar er að finna á www.icelandeider.is og www.syslumenn.is

Dr. Þórður Örn Kristjánsson kynnti rannsóknir sínar á varpvistfræði æðarfugls við Breiðafjörð en hann varði doktorsritgerð sína í haust.

Þá voru flutt erindi á fundinum um auðlindir í netlögum. Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur í atvinnuvegaráðuneytinu, fjallaði um lagalega umgjörð um öflun sjávargróðurs og Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, um lífríki í netlögum.

Fyrirlesarar svöruðu fjölda fyrirspurna og umræður urðu um möguleg áhrif nýtingar sjávar á vistkerfi æðarfugls, bæði vegna þeirrar auknu nýtingar sem fyrirhuguð er á þara og þangi í Breiðafirði og eins vegna stóraukins sjókvíaeldis, m.a. á Vestfjörðum. Á fundinum voru samþykktar ályktanir þar að lútandi.

*Ályktun um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni*

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands skorar á umhverfisráðherra, sjávarútvegsráðherra og sveitarstjórnir við Breiðafjörð að standa vörð um lífríki Breiðafjarðar og leggjast gegn áformum um stóraukna nýtingu á sjávargróðri án undangenginna rannsókna. Gerð er krafa til stjórnvalda um að virtar verði meginreglur stjórnsýslunnar, m.a. andmælaréttur og meðalhófsregla. Jafnframt að virt verði stjórnarskrárvarin réttindi við töku ákvarðana um gjaldtöku og nýtingu á lífríki Breiðafjarðar. Sérstaklega er þess krafist að fullt tillit verði tekið til grenndarsjónarmiða varðandi alla nýtingu.

Samþykkt á aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands þann 12. nóvember 2016 vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni); 679. mál, lagafrumvarp, 145. löggjafarþing 2015–2016.

*Greinargerð með ályktuninni:*

Þang og þari, stundum nefndir regnskógar norðursins, eru undirstaða auðugs lífríkis í sjó og á landi við Breiðafjörð. Þang og þari eru afkastamiklir frumframleiðendur og uppspretta gríðarlegs magns lífræns efnis sem aðrir hlutar lífkeðjunnar eru háðir. Þang og þari eru auk þess allt í senn mikilvægt búsvæði fyrir fjölda lífvera, fæða fyrir ýmis dýr sem éta þá og þegar þeir brotna niður verða þeir fæða fyrir dýr sem sía sjó, svo sem krækling og hörpudisk. Æðarræktarfélag Íslands tekur undir ályktun Æðarræktarfélags Snæfellinga og Æðarvéa frá deildarfundum 2016 og skorar á stjórnvöld að leyfa ekki frekari þang- og þaraöflun án undangenginna rannsókna á lífríki Breiðafjarðar. Þá telur félagið að framlagt frumvarp sé aðför að hefðbundnum hlunnindum sjávarjarða og lífríki Breiðafjarðar.



Frá aðalfundi Æðarræktarfélags íslands sem haldinn var í Bændahöllinni 12. nóvember síðastliðinn. Mynd / GG



Nokkrir af félögum Æðarræktarfélags Íslands á fundinum. Mynd / GG



Æðarfugl í varpi.

*Gjaldtaka og öflun hráefnis á einkalandi*

Í frumvarpinu kemur fram: „Við 4. mgr. 9 gr. laganna bætis nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvarða skal veiðigjald fyrir sjávargróður sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt).“

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að innheimt verði gjald af klóþangi sem vex í fjörum innan landareigna í einkaeign. Landeigendur eru þeir einu sem heimild hafa til að nýta þangið eða veita öðrum heimild til nýtingar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eignarréttur landeigenda verði skertur með ólögmætri gjaldtöku ríkisins fyrir sjávargróður sem vex á eignarlandi. Æðarbændur eiga í flestum tilfellum landareignir sem liggja að sjó og mótmæla þessari gjaldtöku harðlega. Verði ekki fallið frá gjaldtökunni í frumvarpinu verður látið reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum. Slík gjaldtaka getur jafnframt haft fordæmisgildi fyrir annað sem landareignir geta gefið af sér s.s. hey, fjallagrös, ber, sveppi, lax, silung eða jafnvel æðardún.

Frumvarpið nær einnig til þara sem vex á sjávarbotni og er víða innan netlaga. Hluti þarans heyrir því einnig undir landeigendur.

*Áhrif á lífríki*

Æðarbændur óttast mjög um lífríkið ef þang og þari verður nýttur í stórauknum mæli án undangenginna rannsókna, sem leitast ætti við að svara því hvaða afleiðingar slík viðbót gæti haft í för með sér fyrir lífríkið í heild. Ofnýting á sjávargróðri gæti haft langvarandi alvarleg og jafnvel óafturkræf áhrif á lífríkið. Það er skýlaus krafa æðarbænda að við ákvarðanatöku um frekari nýtingu verði gætt sjónarmiða allra hlutaðeigandi aðila, þ.á m. þeirra sem nytja æðarvörp, hrognkelsi, þorsk, ígulker, hörpudisk og bláskel.

Æðarfugl er mikilvæg nytjategund sökum dúntekju og nýtur margs konar verndar skv. íslenskum lögum. Æðardúntekju stunda rúmlega 400 bændur hérlendis. Meðaltal útflutningsverðmætis æðardúns var um 375 milljónir kr. 2008–2013 og var árlegur heildarútflutningur að meðaltali 2,75 tonn af hreinsuðum dún. Tvö síðustu ár þessa tímabils voru í sérflokki. Árið 2012 voru flutt út 3,08 tonn ogvar heildarútflutningsverðmæti æðardúns tæpar 508 milljónir kr. það ár. Árið 2015 var verðmætið komið upp í tæpar 600 milljónir kr. fyrir 3,1 tonn. Æðarfugl er því án efa mesti nytjafugl landsins og er m.a. friðaður fyrir skotveiði vegna dúntekjunnar. Æðarfugl hefur notið einhvers konar verndar á Íslandi frá þjóðveldisöld og verið alfriðaður frá 1849. Bannað er að skjóta æðarfugl, leggja net nærri æðarvarpi eða trufla varp á annan hátt. Æðarbændur mega þó sinna dúntekju og taka egg svo framarlega sem skilin eru eftir fjögur egg í hreiðri, sbr. lög nr. 64/1994.

Æðarræktarfélag Íslands og Æðarræktarfélag Snæfellinga og Æðarvé taka heilshugar undir þær athugasemdir sem Náttúrustofa Vesturlands, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Breiðafjarðarnefnd gerðu við frumvarpið. Í athugasemd Rannsóknaseturs HÍ kemur m.a. fram að klóþangsbreiður eru ungauppeldisstöðvar fyrir æðarfugl. Litlir æðarungar éta nær eingöngu marflær sem lifa í klóþangi en ekki öðrum þangtegundum. Telja má víst að stóraukin nýting klóþangs geti dregið úr nýliðun í varpstofni æðarfugls í Breiðafirði. Varp æðarfugls er einn óvissuþátta við aukna nýtingu klóþangs sem þarf að taka tillit til við verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirra hlunninda sem æðarfugl veitir landeigendum. Ef frá eru taldir þörungarnir sjálfir, virðist ekki gert ráð fyrir rannsóknum á lífríkinu áður en nýting verður stóraukin, svo sem til að meta grunnástand lífríkisins fyrir töku sjávargróðurs. Án grunnrannsókna er ekki hægt að meta hvort nýting sjávargróðurs verði sjálfbær fyrir vistkerfið í heild, því það verður ekki gert eingöngu út frá vaxtarhraða þangs og þara.

*Ályktað um sjókvíaeldi og æðarfugl*

Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands 2016 ályktar að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíaeldisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar og þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls.

*Greinargerð með ályktun:*

Engar rannsóknir liggja fyrir á áhrifum sjókvíaeldis á lífríki sjávar á Íslandi og þar af leiðandi skortir forsendur til að meta hvort ákvörðun um að stórauka sjókvíaeldi geti falið í sér hættu fyrir lífríkið, þar á meðal fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Þá er brýn nauðsyn á vöktun núverandi starfsemi í þessu tilliti vegna skorts á þekkingu á áhrifum hennar á lífríkið. Í þessu sambandi má benda á skýrslu NINA (Norsk institutt for naturforskning) sem ber heitið Effekter av forstyrrelser på fugl og paddedyr fra akvakulturanlegg i sjo – en litteraturtudie frá 2015. www.nina.no. Í skýrslunni er bent á skort á rannsóknum á áhrifum sjókvíaeldis á fugla og dýr í Noregi.

Þá var samþykkt tilllaga varðandi minka- og refaveiðar en á félagsmönnum mátti heyra að þeir væru orðnir úrkula vonar um að stjórnvöld tækju á þeim málum af festu. Ályktunin hljóðar svo: Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands 2016 hvetur stjórnvöld til að auka fjármagn til refa- og minkaveiða. Æðarræktarfélagið hvetur einnig ríkið og sveitarfélög landsins til að koma á samræmdum reglum um veiðar þessara dýra.

Einnig voru umræður um áhrif fyrirhugaðra breytinga á fjármögnun BÍ vegna afnáms búnaðargjalds og var stjórn falið að skila greinargerð til félagsmanna.

Fundarstjóri var Salvar Baldursson, en stjórn Æðarræktarfélags Íslands skipa; Guðrún Gauksdóttir, formaður, Kaldaðarnesi, Salvar Baldursson, Vigur og Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Innri-Hjarðardal.

Á fundinum var Erla Friðriksdóttir, Stykkishólmi, endurkjörin í stjórn. Sæmundur Sæmundsson, Hrísey, var kosinn í stjórn í stað Björns Inga Knútssonar. Í varastjórn er Margét Rögnvaldsdóttir, Harðbak og á fundinum var kjörin í varastjórn Sigríður Magnúsdóttir.

*HKr./GG*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

**Fyrir okkur öll**

### Ný félagsgjöld að BÍ voru kynnt á bændafundum um allt land:

# Bændur vilja sterk Bændasamtök

## – hagsmunabarátta bænda er mikils virði

**„Á maður að vera félagi eða ekki í Bændasamtökunum?“ spurði Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni, á bændafundi í Borgarnesi á þriðjudaginn var. Hann sagði að breytingarnar sem niðurfelling búnaðargjaldsins fælu í sér væru miklar og það væri áskorun fyrir alla bændur að halda sínum hagsmunafélögum gangandi. „Nú verður enginn félagi nema að hann greiði félagsgjald. Þeir sem ekki vilja vera með geta bölvað félagsskapnum heima við eldhúsborðið en þeir hafa engin áhrif á starfsemina. Gerið það nú fyrir ykkur sjálf að greiða félagsgjaldið, þannig getið þið haft áhrif á starfið sem fer fram innan félagsins,“ sagði Pétur, sem er jafnframt stjórnarmaður í Landssambandi kúabænda. Hann sagði að ef félög bænda ættu að lifa þá þyrftu sem flestir að gerast félagsmenn og láta sig starfsemi þeirra varða.**

Á fjölsóttum bændafundum, sem haldnir voru í vikunni, kynntu forsvarsmenn Bændasamtakanna upptöku félagsgjalda hjá samtökunum. Á dagskrá fundanna var jafnframt farið yfir þær breytingar sem nýir búvörusamningar hafa í för með sér fyrir bændur. Fresta þurfti fundum á Ísafirði og á Kópaskeri vegna veðurs en þeir verða haldnir í næstu viku.



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, á bændafundi í Kjós þar sem þingmaðurinn Jón Gunnarsson var meðal fundargesta. Að kvöldi sama dags var ljóst að hann yrði nýr ráðherra samgöngumála, byggða- og sveitarstjórnamála.





Í skoðanakönnun, sem Bændasamtökin létu gera í desember á meðal sinna félagsmanna, kom í ljós að hagsmunabaráttan skiptir bændur verulegu máli. 93% aðspurðra nefna hana meðal mikilvægustu verkefna Bændasamtakanna.

### *Félagsgjöld í stað búnaðargjalds*

Búnaðargjaldið var fellt niður um síðustu áramót en bændur munu þurfa að skila framtali vegna gjaldsins á árinu 2017 og sæta álagningu á því ári vegna tekjuársins 2016. Frá álögðu gjaldi 2017 dragast hins vegar fyrirframgreiðslur frá árinu 2016. Í stað búnaðargjaldsins munu félög bænda taka upp félagsgjöld en útfærsla þeirra er misjöfn eftir félögum. Þannig hafa kúabændur ákveðið gjald sem tekur mið af framleiddum lítrafjölda en sauðfjárbændur verða með fast búsgjald. Aðildarfélög BÍ eru mislangt komin í sinni útfærslu, ýmist er um að ræða veltutengingu, búsgjald eða nefskatt, allt eftir því hvað hentar viðkomandi félagi. Búnaðarsamböndin hafa ákveðið forskot umfram önnur félög því þar er hefð fyrir því að innheimta félagsgjöld til að kosta félagslega starfsemi.

### *Búnaðargjaldið stóð undir rúmlega fjórðungi rekstrar BÍ*

Búnaðargjald stóð undir um fjórðungi rekstrarútgjalda Bændasamtakanna en í þeirra hlut féllu um 138 milljónir króna á síðasta ári. Aðrar tekjur BÍ koma vegna þjónustu og sölu en einnig af fasteignum og fjármunaeign. Til þess að tryggja rekstur samtakanna þurfa sem allra flestir bændur að taka þátt í samtökunum. Greiðendur búnaðargjalds voru um 3.100 talsins en áætlanir forsvarsmanna BÍ ganga út á að stór hluti þess hóps haldi áfram að greiða félagsgjald til samtakanna. Það er þó töluvert lægra í langflestum tilvikum en áður var.



Pétur Diðriksson hvatti bændur til að standa við bakið á sínum félögum.

### *Árgjaldið 42 þúsund krónur á bú*

Við ákvörðun gjaldsins sjálfs voru nokkur meginatriði höfð að leiðarljósi. Gjaldið skyldi vera einfalt þannig að auðvelt væri að skilja hvernig það kæmi til og það mætti ekki kosta mikið utanumhald. Gjaldið ætti líka að vera sanngjarnt og ekki svo hátt að fólk veigraði sér við að greiða það og taka þátt.

Niðurstaðan var að setja á fast gjald, 42 þúsund krónur á bú á ári, eða 3.500 krónur á mánuði. Gjaldið veitir tveimur aðilum fulla aðild að Bændasamtökunum en ef fleiri einstaklingar standa að búrekstrinum greiða þeir 12 þúsund krónur hver. Minni háttar rekstur með veltu undir 1,2 milljónum króna getur sótt um að greiða lágmarksgjald, kr. 12 þúsund, og njóta fullra réttinda. Skilyrði er að félagsmaður sé a.m.k. í einu aðildarfélaga BÍ.

Aukaaðild er möguleg að samtökunum en í samþykktum BÍ segir: *„ … aukaaðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru á Íslandi og styðja markmið samtakanna.“* Árgjald aukafélaga verður 12 þúsund krónur á ári en aðildin veitir engin félagsleg réttindi til að gegna trúnaðarstörfum fyrir BÍ. Aukafélagar styrkja markmið samtakanna og fá fyrir það t.d. blöð, upplýsingar um starfið og boð á viðburði. Þetta á hins vegar eftir að útfæra nánar.

Félög í landbúnaði geta jafnframt gerst aukaaðilar að samtökunum. BÍ er heimilt að gera samstarfssamninga við félög og fyrirtæki sem vilja t.d. vinna að kynningarmálum, skipulagningu viðburða eða annarra verkefna. Einnig verður unnt að gera samninga til að koma til móts við óskir aðildarfélaga um aukið samstarf eða þjónustu.

### *Innheimta og framkvæmd*

Fyrir liggur félagsleg samstaða á meðal bænda um framkvæmd og innheimtu félagsgjaldsins. Málið var kynnt og rætt á formannafundi BÍ 7. nóvember sl. og samþykkt samhljóða á aukabúnaðarþingi 24. nóvember.

Sem dæmi mun kúabú með 70 kýr (ein róbótaeining), með um 60 milljóna króna veltu, greiða 42 þúsund til BÍ að því gefnu að tveir félagsmenn séu á búinu. Áður greiddi þetta bú um 720 þúsund í búnaðargjald og þar af runnu um 210 þúsund krónur til BÍ og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Nú er fjármögnun RML komin inn í rammasamning sem ekki var áður. Blandað bú með 40 kýr og 250 kindur með um 40 m.kr. veltu greiddi áður um 480 þúsund í búnaðargjald og þar af til BÍ (RML) um 140 þúsund krónur. Nú verða það 42 þúsund krónur. Sama er að segja um sauðfjárbú með 500 kindur með um 12 m.kr. veltu. Það greiddi áður um 140 þ. kr. í búnaðargjald og þar af um 47 þ.kr. til BÍ (RML). Dæmi um aðila sem er með lítinn rekstur, t.d. 50 kindur, greiddi áður 14 þúsund krónur í búnaðargjald og þar af 5 þúsund til BÍ og RML. Þessi aðili getur sótt um að greiða lágmarksgjald, kr. 12 þúsund, en með því nýtur hann fullra félagslegra réttinda.



Gunnar K. Eiríksson, Guðbjörg Jónsdóttir og Einar Ófeigur Björnsson voru fulltrúar BÍ á fundum í Skaftafellssýslum þar sem þau fengu blíðskaparveður.

Framkvæmd innheimtu verður með þeim hætti að gengið er út frá því að allir núverandi félagar séu félagsmenn í BÍ. Sendur verður út valkvæður greiðsluseðill ásamt kynningarbréfi í febrúar. Upplýsingar um félagsaðild hvers og eins verður að finna á Bændatorginu. Undir „Mínar upplýsingar“ verða listaðir upp aðilar sem standa að viðkomandi búrekstri og þau félög sem bændur eru í.

### *Hver er ávinningurinn af aðild að Bændasamtökunum?*

Eftir því sem fleiri verða félagsmenn í BÍ verður samtakamáttur heildarinnar meiri. Erfitt er að meta til fjár þann hag sem bændur hafa af hagsmunabaráttunni en auk hennar fá bændur ýmis fríðindi. Veittur verður afsláttur af forritum BÍ, bændur njóta ráðgjafar í ýmsu sem snýr að félagslegum réttindum, geta sótt lögfræðiráðgjöf, fá bændaafslátt á Hótel Sögu og geta leigt sumarhús og orlofsíbúð gegn vægu gjaldi. Þá fá félagsmenn áfram Bændablaðið sent heim til sín. Stjórn BÍ á eftir að ákvarða um afslætti af forritum en þeir sem eru utan við samtökin geta vænst þess í sumum tilfellum að greiða meira en bændur sem eru í félagsskapnum.

Á bændafundunum var farið yfir það í hverju hagsmunabaráttan er fólgin. Hún er kjarnastarfsemi BÍ en er ekki alltaf sýnileg hinum almenna félagsmanni. Hún er unnin í nánu samstarfi við aðildarfélögin, er nauðsynleg og getur kostað mikla fyrirhöfn og fjármuni. Sterkt bakland er forsenda þess að vel takist til og þess vegna munar um hvern og einn félagsmann. /TB

# Slagkraft bænda þarf að nýta til fulls

## – fjölbreytt viðfangsefni í hagsmunabaráttunni, segir Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ

**Þunginn í starfi Bændasamtaka Íslands er margvísleg hagsmunabarátta fyrir landbúnaðinn, allt frá því að kynna störf bænda og afurðir þeirra með margvíslegum hætti og til þess að gera samninga við stjórnvöld um stuðning við landbúnað á breiðum grunni. Varla þarf að velkjast í vafa um að sameinað afl bænda í einum samtökum með almennri aðild bænda er mikilvægt til að rödd bænda hafi sem mestan slagkraft í þeim verkefnum sem brenna á hverju sinni. Misjafnt er hins vegar hve sýnileg þessi verkefni eru jafnvel þó þau varði marga.**

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ, segir að samtökin sinni fjölbreyttu starfi en viðamestu viðfangsefni í hagsmunabaráttunni núna nýlega séu nýir búvörusamningar. Önnur mál, eins og umræða um matvælaverð, tollamál, dýravelferðarmál, málefni ESB, hagsmunir dreifbýlisins og vinnumarkaðsmál séu fyrirferðarmikil. Þá reka samtökin ýmsa þjónustu fyrir sína félagsmenn eins og orlofsíbúðir, lögfræðiráðgjöf og vinnuverndarverkefni.



Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, Sindri Sigurgeirsson formaður og Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri. Saman njóta þau liðsinnis starfsfólks í Bændahöllinni og margra trúnaðarmanna innan félagskerfisins um land allt við að gæta hagsmuna bænda. Formaður BÍ er talsmaður samtakanna og kemur fram fyrir þeirra hönd. Mynd / TB

*Matvöruverð*

Umræða um verðlag á matvörum fer af og til í gang, segir Erna, og að BÍ séu virkir þátttakendur í henni. „Fyrir tæpu ári gáfu samtökin út skýrslu um verðlag á matvörum sem fékk mikla umfjöllun og viðbrögð. Undir árslok 2016 kom aftur upp umræða um verðlag á Íslandi. Forstjóri IKEA gagnrýndi þá m.a. mörg starfssystkin sín í verslun hér á landi fyrir háa álagningu og að skila ekki gengisstyrkingu til viðskiptavina sinna. Tollar hafa einnig verið lækkaðir eða afnumdir á mörgum vörum og sömuleiðis vörugjöld felld niður. En einnig nefndi hann að verðlag á Íslandi yrði þó alltaf hærra en í nágrannalöndunum af ýmsum ástæðum. Þetta hljómaði vægast sagt kunnuglega og í raun mátti finna orðum hans stað í mörgu af því sem Bændasamtökin hafa fært fram í umræðum um matvælaverð,“ segir Erna.

*Kjör bænda og vinnumarkaðsmál*

Kjarasamningar eru gerðir á grundvelli laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Bændasamtökin annast gerð samninga um kaup og kjör starfsfólks í landbúnaði við Starfsgreinasamband Íslands. Erna segir að í samningnum sé tekið á ýmsum málum sem eru sértæk og tengjast landbúnaði, s.s. að starfsfólk býr á heimili vinnuveitenda, skipulagi vinnutíma á kúabúum o.s.frv. „Bændasamtökin eiga árlega mörg samtöl og fundi með forystufólki í verkalýðshreyfingunni. Einnig miðlum við upplýsingum um kjarasamninginn og almenn réttindi launafólks og skyldur bænda sem vinnuveitenda, eftir því sem við verður komið og svörum um það fyrirspurnum,“ segir Erna og bætir við að mikil umræða hafi skapast í samfélaginu um störf sjálfboðaliða. „Bændasamtökin hafa lagt áherslu á að upplýsa bændur um að hvers kyns sjálfboðastarf í efnahagslegri starfsemi er ólöglegt, kjarasamningar kveða á um lágmarkskjör á vinnumarkaði og fellur búrekstur þar undir rétt eins og öll önnur atvinnustarfsemi,“ segir hún.

*Norrænt samstarf er gagnlegt*

Norrænt samstarf er annars konar dæmi um verkefni sem er stöðugt í gangi. Þar gefst kostur á að fylgjast með því sem efst er á baugi í nágrannalöndunum, oft er þar umræða sem skolar nokkrum mánuðum eða misserum síðar á land hér hjá okkur. Erna er fulltrúi Bændasamtakanna í alþjóðlegu samstarfi og hefur m.a. tekið þátt í félagsstarfi Samtaka norrænna bænda, NBC, um árabil. „Það er ómetanlegt að eiga aðgang að fólki sem búið er að byggja upp persónuleg tengsl við, og geta leitað til þeirra þegar snúin mál koma upp hjá okkur. Nýjasta dæmi um slíkt er umræða um velferð dýra. Þar var hægt að afla upplýsinga með skjótum hætti, um hvernig tekið er á umræðu um erfið mál líkt og komu upp hér seint á síðasta ári. Umræður um dýraheilbrigði, lyfjaþolnar bakteríur, umhverfismál, alþjóðaviðskipti o.s.frv. fara einnig fram á þessum samstarfsvettvangi, allt mál sem mikilvæg eru í okkar umhverfi,“ segir Erna.

*Bann við innflutningi á hráu kjöti*

Eitt stærsta mál sem Bændasamtökin hafa lagt krafta sína í sl. ár er baráttan fyrir frystikröfunni á hrátt innflutt kjöt. „Íslenskt búfé er einstakt á heimsvísu. Sauðfé, geitur, mjólkurkýr og hross auk landnámshænsnanna hafa verið hér einangruð í rúm 1100 ár. Auk erfðafræðilegrar sérstöðu eru mjög fáir sjúkdómar þekktir í búfé hér samanborið við flest önnur lönd. Stofnarnir eru því afar næmir fyrir óþekktum smitefnum, sem jafnvel eru algeng og hafa lítil áhrif á heilsu búfjár í nálægum löndum. Heilbrigt búfé og landbúnaðar sem byggir á takmarkaðri eða engri notkun lyfja er auðlind sem okkur ber að varðveita og verja með öllum ráðum. Það er á okkar ábyrgð að standa með framleiðsluháttum sem ekki treysta á óhóflega lyfjanotkun með ófyrirséðum afleiðingum. Heilbrigt búfé er ein af forsendum þess. Auk þess ber okkur skylda til að verja búfé okkar fyrir þeim þjáningum sem fylgja skæðum sjúkdómum,“ segir Erna.

Í ljósi þessa hafa BÍ barist fyrir því að gerð sé krafa um frystingu á hráu kjöti að lágmarki í 30 daga fyrir innflutning.

Erna segir að Bændasamtök Íslands hafi tekið málið föstum tökum frá upphafi. M.a. var leitað til Lagastofnunar HÍ til að fá álit á afmörkuðum spurningum um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá EES-samningnum og tilheyrandi innleiðingum á reglugerðum sumarið 2008. Einnig hefur verið haldið uppi öflugu kynningarstarfi á mikilvægi þess að viðhalda umræddri frystikröfu til verndar heilsu búfjár sem og fólks.

EFTA-dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að EES-ríkjum sé óheimilt að skylda innflytjendur hráss kjöts hér á landi til þess að afla sérstaks innflutningsleyfis sem felur í sér skil á vottorði til staðfestingar þess að kjötið hefði verið geymt frosið í tiltekinn tíma fyrir tollafgreiðslu. Málið er nú á leið í gegnum íslenska dómskerfið og því enn von um að niðurstaða fáist íslensku búfé í hag. BÍ munu áfram nýta öll ráð til að verja íslenskt búfé og þá auðlind sem í því felst. Afstaða okkar nýtur skilnings út fyrir landsteinana. Verum þess minnug að það er fólk sem setur lög og reglur og breytir þeim eftir atvikum,“ segir Erna.

*Skráning markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni*

Mál er varðar viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur er gott dæmi um verkefni sem eru ekki endilega í fréttum en kallar á verulega vinnu hjá BÍ. Málið varðar ekki eingöngu garðyrkjubændur heldur alla þá sem nota varnarefni í hvers kyns jarðrækt. Hér er því um víðtæka hagsmunagæslu að ræða og málið ekki til lykta leitt.

„Árið 2015 var sett reglugerð um innleiðingu á reglugerðum ESB um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir kostnaði við skráninguna en auk þess fellur til kostnaður hjá þeim sem sækja um slíka skráningu við að vinna slíka umsókn. Vegna smæðar markaðarins sjá söluaðilar hins vegar ekki fjárhagslegan flöt á að sækja um skráningu efnanna. Auk þess tryggir skráningin ekki að aðrir innflytjendur geti ekki flutt inn sömu efni til sölu á eigin vegum. Í 4. reglugerðinni er heimild til að leyfa hagsmunasamtökum að sækja um skráningu markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni. Samband garðyrkjubænda ásamt BÍ hafa skoðað þetta mál út vandlega og m.a. hefur verið unnin kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar markaðsleyfa fyrir 55 nauðsynlegar plöntuverndarvörur á næstu 5 árum. Kostnaður við það skiptir milljónum króna. Strax í innleiðingarferli reglugerðarinnar var bent á að þessi staða kynni að koma upp.

Mál þetta hefur ekki fengið viðunandi úrlausn enn þá. Enginn flötur er á að hagsmunasamtök geti nýtt fyrrnefnda „varaleið“ í reglugerðinni til að tryggja aðgengi að öllum nauðsynlegum efnum, til þess er fjárhagsleg áhætta of mikil. Í árslok var ráðherrum þriggja ráðuneyta ritað bréf þar sem skorað var á þá að leita allra mögulegra leiða til að leysa hnútinn sem þetta mál er komið í. Óskiljanlegt er með öllu að innleiðing reglugerða á grundvelli EES samningsins geti sett heila atvinnugrein í þá stöðu sem komin er,“ segir Erna Bjarnadóttir hjá Bændasamtökum Íslands.

### Samtök byggð á gömlum merg

Bændasamtök Íslands voru stofnuð árið 1995 með sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Fyrrnefndu samtökin rekja sögu sína aftur til ársins 1837 en fyrsta búnaðarfélag á landinu var stofnað þann 8. júlí það ár, Suðuramtsins hús- og bústjórnarfélag.

Í ár eru liðin 180 ár frá stofnun þess. Stéttarsamband bænda var hins vegar stofnað árið 1945. Hlutverk Bændasamtaka Íslands er að vera málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.



### Bændur greiða félagsgjöld í stað búnaðargjalds

Bændasamtökin eru frjáls félagasamtök. Fram til síðustu áramóta var hagsmunabarátta BÍ rekin fyrir tekjur af búnaðargjaldi sem ríkið innheimti af bændum. Nú hefur búnaðargjald verð lagt niður en þess í stað greiða bændur félagsgjald beint til BÍ.

Tekjur Bændasamtakanna eru í meginatriðum þrenns konar. 1) Tekjur af félagsgjöldum bænda, (2) þjónustu- og sölutekjur af rekstri, (3) tekjur af fasteignum og fjármunatekjur.

Rekstur BÍ hefur verið í jafnvægi síðustu ár en heildarvelta er tæpar 500 milljónir króna á ársgrundvelli. Þar af er launakostnaður um helmingur.

Starfsfólk á skrifstofu BÍ annast allar fjárreiður, bókhald, launagreiðslur og rekstur skiptiborðs fyrir samtökin og fleiri tengda aðila.

ÞORRATILBOÐ 2017

Tilboð á sérmerktum glösum fyrir þorrablót



BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR

Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík
Sími 569 9000 - sala@bros.is - www.bros.is

# Bændasamtökin veita bændum tölvu- og tækniþjónustu

## – Mikil verðmæti liggja í hugbúnaði og þekkingu

**Hjá Bændasamtökunum er starfandi tölvudeild sem sinnir hugbúnaðarþróun og rekstri tölvukerfa sem bændur nota í sínum daglegu störfum. Þorberg Þ. Þorbergsson tölvunarfræðingur stýrir deildinni en alls starfa 10 manns við hugbúnaðarþróun og rekstur tölvukerfa hjá samtökunum. Þjónustufulltrúar eru þrír, einn kerfisstjóri, fimm aðilar sem sinna hugbúnaðargerð og einn kynbótafræðingur.**

**Aðalstarfsstöð deildarinnar er í Bændahöllinni en einnig er starfsstöð á Akureyri og einmenningsstöð í Vatnsdalnum.**



Þorberg Þ. Þorbergsson, forstöðumaður tölvudeildar BÍ, starfar á Akureyri. Mynd / JÞS

### *Hugbúnaður í stöðugri þróun*

Þorberg segir að viðfangsefni deildarinnar séu fjölbreytt, allt frá þróun og rekstri hugbúnaðar til ýmiss konar þjónustu, s.s. við starfsfólk BÍ og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og bændur sjálfa.

„Verkefnin sem tölvudeildin sér um beina þróun á eru WorldFengur, SportFengur, dyraudkenni.is, Snati, Landsmarkaskrá, Jörð, Fjárvís, geitfjárræktarforritið Heiðrún, Bústofn, Búfjárheilsa og Mark. Einnig komum við óbeint að Huppu og Bændatorgi þó svo þróun sé í höndum verktaka. Í verktakavinnu eru verkefnin Bændatorg og Huppa," segir Þorberg.

Að auki rekur tölvudeildin dyraudkenni.is sem er gæludýragagnagrunnur í eigu Dýralæknafélags Íslands. Önnur verkefni eru Snati sem er í eigu Smalahundafélags Íslands og heldur utan um skráningar á smalahundum. Landsmarkaskrá er rafræn markaskrá sem áður var innbundin í bók en er nú komin á veflægt form. Bústofn, Búfjárheilsa og Mark eru í eigu MAST og fyrirhugað er að flytja þessi verkefni til Fiskistofu en hingað til hefur öll þróun farið fram í tölvudeild Bændasamtaka Íslands.

„Skýrsluhaldskerfin eru í stöðugri þróun og unnið er af fullum krafti að þróun þeirra. Fjárvís hefur fengið góðar viðtökur sauðfjárbænda eftir að ný vefútgáfa fór í loftið árið 2015 og nýtt skýrsluhaldskerfi í geitfjárrækt hefur einnig verið tekið í gagnið. Huppa er í áframhaldandi þróun hjá Stefnu hugbúnaðarhúsi á Akureyri í samráði við tölvudeild BÍ og ráðgjafa RML. Hvað hrossaræktina varðar þá er nú unnið að endurbótum á SportFeng, mótakerfi Landssambands hestamanna, en hefur sú vinna verið á döfinni lengi. WorldFengur, upprunaættbók íslenska hestsins, er jafnframt í stöðugri þróun. Samstarfsverkefninu *LM myndbönd* milli Bændasamtaka Íslands og Landsmóts ehf. var hrint úr vör árið 2015 og síðan var opnað formlega fyrir sérstakan aðgang í WorldFeng á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Danmörku í ágúst sama ár.



Jóhannes Frímann Halldórsson, forritari í tölvudeild, er einn af 10 starfsmönnum deildarinnar. Mynd / TB

Miklar fjárfestingar hafa verið í þróun og rekstri í upplýsingatækni síðustu ár. Kostnaður við hugbúnaðarþróun er hár en ábatinn er mikill og tekjur af forritasölu og rekstri fara vaxandi. Sem dæmi eru tekjur af WorldFeng um 10 milljónir á ári og koma 70% þeirra erlendis frá.

### *Bókhaldskerfi á gömlum grunni*

dkBúbót er bókhaldskerfi fyrir bændur sem uppfyllir kröfur um rafrænt bókhald sem og hið hefðbundna bókhald. Kerfið hefur staðið bændum til boða allt frá árinu 2002. Þorberg segir að stór hluti bænda nýti sér kerfið í dag og hefur notendum farið fjölgandi. „Vegna stöðugrar þróunar í tölvuheiminum færist nú mjög í vöxt hýsing á hugbúnaði og gögnum, þá oft talað um skýjaþjónustu. Slík þjónusta hefur verið í boði hjá tölvudeildinni fyrir notendur dkBúbót frá árinu 2006 og hafa bændur nýtt sér þá þjónustu í meira mæli. Stefnt er að því að fá sem flesta notendur í hýsingu með bókhaldsgögn sín. Með þessu er öryggi gagna tryggt með viðurkenndum aðferðum og notandi þarf ekki að sjá sjálfur um neinar kerfisuppfærslur."

### *Bændur geta fengið netfang með endingunni @sveitin.is*

Vinna við sveitin.is er í fullum gangi þar sem ætlunin er að Bændasamtökin veiti bændum aukna tölvu- og tækniþjónustu. Nú stendur yfir ljósleiðaravæðing á landsbyggðinni en margir bændur munu í fyrsta skipti geta valið sér internetþjónustuaðila. Tölvupóstur mun hins vegar geta stoppað það valfrelsi, þar sem hann eyðist út, ef bóndi ákveður að skipta um þjónustuaðila. BÍ stefna að því að bjóða bændum upp á tölvupóstþjónustu undir léninu @sveitin.is, en þá mun tölvupósturinn verða öruggur og óháður því hvaða internetveitu viðkomandi bóndi ákveður að eiga viðskipti við. Einnig gæti opnast möguleiki á rafrænu samfélagi fyrir bændur í gegnum Skype for Business, sem á að auðvelda alla fjarfundi, upptökur af fundum o.s.frv.," segir Þorberg Þ. Þorbergsson, forstöðumaður tölvudeildar BÍ.



Á skrifstofu BÍ Reykjavík starfa meðal annarra þau Sigríður Þorkelsdóttir, Auður Oddgeirsdóttir, Jóhanna Lúðvíksdóttir, Halldóra Ólafsdóttir, Gylfi Þór Orrason og Erna Bjarnadóttir. Mynd / TB

## Um 30 starfsmenn hjá BÍ

Stöðugildi hjá Bændasamtökunum eru rúmlega 26 talsins og starfsmannafjöldi um 30 manns. Meginstarfsemi samtakanna er í Bændahöllinni en þau eru einnig með starfsstöð á Akureyri, auk þess sem nokkrir starfsmenn hafa aðsetur annars staðar. Þá eiga og reka samtökin Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem rekur 13 starfsstöðvar víðs vegar um land. Hótel Saga er í eigu Bændasamtakanna og samtökin njóta arðs af þeirri eign. Um þessar mundir er einangrunarstöð fyrir holdanaut í byggingu á Stóra-Ármóti sem samtökin munu eiga og reka í félagi við BSSL og LK. Bændasamtökin eiga hlut í Landsmóti ehf.

Starfsfólki hefur fækkað á síðustu misserum en stærstu breytingarnar í rekstri samtakanna voru þegar Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) var sett á fót og landsráðunautar, sem áður voru á launaskrá BÍ, fluttust yfir til RML. Þá voru breytingar fyrir rúmu ári síðan þegar Búnaðarstofa Matvælastofnunar tók yfir þau verkefni sem BÍ sinnti áður fyrir hið opinbera við útgreiðslu beingreiðslna og ýmsa aðra umsýslu.



Ársfundur og Bændahátíð BÍ verða haldin í Hofi á Akureyri 3. mars. Mynd / Auðunn Níelsson

## Búnaðarþing og ársfundur BÍ

Búnaðarþing er nú haldið á tveggja ára fresti en þess á milli er haldinn ársfundur með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Ársfundurinn verður í fyrsta skipti í ár en hann fer fram í Hofi á Akureyri föstudaginn 3. mars nk. Fundurinn hefst að morgni en upp úr hádegi verður boðið til opinnar ráðstefnu um landbúnað þar sem umfjöllun um tækni og nýsköpun í landbúnaði ásamt fleiru verður í brennidepli. Um kvöldið munu bændur slá upp bændahátíð í Hofi þar sem góður matur verður á boðstólum og dansað inn í nóttina. Fyrirkomulag hátíðarinnar verður auglýst bráðlega. Áhugasamir eru hvattir til að huga að gistingu í tíma á Akureyri en fjöldi hótela og gististaða er í bænum. Meðal þeirra sem hafa boðist til að hýsa bændur á hagstæðum kjörum eru Icelandair Hotels, Hótel Natur, Sæluhús Akureyri og Hótel Kjarnalundur. Nánari upplýsingar um gistingu á Akureyri er að finna á vefsíðunni visitakureyri.is.




KJÖTVINNSLUVÉLAR

Eigum ennþá nokkrar kjötvinnsluvélar til á lager: Kjötsagir, hakkavélar, hamborgarapressu, bjúgnagerðarvél, og vacumpökkunarvélar.





Plastgrindur fyrir fjárhús

Eigum til á lager plastgrindur fyrir fjárhús

Allar nánari upplýsingar í síma 897-3290 eða á email: haukur@samleid.is

SAMLEIÐ

Samleið ehf, Sunnubraut 2, 620 Dalvík

Nútíma músavarnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:

Bústólpi FÓÐURBLANDAN BÚREKSTRARDEILD KVH Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

# Mikilvægt að tala máli bænda

## – Hagsmunabaráttan er góð fjárfesting og nauðsynleg til að efla landbúnaðinn

**Ímyndar- og kynningarmál skipa stóran sess í hagsmunabaráttu Bændasamtakanna og hafa vaxið að umfangi síðustu ár. Forvígismenn bænda þurfa að vera fljótir að svara og bregðast við fjölbreyttum málum sem eru uppi í umræðunni hverju sinni. Það er einnig þeirra hlutverk að koma á framfæri því sem brennur á bændum. Bændasamtökin reka sérstakt útgáfu- og kynningarsvið sem sér um margvísleg verkefni sem tengjast almannatengslum og útgáfu. Bændablaðið er kjarni starfsemi sviðsins en það er í fleiri horn að líta.**

Tjörvi Bjarnason er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs en ásamt honum eru fjórir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi. Að auki eru verktakar og samstarfsmenn víða sem leggja starfseminni gott til. „Bændablaðið er fyrirferðarmest í rekstri sviðsins og útheimtir mestan mannafla. Umfang þess hefur vaxið jafnt og örugglega og auglýsingatekjur standa undir rekstrinum. Við sendum blaðið á öll lögbýli auk þess sem því er dreift víða, s.s. í matvöruverslunum, í sundlaugum, bensínstöðvum og víðar. Ársáskrift að blaðinu kostar rúmar 10 þúsund krónur en eldri borgarar fá helmingsafslátt. Það hefur sýnt sig að blaðið er mikið lesið og það hefur gefið okkur byr undir báða vængi. Út af fyrir sig er Bændablaðið mjög verðmæt eign fyrir bændur landsins," segir hann.



Fastráðnir starfsmenn útgáfu- og kynningarsviðs BÍ eru fimm talsins en að auki nýtur deildin aðstoðar verktaka við ýmis störf. Frá vinstri: Blaðamennirnir Sigurður Már Harðarson og Vilmundur Hansen, Tjörvi Bjarnason sviðsstjóri, Ásgerður M. Hólmbertsdóttir auglýsingastjóri og Hörður Kristjánsson, ritstjóri Bændablaðsins. Mynd / Ingibjörg Pétursdóttir

### *Vef- og samfélagsmiðlar í sókn*

Nýlega var nýr vefur Bændasamtakanna, www.bondi.is, settur í loftið. Þar er hafin vinna við að gera ítarlegan fræðsluhluta sem á að nýtast öllum almenningi, en sérstaklega er hugsað um ferða- og leiðsögumenn. „Bændablaðsvefurinn bbl.is er jafnframt í okkar umsjón. Á bilinu 700–1.300 notendur heimsækja hann daglega en þar höfum við leitast við að halda saman allflestu efni sem birtist í Bændablaðinu auk myndbanda og nýrra frétta. Aðsókn að bæði bondi.is og bbl.is hefur aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að við förum að nota Facebook í meiri mæli til þess að dreifa boðskapnum. Samfélagsmiðlarnir hafa mikil áhrif og gegna ríku hlutverki í öllum samskiptum og að dreifa efni," segir Tjörvi.



Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá BÍ, hefur unnið að upptöku félagsgjalda hjá samtökunum síðustu mánuði.

### *Samvinna í almannatengslum skilar betri árangri*

Almannatengsl snúast að miklu leyti um að taka þátt í umræðu um landbúnað, bæði í fjölmiðlum og úti á meðal almennings. Bein samskipti við stjórnmálamenn og þá sem starfa á fjölmiðlum og veita margvíslegar upplýsingar er ekki síst hluti af því að tala máli bænda. „Við þurfum oft að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttri umræðu um landbúnað. Formaðurinn okkar, hann Sindri Sigurgeirsson, er talsmaður samtakanna og kemur fram fyrir þeirra hönd. Á bakvið hann er hins vegar starfsfólk frá samtökunum og ráðgjafar sem eru honum innan handar. Það er líka mikil samvinna við starfsfólk og formenn búgreinafélaga og það hefur gefið góða raun. Eftir því sem fleiri leggja hönd á plóg, þeim mun meiri er uppskeran. Dæmi um það er umræðan um ofnotkun sýklalyfja í alþjóðlegum landbúnaði, innflutning á hráu kjöti, upprunamerkingar matvæla og auðvitað allt í kringum nýliðið búvörusamningaferli," segir Tjörvi.

### *Samstarf sem snýr að ímynd matvælaframleiðslu*

Bændasamtökin eiga í samstarfi við bæði fyrirtæki og stofnanir í matvælageiranum. „Við höfum tekið þátt í fjölbreyttu samstarfi sem hefur það markmið að auka hlut og efla orðspor matvælageirans í samfélaginu. Árlega höfum við t.d. staðið fyrir ráðstefnu um matartengd málefni í samvinnu við Íslandsstofu, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Háskóla Íslands, Matís og fleiri. Þá höfum við átt í samstarfi um að minnka matarsóun og að auka vægi upprunamerkinga með aðilum eins og Neytendasamtökunum, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífisins og fleirum. Þá má nefna Landbúnaðarklasann og aðgerðir fyrirtækja í landbúnaði til að efla ímynd atvinnugreinarinnar. Ísland er matvælaland og matvælaframleiðsla skiptir þjóðarbúið gríðarlegu máli. Þess vegna er þörf á því að við snúum bökum saman til að efla matvælageirann í heild sinni," segir Tjörvi.

### *Bændur sem opna sín bú vinna gott starf fyrir heildina*

Það hefur færst í vöxt á síðustu árum að ferðafólk heimsæki sveitina. Mikil eftirspurn er eftir afþreyingu og nokkrir bændur hafa séð tækifærin í að taka á móti gestum gegn gjaldi. „Hjá BÍ höfum við rekið tengslanet bænda sem við köllum *Opinn landbúnað*. Í því eru á fjórða tug bænda sem samanlagt taka á móti yfir 100 þúsund gestum á ári. Það hefur í raun orðið algjör sprenging í heimsóknum á íslenska bóndabæi og að mínu mati leynast þarna ennþá mikil tækifæri fyrir áhugasama bændur. Verkefnastjóri Opins landbúnaðar er hún Berglind Hilmarsdóttir, bóndi á Núpi III undir Eyjafjöllum, en hún hefur jafnframt rekið verkefnið Dagur með bónda í tæpa tvo áratugi. Það felst í því að bóndi heimsækir 7. bekki grunnskóla og ræðir við nemendur um landbúnaðinn í nokkrar kennslustundir. Á hverju ári fá um 80 bekkir heimsóknir frá bændum."

### *Þurfum að fá alla bændur með á vagninn*

Síðustu mánuði hefur útgáfu- og kynningarsvið í samvinnu við annað starfsfólk BÍ og Guðbjörgu Jónsdóttur verkefnisstjóra unnið að innleiðingu félagsgjalda hjá BÍ. „Við horfum fram á miklar breytingar á næstu misserum og við verðum að tileinka okkur breytt rekstrarumhverfi. Í stað búnaðargjaldsins, sem var innheimt af búnaðargjaldsskyldri veltu búa, ákveða bændur nú sjálfir hvort þeir vilja vera með í Bændasamtökunum eða ekki með því að greiða valkvæð félagsgjöld. Ég hef trú á því að bændur taki nýju fyrirkomulagi vel en árgjaldið verður aðeins 42 þúsund krónur á ári eða 3.500 krónur á mánuði. Fyrir langflesta bændur er þetta lægri upphæð en þeir greiddu áður til samtakanna sinna í gegnum búnaðargjaldið. Það er okkar hlutverk hjá BÍ að vinna að heilindum fyrir landbúnaðinn og sannfæra bændur um að vera félagsmenn enda fylgir því mikill ávinningur. Þau störf sem samtökin sinna í hagsmunabaráttu fyrir bændur eru góð fjárfesting og nauðsynleg að mínu viti," segir Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs BÍ.




Bændahöllin

*Bændahöllin ehf. leitar að rekstrar- og byggingarstjóra Bændahallarinnar og húsvörðum. Viðkomandi þurfa að vera liprir og þægilegir í framkomu, sveigjanlegir, úrræðagóðir og metnaðarfullir. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.*

*Fasteignin er um 19.000 fermetrar að stærð. Í Bændahöllinni eru 236 hótelherbergi á vegum Hótel Sögu. Þar er einnig stór ráðstefnudeild, umfangsmikill veitingarekstur, rakari, hárgreiðslustofa og bankaútibú. Bændahöllin ehf. er í eigu Bændasamtaka Íslands. Systurfélag Bændahallarinnar ehf., Hótel Saga ehf. annast rekstur hótelsins.*

*Á næstu mánuðum og árum eru fyrirhugaðar umfangsmiklar breytingar og endurbætur í Bændahöllinni.*

## REKSTRAR- OG BYGGINGARSTJÓRI BÆNDAHALLARINNAR

**Helstu verkefni**

- Skipulagning á stærri viðhalds- og endurnýjunar verkefnum í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Verkstjórn og verkeftirlit með viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Verkáætlanagerð og gerð kostnaðaráætlana vegna viðhalds- og endurnýjanaverkefna.
- Samskipti við verktaka og samningagerð vegna endurnýjana- og viðhaldsverkefna.
- Byggingarstjórn í endurnýjunar- og viðhaldsverkefnum.
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarhugbúnaði fasteignarinnar.
- Umsjón með reglubundnu viðhaldi fasteignarinnar og innviðum hennar í samstarfi við húsverði.
- Samskipti og vinna fyrir leigutaka í fasteigninni vegna viðhalds, einkum Hótel Sögu ehf.

**Hæfniskröfur**

- Iðnmenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að uppfylla skilyrði til þess að geta fengið starfsleyfi byggingarstjóra, sbr. 28. gr. laga nr. 10/2010, um mannvirki.
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi.
- Geta unnið undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

## HÚSVERÐIR

**Helstu verkefni**

- Reglubundið viðhald á fasteigninni og innviðum hennar.
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarkerfi fasteignarinnar.
- Samskipti við þjónustuaðila og verktaka.
- Vinna við stærri viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í samstarfi við rekstrarstjóra fasteignar og framkvæmdastjóra.
- Samskipti og vinna fyrir leigutaka í fasteigninni vegna viðhalds, einkum Hótel Sögu ehf.

**Hæfniskröfur**

- Iðnmenntun, önnur menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi.
- Geta unnið undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

*Nánari upplýsingar um störfin veitir Elías Blöndal Guðjónsson, framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf., á netfanginu elias@baendahollin.is.*

*Umsóknum ásamt ferilskrám skal skilað á skrifstofu félagsins á 3. hæð Bændahallarinnar við Hagatorg eða í tölvupósti á netfangið elias@baendahollin.is eigi síðar en föstudaginn 20. janúar 2017.*




B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 10.500 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is




Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

TRYGG Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is


## Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum

Framleiðnisjóður er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og býður fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

a. hagnýtra rannsóknarstarfa og aðra þekkingaröflunar í greininni.
b. nýsköpun atvinnu á bújörðum og fyrirtæki í dreifbýli.

Kallað er eftir umsóknum frá bændum, samvinnuhópum bænda og aðilum innan rannsókna- og þróunargeirans. Við ákvarðanatöku um úthlutanir til verkefna, sem hafa það að markmiði að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra í sveitum, njóta forgangs þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni.

Þá mun sjóðurinn veita styrki til framhaldsnáms (MS eða PhD) á fagsviði sjóðsins.

Mikilvægt er að í umsókn sé

- Markmið verkefnisins sett fram með skýrum og mælanlegum hætti.
- Sýnt fram á faglega og fjárhagslega möguleika umsækjanda til þess að leysa verkefnið af hendi.
- Glögg grein gerð fyrir kostnaði við verkefnið og hvernig það skuli fjármagnað; einkum er mikilvægt að gera grein fyrir eigin framlagi umsækjanda til verkefnisins.
- Sýnt fram á fýsileika verkefnis og áætlaðan ábata af því á fyrirsjánlegum tíma.

**Umsóknafrestur er til 10. febrúar n.k (póststimpill gildir)**
Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.
Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300



Litarhaft hrossa er margbreytilegt og í íslenska stofninum er að finna yfir 40 liti og 100 litaafbrigði.

# Hesturinn – þarfasti þjónninn

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Allt frá því að menn tömdu hesta hafa þeir verið vinnudýr og reiðskjótar. Góður reiðhestur er stolt eiganda síns og metnaður allra hestamanna að vera vel ríðandi.**

Áætlaður fjöldi hesta í heiminum er rétt um 58 milljón en þeim hefur fækkað um milljón á ári síðastliðinn áratug samkvæmt tölum FAOSTAD, tölfræðideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Langstærstur hluti hesta í dag er taminn og sé um villt stóð að ræða eru það í flestum tilfellum hestar sem hafa sloppið út í náttúruna úr tömdum stóðum.

Af öllum þeim hestakynjum sem þekkt eru í heiminum er aðeins vitað um tvö sem ekki hafa verið tamin. Annað kallaðist Tarpan (Equus ferus ferus) og var villtur í Evrópu en dó út 1909. Hitt er rússneski Przewalski-hesturinn (Equus caballus Przewalski), villti Mongólíu eða Asíu-hesturinn.

Árið 2014 var flest hross að finna Bandaríkjum Norður-Ameríku, rúmlega 10 milljón. Þar á eftir var fjöldinn mestur í Kína og Mexíkó, rúmlega 6,3 milljón í hvoru landi. Í Brasilíu voru hestar tæplega 5,3 milljónir og rúmlega 3,6 milljón hestar voru sagðir vera í Argentínu. Fjöldinn í Kólumbíu var og rétt rúmlega 2 milljón í Mongólíu, 1,6 í Eþíópíu, 1,3 í Rússlandi og 1,1 milljón í Kasakstan. Á eyjunum Guam og Grenada voru hestar sagðir vera milli 20 og 30 og engir hestar voru á því ári sagðir finnast í Rúanda og á eyjunni Sankti Helenu.

Áætlað er að hestar á Íslandi séu um 75.000.

### *Ásýnd og atferli*

Hestar eru af ættbálki hófdýra og tilheyra ættkvíslinni Equus ásamt ösnum og sebrahestum. Nánustu ættingjar ættkvíslarinnar eru nashyrningar og tapírar. Fjöldi hestakynja er á reiki og teljast frá því að vera rúmlega 100 og upp í tæplega 600. Á latínu kallast hestar Equus caballus.

Þrátt fyrir að hestar skiptist í mörg ólík kyn og að stærð þeirra sé mismunandi er líffæra- og lífeðlisfræði þeirra eins að því undanskildu að það geta verið færri hryggjarliðir í arabískum hestum.

Í grófum dráttum er hrossakynjum skipt í tvo flokka eftir hæð á herðakamb, smáhesta og hesta. Hæðin er mæld á herðakambi og smáhestar kallast þeir hestar sem ná ekki 147 sentímetra hæð. Skiptingin er þó ekki algild og þótt meðalhæð íslenska hestsins sé um 140 sentímetrar er hann yfirleitt talinn hestur en ekki smáhestur.

Þyngd hesta er mismunandi eftir kynjum og geta stærstu dráttarklárar verið rúmt tonn að þyngd.

Minnsta viðurkennda hrossategundin í heiminum kallast Falabella en sú stærsta er Skírir (Shire). Stærsti einstaklingurinn sem vitað er um af Skíriskyni var kallaður Mammoth og var 2,2 metrar á hæð við herðakamb og vó 1524 kíló. Minnsti hestur sem vitað er um er 43 sentímetrar við herðakamb og vegur 26 kíló og ber heitið Þumalína.

Hestar eru grasbítar og hópdýr og saman stendur hrossastóð villtra hrossa af stóðhesti og stóðmerum auk afkvæma. Oft eru yngri graðhestar með í stóði og slást um tign í goggunarröðinni. Oftast er það elsta merin sem stjórnar stóðinu í leit að fæðu og skjóli. Hún þekkist af því að hún lætur flest hrossin éta á undan sér, ef litið er um mat, en nýtur samt fyllstu virðingar allra



Elsti hesturinn sem vitað er um kallaðist Old Billy og lifði hann í 62 ár.



Rússneski przewalski-hesturinn, villti Mongólíu eða Asíu-hesturinn.



Á miðri járnöld tóku Keltar á Bretlandseyjum sig til og flettu torfi af krítarklettum og bjuggu þannig til risastórar myndir í landslagið. Frægust þessara mynda er í Uffington og er af hesti.



Einhyrningar eru goðsöguleg dýr sem líkjast hestum með langt og snúið horn sem stendur út úr enninu á þeim.

hrossanna í stóðinu. Hún fer fyrir hópnum og velur bestu og öruggustu leiðina milli beitarsvæða.

Þegar stóð hvílast er að jafnaði einn eða tveir hestar sem standa og halda vörð fyrir rándýrum. Hestar geta sofið standandi en gera það yfirleitt ekki nema á daginn og í stutta stund í einu. Á næturnar sofa þeir liggjandi. Hestur í afslöppun einkennist af því að ef hann stendur hvílir hann gjarnan aðra afturlöppina og neðri flipinn hangir slakur. Auk þess eru augun lokuð.

Merar kasta yfirleitt á vorin og er meðganga þeirra um ellefu mánuðir. Yfirleitt fæða þær einu folaldi í kasti, tvífyl eru afar óalgeng, og kallast þau merfolald og hestfolald eftir kynjum. Merar geta gengið lengur með ef hart er í ári og allt að 365 daga. Slíkt er algengt á kaldari svæðum á jörðinni, eins og á Íslandi, vegna þess hve vorhret eru algeng.

Lífaldur hests fer eftir kyni, umhverfi og erfðum. Í dag lifa hestar gjarnan til 25 til 30 ára aldurs en hestar í villtum stóðum lifa yfirleitt skemur. Elsti hesturinn sem vitað er um kallaðist Old Billy og lifði hann í 62 ár.

Að jafnaði eru 250 bein í beinagrind hesta.

*Skynjun*

Augu hesta eru stór og staðsett á hliðum höfuðsins. Staðsetning augna veldur því að sjónsvið þeirra er vítt og allt að 350° auk þess sem þeir sjá vel í myrkri. Eyru hesta geta snúist um 180° og heyrn þeirra er góð. Lyktarskyn hesta er einnig mjög gott.

Rannsóknir og reynsla sýna að hestar eiga auðvelt með að læra og muna og fara eftir skipunum.

*Þróun og nytjar*

Talið er að fyrstu hófdýrin hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir um 40 til 50 milljón árum. Hesturinn þróaðist frá því að vera með fimm tær eða klaufir á hverjum fæti niður í einn hóf á hverjum fæti.

Á ríflega tuttugu þúsund ára gömlum hellaristum í Lascaux í Frakklandi má sjá hesta og menn veiða hesta sér til matar.

Vísbendingar eru um að hestar hafi verið tamdir í Mið-Asíu, Úkraínu og Kasakstan um 4000 árum fyrir Krist og að nytjar á honum, önnur en sem fæða, hafi verið almenn þar 3000 árum fyrir upphaf okkar tímatals. Frá Mið-Asíu bárust hestar til Evrópu og annarra heimsálfa.

Hestar voru útdauðir og óþekktir í Norður- og Suður-Ameríku áður en Kólumbus og kónar hans römbuðu á Nýja heiminn 1492.

Hestar voru helstu vopn herja fyrir iðnbyltinguna. Einnig eftirlíkingar eins og Trójuhesturinn sem sagt er frá í Ilíonskviðu að Grikkir hafi smíðað í Trójustríðinu.

Í dag er hesturinn húsdýr og tómstundagaman á Vesturlöndum en í þriðja heiminum er hann notaður við ýmis störf, sérstaklega í landbúnaði. Hestaíþróttir eru vinsælt tómstundagaman og keppt er á þeim í ýmsum flokkum eins og hindrunarstökki, fimi og veðhlaupum. Keppnisgreinar fyrir íslensk hross eru nánast allar gangtegundakeppnir; til dæmis töltkeppnir, fjórgangs- og fimmgangsgreinar og skeiðkappreiðar. Þolreiðar er einnig vinsælt sport víða um heim.

Margar atvinnugreinar vinna við eða nota hesta við vinnu sína. Ef frátaldir eru tamningamenn, þjálfarar og dýralæknar nota lögreglan og aðrir hesta við störf sín. Í fátækari ríkjum heims eru hestar enn mikið notaðir við landbúnað og við önnur störf.

Aðrar nytjar hrossa eru kjöt, kaplamjólk, skinn og húðir. Kaplamjólk og hrossablóð er notað við matargerð í Mongólíu. Blóð úr fylfullum hryssum og fylsugum, hryssum sem hafa folald á spena, er notað í frjósemislyf. Taglhár eru notuð í boga fyrir ýmis hljóðfæri og



Fánareið á Landsmóti hestamanna í Reykjavík 2012. Mynd /HKr.

skrautmuni. Hyrni hófanna er notað í hóflím til að laga sprungur og holur í hófum lifandi hrossa. Skinn og húðir eru nýtt í klæði og muni úr leðri.

*Gangtegundir*

Eitt af því sem þykir eftirsóknarvert við hesta er fjölbreyttur gangur. Almennt er talað um fimm gangtegundir; grunngangtegundirnar sem allir hestar búa yfir kallast fet, brokk og stökk. Ganghestakyn búa þar að auki yfir skeiði og eða tölti og er mismunandi milli kynja hversu margar gangtegundir þau hafa. Íslenski hesturinn getur búið yfir þeim öllum.

Fet er fjórtakta sviflaus gangtegund og eru tveir eða þrír fætur samtímis á jörðu. Brokk er tvítakta skástæð gangtegund með svifi þar sem tveir fætur koma niður samtímis. Hægt stökk er þrítakta gangtegund með svifi og hratt stökk er fjórtakta gangtegund með svifi. Skeið er tvítakta yfirferðargangtegund með svifi, þar sem hliðstæðir fætur hreyfast nánast saman fram og aftur. Tölt er fjórtakta gangtegund í reglulegum hrynjanda og jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta. Tölt er sviflaus gangtegund en þó er um hálfsvif að ræða bæði að framan og aftan og er því um hlaupandi gangtegund að ræða. Ýmist er um einstuðning eða tvístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.

*Litir, litasamsetningar og önnur útlitseinkenni*

Litarhaft hrossa er margbreytilegt og í íslenska stofninum er að finna yfir 40 liti og 100 litaafbrigði.

Grunnlitir í hrossum eru rauður, brúnn og jarpur. Brún hross eru brún á búk með brúnt fax og tagl. Bæði fax og búkur geta upplitast af sól. Svört hross hins vegar eru tinnusvört og upplitast ekki. Gráir hestar fæðast í grunnlitum en lýsast svo með aldrinum vegna ríkjandi erfðavísis sem veldur gránun. Mjög dökkgráir hestar með hringamynstur kallast stein- eða apalgráir en mjög ljósir hvítir eða gráir. Jarpt hross er með rauð- eða brúnleitan búk og svart fax og tagl. Búkurinn getur verið annaðhvort bronslitur og kallast liturinn þá rauðjarpur, eða verið brúnn og kallast þá ýmist korgjarpur eða dökkjarpur. Leirljós hestur er ljós á búk og með samlitt fax eða jafnvel ljósara og hefur yfir sé gyltan blæ. Litförótt lýsir sér þannig að hrossið hefur sinn tiltekna grunnlit en verður árstíðabundið grár því undirhárin eru grá en vindhárin í grunnlit hestsins. Moldóttur hestur er með gulbrúnan búk og svart fax og mön á baki að auki. Mjög dökkir moldóttir hestar kallast draugmoldóttir. Móálóttir hestar eru með silfurgráan búk og



Á ríflega tuttugu þúsund ára gömlum hellaristum í Lascaux í Frakklandi má sjá hesta.




Frægurstu félagar kúrekamyndanna, Roy Rogers og Trigger.

svart fax og tagl. Í faxinu getur verið eitthvað um ljósbrún hár. Rauður hestur er með rauðleitan búk, jafnvel mjög ljósan eða dökkan. Ef hesturinn hefur ljóst fax að auki kallast faxið glófext.

Skjóttir litir fyrirfinnast í öllum grunnlitum. Þeir stafa af því að litarefni vantar í frumurnar á þeim skellum sem eru hvítar. Algengast eru rauð- og brúnskjótt hross.

Önnur einkenni hrossa eru hvít rönd í andliti sem nær frá enni niður á snoppu og kallast blesa. Sé blesan mjög breið er hesturinn breiðblesóttur og jafnvel glámblesóttur ef hvíti liturinn nær út fyrir augun og augun eru annaðhvort blá eða með vagli. Hosa er hvít skella á fæti en nær lengra upp en sokkur, jafnvel upp fyrir hné/hækil. Leisti er stutt hvít skella á fæti, nær ekki upp fyrir kjúku. Sokkóttur, leistóttur eða hosóttur hestur er með hvítan sokk neðst á fæti sem nær mislangt upp á miðjan fótlegginn. Stjarna er hvítur hringur eða stjarna í enni. Bletturinn getur verið ýmist stór eða lítill, reglulegur eða óreglulegur að lögun. Sé mjó rönd niður úr stjörnunni kallast hún halastjarna. Tvístjarna er þegar stjarna í enni og önnur á snoppu koma saman. Jafnvel er til þrístjörnótt en það er sjaldgæfara og vagl í auga er lítil hvít skella í auga hests.

Hringeygðir kallast hestar, þegar hvítur hringur af sinuhimnunni sést í kringum sjáaldrið og þeir eru glaseygð ef öll lithimnan ljós nema augasteininn sjálfur, það gerist oftast hjá hjálmskjóttum hrossum og hvítingjum.

*Frægir hestar*

Af frægum hestum má nefna einhyrninga, vængjaða hestinn Pegasus í grískum goðsögum, Búkífalos sem var hestur Alexanders mikla, El Morzillo, hest Hernando Cortésar hershöfðingja og Marengo, hest Napóleons.

Gerðar hafa verið kvikmyndir um kappreiðahestana Seabiscuit og Secretariat og myndin Harry and the Snowman fjallar um hindrunarstökkshestinn Snowman sem var keyptur á slikk á uppboði en margfaldaði verðgildi sitt í keppnum.

Fagri Blakkur er úr samnefndri skáldsögu. Uppáhaldshestur Calígúla Rómarkeisara kallaðist Incitatus, hesturinn hans Lukku Láka kallast Léttfeti og hestur Línu Langsokks Lille gubben. Ekki má svo gleyma Trigger hans Roy Rogers, hinum áttfætta Sleipni sem Óðinn á, Sörla 71 frá Svaðastöðum, Síðu frá Sauðárkróki, Orra frá Þúfu, Óðu-Rauðku og Faxa frá Árnanesi.

*Rómantísk náttúrufræði*

Átrúnaður á hesta, hvort sem það eru venjulegir eða kynjahestar er þekktur í sögu flestra menningarsamfélaga og trúarbragða, grískrómverskum, hindúisma, íslam og norrænni goðafræði.

Hesturinn er eitt af tólf dýrum kínverska dýrahringsins. Þeir sem fæddir eru á ári hestsins eru sagðir jákvæðir, hæglátir og hjartahlýir en jafnframt kjaftaglaðir og eyðslusamir.

Einhyrningar eru goðsögulegt dýr sem líkjast hestum með langt og snúið horn sem stendur út úr enninu á þeim. Einhyrningar eru nánast undantekningalaust hvítir og tákna eitthvað gott.

Nykur er íslenskt þjóðsagnadýr sem líkist hesti og er að finna í ám og vötnum um allt land. Hann er oftast steingrár eða apalgrár að lit en aðaleinkenni nykursins eru að hófarnir snúa aftur og hófskeggin fram. Nykur er nefndur ýmsum nöfnum á íslensku svo sem nennir, nóni, vatnaskratti, kumbur eða vatnahestur. Nykurinn á sér hliðstæðu í þjóðtrú Noregs og Orkneyja.

Forminjar benda til að hestar hafi verið taldir guðlegar verur eða tengjast þeim allt aftur til bronsaldar og að þeir hafi verið tákn um styrk, hraða og sigur. Það að fórna hesti var ein stærsta gjöf sem hægt var að færa nokkrum guði. Dýrkun af svipuðum meiði þekkist enn í dag hjá fylgjendum ákveðinnar greinar hindúisma í Indusdalnum, sem liggur um Afganistan gegnum Pakistan og til Indlands.

Hestar eru í miklum metum hjá Aröbum og í eini af súrum Kóransins er óður til hestsins.

Á miðri járnöld tóku Keltar á Bretlandseyjum sig til og flettu torfi af krítarklettum og bjuggu þannig til risastórar myndir í landslagið. Frægust þessara mynda er í Uffington

*Framhald á næstu síðu*

og er af hesti. Hesturinn er 110 metrar á lengd frá snoppu að taglenda og hæðin er 36,5 metrar frá eyra að hófa. Munnmæli herma að hermenn Alfreds konungs hafi gert myndina til minningar um orrustuna hjá Ashdown 871, þar sem Alfred vann sigur á norrænum víkingum, er höfðu náð undir sig Uffington kastala. Greinilegt er að hvíti hesturinn hjá Uffington naut friðhelgi og þjóðtrúin verndaði hann, vegna þess að enginn hefur nokkru sinni dirfst að breyta honum. Lítil hæð fyrir neðan hestsmyndina, er kölluð Drekahæð og segja munnmælin að heilagur Georg hafi drepið dreka þar og brennt.

Ævaforn venja er að hreinsa hvíta hestinn í Uffington sjöunda hvert ár.

Í grískri goðafræði ferðast sjávarguðinn Póseidon um á vagni sem dreginn er af hesti. Grískur sjófarendur fórnuðu hesti með drekkingu Póseidon til heiðurs til að tryggja öryggi sjóferða.

Samkvæmt norrænni goðafræði breytti Loki sér í meri sem kastaði hinum áttfætta Sleipni sem sagður er standa öllum öðrum hestum framar.

Víða um heim tíðkaðist að heygja hesta með konungum og stríðsmönnum og hafa slíkir haugar fundist allt frá Skandinavíu til Kína.

### *Hestar á Íslandi*

Fyrstu hestarnir bárust til Íslands með landnámsmönnum fyrir rúmum 1100 árum.

Fyrstu hrossin sem nafngreind eru í íslenskum heimildum er að finna í Landnámu. Þar segir frá merinni Flugu og stóðhestinum Eiðfaxa. Samkvæmt Landnámu kom skip að landi við Kolbeinsárós í Skagafirði. Þar munu hafa verið á ferð gripakaupmenn og merin Fluga um borð. Fluga mun hafa sloppið úr haldi og týnst í Brimnesskógum. Þórir dúfunef, sem var fyrrum þræll, keypti merina í þeirri von að hann mundi finna hana sem hann og gerði. Það er Þórir sem gefur henni nafnið Fluga og að hann hafi nefnt bæ sinn Flugumýri í Skagafirði eftir henni.

Eitt sinn þegar Þórir var á ferð yfir Kjöl hitti hann Örn, landshornamann, og veðjuðu þeir um hver yrði fljótari ákveðna leið. Fluga var skjótari en vegna mæðis varð Þórir að skilja hana eftir. Á heimleiðinni þegar hann náði í Flugu var hjá henni grár hestur sem hafði fyljað hana. Undan þeim kom hesturinn Eiðfaxi sem var fluttur utan og varð sjö manna bani. Sagt er að Fluga hafi drukknað í feni í Flugumýri, svokölluðu Flugufeni.




**Þyngd hesta er mismunandi eftir kynjum og geta stærstu dráttarklárar verið rúmt tonn að þyngd.**



**Tarpan-hestar voru villtir í Evrópu en dóu út 1909.**



**Þrátt fyrir að hestar skiptist í mörg ólík kyn og að stærð þeirra sé mismunandi er líffæra- og lífeðlisfræði þeirra eins.**



**Eftir að kristni var lögtekin á 10. öld var lagt bann við að borða hrossakjöt og bannið notað til að greina í sundur heiðna menn og kristna.**

Íslenski hesturinn er kominn af Nordland-hestinum í Noregi. Talið er að fyrstu hross á landinu hafi verið úrval gæðinga, því að landnámsmenn hafa vafalaust tekið bestu hestana sína með sér. Einnig er talið að hingað hafi verið fluttir hestar frá Skotlandi. Þótt ótrúlegt sé hefur lítið sem ekkert verið flutt af hestum til landsins frá landnámi. Íslenska hrossakynið hefur því ræktast og þróast án blöndunar við önnur kyn í þúsund ár.

Ef horft er lengra aftur í tímann er hægt að rekja uppruna norska Nordland-hestsins til Asíu sem og Mongólahestakyns sem er fjarskyldur arabíska hestinum.

### *Hrossakjötsát*

Eftir að kristni var lögtekin á 10. öld var lagt bann við að borða hrossakjöt og bannið notað til að greina í sundur heiðna menn og kristna. Þó voru einstaka fátæklingar sem notuðu það til matar og hirtu ekki um bannið í harðærum en þeir voru oft fyrirlitnir fyrir vikið og kallaðir hrossaketsætur og var hið mesta skammyrði. Það var líka talað um hrossakjötslykt af slíku fólki og menn trúðu að það yrði skammlífara en aðrir.

Í bókinni Mannfækkun af hallærum nefnir Hannes Finnsson Skálholtsbiskup dæmi um hrossakjötsát landsmanna og í sömu andrá getur um fjölgun þjófnaða. Þrátt fyrir neyð almennings var andúðin á hrossakjötsáti það sterk og neysla þess talin svo stór siðferðisbrestur að mörgum prestum landsins stóð ekki á sama.

Þykkbæingum mun helst hafa verið fundið það til foráttu að þeir átu hrossakjöt. Nágrannar þeirra hneyksluðust mjög á hrossakjötsátinu og töldu þá ókirkjuhæfa vegna þess. Bændur í nágrannasveitarfélögunum létu þó hneykslun sína ekki aftra sér frá því að reka heilu stóðin til slátrunar í Þykkvabæ. Heimamenn máttu hirða af þeim allt nema hárnar. Svo mikið af hrossakjöti safnaðist á suma bæi að það skorti salt til að geyma það. Megn ýldulykt var því oft í kotunum og settist hún í föt og sagt er að fólk í Þykkvabæ hafi neytt kjötsins eins lengi og það hafði nokkra lyst á því.

### *Gjafir til höfðingja*

Hestar voru taldir meðal veglegustu gjafa og er þess víða getið að íslenskir gæðingar hafi verið sendir frá Íslandi til Noregs og annarra landa sem gjafir til konunga og fleiri fyrirmanna. Samkvæmt elstu lögbók Íslands, Grágás, var skógargangssök að stela hesti.

Margrét Danadrottning fékk hryssurnar Perlu og Stjörnu í brúðargjöf frá íslenska ríkinu árið 1967.

### *Hestaat*

Í Íslendingasögunum eru frásagnir af hestaati þar sem tveir stóðhestar etja kappi saman samkvæmt ákveðnum reglum og menn höfðu mikla skemmtun af. Oftast lauk hestavígum með því að annar hesturinn drapst í átökunum eða var mikið særður. Sá sem bar sigur úr býtum fékk sæmd og virðingu sem skipti miklu í samfélagi þess tíma.

### *Breyttir tímar*

Hestar voru lengi áburðar- og reiðdýr en hestvögnum fór ekki að bregða fyrir hér á landi fyrr en á 20. öld. Hestar voru notaðir hér til landbúnaðar fram yfir síðari heimsstyrjöldina og beitt fyrir sláttuvél og áburðardreifara. Langt fram á okkar dag, eftir að véltækni tók við, var talað um hestburði af heyi þegar borið var í hlöðu.

Á okkar dögum eru hestarnir ekki lengur nauðsynlegir hér á landi til landbúnaðar og samgangna og einungis notaðir til útreiða og afþreyingar. Auk þess sem þeir eru dýr útflutningsvara þar sem dýrustu hestarnir eru seldur fyrir tugi milljóna króna.


australian tea tree

**Bakteríu-drepandi krem og sápa**

Bakteríudrepandi, græðandi og mýkjandi Tea Tree krem og sápa fyrir þurrar og sárar hendur.

Frábært "bænda" krem og sápa fyrir húð sem er undir miklu álagi.




Fæst í **Lyfju** og **Apótekinu** um allt land.

Fæst í **Lyfju** og **Apótekinu** um allt land.

# Árborg verði skilgreint sem barnvænt samfélag

**Eyrún B. Magnúsdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, hefur lagt fram tillögu þess efnis að sveitarfélagið hefji formlegt ferli, í samvinnu við Unicef á Íslandi og umboðsmann barna, við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefni í kjölfarið að því að verða barnvænt sveitarfélag.**


Eyrún B. Magnúsdóttir.

„Verkefnið miðar að því að auka fræðsluefni og stuðning við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem var lögfestur hér á landi 2013, og er unnið í samvinnu við Unicef og umboðsmann barna. Ég lagði fram tillöguna eftir að hafa aðeins kynnt mér innleiðingarferlið, tilganginn og vinnuferlið því mér finnst mjög mikilvægt að við séum meðvitaðir um þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og réttindi þeirra. Ég vil samt taka fram að eins og er þá stendur sveitarfélagið sig mjög vel í því að virða Barnasáttmálann og hafa hagsmuni barna að leiðarljósi, en það að skuldbinda sig í svona verkefni þýðir hins vegar það að fleiri aðilar innan stjórnsýslunnar og grunnþjónustunnar þurfa að vera stöðugt meðvituð um hvernig og hvers vegna skal taka mið af honum,“ segir Eyrún.

### *Hugsa hlutina út frá sjónarmiði barna*

Þegar talað er um barnvænt samfélag þá er átt við að ákvarðanir í sveitarfélaginu séu teknar með réttindi barna í huga og að unnið sé að aukinni vitund um þau réttindi og aukinni þátttöku barna í samfélaginu.

„Við erum að tala um að hugsa hlutina út frá sjónarmiði barna og taka tillit til þess. Markmiðið er að auka þátttöku barna og ungmenna í ákvarðanatöku og mótun samfélagsins sem þau búa í og að sáttmálinn sé haldinn og virtur. Tilgangurinn er að auka vitund barna og annarra um réttindi og möguleika barna og að horfa til framtíðarinnar með barnvænni nálgun hverju sinni,“ bætir Eyrún við.

### *Vottun sem barnvænt samfélag*

En hvernig sér Eyrún málið þróast og hvernig sér hún það fyrir sér í framkvæmd?

„Fyrst þarf sveitarfélagið að ákveða formlega að fara í þessa vinnu og sækja um það. Eins og er þá er Akureyri eina sveitarfélagið sem formlega er í innleiðingarferlinu en vonandi verða sem flest sveitarfélög farin að taka þátt innan skamms. Það þarf að sækja um innleiðingu verkefnisins og ferlið við að koma því inn í stjórnsýsluna og út í samfélagið tekur í fyrstu um tvö ár, sem að öllu venju skipaður starfshópur sér um að fylgja eftir. Eftir það er árangurinn metinn og þá, ef vel hefur gengið, fær sveitarfélagið vottun sem barnvænt samfélag og heldur þá áfram. Það er fylgst töluvert vel með árangri við innleiðingu og ferlinu öllu þannig að það að taka þátt er aldrei bara á orði heldur líka á borði,“ segir bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Sveitarfélaginu Árborg. Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt að hefja formlegt ferli við verkefnið og hefur falið fræðslunefnd, félagsmálanefnd og íþrótta- og menningarnefnd að vinna áfram að málinu.





Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VIÐ FÆRUM ÁRAMÓTIN!



Um leið og við þökkum góðar móttökur við áramótatilboðunum er okkur ánægja að tilkynna að við framlengjum tilboðin til 20 janúar.

**Pöttinger – 12% afsláttur frá verðlista á öllum tækjum**
**NC – 10% afsláttur frá verðlista á öllum tækjum**
**Bögballe – 10% afsláttur frá verðlista á öllum tækjum**
**McHale – 8% afsláttur frá verðlista á öllum tækjum**

Sölumenn okkar eru fúsir til að veita frekari upplýsingar um tæki og tól



McHale PÖTTINGER NC bogballe

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is




Bændablaðið
Kemur næst út
26. janúar

## Smyril Line Cargo eykur umsvif sín á Íslandi í apríl:

# Hefur vikulegar siglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam

**Færeyska skipafélagið Smyril Line Cargo, sem á og rekur farþega- og vöruflutningaferjuna Norrænu, hefur ákveðið að hefja beinar siglingar milli Þorlákshafnar og Rotterdam í apríl.**



Ferja Smyril Line Cargo sem hefja mun siglingar á milli Þorlákshafnar og Rotterdam í Hollandi nú í apríl er með yfirbyggt dekk. Tekur hún 90 tengivagna og 500 fólksbíla í ferð.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri Norrænu og einungis verður boðið upp á vöruflutninga á nýju siglingaleiðinni. Fest hafa verið kaup á 19 þúsund tonna ferju sem tekur 90 tengivagna og 500 bíla í hverri ferð og á hún að hefja siglingar í byrjun apríl 2017. Ferjusiglingarnar munu stórauka umsvif í Þorlákshöfn og væntingar eru um að þær stuðli að enn frekari vexti og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

*Mikil ánægja í Þorlákshöfn*

„Þetta eru frábærar fréttir enda höfum við unnið að þessu máli í þrjú ár. Hér er allar aðstæður fyrir hendi en með tilkomu nýju ferjunnar stóreykst þjónusta Smyril Line Cargo við íslenska markaðinn og tengslin við suðvesturhorn landsins eflast. Siglt verður vikulega á milli Þorlákshafnar og Rotterdam, með viðkomu í Færeyjum á heimleiðinni, og styttist flutningstími fyrir bæði inn- og útflutning frá því sem nú er“, segir Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri í Þorlákshöfn. Hann á von á því að einhverjir tugir nýrra starfa verði til á staðnum með tilkomu siglinganna

*Með stysta flutningstímann til og frá landinu*

„Flutningstíminn hjá okkur verður sá stysti sem boðið er upp á í sjóflutningum til og frá landinu. Útflutningsvörur sem fara með ferjunni frá Þorlákshöfn á föstudagskvöldi verða tilbúnar til afhendingar um alla Evrópu þremur dögum síðar, eða á þriðjudagsmorgni, en innflutningsvörur sem fara frá Rotterdam á mánudagskvöldi verða tilbúnar til afhendingar á Íslandi á föstudagsmorgni,“ segir Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line Cargo á Íslandi.


Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line Cargo á Íslandi og Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri í Þorlákshöfn ráða sér ekki fyrir kæti vegna nýju siglingaleiðarinnar. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson




*Tekur 90 tengivagna og 500 fólksbíla í ferð*

Áætlað er að ferjusiglingarnar milli Þorlákshafnar og Rotterdam hefjist í byrjun apríl 2017 og hefur Smyril Line Cargo fest kaup á 19 þúsund tonna ferju, sem hefur fengið nafnið Mykines, til að annast þær. Hún er ríflega 138 metra löng, tæplega 23 metra breið og getur flutt 90 tengivagna og 500 bíla í hverri ferð. Ferjan var smíðað árið 1996 í UMOE skipasmíðastöðinni í Noregi og var áður í eigu finnska skipafélagsins Bore, sem er hluti af Spliethoff samstæðunni. Þá hét hún Auto Baltic og var m.a. í siglingum á Eystrasaltinu. Ferjan verður skráð í Færeyjum og verða 24 í áhöfn.

*Miklar endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn*

Miklar breytingar hafa verið gerðar á höfninni í Þorlákshöfn á undanförnum árum til að skapa betri aðstæður fyrir hafsækna starfsemi og frekari framkvæmdir eru á döfinni. Höfnin hefur m.a. verið dýpkuð til muna og byggð verður upp aðstaða til að taka á móti stórum flutningaskipum. Fullbúin frystigeymsla er staðsett við höfnina og þar er mikið landrými og lausar byggingalóðir fyrir atvinnustarfsemi. Frá Þorlákshöfn eru góðar og greiðar samgöngur til allra átta og aðeins um 40 km til Reykjavíkur og 85 km að Keflavíkurflugvelli eftir Suðurstrandarvegi.

*Þjónusta Smyril Line Cargo*

Smyril Line Cargo er eina skipafélagið sem býður upp á ferjuskipaflutninga á Norður-Atlantshafi, eða svokallaða Ro/Ro (e. Roll on-Roll off) vöruflutninga, þar sem varan er flutt í tengivögnum sem keyrðir eru um borð í skipin. Það tryggir bæði vandaða og örugga vörumeðhöndlun, hvort sem um er að ræða frysti- eða kælitengivagna eða flutning á öðrum varningi, s.s. fólksbílum og stórum ökutækjum, sem þarf þá ekki að hífa um borð. /MHH

Snjókeðjur

Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Hér er um að ræða gæða vöru á samkeppnishæfu verði, ýmsar stærðir til.

GUNNEBO Industries



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Land bóta sjóður

Viltu græða land?



Umsóknarfrestur til 20. janúar.

Getur Landbótasjóður Landgræðslunnar komið þér til aðstoðar?

Landgræðsla ríkisins úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum, en tilgangur þeirra er að færa ábyrgð og framkvæmd landgræðsluverkefna heim í héruð og veita landeigendum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna.

Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta af reiknuðum kostnaði við vinnu og kaup á aðföngum.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu Landgræðslunnar - www.land.is

Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri Landbótasjóðs, Garðar Þorfinnsson, í síma 488 3000. Netfang: gardar@land.is



Berserkir ehf. hefur verið starfrækt frá árinu 2002 undir sama nafni og kennitölu frá upphafi.

Starfsmenn Berserkja ehf. eru sérfræðingar í steypusögun, kjarnaborun og hverskonar niðurrifi. Hjá fyrirtækinu vinna nú níu fastir starfsmenn og sumir starfað hjá því frá stofnun.

Við ætlum nú að stækka starfsmannahópinn okkar og leitum því að góðu fólki sem vill vinna með okkur að spennandi og krefjandi verkefnum til skemmri eða lengri tíma.

***Ef þú hefur áhuga, hafðu þá samband við Hermann í síma 8987713 eða e-mail hermann@berserkir.is***




EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**EFNAGREINING ehf. HVANNEYRI**

VELJUM ÍSLENSKT

NÝTT

Einföld örverugreining vatns. Greinum heildar gerlafjölda og hvort coliforms, E-kólí sé að finna í vatninu. Tilvalið fyrir þá sem eru með eigið vatnsból og vilja fylgjast með gæði vatnsins. Einnig fyrir eigendur heitra potta.

**Heyefnagreiningar fyrir hestamenn og hrossaræktendur.**
**Niðurstöður sem allir skilja.**
**Viðmið fyrir meðalgott hestahey fylgir.**
**Einnig útreiknuð heygjöf á dag útfrá ykkar heyi.**

**Bjóðum einnig:**
- *Stein- og snefilefnagreiningar* í jurtum, jarðvegi, skít, vatni og blóði.
- *Jarðvegsefnagreiningar* fyrir bændur, garðyrkjubændur og golf- og fótboltavallaeigendur (AL-skol).
- *Orkuefnamælingar* (þurrefni, aska, fita og prótein) í lífefni.

**Skoðið heimasíðu okkar, efnagreining.is. Þar er að finna verðskrá og fleira.**

**Við veitum persónulega þjónustu.**

Tölvupóstfangið er beta@efnagreining.is og síminn 6612629

EFNAGREINING

Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is

# JEPPADEKK



DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

**MICKEY THOMPSON**

**jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi**

**M/T** merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

**Stærðir 32" - 54"**

Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

mast
Matvælastofnun

# Innlausn greiðslumarks mjólkur

Viðskipti með greiðslumark milli handhafa eru óheimil frá og með 1. janúar 2017 nema milli lögbýla í eigu sama aðila, samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dagsettur 19. febrúar 2016.

Ríkið hefur **innlausnarskyldu** á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni á árunum 2017-2019. Með innlausn greiðslumarks mjólkur er unnið skv. 9. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt nr. 1150/2016. Handhafi greiðslumarks getur lagt fram beiðni um innlausn á ónotuðu greiðslumarki á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt Matvælastofnunar (www.mast.is). Með beiðni um innlausn skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýli, samþykki ábúenda, sameigenda og þinglýstu samþykki veðhafa jarðarinnar. Beiðni um innlausn er bindandi frá skiladegi beiðninnar um innlausn. Við innlausn á greiðslumarki skal seljandi endurgreiða greiðslur vegna greiðslumarks skv. 12. gr. vegna yfirstandandi framleiðsluárs sem svarar til þess magns sem selt er. Matvælastofnun skal draga fjárhæð þessara greiðslna frá innlausnarverði við frágang innlausnar.

**Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður 138 kr./ltr.** Innlausnarvirði greiðslumarks helst óbreytt frá auglýsingardegi innlausnarvirðis til 31. desember 2017.

Innlausn greiðslumarks og framkvæmd hennar skal fara fram skv. eftirfarandi á árinu 2017:

| Innlausnardagur: | Matvælastofnun auglýsir innlausnarvirði eigi síðar en | Skilafrestur vegna beiðni um innlausn | Greiðslufrestur Matvælastofnunar |
|---|---|---|---|
| 1. mars | 15. janúar | 4. febrúar | 15. mars |
| 1. maí | 15. janúar | 4. apríl | 15. maí |
| 1. september | 15. janúar | 4. ágúst | 15. september |
| 1. nóvember | 15. janúar | 4. október | 15. nóvember |

Greiðslumark framleiðanda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár skal ríkið innleysa á fyrsta innlausnardegi hvers árs, án þess að bætur komi fyrir.

Austurvegi 64 • 800 Selfossi • Sími 530 4800 • Fax 530 4801 • www.mast.is • mast@mast.is

## Steinullar Yleiningar

**Fjölbreytt litaúrval, stuttur afgreiðslutími**



STRÚKTÚR

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

UTAN ÚR HEIMI

Rússar endurvekja anda „Stakhanovite“-hreyfingar í kjölfar viðskiptabanns ESB og NATO-ríkja:

# Segjast verða sjálfum sér nægir um landbúnaðarvörur 2020

## – Takist það mun viðskiptabannið hafa neikvæð áhrif fyrir bændur í ESB – Ekkert nema áróður segja „sérfræðingar“ á Vesturlöndum

**Stjórnvöld í Rússlandi lýstu því yfir í nóvember að þau hafi unnið viðskiptabannsstríðið við Vesturlönd. Það hafi leitt til stóraukinnar landbúnaðarframleiðslu í Rússlandi og minni þörf á innflutningi.**

Viðskiptabann var sett á Rússa af hálfu Evrópusambandsins og Natoríkja eftir að þeir hertóku Krímskagann í átökunum um Úkraínu og innlimuðu inn í Rússland. Rússar svöruðu í sömu mynt og hættu kaupum á matvælum frá Vestur-Evrópulöndum og þar á meðal frá Íslandi.

Tæpum tveimur árum seinna lýstu rússnesk stjórnvöld því yfir að þetta viðskiptabann hafi fætt af sér nýja kynslóð af svokölluðum „Stakhanovite“-bændum sem knýi nú aðgerðir sem miða að því að Rússland verði sjálfu sér nægt um landbúnaðarafurðir árið 2020. Áður hafði landbúnaðarráðherrann Alexander Tkachyov gefið það út að þessu marki yrði náð 2025. Hvort ártalið sem er gæti þetta þýtt að fjöldi bænda, m.a. í Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi og víðar um Evrópu muni endanlega tapa geysiverðmætum markaði fyrir sínar framleiðsluvörur. Viðskiptabannið mun þannig koma illilega í bakið á þeim.



Aleksei Grigorievich Stakhanov með félaga sínum í kolanámu þar sem hann setti framleiðslumet 31. ágúst 1935. Stakhanov var síðan nýttur sem fyrirmynd og hvatning fyrir aðra og nafn hans var líka uppleggið að hinni árangursríku Stakhanovite-hreyfingu til að auka framleiðni í Sovétríkjunum sálugu.

### *Stakhanovite-hreyfingin endurvakin*

„Stakhanovite“ er endurvakning á hreyfingu sem sett var í gang af kommúnistaflokki Sovétríkjanna sálugu til að hvetja verkafólk og bændur til að auka framleiðsluna. Sérstök orða var gerð til að heiðra þá duglegustu. Nafnið „Stakhanovite“ er fengið frá kolanámumanninum Aleksei Grigorievich Stakhanov sem afrekaði það 31. ágúst 1935 að skila 102 tonnum af kolum á innan við 6 klukkustundum. Var það 14 faldur sá kvóti sem honum var ætlað að skila. Stjórnvöldum tókst vel að virkja kapp verkamanna með hvatningum og orðuveitingum og ekki leið á löngu þar til met Stakhanovs var slegið. Þann 1. febrúar 1936 var tilkynnt að Nikita Izotov hafi skilað heilum 640 tonnum af kolum á einni vakt. Hvort stjórnvöldum í Rússlandi auðnast að hvetja bændur með sama árangri í dag skal ósagt látið. Hitt er víst að ólíkt Stalín sem verðlaunaði þá bestu en fangelsaði verkamenn og bændur sem voru ekki að standa sig, þá hvetur Pútín menn nú áfram með því að gefa mönnum fyrirheit um góðan hagnað ef vel tekst til. Þetta hefur leitt til þess að rússneskir fjárfestar hafa stokkið á vagninn hjá Pútín.

### *Drifið áfram af rússneskum milljarðamæringum*

Síðastliðið sumar greindi fréttastofa Bloomberg frá gríðarlegri uppbyggingu í rússneskum landbúnaði. Þessi uppbyging sé drifin áfram af rússneskum milljarðamæringum eins og Evushenkov sem fær í staðinn skattaafslátt. Með þessu átaki hafi Rússum t.d. tekist það á síðastliðnu sumri að fara fram úr Bandaríkjamönnum sem útflytjandi á hveiti. Það er þrátt fyrir að Pútín hafi fyrirskipað bann við ræktun á erfðabreyttum afbrigðum.



Rússar náðu því á síðastliðnu sumri að verða stærrri útflytjendur á hveiti en Bandaríkjamenn.

### *Rússar framúr Bandaríkjamönnum*

Samkvæmt tölum World Wheat Production nú í desember var ársframleiðslan 2016 áætluð rúmlega 751 milljón tonn. Er það 2,14% aukning á heimsframleiðslunni á milli ára. Þar af er Rússland með 72.000.000 tonn og Bandaríkin með 62.859.000 tonn. Þess má geta að hveitiframleiðsla Rússa þegar viðskiptabannið var sett á 2014 var 59.700.00 tonn og hefur því aukist um nærri 8,3% síðan. Bæði Rússland og Bandaríkin hafa flutt út stóran hluta af sinni hveitiframleiðslu.

Til samanburðar þá voru ESB-ríkin 27 með samanlagt 143.974.000 tonn af heimsframleiðslunni 2016. Þau voru með 157.200.000 tonn árið 2014 og er því um 8,4% samdrátt að ræða á tveim árum. Stærsta einstaka framleiðslulandið 2016 var þó Kína með 128.850.000 tonn og Indland kom þar á eftir með 90.000.000 tonn.









Risavaxin gróðurhús undir tómatarækt eru nú að verða til í Kasakstan. Þau munu samsvara 2.300 knattspyrnuvöllum að grunnfleti. Til vinstri er orða sem verkamenn „Stakhanovite“-hreyfingarinnar fengu á Sovéttímanum fyrir að skila góðum afköstum.

### *Reisa risavasið gróðurhús fyrir tómatarækt*

Í grein Bloomberg kemur fram að mitt inni í Kákasus sé nú að verða til risavaxinn gróðurhúsabúgarður (Yuzhny Agricultural Complex) sem er í eigu Evushenkov. Þar á að rækta svokallað T-34 afbrigði af tómötum undir þaki sem gæti rúmað 2.300 knattspyrnuvelli. Þessi ræktun nýtir vatn sem upprunnið er í jöklum á Elbrus-fjalli. Athyglisvert er að nafn á þessu tómataafbrigði er fengið frá tegundarheiti á skriðdrekum sem Rússar notuðu við að hrekja hersveitir Hitlers af höndum sér.

### *Sagt vera áróður en tölur sýna innflutningssamdrátt og framleiðsluaukningu*

Því hefur þó líka verið haldið fram á Vesturlöndum að þetta kokhreysti stjórnvalda í Kreml sé aðeins áróðurstal. Fullyrt er að matvælaverð hafi stórhækkað í Rússlandi og rússnesk heimili þyrftu nú að eyða sem svarar yfir þriðjungi, eða 35,5% af tekjum sínum, í mat. Til samanburðar er nefnt að Bretar eyði um 11% af tekjum sínum í mat. Rússar hafi flutt inn 36% af fæðuþörf sinni fyrir viðskiptabannið. Tölur virðast þó benda til að eitthvað kunni að vera til í fullyrðingum Rússa, því innflutningur þeirra á matvælum var kominn niður í 22% á öðrum ársfjórðungi síðasta árs. Í sumum geirum eru þeir þó enn verulega háðir innflutningi, eins og varðandi ávexti. /HKr.

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Búnaðargjald/félagsgjald BÍ

**Í framhaldi af umfjöllun í síðasta Bændablaði um félagsgjöld BÍ finnst mér ástæða til að rekja stuttlega nítján ára sögu búnaðargjaldsins. Einnig geri ég smávægilegar athugasemdir við atriði sem ekki er rétt með farið í áðurnefndri umfjöllun.**



Jóhann Ólafsson.

Búnaðargjald var sett á með lögum nr. 84/1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998, og leysti af hólmi nokkur gjöld sem áður voru lögð á búvöruframleiðslu og að verulegu leyti innheimt gegnum afurðastöðvar. Sum þeirra voru í raun skattur á heildsöluverð þeirra, en önnur voru lögð á afurðaverð til bænda. Búnaðargjaldið var í upphafi 2% af veltu gjaldskyldra aðila og skiptist milli Bændasamtaka Íslands (BÍ), búnaðarsambanda, búgreinafélaga, Bjargráðasjóðs og Lánasjóðs landbúnaðarins. Frá upphafi hefur skipting gjaldsins milli viðtakenda verið misjöfn eftir framleiðslugreinum. Við sölu Lánasjóðsins féll gjaldtaka til hans niður frá og með 1. janúar 2006 og lækkaði álagningin við það í 1,2% af veltu. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem tók til starfa árið 2013, átti því ekki hlutdeild í búnaðargjaldinu, nema þá óbeint með greiðslum frá BÍ og búnaðarsamböndum.

Álagning búnaðargjaldsins var og er í höndum ríkisskattstjóra og innheimtan fer fram hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. BÍ fær síðan ýmsar samtölur sem skipt er niður á búnaðarsambönd og búgreinafélög og er skipting milli viðtakenda reiknuð á grunni þeirra upplýsinga. Aldrei hafa borist upplýsingar um álagningu einstakra gjaldenda, enda RSK óheimilt að láta þær af hendi lögum samkvæmt. Er því einkennilegt að það skyldi koma þeim sem unnu að útfærslu félagsgjalds BÍ á óvart að slíkar upplýsingar lægju ekki á lausu. Hefðu e.t.v. átt að byrja á að kanna þann þátt. Þá hafa þær tölur sem unnið hefur verið með við skiptingu búnaðargjalds alltaf verið „mjög gamlar" eins og höfundur pistils um félagsgjöld kýs að kalla það. Frá upphafi hefur verið unnið með tveggja ára gamlar tölur þar sem það tekur RSK nokkra mánuði eftir álagningu að meðhöndla kærur. Og hefur verið talið rétt að bíða þeirrar umfjöllunar áður en farið er að reikna skiptingu.

Ekki veit ég á hverju sú skoðun byggir að lagastoð fyrir landbúnaðarframtalinu falli niður með brottfalli búnaðargjaldsins. Upphafið að núverandi útliti landbúnaðarframtalsins má rekja til upptöku virðisaukaskatts, þar sem sundurliða þurfti tekjur og gjöld eftir skattþrepum. Sundurliðun eftir framleiðslugreinum var reyndar gerð ítarlegri samkvæmt beiðni garðyrkjubænda fáum árum eftir gildistöku búnaðargjaldsins. Framtal vegna búnaðargjalds mun hins vegar falla niður eftir framtal vegna tekjuársins 2016 og þar með sundurliðun tekna lögaðila (ehf, hf, sf) sem ekki nota landbúnaðarframtalið við framtalsgerð.

### *Einföld, skilvirk og sanngjörn félagsgjöld*

Þetta er hluti fyrirsagnar áðurnefnds pistils. Hvergi kemur það fram hvað felst í þessari fullyrðingu annað en að félagsgjaldið hafi verið ákveðið kr. 42.000 á ári. Miðað við hlutdeild Bændasamtakanna í búnaðargjaldinu sl. 11 ár samsvarar sú upphæð veltuskatti á 10,5 milljónir á þá framleiðslu sem hæst hlutfall hefur greitt til BÍ og samsvarandi skatti á 28 milljónir á þá framleiðslu sem lægst hlutfall hefur greitt til BÍ. En eins og fyrr greinir er skipting búnaðargjaldsins misjöfn eftir framleiðslugreinum.

### Lokaorð.

Fyrir nokkrum vikum hitti ég fyrrverandi búnaðarþingsfulltrúa á förnum vegi. Þar kom í tali okkar að hann spurði hvort ég teldi að bændur myndu almennt greiða félagsgjald til BÍ án eftirgangsmuna. Ræddum við það nokkra stund og varð niðurstaða þeirrar umræðu að svo yrði líklega ekki.

*Jóhann Ólafsson*
*mons@simnet.is*
*Höfundur hefur séð um að reikna skiptingu búnaðargjalds frá árinu 2000.*

Bændablaðið
Kemur næst út
26. janúar





Agrolux 410 – 75 hö

DEUTZ-FAHR Agrolux er rétti traktorinn fyrir þá sem vilja virkilega einfaldar vélar sem alltaf fara í gang.

Hentar vel sem auka traktor eða túnavél á stærri búum eða sem aðalvél á minni búum og hjá tómstundabændum.

DEUTZ-FAHR Agrolux hefur slegið í gegn víðs vegar í Evrópu enda á frábæru verði og vél sem hentar vel í öll helstu landbúnaðarstörf

DEUTZ-FAHR Agrolux er búinn rúmgóðu sex pósta húsi, miðstöð og fjaðrandi sæti.

*Helsti búnaður:*

| | |
|---|---|
| Mótor: | 4cylindra, 4 lítra SDF mótor með forþjöppu og millikæli |
| Hámarsk afl: | 75 hö |
| Hámarks tog: | 285 Nm |
| Gírkassi: | 15 gírar áfram / 15 gírar afturábak |
| Vendigír: | Mekanískur |
| Aflúrtakshraðar: | 540 /540E |
| Drifbúnaður: | Fjórhjóladrif og driflæsing á fram og afturöxli |
| Bremsubúnaður: | Vökvabremsur á öllum 4 hjólum |
| Vagnbremsur: | Vökvavangbremsur |
| Þrítengibeisli lyftigeta: | 2.500 kg. |
| Krókur: | Vökvalyftukrókur með klofi og dráttarkrók |
| Vökvadæla: | 42 l/mín tannhjóladæla |
| Stýrisdæla: | Óháð stýrisdæla; 17 l/mín |
| Dekkjastærð: | 360/70R20 að framan og 420/70R30 að aftan |

**DEUTZ-FAHR Agrolux 410 - 75 hö**
Verð með STOLL CL-P 755 ámoksturstækjum og skóflu
Kr. 4.990.000,-
án VSK



4 vinnuljós að framan 2 að aftan tryggja góða lýsingu



Rúmgott 4 pósta hús með öflugri miðstöð



2.500 kg. lyftigeta á beisli og lyftukrókur (vantar á mynd).

ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

## Gamli traktorinn




# Austin – elsta hjóladráttarvélin á Íslandi kom til landsins 1920



**Bretinn Herbert Austin hóf framleiðslu á bílum í Worcester-skíri árið 1906 og dráttarvélum 1919. Fyrsta dráttarvélin sem kallaðist Austin Model R líktist hinum bandaríska Forsson í flestu nema því að vélin í Austin var kraftmeiri.**

Bifreiðarnar frá Austin seldust vel en vinsældir Austin-dráttarvélanna voru takmarkaðar í heimalandinu. Traktorarnir þóttu dýrir og bilanatíðni þeirra var há. Talsvert af þeim seldist samt til Ástralíu, Suður-Afríku og Suður-Ameríku. Model R var með fjögurra strokka vél sem gekk bæði fyrir bensíni og steinolíu. Traktorinn var tveggja gíra og tæp 30 hestöfl. Um það bil 1500




Austin-traktorar voru framleiddir í Bretlandi og voru þeir allir grænir með rauðum hjólum.

Í heimsstyrjöldinni fyrri var Austin-fyrirtækið stórtækt í framleiðslu á alls kyns stríðstólum fyrir breska herinn og framleiddi meðal annars fallbyssur, hertrukka og flugvélar. Sagt er að á árunum 1914 til 1918 hafi fyrirtækið meðal annars framleitt átta milljón sprengjur, tvö þúsund flugvélar, 2.500 flugvélamótora, 2.000 hertrukka, 480 brynvarðar bifreiðar og 150 sjúkrabíla.

### *Verksmiðja í Frakklandi*

Mestar voru vinsældir Austin-dráttarvélanna í Frakklandi og til að komast í kringum háa innflutningstolla setti fyrirtækið á fót verksmiðju í landinu til að framleiða traktora fyrir Frakklandsmarkað. Rekstur þeirrar verksmiðju gekk




reyndar svo vel að árið 1927 var verksmiðjunni í Bretlandi lokað og um tíma voru Austin-dráttarvélar fluttar til Bretlands frá Frakklandi.

Frönsku traktorarnir voru fáanlegir í tveimur breiddum og var sú grennri mikið notuð við vínrækt. Kaupandinn gat einnig valið um hvort vélin væri með járn- eða gúmmídekk. Þegar best gekk voru framleiddar um 2.000 Austin-dráttarvélar á ári í Frakklandi.

Árið 1933 kynnti fyrirtækið til sögunnar nýja og öflugri dráttarvél sem gekk fyrir steinolíu og var 55 hestöfl sem þótti talsvert á þeim tíma.

Í seinni heimsstyrjöldinni og í skjóli hersetu Þjóðverja í Frakklandi tók þýska fyrirtækið Krupp yfir Austin-verksmiðjuna þar í landi. Í framhaldi af yfirtökunni hætti Austin endanlega framleiðslu á dráttarvélum.

### *Samruni og Austin Mini*

Árið 1952 sameinuðust Austin og Nuffield og úr varð British Motor Corporation sem seinna



varð að British Leyland Motor Corporation sem framleiddi meðal annars Austin Mini-bifreiðar.

### *Austin á Íslandi*

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu Fornvélafélagsins keypti Búnaðarfélag Íslands hjóladráttarvél af gerðinni Austin til landsins árið 1920 og mun það líklega vera elsta hjóladráttarvélin sem til er á landinu. Dráttarvélin var 20 hestöfl og kostaði um 20.000 krónur. Ætlunin var að nota dráttarvélina til flutninga og komu með henni til landsins sex vagnar. Vélin var einnig notuð við herfingu á Korpúlfsstöðum og síðan við nýræktarstörf. /VH

## LESENDABÁS

# Ný landbúnaðarstefna



Guðjón Sigurbjartsson



*Kúabú Müller GbR í þorpinu Schwabendorf í Þýskalandi.* Mynd / HKr.

**Hér er lýst mögulegri nýrri landbúnaðarstefnu sem byggð er á Evrópsku landbúnaðarstefnunni, CAP.**

Markmið nýju landbúnaðarstefnunnar er fjölbreytt matvælaframboð á sanngjörnu verði, fæðuöryggi, trygg lífsafkoma bænda, velferð landsbyggðanna og góð efnahagsþróun í dreifbýli.

Þessi stefna væri mikil framför frá núverandi búvörusamningum og búvörulögum fyrir bæði almenning og bændur.

### Stuðningur vegna landbúnaðarins samtals

| Aðilar í virðiskeðjunni | Mjólk | Kinda-kjöt | Ali-fuglar | Egg | Svína-kjöt | Nauta-kjöt | Hross | Nytja-plöntur | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi framleiðenda (býli) | 650 | 2.000 | 27 | 14 | 23 | 820 | 855 | 139 | | 3.200 |
| Til bænda á fjárlögum, m.kr. | 6.760 | 5.010 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 602 | 1.159 | 13.531 |
| Til bænda frá neytendum, m.kr | 2.913 | 0 | 2.928 | 614 | 1.072 | 326 | 0 | 771 | 1.749 | 10.373 |
| Slátrun og vinnsla frá neytendum, m.kr | 2.695 | 3.541 | 2.837 | 0 | 884 | 3.864 | 0 | | | 13.820 |
| Samtals stuðningur, m.kr | 12.368 | 8.551 | 5.764 | 614 | 1.956 | 4.190 | 0 | 1.373 | 2.908 | 37.724 |
| Stuðningur að meðaltali á býli, m.kr | 19 | 4,3 | 213,5 | 43,8 | 85 | 5,1 | 0 | 9,9 | 0,9 | 11,8 |

*Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar Þórólfs Matthíassonar, hagfræðings og Guðjóns Sigurbjartssonar, viðskiptafræðings.*

***1. Grunnstuðningur***

Virkir bændur eiga rétt á grunngreiðslum viðhafi þeir viðurkenndar starfsaðferðir sem stuðla að vernd umhverfis og almannahag. Grunnstuðningur er ætlað að tryggja afkomuöryggi bænda. Greiðslurnar eru óháðar sveiflukenndri vörusölu á mörkuðum. Beingreiðslunum er einnig ætlað að stuðla að stöðugu framboði helstu matvara. Fullur grunnstuðningur er 2,4 milljónir kr. á býli á ári.

Framleiðendurnir hafa frelsi til að bæta afkomu sína með því að keppa á markaði og aðlaga framleiðsluna að eftirspurn og þörfum markaðarins. Undanþágur frá samkeppnislögum falla niður.

Beingreiðslur býlis geta lækkað ef starfsemin fer á svig við viðurkenndar starfsaðferðir, samkvæmt nánari útfærslu í reglugerð.

***2. Viðurkenndar starfsaðferðir***

Til að fá óskertar grunngreiðslur þurfa bændur að starfa samkvæmt viðurkenndum starfsaðferðum varðandi matvælaöryggi, velferð húsdýra, velferð plantna, sjálfbæra landnýtingu, loftslagsvernd, vatnsvernd, ástand ræktaðs lands og fleira. Kröfurnar skiptast í lögbundnar kröfur og góðar starfsvenjur í landbúnaði og umhverfismálum.

Bændum og búaliði skal standa til boða ráðgjöf um viðurkenndar starfsaðferðir, græna starfshætti, vatnsvernd, sjálfbæra notkun varnarefna og ráðstafanir til að bæta þróun í dreifbýli.

Stjórnvöldum ber að skilgreina hvað teljast viðurkenndar starfsaðferðir og önnur skilyrði fyrir grunnstuðningi og veita bændum fræðslu þar um.

***3. Valkvæðar og grænar greiðslur***

Bændur eiga kost á viðbótarstuðningi fyrir tiltekin æskileg verkefni. Meðal verkefna sem koma til álita í þessu sambandi eru tæknivæðing og aðgerðir sem stuðlar að öryggi og vinnuvernd, auka framlegð, bæta velferð dýra og plantna, endurheimt votlendis, skógrækt, fegrun lands og landumsjón á vissum svæðum. Einnig nýsköpun svo sem ferðaþjónustutengd verkefni, vöruþróun vegna „beint frá býli“ og fleira.

Bændur sem beita tilteknum aðferðum við ræktun, sem taldar eru stuðla að vernd loftslags og umhverfis, eiga rétt á „grænum greiðslum“ á hektara. Þrjár mikilvægustu aðferðirnar í þessu sambandi eru gott viðhald túna, sáðskipti og að yrkja lífræn svæði.

***4. Ungir bændur***

Til að stuðla að kynslóðaskiptum eru grunngreiðslur til ungra bænda 5% hærri fyrstu 5 ár búskapar.

***5. Sérstakar aðstæður***

Bændur sem búa á landsvæðum þar sem náttúrulegar aðstæður takmarka búskap, eiga rétt á allt að 20% hærri grunngreiðslum.

***6. Meiri háttar forsendubreytingar***

Þegar stuðningskerfi landbúnaðar eða starfsskilyrðum er breytt verulega af stjórnvöldum ber að gera það af fyllstu tillitssemi við bændur og tengda aðila sem verða fyrir raski eða tjóni og bæta fjárhagstjóni í sumum tilvikum.

***7. Hámark greiðslna***

Ef heildarupphæð stuðnings einstaks bús fer yfir 20 milljónir kr. á ári skerðast greiðslur um 5%.

***8. Stjórnun og eftirlit***

Greiðslustofnun (Matvælastofnun) úthlutar grunnstyrkjum samkvæmt reglum. Stofnunin metur frammistöðu bænda og annara rétthafa, hvað varðar að starfa eftir viðurkenndum starfsaðferðum og úthlutar valkvæðum greiðslum eftir vinnuframlagi hvers virks bónda.

***Greinargerð***

Nýir búvörusamningar til 10 ára gera ráð fyrir að skattgreiðendur styðji bændur á fjárlögum árlega um 14 milljarða króna. Tollar og innflutningshömlur á matvælum gera neytendum að greiða árlega um 24 milljarða króna meira fyrir matvæli en annars væri og takmarkar framboð matvæla. Af tollverndinni nýtist bændum um 10 milljarðar kr. en slátur- og vinnsluaðilum um 14 milljarða kr. Samtals reiknast ofangreindur stuðningur vegna landbúnaðarins um 38 milljarða kr. á ári, eða tæpar 12 milljónir á bú, sjá töflu.

Í búvörulögunum er svohljóðandi ákvæði um endurskoðun ekki síðar en árið 2019. Margir stjórnmálaflokkanna á Alþingi vilja breytingar á landbúnaðarstefnunni. Það lítur því út fyrir að breytingar séu óhjákvæmilegar, enda löngu tímabærar. Því er um að gera að nýta tímann vel og huga að nýrri framsækinni landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Ef leitað er fyrirmynda er nærtækast að leita til innan EES. Evrópska landbúnaðarstefnan, CAD, frá 2013, er vel úthugsuð og aðgengileg. Beinn stuðningur við bændur er nokkuð lægri en hér í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, en nokkuð hærri í Noregi. Í Evrópu er hins vegar opinn matvörumarkaður milli landa án tolla. Undantekningar eru auk Íslands, Noregur og Sviss sem eru mun efnaðri þjóðfélög en Ísland. Tollar Noregs og Sviss eru þó mun lægri en Íslands.

Nýja landbúnaðarstefnan gengur út á að virkir bændur fái grunnstyrk og viðbótarstyrki fyrir verkefni sem koma landinu og íbúunum vel. Að öðru leyti keppa þeir á frjálsum markaði. Stjórnvöld ákveða viðmiðanir og upphæðir stuðnings og endurskoða árlega væntanlega í samráði við hagsmunaaðila. Ofangreindar tölur og hlutföll eru bara vísbendingar.

Beinn stuðningur getur áfram verið álíka hár og hann hefur verið en tollverndin hlýtur að falla niður í áföngum, með hagsmuni (fátækra) neytenda og alls almennings í huga. Í staðinn opnast 550 milljón manna Evrópumarkaður fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Samt má gera ráð fyrir samdrætti, aðallega í hvíta kjötinu og tengdum vinnslugreinum. Hagfræðistofnun HÍ lagði árið 2007 mat á fjölda starfa í landbúnaði (um 4.400) og afleidd störf (um 5.600) og taldi þau samtals um 10.000. Með niðurfellingu tollverndar má ætla að störfunum fækki í heild um 500, aðallega í greinum sem tengjast hvíta kjötinu sem bætist við fækkun vegna tæknivæðingar og hagræðingar sem er að eiga sér stað hvort sem er.

Í framtíðinni má gera ráð fyrir að búum fækki og þau stækki samhliða tæknivæðingu og sérhæfingu. Þessi landbúnaðarstefna verndar lítil og meðalstór bú, ef vilji stendur til þess, með skilgreiningu á því hvað telst virkur bóndi og hver upphæð grunnstyrks er á hverjum tíma.

Með góðri útfærslu getur þessi landbúnaðarstefna gagnast landi og þjóð mjög vel.

*Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur og bóndasonur*

*Tilvísanir:*
*https://betrilandbunadur.wordpress.com/*




# Fimmta árið í röð eru Valtra og Massey Ferguson söluhæstu dráttarvélar á Íslandi

*Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu*




*Við erum stolt af þessum árangri og þökkum viðskiptavinum það mikla traust sem þeir sýna okkur og samstarfsaðilum okkar ár eftir ár.*

*Starfsfólk Jötuns*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

UTAN ÚR HEIMI




## Sykurframleiðsla eykst á heimsvísu 2017:

# Búist við meteftirspurn þrátt fyrir hátt verð

**Samkvæmt áætluðum tölum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna (USDA), mun heimsframleiðslan á sykri aukast í ár og fara í 171 milljón tonna, þrátt fyrir samdrátt á Indlandi og í Taílandi. Eftirspurn og neysla mun þó aukast enn meira og fara í 174 milljónir tonna.**

Reiknað er með að heimsframleiðslan aukist um 5 milljónir tonna á framleiðslutímabilinu sem er frá september til september ár hvert. Þess ber þó að geta að framleiðsla síðasta tímabils var sú minnsta í fimm ár, eða um 165 milljónir tonna.

### *Gengið verður á birgðir*

Verð á sykri hefur verið tiltölulega hátt að undanförnu eftir að hafa náð botni í ágúst 2015. Þá fór heimsmarkaðsverð á sykri að meðaltali í 11 sent á pundið. Í október 2016 hafði verðið rúmlega tvöfaldast og var komið í 23 sent á pundið. Þrátt fyrir hátt verð er búist við að eftirspurn verði mikil á næstu misserum og sett verði nýtt sölumet á þessu ári, eða 174 milljónir tonna. Það þýðir að gengið verður á birgðir og að birgðastaða verður mjög lág í lok framleiðslutímabilsins í haust og sú lægsta síða haustið 2011.

Framleiðsluhalli tímabilsins verður samkvæmt áætlun USDA um 6,7 milljónir tonna en ekki 2,6 milljónir tonna eins og áður var áætlað. Þetta þýðir miðað við lögmál markaðarins að heimsmarkaðsverð á sykri mun að óbreyttu hækka verulega þegar líður á árið.

### *Framleiðsla Indverja minnkar*

Samkvæmt tölum frá 30. desember var áætlað að sykurframleiðsla Indverja yrði 22,5 milljónir tonna á framleiðslutímabilinu sem lauk í september á nýliðnu ári.

Er þetta nokkur lækkun frá framleiðslutímabilinu 2015 til 2016 þegar framleidd voru 25,1 milljón tonn. Hæst fór sykurframleiðsla Indverja þó í rúmlega 30 milljónir tonna haustið 2014. Stöðugur vöxtur hefur verið á sykurneyslu í landinu undanfarin ár. Ef fram fer sem horfir má gera ráð fyrir að framleiðsla yfirstandandi tímabils verði langt undir eftirspurninni sem áætluð er ríflega 27 milljónir tonna.

Indland er næststærsta sykurframleiðsluland heims í tonnum talið og kemur þar næst á eftir Brasilíu. Í þriðja sæti eru svo ríki Evrópusambandsins. Samkvæmt frétt The Economic Times á Indlandi var framleiðsla tímabilsins komin í 6,6 milljónir tonna um áramótin, en sykurframleiðendur hafa komið sér saman um að draga smám saman úr framleiðslunni. Til eru birgðir upp á 7,7 milljónir tonna og búist er við að birgðir eftir yfirstandandi tímabil verði 5,21 milljón tonna. Samkvæmt blaðinu hafa yfirvöld gert ráðstafanir til að viðhalda þokkalegri stöðu umframbirgða til að stýra sykurverði í landinu. /HKr.

mast Matvælastofnun

## Framhaldsumsókn um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Matvælastofnun auglýsir eftir framhaldsumsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt reglugerð nr. 1221/2015, VIÐAUKA IV, verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga. Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu (*www.bondi. is*) eigi síðar en 1. mars 2017.

Aðeins þeir sem hafa áður fengið nýliðunarstyrk í sauðfjárrækt skv. fyrrgreindri reglugerð sjaldnar en 5 sinnum geta sótt um styrk að þessu sinni. Ekki er tekið við nýjum umsóknum um nýliðun í sauðfjárrækt skv. fyrrgreindri reglugerð, þar sem ný samningur um starfsskilyrði í sauðfjárrækt, dags. 19. febrúar 2016 hefur tekið gildi. Úthlutun árið 2017 er í samræmi við 27. gr. bráðabirgðaákvæði í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1151/2016 og er þetta í síðasta skipti sem úthlutað í nýliðunarstyrk í sauðfjárrækt skv. eldri búvörusamningi.

Austurvegi 64 • 800 Selfossi • Sími 530 4800 • www.mast.is • mast@mast.is

# Kóagúlasa neikvæðir stafýlókokkar – duldi júgurbólguvaldurinn

**Duldar júgurbólgusýkingar af völdum kóagúlasa neikvæðum stafýlókokkum, sem stundum eru nefndir K-, KNS eða CNS (erlendis), eru afar algengar víða um heim og eru þessar KNS sýkingar oftast flokkaðar í einn meðferðarflokk. Með því er átt við að þessir sýklar hafa verið meðhöndlaðir með sama hætti og oftast ráðlagt að meðhöndla kýr með dulda KNS sýkingu í geldstöðunni svo komast megi fyrir sýkinguna.**



KNS-bakteríur eru sakleysislegar þegar þær sjást á ræktunarskálum en eru skaðvaldar þegar skoðuð eru áhrif þeirra á mjólkurgæði víða um heim.

Þessir sýklar hafa oft verið flokkaðir einhvers staðar mitt á milli umhverfissýkla og smitandi sýkla en KNS er þó bara yfirheiti á stórum hópi ólíkra baktería. Þegar um annars konar sýkingar er að ræða, s.s. af völdum Aureus, E. coli eða Strep. uberis, setja mjólkurgæðaráðgjafar oftast upp sérstakar aðgerðaráætlanir í samráði við dýralækna og bændurna. Þá miða þessar sértæku áætlanir að því að koma í veg fyrir sýkingar. Þessar áætlanir geta verið mjög ólíkar á milli kúabúa, allt eftir því hvaða sýklar eru algengastir á viðkomandi kúabúi.

Þegar talið hefur hingað til borist að KNS sýkingum hafa ráðin þó oftast verið heldur knöpp og ekki verið gerðar jafn sérhæfðar áætlanir og þegar um annars konar sýkingar er að ræða. Nú kann þetta þó að vera að breytast en með tilkomu erfðaefnisgreiningar á KNS sýklum og þekkingar á hegðun einstakra undirhópa KNS, er nú stutt í að hægt verði að ná mun betri árangri en áður.

### *Bætt greiningartækni*

Í dag er hægt að greina þessar bakteríur mun nánar en áður og þá hefur komið í ljós, líkt og með aðrar bakteríur, að beita þarf ólíkum vinnubrögðum eftir því hvaða undirflokkur KNS er að herja á kýrnar hverju sinni.

Í vísindaritinu Journal of Dairy Science var nýverið birt sérlega áhugaverð grein um ólíka undirflokka KNS en greinin byggði á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á 100 kúabúum í Hollandi og var markmið rannsóknarinnar að skoða áhrif fjósgerða og vinnubragða á tíðni ólíkra undirhópa KNS.

Kúabúin voru valin af handahófi úr skýrsluhaldsgrunni og í úrtakinu voru afar fjölbreytt fjós og misstór eða allt frá 92 þúsund lítra ársframleiðslu upp í 1,5 milljónir lítra og frá básafjósum upp í hringekjufjós og allt þar á milli. Rannsóknin fór þannig fram að þremur tankmjólkursýnum var safnað frá hverju búi á þriggja mánaða tímabili og auk þess fylltu hollensku bændurnir út eyðublað um vinnubrögð sín m.m. Sýnin voru svo erfðaefnisgreind með PCR tækni og niðurstöðurnar settar í samhengi við ofangreinda þætti.

### *Staf. equorum algengasti undirflokkur*

Í niðurstöðunum kemur fram að oftast er um bakteríu að ræða sem heitir Staf. equorum, þá Staf. haemolyticus og síðan Staf. epidermidis en allar þessar bakteríur eru s.s. venjulega flokkaðar sem KNS. Þá kom fram í rannsókninni að það eru töluverðar árstíðarsveiflur á tíðni KNS undirflokka og fer það einnig eftir fjósgerðinni. Þannig er hlutfall Staf. epidermidis, Staf. simulans og Staf. cohnii hærra í tanksýnum frá básafjósum og hálmdýnufjósum en í tankmjólk frá legubásafjósum.

Þekking okkar á þessum ólíku undirflokkum KNS er enn heldur takmörkuð en það mun breytast á komandi tímum og því er áhugavert að skoða nánar hvað hollenska vísindafólkið fann.



Gröftur úr alvarlega sýktu júgri.
Mynd / UGA

### *Vinnubrögðin skipta máli*

Önnur áhugaverð staðreynd var að hlutfall ólíkra undirhópa KNS var verulega breytilegt eftir því hvernig vinnubrögðin voru á kúabúunum. Ef júgurhárin voru t.d. klippt reglulega snarminnkuðu líkurnar á því að Staf chromogenes, Staf. simulans og Staf. xylosus gætu fjölgað sér verulega, en þessar þrjár tegundir hafa áður verið sterkt tengdar við júgurbólgu.

Þá kom í ljós, e.t.v. nokkuð óvænt. Þau bú sem voru með í mánaðarlegri júgurheilbrigðisþjónustu dýralækna voru einnig líklegri til þess að hafa hærra hlutfall af þessum þremur undirflokkum KNS.

Þessar þrjár undirtegundir KNS hafa verið sterklega tengdar við háa frumutölu frá einstökum júgurhlutum og gæti þessi óvænta niðurstaða einfaldlega bent til þess að þau bú sem eru að kljást við júgurheilbrigðisvandamál séu einmitt líklegri til þess að kaupa sér reglubundna júgurheilbrigðisþjónustu. Þess vegna hafi einmitt þetta samhengi fundist.

Þau bú sem fá alltaf úrvalsmjólkurálag eða þau bú sem nota eitthvert sótthreinsandi efni á spenana fyrir mjaltir reyndust síður vera með Staf. equorum í tankmjólkursýnunum en þessi baktería kemur helst frá umhverfinu inn í mjólkina og hefur neikvæð áhrif á líftölu mjólkur. Bendir tilvist hennar til þess að vinnubrögðum við þrif og umhirðu sé ábótavant.

Á búum sem notuðu sömu tuskuna á fleiri en eina kú, við forþvott fyrir mjaltir, var mun hærra hlutfall af Staf. cohnii í tankmjólkursýninu. Sérlega áhugavert er svo sú staðreynd að það var mun minna um Staf. simulans, Staf. haemolyticus og Staf. cohnii á kúabúum sem skoluðu alltaf mjólkurhylkin með heitu vatni eða gufu eftir að búið var að mjólka frumuháa kú. Þá lækkaði hlutfall af öllum undirhópum á þeim búum þar sem þeir sem mjólkuðu notuðu hanska við mjaltir.

### *Mismunandi uppeldisstaðir KNS*

Í hnotskurn draga höfundar vísindagreinarinnar þetta saman og draga þá ályktun að Staf. equorum og Staf. cohnii séu KNS bakteríur sem eiga rætur að rekja til umhverfisins og Staf. simulans komi innan frá júgrinu.

Höfundarnir benda þó á að rannsaka þurfi frekar KNS bakteríurnar svo hægt sé að gera sérstaka aðgerðaráætlun gegn einstökum undirhópum. Þá þurfi að fá betri greiningaraðferðir en nú eru algengar til þess að greina þessa undirhópa. Þannig eru t.d. flestar PCR greiningar á mjólk það einfaldar að í dag gefa niðurstöðurnar einungis til kynna að KNS hafi fundist í sýninu og í hve miklu magni, en segja ekkert um það hvaða undirflokkur KNS hafi verið á ferðinni. Þetta stendur þó til bóta í náinni framtíð með aukinni þekkingu á sýklum og enn bættri tækni við PCR greiningar.

### *Ekki gera ekki neitt*

Allt of oft heyrist af kúabændum sem hafi nánast gefist upp á því að ná tankfrumutölunni niður fyrir 150.000/ml og trúa hreinlega ekki á það að hún geti farið undir 150.000/ml.

Þessi skoðun er e.t.v. enn algengari á kúabúum þar sem fáar kýr eru með sýnileg einkenni júgurbólgu og þar með með hærra hlutfall af dulinni júgurbólgu og líklega því með hátt hlutfall KNS sýkla.

Með stóraukinni þekkingu á smitleiðum einstakra sýkla, hvernig þeir lifa af í umhverfinu eða á og í kúnum og með stórbættum greiningaraðferðum er í dag miklu auðveldara en það var fyrir aðeins nokkrum árum, að setja upp raunhæfa áætlun sem miðar að því að ná tökum á ástandinu. Þá þarf viljinn líka að vera til staðar hjá kúabóndanum sjálfum og sérstaklega vegna þess að oft þarf að breyta einhverju í vinnubrögðum á búinu.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Sviðsstjóri mjólkurgæðasviðs*
*Dýralækninga- og gæðadeild*
*SEGES í Danmörku*

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is




Algeng sýn úr morgunumferð á höfuðborgarsvæðinu, umferðin stopp með tilheyrandi töfum og mengun. Þegar slys ber að höndum skiptir miklu máli að sjúkrabílar geti átt greiða leið um vegina. Á höfuðborgarsvæðinu teppist umferðin reglulega vegna þess að vegamannvirki hafa ekki verið þróuð í takt við sívaxandi umferð. Ekki bætir úr skák sú stefna yfirvalda í Reykjavík að vera sífellt að þrengja götur. Mynd / HKr.

# Slysum á börnum og ungmennum fækkar

## – ánægjuleg fyrirsögn á vef Morgunblaðsins í byrjun árs

**Á vefsíðu Morgunblaðsins (www.mbl.is) byrjaði grein þann 3.1.2017 svohljóðandi: Áverkadauðsföllum meðal barna á Íslandi fækkaði á árunum 1980–2010, sérstaklega meðal drengja.**

Í greininni var farið víða og við lestur hennar voru bæði jákvæðir punktar og neikvæðir. Þar kom meðal annars fram að 263 börn á aldrinum 0–17 ára hafi látist á þessu 30 ára tímabili og að algengasta dánarorsökin hafi verið höfuðáverkar sem var yfir 40%. Einnig kom fram að 58,5% banaslysa á þessu 30 ára tímabili áttu sér stað í dreifbýli.

Áverkar er aðaldánarorsök barna í heiminum en það jákvæða er að dregið hefur úr algengi áverkadauða. Þetta kemur fram í rannsókn á áverkadauða barna á Íslandi 1980–2010 sem er meistaraverkefni Steinunnar Önnu Eiríksdóttur í lýðheilsuvísindum. Leiðbeinendur voru Þórdís K. Þorsteinsdóttir, Arna Hauksdóttir og Brynjólfur Mogensen. Niðurstöðurnar eru kynntar á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands sem fór fram dagana 3. og 4. janúar 2017.

***Hvers vegna fleiri slys í dreifbýli?***

Í sömu grein kom einnig fram að fleiri hættur geta leynst í sveitum en í þéttbýli og einnig er aðgengi að heilbrigðis- og bráðaþjónustu á þessum landsvæðum lakara en á höfuðborgarsvæðinu, segir Þórdís K. Þorsteinsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ, spurð hvers vegna fleiri slys og dauðsföll eru í dreifbýli.

Það var þetta svar Þórdísar með aðgengi að heilbrigðis- og bráðaþjónustu sem sló mig við lestur greinarinnar, en miðað við staðsetningu sjúkrabíla, lækna og bráðaþjónustustaða er of langt að fara, umferð of mikil og vegir sem ekki anna lengur þeim umferðarþunga sem á þeim eru.

Í grein hér í haust var farið yfir neyðaratvik sem átti sér stað við Gullfoss á miklum annatíma þar sem verið var að keyra ferðamenn úr nokkrum skemmtiferðaskipum á fjölmörgum bílum með tilheyrandi umferðarþunga á Suðurlandi. Sjúkrabíllinn komst varla hraðar en á skrúðgönguhraða síðustu 20 km. Hvað hefði gerst ef alvarlegt vinnu- eða umferðarslys, eitt eða fleiri, hefðu orðið við þessa leið milli Selfoss og Gullfoss á sama tíma?

***Hvað þarf miklar fórnir til að augljós vandamál séu leyst?***

Það eru allir sammála um ágæti forvarna, en það verða alltaf einhver slys og lágmarkskrafa fólks sem býr í dreifbýli er að fá þjónustu eins og aðrir þegnar landsins. Um 1,8 milljónir ferðamanna komu til landsins á síðasta ári bara í gegnum Keflavíkurflugvöll.



Vonandi eigum við ekki eftir að heyra frétt um að einhverjum hafi blætt út vegna þess að sjúkrabíll hafi verið of seinn á staðinn vegna mikillar umferðar við Gullfoss.

Þyngstu og erfiðustu umferðardagarnir eru þegar stóru skemmtiferðaskipin, bæði norðanlands og sunnan, eru í höfn. Fjöldinn allur af rútum og smærri bílum fylla þá vegina að helstu náttúruperlum landsins og er umferðarþunginn langt yfir getu og burðarþol veganna miðað við upphaflega byggingu þeirra. Það er löngu orðið tímabært að skoða að planta niður sjúkrabílum nær þessum fjölmennustu ferðamannastöðum yfir hásumarið. Eflaust er þá spurt: Hver á að borga?

Þegar talað er um öryggi og heilsu á ekki að spyrja þeirrar spurningar, þetta er sjálfsögð þjónusta og ef spurning er um peninga finnst mér að stór skemmtiferðaskip geti vel borgað einn sjúkrabíl við hverja 1.000 farþega. Allavega vil ég ekki heyra þá sögu sagða að sjúkrabíllinn hafi verið svo seinn á bóndabæinn að sonur bónda blæddi út vegna ferðamanna sem þurftu að skoða Gullfoss og Geysi.

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Kyngreint nautasæði

**Í einu ritanna sem ég var að fletta rakst ég á grein sem hét hvorki meira né minna en staðreyndir um kyngreint sæði.**

Þó að þetta væru mest staðreyndir séðar með dönskum augum voru samt nokkur atriði sem rétt er að koma á framfæri. Í þessu efni standa lesendur samt betur að vígi en fyrir margt annað efni vegna þess að öðru hvoru hefur Snorri Sigurðsson sent góðar greinar til Bændablaðsins um þetta efni. Einnig er grein í Nautaskrá Nautastöðvar BÍ árið 2015 þar sem t.d. má fræðst miklu betur um tæknilegar hliðar greiningartækninnar hafi einhverjir brennandi áhuga á slíku.

Löngunin til að geta ráðið kyni afkvæmanna hefur verið til staðar frá aldaöðli. Þekkingin mest frá allra síðustu árum. Á lokaárum mínum í háskólanámi var mikill vöxtur í rannsóknum um allan heim hjá mjólkurkúm þegar það var rækilega staðfest að kynhlutfall fæddra kálfa hjá mjólkurkúm réðst greinilega ekki af tilviljun úr jafnri skiptingu eftir kyni í sæði nautanna. Greinilegt var að hlutfall karlskyns sæðisfruma var fyrir hendi. Ég skoðaði þetta á þeim tíma hér á landi og fann að þetta frávik var meira hér hjá íslenskum kúm en í flestum öðrum kúakynjum í heiminum. Sú kenning sem þá var vinsælust manna á meðal sem voru að skoða þetta var að kynhlutfallið yrði skekktara eftir því sem fanghlutfall kúnna var hærra (auðselt að skýra).

Það er fyrst árið 1989 sem framleiddar eru vélar til kyngreiningar á nautasæði. Í byrjun voru þær mjög afkastalitlar og afköstin raunar en takmörkuð. Tæknin bjó við margskonar barnasjúkdóma og var mjög dýr í notkun. Samt má segja að kyngreining á nautasæði eins og við þekkjum hana í dag sé komin í notkun allvíða í heiminum um síðustu aldamót.Einkaleyfi er á tækninni og eigandi þess er fyrirtækið ST sem er staðsett í Texas.

Í Danmörku rekur landssæðingastöðin (Viking) stöð í Assentoft og þar hafa þeir 11 flokkunarvélar sem ganga stanslaust í 24 tíma á sólarhring fimm daga vikunnar. Starfsliðið eru 14 manns. Árið 2015 flokkaði stöðin 1500 sæðistökur úr 50 nautum og framleiðslan var 300.000 strá.

Afköstin hafa aukist frá 2012 með fleiri vélum og aukningin er hlutfallslega mest hjá kúafærri kynjunum sumum. Gerðar eru sérstaklega miklar gæðakröfur til sæðistakna sem teknar eru til flokkunnar. Gerðar eru kröfur um 2 miljónir sæðisfruma í hverju strái sem er sex sinnu minna en í almennu sæði í Danmörku. Hér á landi eru kröfur um frumufjölda enn miklu hærri eins og menn þekkja.

Nýting á flokkaða sæðinu hefur ætíð verið verulega minni en við notkun á venjulegu sæði. Lengi töluðu menn um 10 prósentueininga lakara fanghlutfall en venjulega ef notað var kyngreint sæði. Mikil tækniþróun í tækjabúnaði hefur leitt til að talað er að munurinn sé kominn í 4-6 %einingar. Árangur er ætíð verulega betri við sæðingar á kvígum en fullorðnum kúm þannig að aukningin síðustu árin liggur mest í kvígusæðingum.

Það er ljóst að starfræksla á slíkri greiningarstöð hér á landi fyrir mjólkurkúastofninn er fjárhagsleg fjarstæða eins og staða er í dag. Annað sem er veruleg ástæða til að brýna fyrir lesendum er að kyngreining á sæði er ákaflega þýðingarlítil aðgerð til hagræðingar í ræktunarstarfi mjólkurkúa og í fljótheitum sýnist mér að hún sé horfin með notkun á úrvali út frá erfðamengi.

Búrekstrarlegur ávinningur af slíkri sæðisnotkun getur hins vegar við ákveðnar aðstæður verið umtalsverður. Hér á landi virðist mér að hann megi öðru fremur heyja ef umfang nautakjötsframleiðslunnar eykst. Umtalsverðan ávinning má sjá ef mögulegt væri að greina að við sæðingu kýrnar sem kvígur til viðhalda kúastofninum yrðu aldar undan og hinar sem bæru gripum til kjötframleiðslu og þá eingöngu nautkálfum. Við slíkar aðstæður mætti auka umfang slíkra blendingsræktar gríðarlega mikið.

Að lokum skal minnt á það að nánast engar rannsóknir hafa farið fram á gæðum nautasæðis hjá íslenskum nautum og engar gagnvart slíkri meðhöndlun. Það örlitla sem gert hefur verið gefur tilefni til að álykta að íslensku nautin séu mögulega ekki að framleiða fyrsta flokks hráefni til slíkrar flokkunar á sæðinu.

*/Jón Viðar Jónmundsson*


Einfalt og hollt heilhveitibrauð




**Uppskrift:**
8 dl KORNAX heilhveiti
3 dl kókosmjöl
6 tsk lyftiduft
1 tsk salt
6-7 dl ab-mjólk

**Aðferð:**
1. Hitið ofninn í 180°C.
2. Blandið þurrefnum saman í stóra skál.
3. Hellið ab-mjólkinni út í og hnoðið. (Ef notuð er hrærivél með hnoðara, gætið þess að hræra ekki of lengi).
4. Setjið deigið í formkökuform og bakið í ca. 50-60 mínútur.

KORNAX

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Selenbættur áburður

Unnsteinn Snorri Snorrason
Syðstu-Fossum
unsnsn@gmail.com



**Selen er snefilefni sem er öllum dýrum nauðsynlegt. Íslenskur jarðavegur er snauður af seleni.**

Þar af leiðandi er styrkur selens í gróffóðri lágur sem getur orsakað selenskort hjá gripum. Besta leiðin til að bæta gripum upp selenskort er að auka styrk þess í gróffóðri með því að bera á selenbættan áburð.



Selen í gróffóðri. Mynd / Unnsteinn Snorri Snorrason.

### *Hlutverk selens*

Selen er ekki jurtanærandi efni en er nauðsynlegt fyrir heilsu manna og dýra. Selen gegnir mikilvægu hlutverki tengdu vexti, frjósemi og hefur fyrirbyggandi áhrif gagnvart ýmsum sjúkdómum. Selen er m.a. að finna í ensímum sem veita vörn gegn niðurbroti frumuveggja. Selen og E-vítamín hafa samverkandi áhrif og hafa virkni sem andoxunarefni.

Skortur á seleni getur leitt til ófrjósemi, veikburða eða dauðfæddra kálfa og lamba, aukið tíðni fastra hilda og orsakað hvítvöðvaveiki (stíuskjögur) hjá ungviði.

Þegar kemur að upptöku dýra á seleni þá þarf að gera greinarmum á ólífrænu seleni og seleni sem er bundið í lífrænu efni. Upptaka á seleni sem er bundið í lífrænu formi er mun virkara en upptaka á selen sem er á ólífrænu formi. Selen í gróffóðri er bundið í lífrænu formi. Þess vegna er það ein skilvirkasta leiðin til þess að auka upptöku á seleni að auka styrkleika þess í gróffóðri með því að nota selenbættan áburð.




### *Selen í jarðvegi*

Selen er að finna í mismunandi jónaformi í jarðvegi eða bundið í lífræn efnasambönd. Formið ræðst af sýrustigi (pH) og örverustarfsemi jarðvegs. Plöntur geta tekið selen upp bæði sem selenít og selenat. Þó er upptaka skilvirkari á selenat.

Í súrum jarðvegi er selen einkum að finna sem selenít (sem getur bundist fast í jarðvegi líkt og fosfór). Við slíkar aðstæður er upptaka á seleni takmörkuð. Í jarðvegi með hátt sýrustig (basískur) og góða loftun er selen að finna á formi selenat. Við slíkar aðstæður geta komið fram eituráhrif. Selenat binst ekki með sama hætti í jarðvegi og selenít. Einnig er selen að finna í lífrænum efnasamböndum í jarðvegi.

Selen hefur svipaða eiginleika og brennisteinn, er tekinn upp með sama hætti og getur komið í staðinn fyrir brennistein í plöntum. Þannig keppir selen við brennistein um upptöku plantna. Áburður sem er ríkur af brennistein getur því dregið úr upptöku á seleni.

### *Selen í fóðri*

Í plöntunum er selen einkum að finna í próteinsamböndum þar sem það kemur í staðinn fyrir brennistein (S) í amínósýrum sem innihalda brennistein.

Æskilegur styrkur selen í fóðri er á bilinu 0,20–0,50 mg/kg þe. Æskilegur styrkur fer eftir þörfum þeirra gripa sem er verið að fóðra og einnig öðrum efnum í fóðri sem geta dregið úr eða aukið upptöku eða þörf á selen. Ef mikið er af E-vítamíni í fóðri minnkar það þörf á selen í fóðri.

Að jafnaði skortir selen í íslenskt gróffóður. Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands voru gerðar snefilefnagreiningar á 200 heysýnum frá fyrsta slætti frá árinu 2003. Styrkur selens var að meðaltali 0,016 mg Se / kg þurrefnis. Hæsta gildi var 0,130 mg Se / kg þurrefnis. Miðað við þarfir nautgripa þá var selenskortur í 99% sýna. Í annarri rannsókn sem gerð var á heysýnum frá ýmsum landshlutum voru meðalgildi á bilinu 0,015–0,025 mg Se/ kg þe (Thorkell Jónsson o.fl, 2004).

Ofgnótt af selen getur valdið eituráhrifum. Samhliða notkun á selenbættum áburði er mikilvægt að fylgjast með styrkleika þess í fóðri. Eituráhrif koma upp þegar styrkur selens verður 2.000–5.000 mg/kg þe. Eituráhrif eru ekki algeng. Geta tengst staðbundinni mengun jarðvegs eða óhóflegri notkun selens í áburði.

### *Notkun á selenbættum áburði*

Árin 2006 og 2007 voru gerðar rannsóknir á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á áhrifum selenbætts áburðar á efnainnhald gróffóðurs. Í þessum rannsóknum komu fram skýr áhrif þess að selenbættur áburður eykur styrk selens í gróffóðri (sjá mynd 1.). Í þeim tilraunaliðum þar sem ekki var borið á selen var styrkleiki þess aðeins um 10% af lágmarksþörfum gripa (Þórdís Anna Kristjánsdóttir (ritstj.), 2009).

Þrátt fyrir að selenstyrkur gróffóðurs hafi verið hár í fyrri slætti þá var það ekki raunin í seinni slætti. Það selen sem ekki er tekið upp af uppskeru fyrri sláttar virðist bindast fast í jarðvegi. Jafnframt virtist það ekki hafa áhrif á selenmagn í gróffóðri hvort borin var á selenbættur áburður árið áður. Það er því mikilvægt að bera á selenáburð á hverju ári í samræmi við þarfir (Þórdís Anna Kristjánsdóttir (ritstj.), 2009).

Í selenbættum áburði sem er á markaði á Íslandi er yfirleitt um 15 mg Se / kg áburðar. Sé borin á 600 kg af áburði er magn selens aðeins 9 g/ha. Það er því nær ómögulegt að fá jafna dreifingu á seleni nema það finnist í öllum kornum áburðarins (Þórdís Anna Kristjánsdóttir (ritstj.), 2009).

Ef borinn er á selenbættur áburður er mikilvægt að taka heysýni og greina seleninnihald gróffóðurs. Ef selengildi í fóðri er mjög hátt þarf að fara varlega í að gefa gripum kjarnfóðurblöndur, steinefni og saltsteina sem innihald selen.

***Heimildir:***

- *Grétar Hrafn Harðarson, Arngrímur Thorlacius, Bragi Líndal Ólafsson, Hólmgeir Björnsson & Tryggvi Eiríksson, 2003. Styrkur snefilefna í heyi. Fræðaþing landbúnaðarins 2006.*
- *Maud Grøtta, 2013. Selen beskytter cellene. Landbruk Nordvest. Ringreven 1/2013.*
- *Torkell Jóhannesson, Kristín Björg Guðmundsdóttir, Tryggvi Eiríksson, Jed Barash, Jakob Kristinsson & Sigurður Sigurðarson, 2004. Selenium and GPX activity in blood samples from pregnant and non--pregnant ewes and selenium in hay on scrapie- free, scrapieprone and scrapie-afflicted farms in Iceland. Icel. Agric. Sci. 16-17, 45-52.*
- *Guðni Þorvaldsson & Þorsteinn Guðmundsson, 2006. Snefilefni í jarðrækt. Fræðaþing landbúnaðarins 2006.*
- *Þórdís Anna Kristjánsdóttir (ritstj.), 2009. Jarðræktarrannsóknir 2007. Landbúnaðarháskóli Íslands.*
- *Þorsteinn Ólafsson, Sigríður Bjarnadóttir, Sigurður Sigurðarson & Guðbjörg Jónsdóttir, 1999. Selen og ormalyf handa kvígum. Ráðunautafundur 1999.*

EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Kerruvarahlutir á góðu verði

Samhliða innflutningi okkar á Indespension kerrum erum við með varahluti og hluti til kerrusmíða fyrir flestar kerrugerðir, t.d. Indespension, Ifor Williams o.fl. Eigum á lager mikið úrval varahluta í helstu gerðir bremsu og hjólabúnaðar fyrir Alko og Knott. Bjóðum einnig sérpantanir.

**Nálægð við birgja okkar í Bretlandi tryggir skamman afgreiðslufrest á sérpöntunum.**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is


Hjólabúnaður
Þrýstibremsur
Nefhjól
Bremsuborðar
Bremsubarkar
Hjólalegur
Læsanlegir og einfaldir beislisendar
Ljós og ljósabúnaður
Hjólnöf

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Vottaðar landnámshænur

**Á aðalfundi Eigenda-ræktendafélags landnámshænsna, ERL kom fram að félagið hefur talsverðar áhyggjur af stofni landnámshænsna. Svo virðist sem einhverjir aðilar hér á landi selji fugla undir því yfirskini að um landnámshænur sé að ræða þótt þær falli ekki undir staðalinn Lýsing á íslensku landnámshænunni sem samþykktur var árið 2013.**

Félagið ber ábyrgð á ræktun landnámshænunnar hérlendis sem erlendis, og vill grípa í taumana áður en í óefni er komið og benda kaupendum landnámshænsna á að kaupa aðeins landnámshænur af þeim sem hefa fengið vottun ERL.

Á síðastliðnu ári hefur borið talsvert á því að nokkrir kaupendur meintra landnámshænuunga fái fuglana ekki skráða þar sem þeir standast ekki ræktunarviðmið landnámshænsna.

Þetta er mjög erfið staða fyrir þá sem hafa keypt fugla í góðri trú og veldur stjórn félagsins talsverðum áhyggjum. Grunnur að ræktun landnámshænsna var lagður með þeim fuglum sem dr. Stefán Aðalsteinsson safnaði saman árið 1973 og hefur æ síðan verið ræktaður markvisst af ábyrgum aðilum.

ERL var stofnað árið 2004 með það markmið að halda stofni landnámshænsna í rækt og hefur gengið vel, en á síðustu árum hefur tekið að bera á því að óábyrgir einstaklingar selji unga sem landnámshænur án þess að uppfylla þau skilyrði sem til þess þarf eða hafa til þess vottun félagsins.

Öll dreifing á fuglum undir heitinu landnámshænur sem ekki stenst Lýsingu á íslenskum landnámshænunni eru skemmdarverk við ræktunarstarfið, stefna stofninum í hættu og grafa undan því trausti sem ræktendur í ERL hafa áunnið sér hér heima og erlendis.

ERL vill eindregið benda hugsanlegum kaupendum sem vilja styðja við ræktun landnámshænunnar að leita til aðila sem fengið hafa vottun hjá ERL eða fá ráðleggingar hjá félaginu áður en þeir kaupa sér fugla.

Hér fylgir listi yfir þá sem hafa fengið vottun hjá ERL en einnig nokkrir á biðlista fyrir skoðun fuglanna í vor.



*Listi yfir vottaða ræktendur – yfirfarið í september 2016*

- Agnar Berg Sigurðsson
Frjóvguð egg
agnarbs@mi.is
Ásatún 10 2b, Kópavogi

- Agnes Geirdal
Frjóvguð egg
agnesg@simnet.is
Galtalækur, Biskupstungum
Ungar

- Anna Sigríður Helgadóttir
Brúnagerði, Þingeyjarsveit

- Áslaug Lárusdóttir
aslaugl@gmail.com
Blómsturvellir 46, Neskaupstað

- Björk Bjarnadóttir
Frjóvguð egg
illugaskotta@gmail.com
Brennholti, Mosfellsbæ

- Björn Mikaelsson
Frjóvguð egg
bmikk@simnet.is
Furuhlíð 1, Sauðárkróki
Ungar

- Brynhildur Inga Einarsdóttir
Frjóvguð egg
borg1@centrum.is
Sögusteinn, Ölfusi

- Dísa Andeirman
Frjóvguð egg
disaand@gmail.com
Skeggjastaðir, Mosfellsbæ

- Dóra Aðalsteinsdóttir
Frjóvguð egg
bardal63@gmail.com
Eyrarvegur 12, Grundarfjörður
Ungar

- Egill Rafn Sigurgeirsson
Frjóvguð egg
egillrs@hotmail.com
Melahvarf 2, Kópavogi

- Erna Árfells
Berjanesi, Hvolsvelli

- Fanney og Trausti
Frjóvguð egg
fanneybk@gmail.com
Einholti, Ásahreppi
Ungar
traustith@simnet.is

- Freyja og Marinó
Eysteinseyri, Tálknafirði

- Guðlaug Jónsdóttir
Frjóvguð egg
Árbær, Reykhólahreppi

- Hilmar og Salvör
Frjóvguð egg
hilmaraegir@simnet.is
Bolaklettar 1 Kjósahreppi

- Hulda Leifsdóttir
Frjóvguð egg
Brekkubyggð 24, Blönduósi

- Ingi Vignir Gunnlaugsson
Frjóvguð egg
ingivg@simnet.is
Hrannarbyggð 12, Ólafsfirði

- Jóhanna Harðardóttir
Frjóvguð egg
johanna@hlesey.is
Hlésey, Hvalfjarðarsveit
Ungar

- Kolbrún Júlíusdóttir
Frjóvguð egg
kolsholt@islandia.is
Kolsholt I Flóahreppi
Ungar

- Magnea og Sigurbjörn
Frjóvguð egg
asamyri@hotmail.com
Ásamýri, Hellu
Ungar

- Magnús Ingimarsson
Frjóvguð egg
m.ingimars@gmail.com
Hólmaflöt 2, Akranesi
Stundum ungar

- Máni Hákonarson
Frjóvguð egg
hallafroda@yahoo.com
Dalsgarður 1 Mosfellsbæ
Ungar



- Sigríður og Sveinn Þórðarson
Frjóvguð egg
Trabuco Canyon,
California

- Vala Andrésdóttir Withrow
Frjóvguð egg
vala.andres@gmail.com
Redmond, Washington USA
Stundum ungar

- Valgerður Auðunsdóttir
Frjóvguð egg
valhus@uppsveitir.is
Húsatóftum 1, Skeiðum
Ungar/Stundum unghænur

- Þorvarður Jóhann Guðbjartsson
bonnya@simnet.is
Naustabúið 6, Hellissandi

- Þórarinn Sighvatsson
Frjóvguð egg
sumarbustadir@simnet.is
Léttahlíð 3, Helgafellssveit
Ungar

- Þórey Pálsdóttir
Frjóvguð egg
phoreyp@simnet.is
Norðurbraut 21, Selfossi

Enn bíða þónokkrir félagar skoðunar af hálfu félagsins.

*/Jóhanna Harðardóttir, Hlésey*

## Lausn á jólakrossgátu Bændablaðsins



VÉLABÁSINN

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Upprifjun síðasta árs:
# Bestu og vænlegustu bílakaupin
## – Prófa helst ekki ljóta bíla og þá sem ég veit fyrirfram að fá mínus hjá mér



MMC Outlander PHEV rafmagns/bensínbíll var bíll ársins 2016 . Hann bar af öðrum bílum og var hreinn unaður að keyra. Myndir / HLJ

**Viljandi var sumum bílum sleppt sem prófaðir voru í öðrum miðlum á síðasta ári, en ég reyni að forðast bíla sem vantar í varadekk, eru ekki með réttan ljósabúnað miðað við íslensk lög og svo eru til nokkrir bílar sem ég hef ekki tekið í sátt þar sem mér finnst þeir ljótir.**

Bandalag íslenskra bílablaðamanna kaus Renault Talisman bíl ársins 2016, en þann bíl prófaði ég ekki. Þegar ég hugðist prófa Renault Talisman sá ég að bíllinn var varadekkslaus og varadekkslausir bílar fá mínuseinkunn hjá mér. Dráttarvélar er erfitt að prófa hér á malbikinu, en þeir fáu traktorar sem ég prófaði voru lítið sem ekkert keyrðir og var prófunin mestmegnis í formi umfjöllunar.

Þegar ég prófa pallbíla hugsa ég umfjöllun mína aðallega sem vinnutæki og notkunargildi. Þeir bílar sem auglýstir eru sem jepplingar eru fyrir mér fjórhjóladrifnir bílar sem henta vel fyrir alla vegi, en því miður er þróunin í þeim flokki bíla á rangri leið vegna óásættanlegra hjólbarða til aksturs á malarvegum og vegslóðum. Í þessum flokki eru bílarnir almennt alltaf að koma með stærri og stærri felgur og á móti lækka hjólbarðarnir svo að engin fjöðrun er í hjólbörðunum. Sumir prófaðir bílar 2016 voru vart keyrandi á hefðbundnum malarvegum sökum hjólbarða sem bílarnir komu á og líkjast æ meir lakkrísreimum á felgunum, af sem áður var. Á felgunum voru dekk sem gáfu fjöðrun fyrir nokkrum árum.

### *Besti traktorinn*

Í Bændablaðinu 10. mars 2016 var fjallað um Merlo-dráttarvél sem er bæði dráttarvél og skotbómulyftari. Þessi vél heillaði mig mikið sem margnota vél. Hljóðlát, hraðskreið og þægileg til að moka snjó. Í samtali við eiganda vélarinnar í sumar sem leið lét hann vel af vélinni og líkaði vel.

Af smærri vélum skoðaði ég Solis-vélarnar frá Indlandi og miðað við verð og hestöfl á þeim vélum eru mjög góð kaup í Solis-dráttarvélum.

### *Pallbílar*

Pallbílar eru sumir hverjir byrjaðir á að stækka felgurnar of mikið og minnka á móti belgstærð hjólbarðanna sem er ókostur fyrir malarvegi og vegslóða. Besti og eigulegasti pallbíllinn sem var prófaður í febrúar er Ford F350. Bíll með 440 hestafla vél, á góðu verði, með mikla dráttargetu. Eini ókosturinn er lágur prófíll hjólbarðanna sem gefa litla fjöðrun á möl og á torfærum vegslóðum. Örugglega hægt að minnka felgurnar um eina til tvær tommur til að koma belgmeiri og fjöðrunarbetri dekkjum undir bílinn.

### *Jepplinga.*

Tveir eru útnefndir sem bestu jepplingarnir. SsangYong Korando er kraftmikill jepplingur, tæp 180 hestöfl. Hann er þægilegur í akstri og kostar ekki mikið en Bílabúð Benna hefur lækkað flesta bíla mikið sökum hagstæðs gengis. Svo vel líkaði mér þessi bíll að ég keypti einn slíkan. Mér fannst hann þó stífur á 17 tommu felgunum og fékk mér 16 tommu felgur með meiri belg og er mjög ánægður með breytinguna.





SsanYong Korando DLX var annar tveggja jepplinga sem voru bestir. Hinn er Jeep Renegade sem sést á innfelldu myndinni.



Tivoli XLV, fjórhjóladrifið og verðið setti hann í 1. sæti sem fjölskyldubíl.



Mér leiddist aldrei á BMW 1200 í sumar.



Ford F-350.



Gott verð er á Solis-dráttarvélum og næstum fáránlega lágt.



Merlo-skotbómulyftari er frábær traktor með mikla möguleika.

Hinn bíllinn er Jeep Renegade, flott hannaður bíll, en þessi jepplingur er vel útbúinn og á ágætis verði. Gott að keyra, skemmtilegur drifbúnaður og duglegur í snjó. Aðrir jepplingar og fjórhjóladrifnir bílar voru að fá mínus mest út af lágum prófíl dekkja sem setti þá að mínu mati út úr flokki jepplinga í flokk fjórhjóladrifinna fólksbíla.

### *Besti bíllinn og fjölskylduvænir fólksbílar*

Af smábílum var besti bíllinn sem prófaður var Honda Jazz sem er orðinn ótrúlega stór og kraftmikill. Von er á nýjum Jazz, mikið breyttum, með vorinu.

Af skutbílum stendur upp úr SsangYong Tivoli XLV sökum fjórhjóladrifs, mikils pláss og einstaklega góðs verðs, en ég var vissulega líka ánægður með Toyota og Kia. Tivoli XLV skaut þeim aftur fyrir sig með fjórhjóladrifinu.

Bíll ársins í mínum huga er hins vegar Mitsubishi Outlander PHEV rafmagns/bensínbíll, hreinn unaður að keyra, hljóðlátur og rúmgóður. Rafmagnið dugir í 50–60 km sem ætti að henta yfir 90% notendum við daglega notkun, en eftir að rafmagnið er búið tekur bensínmótorinn við. Miðað við innkaupsverð bílsins er þessi bíll fljótur að borga sig upp í sparnaði á eldsneyti. Það eina sem ég gat sett út á þennan bíl var hversu lágt er undir lægsta punkt á bílnum, en allt annað er jákvætt og að mínu mati langbesti og eigulegasti bíll sem ég prófaði á síðasta ári.

### *Leiktæki*

Ýmis leiktæki voru prófuð, svo sem Sæþota og BMW 1200 mótorhjól, en af fjórhjólum sem voru prófuð var ég hrifnastur af Goes 525 sem vinnutæki, en verðið á því fjórhjóli er einstaklega hagstætt, og Yamaha Grizzly 700 sem ferðafjórhjóli og leiktæki þó að það hjól henti vel sem vinnutæki líka.

Að lokum vil ég þakka þeim lesendum sem gáfu sér tíma til að lesa þessa pistla og vona að einhverjir hafi notið góðs af. Gleðilegt nýtt ár til þeirra sem gefa sér tíma til að lesa þessi misvitru skrif mín.

Með kveðju, Hjörtur.

LESENDABÁS

# Landbúnaður í nútíð og framtíð

**Þann 15. desember birtist í Bændablaðinu heilsíðugrein sem bar heitið „Landbúnaður á nútíma vísu“ en í undirtitli voru bornar fram þrjár spurningar: „Hvað er fjölskyldubú? Hvað er verksmiðjubúskapur „factory farming“? Hvar standa íslensk býli í slíkum samanburði við erlend?“ Allt eru þetta áhugaverðar spurningar sem fengur er í að fá svör við.**

Í inngangi er m.a. bent á að landbúnaður þurfi að framleiða fæðu handa ört fjölgandi íbúum jarðar. Þetta er mikilvægt hlutverk og sannarlega ekki sama hvernig að því er staðið þar sem landbúnaður mun vera annar stærsti mengunarvaldur heimsins á eftir orkuframleiðslu. Þetta er einkum vegna úrgangs frá búfjárframleiðslu. Því þarf að stunda landbúnað „með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi sem og að tryggja góða meðferð á búfé og bændum sanngjarnt hlutskipti fyrir vinnu sína“ eins og segir í greininni.

Það er stórt verkefni að brauðfæða heiminn, en núverandi framleiðsla mun duga til að næra um 9 milljarða manna. Hins vegar er hluti af framleiðslunni nýttur til að fóðra skepnur fyrir kjötframleiðslu og einnig til að framleiða eldsneyti, en um þriðjungur af framleiðslunni endar á ruslahaugum. Á meðan svelta um 11% mannkyns. Það er því ekki vegna þess að matur sé ekki til í heiminum, heldur vegna fátæktar, ófriðar og misskiptingar auðs.

Fátækir eiga t.d. erfiðara en aðrir með að bregðast við vaxandi breytingum á veðurfari. Hungur er því eins og annað tengt matvælum, að stórum hluta afleiðing pólitískra ákvarðana, bæði staðbundinna og alþjóðlegra.

Hið raunverulega viðfangsefni þeirra sem vilja útrýma hungri er því að stuðla að friði og jöfnuði um leið og dregið er úr mengun og sóun.

***Eru stórar einingar eða verksmiðjubúskapur lausnin?***

Hugtakið verksmiðjubúskapur hefur verið notað á Íslandi um áratuga skeið (sjá t.a.m. Halldór Pálsson í Búnaðarritinu 1971) en skýr skilgreining á því liggur þó ekki fyrir. Hins vegar kom fram á Alþingi árið 2000 að umhverfisráðuneytið liti svo á að með verksmiðjubúum væri átt við bú sem falla undir I. og II. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og tölulið 6.6 í I. viðauka reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt þessum skilningi er ótvíætt að verksmiðjubúskapur er stundaður hér. Hugsanlega er það þó í skjóli skorts á sérstakri skilgreiningu verksmiðjubúskapar í lögum, sem því hefur verið haldið fram opinberlega að hann sé ekki til í landinu.

Til er skilgreining alþjóðastofnana á verksmiðjubúskap sem er ekki skýr og er fyrst og fremst sett fram sem andstæða lífræns landbúnaðar. Evrópuráðið hefur sett sérstakar tilskipanir varðandi mengandi iðnaðarstarfsemi og þar er þauleldi á meðal.

Í Bandaríkjunum (BNA) eru ákvæði umhverfisverndarlaga misströng eftir ríkjum, en hins vegar eru þauleldisbú og mengunarhættan sem af þeim stafar svo alvarleg ógn við umhverfið að settar eru alríkisreglur um þau.

Þauleldisbúin eru flokkuð í lítil, meðal- eða stór bú. Samkvæmt þeirri flokkun er t.d. bú með stæði fyrir 2.500 eða fleiri aligrísi stórt þauleldisbú. Í daglegu tali er hugtakið verksmiðjubú þó notað um öll þauleldisbú.



Salvör Jónsdóttir.

Afneitun einstakra stjórnmálamanna og forsvarsfólks landbúnaðarins á því að á Íslandi sé stundaður verksmiðjubúskapur er athyglisverð.

Í greininni sem birtist í Bændablaðinu þann 15. desember er ýjað að því að með „málflutningi“ um að á Íslandi tíðkist verksmiðjubúskapur sé verið að grafa undan þauleldi á Íslandi og færa slíka framleiðslu úr landi. Með öðrum orðum með því að nefna hlutina réttu nafni (skv. máltilfinningu Halldórs Pálssonar o.fl.) muni það draga úr eftirspurn eftir íslensku kjöti af skepnum sem aldrei fá að líta dagsins ljós eða anda að sér fersku lofti og að fólk muni í staðinn ásælast erlent verksmiðjukjöt.

Nú er það svo að þeir sem aðhyllast umhverfisvernd, og eru þar með lítt hallir undir verksmiðjubúskap, gera sér ljóst að ekki þýðir að flytja óæskilega starfsemi milli landa, heldur er farsælla að nota aðrar aðferðir, í þessu tilfelli til að framleiða fæðu á boðlegan hátt, á boðlegu verði til neytenda. Enginn á að þurfa að gera sér að góðu að þurfa að borða kjöt sem búið er til í verksmiðju, með tilheyrandi mengun og sýkingarhættu.

Hluti af lausninni er að hvetja til aukinnar neyslu á grænmeti, og ræktun á því, í stað þess að þurrka upp votlendi og ryðja skóga til að rækta korn til að fóðra skepnur sem þurfa að eyða ævinni í fitun bak við luktar dyr til að svala meintri kjötþörf fólks.

***Umhverfisáhrif***

Umhverfisáhrif verksmiðjubúskapar eru vel þekkt og umtalsverð. Þetta á sérstaklega við um þauleldi á skepnum þar sem mikið af úrgangi verður til á takmörkuðu svæði með tilheyrandi hættu á mengun lofts, jarðvegs og grunnvatns.

Íslendingar geta fagnað því að notkun á dýralyfjum í landbúnaði er sú næstlægsta í Evrópu enda er stór hluti kjötframleiðslunnar af lömbum sem ganga úti. Þar sem mikill fjöldi dýra er alinn á litlu svæði, eins og í þauleldi, er hætta á sýkingum meiri en ella.

Sýkingar svo sem af völdum Salmonellu, virðast vera óhjákvæmilegur fylgifiskur þauleldisbúa og dæmin næg bæði hérlendis og erlendis. Sökum þéttleikans eru verksmiðjubú ákjósanlegir staðir fyrir útbreiðslu lyfjaónæmra baktería. Þetta hefur valdið áhyggjum heilbrigðisvísindamanna vegna hugsanlegra langtímaáhrifa á heilsufar fólks.

Sýklalyfjum er víða blandað í fóður þauleldisdýra en slíkt er bannað í Evrópu. Hins vegar er því miður ekki ljóst hvernig þeim reglum er fylgt eftir. Samkvæmt Lyfjastofnun mun notkun sýklalyfja í fóðri eða drykkjarvatni vera fátíð hér á landi. Þrátt fyrir það hafa lyfjaónæmir sýklar greinst í þauleldiskjöti sem framleitt er á Íslandi og mykju einnig.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að sýklalyfaónæmi sé ein stærsta ógn við lýðheilsu í heiminum um þessar mundir. Svokallaðir mósar sem eru lyfjaþolnir sýklar, geta valdið alvarlegum sýkingum og eru mjög útbreiddir í Danmörku, Hollandi og víðar. Enn sem komið er hafa þeir ekki greinst í búum á Íslandi en hættan er engu að síður yfirvofandi.

Hljótist mengun af iðnaði eins og verksmiðjubúum, fellur kostnaður sjaldnast á þann sem menguninni veldur heldur á þolendur og sameiginlega sjóði.

Algengustu rökin fyrir réttlætingu verksmiðjubúa er að með þeirri tækni sem þar er notuð sé hægt að framleiða mikið af matvöru á viðráðanlegu verði. Rannsóknir í BNA hafa hins vegar sýnt að ef tekið væri tillit til umhverfiskostnaðar af verksmiðjubúum og eigendum þeirra gert að byggja hreinsivirki fyrir úrgang væri framleiðsla þeirra dýrari en í hefðbundnum búrekstri. Þá hafa komið upp hugmyndir um að leggja sérstakan umhverfisskatt á verksmiðjubú sem myndi hækka verð vörunnar til neytenda en jafnframt auðvelda yfirvöldum að mæta kostnaði af mengun.

***Framtíðarlandbúnaður í anda sjálfbærrar þróunar***

Fjölskyldubú er ekki endilega heppileg skilgreining á andstæðu verksmiðjubúskapar þar sem ein fjölskylda getur auðveldlega átt og rekið stærstu verksmiðjubú landsins. Nær að tala um sjálfbæran landbúnað (þann sem lýtur sjálfbærri þróun) annars vegar og búskap sem ógnar umhverfinu hins vegar. Í þeim síðarnefnda eru verksmiðjubú fremst í flokki.

Enginn amast við framþróun og tækninýjungum í landbúnaði svo fremi að þær hafi ekki neikvæðar aukaverkanir í för með sér. Jafnvægi þarf að ríkja á milli tæknivæðingar og umhverfisverndar. Þetta á ekki hvað síst við í landbúnaði sem byggir tilveru sína á heilnæmu umhverfi enda hefur landbúnaðarvistfræði vaxið mjög sem fræðigrein á undanförnum áratugum. Það er alþjóðlega viðurkennd niðurstaða að landbúnaður sem kenndur er við sjálfbæra þróun er talin vænlegastur til sjá mannkyninu fyrir landbúnaðarvörum í framtíðinni. Verksmiðjubúskapur stangast á við allar þrjár meginstoðir sjálfbærar þróunar og því ekki ábyrgt að hampa honum sem hluta af framtíðarlandbúnaði.

***Salvör Jónsdóttir***
*skipulagsfræðingur*

TOYO TIRES driven to perform
BFGoodrich Tires TAKE CONTROL
MAXXIS®
JEPPADEKK
Í MIKLU ÚRVALI


Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS
NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS

Bændablaðið
Næsta blað kemur út
26. janúar

## KROSSGÁTA Bændablaðsins



Líf og lyst

## Bærinn okkar

# Urriðaá



**Við keyptum jörðina 1. janúar 2015 af óskyldum aðilum. Við fréttum af jörðinni fyrir tilviljun, fórum að skoða hana og þá var ekki aftur snúið. Við komum hingað fyrst sumarið 2014 og vorum hér ásamt fyrri ábúendum allt sumarið og haustið 2014.**

Ólafur er lærður vélvirki og Dagbjört útskrifaðist sem búfræðingur úr Landbúnaðarháskólanum árið 2014.

**Býli:** Urriðaá.

**Staðsett í sveit:** Miðfjörður, Vestur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Ólafur Rúnar Ólafsson og Dagbjört Diljá Einþórsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Fjárhundurinn Trýna og kötturinn Spiderman.

**Stærð jarðar?** Jörðin er um 500 ha og ræktað land er um 45 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með um 600 fjár á fóðrum í vetur. Höfum verið að fjölga aðeins sl. 2 ár, var um 500 fjár þegar við tókum við. Einnig erum við með nokkur smalahross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Gjafir kvölds og morgna á veturna. Ólafur rýir fyrir aðra bændur. Dagbjört sækir vinnu á Hvammstanga í hlutastarfi.



Annars er vinnudagurinn mjög mismunandi eftir hvaða árstími er hverju sinni.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Við erum bæði sammála því að skemmtilegustu störfin eru sauðburðurinn, smalamennskur og fjárragið á haustin.

Leiðinlegast er þegar allt gengur á afturfótunum eins og stundum vill gerast á miklum annatímum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við stefnum á að halda sama fjárfjölda en reyna að halda áfram að bæta afurðir eftir hverja á. En allt fer þetta eftir hvernig þessi blessaði búvörusamningur verður.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Margt gott en margt sem má betur fara.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Það eru miklir óvissutímar hjá sauðfjárbændum vegna lækkunar afurðaverðs og nýs búvörusamnings. En við reynum að vera bjartsýn.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Klárlega íslenska lambakjötið, topp vara sem vantar meiri markaðssetningu.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, majónes og bjór.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað ærfille!

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Fyrstu smalamennskurnar okkar og sjá lömbin koma af fjalli. Einnig var gaman að sjá góðar afurðir eftir kalt og langt vor.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Wellingtonsteik og Oreo-ostakaka

**Það má segja að Beef Wellington hafi verið jóla- og áramótasteik síðasta árs. Þeir sem keyptu tilbúna slíka steik dýru verði geta nú farið að undirbúa sig fyrir næstu stórveislu. Hér verða kennd handtökin frá grunni. Það má einnig skipta nautakjötinu út fyrir svínalund, lambafille – eða jafnvel fisk. Það er best að byrja að æfa sig strax á nýju ári.**





### Beef Wellington

- 1 stykki nautalund (sem búið er að taka sinina af), eða annar góður kjöt- eða fiskbiti
- salt og ferskur malaður svartur pipar
- 1 matskeið dijon-sinnep
- 2 box blandaðir sveppir (flúða, shii take, portabello eða blandað)
- 1–2 bréf sneidd hráskinka
- 1 stykki útflatt smjördeig
- 1 egg, léttþeytt með gaffli
- flögusalt, til dæmis frá Maldon eða íslenskt sjávarsalt
- 1 búnt fínt skorinn graslaukur

Hitið tvær matskeiðar af olíu í pönnu yfir háum hita þar til olían fer aðeins að rjúka (passa sig samt). Steikið nautalundina og brúnið án þess að hreyfa hana, til að fá góða steikarhúð. Brúnið á alla kanta, um tvær mínútur í senn á hverri hlið. Flytjið yfir á fat. Setjið helming sveppa í matvinnsluskál og saxið fínt (eða saxið í höndum). Hitið smjör á pönnu yfir miðlungsháum hita þar til smjörið er bráðið. Setjið heilu sveppina og söxuðu sveppina á pönnuna, steikið og kryddið til. Gott er að þurrka steiktu sveppina á pönnunni með smá brauðraspi eða þurrkuðum villisveppum.

Setjið útflatt deigið ofan á plastfilmu. Raðið hráskinku ofan á þunnt deigið og látið skarast, þannig að 4 sentimetra kantur sé neðst og efst á smjördeiginu. Dreifið jafnt úr sveppablöndunni yfir skinkulagið. Svo er nautalundin lögð yfir sveppina. Gott er að pensla hana með sinnepinu áður. Plastfilman hjálpar við að herða upp á rúllunni. Þegar lundinni hefur verið rúllað upp er gott að setja rúlluna inn í meiri plastfilmu þannig að hægt sé að snúa upp á endana og tryggja að rúllan sé mjög þétt. Setjið í kæli. Hitið ofninn í 220 gráður (Æskilegt er að elda steikina á grind með smjörpappír svo deigið eldist undir líka. Svo er gott að snúa rúllunni þegar um helmingur eldunartímans er eftir). Penslið með eggi. Stráið grófu sjávarsalti yfir. Bakið þar til smjördeigið er orðið gullið að lit og kjötið hefur náð um 45 gráðu kjarnhita. Það ætti að taka 20–35 mínútur, en það er mismunandi eftir stærð. Takið úr ofninum og látið hvíla í um tíu mínútur og þá ætti kjarnhitinn að hafa náð kjörhita, sem er á bilinu 58–60 gráður. Kjötið ætti þá að vera fallega bleikt í miðjunni. Framreiðið með grænpiparsósu eða béarnaisesósu og ofnbökuðum frönskum kartöflum. Kannski smá soðnu eða ristuðu brokkolí til að fá smá vítamín með smjör- og sveppasprengjunni.

### Oreo-ostakaka

Þessa ostaköku þarf ekki að baka og hún geymist í kæli í allt að 3 daga. Því er hentugt að eiga hana þegar gesti ber að garði.

**Fyrir Oreo-mulning:**

- 25 venjulegar Oreo-kex, mulið í fínan mulning (gott að nota matvinnsluvél)
- 3 msk. brætt smjör

**Fyrir ostakökuna:**

- 1 pakki rjómaostur, við stofuhita (líka gott að nota marscapone ost)
- 1/2 bolli flórsykur, sigtað
- 1 tsk. vanilludropar
- 500 ml af þeyttum rjóma (gott að bæta við vanillu eða sítrónuberki)
- Fersk ber að eigin vali

Finnið til form með lausum botn eða falleg glös.

Í næstu skál, hrærið saman Oreo-kexmulningi og bræddu smjöri. Setjið í botninn þunnt lag af kexmulningi. Þeytið rjómaostinn í stórri skál með rafmagnsþeytara eða hrærivél í um 2 mínútur. Bætið flórsykri smám saman við og haldið áfram að þeyta þar til blandan er slétt. Notaðu sleikju eða spaða til að hræra þeyttum rjóma saman við.

Hellið blöndunni yfir Oreo-kexmulninginn og geymið í kæli í að minnsta kosti þrjár klukkustundir.

Skreytið með berjum og Oreo-kexi.

## Hannyrðahornið

Gallery Spuni

# Dublin frá DROPS Design

**Gleðilegt nýtt ár!**
Nú heklum við! Janúar og febrúar geta verið ansi kaldir mánuðir hér hjá okkur og þá er dásamlegt að geta skellt á sig hlýrri húfu og hlýjum vettlingum. Eskimo garnið frá Drops er æðislega hlýtt og gott að klæðast og mjög gaman að vinna úr.



**Dublin frá DROPS Design:**

Heklaðir DROPS vettlingar og hattur með keðjulykkjum úr "Eskimo".

**DROPS Design:** Mynstur nr 151-32

Garnflokkur E

**HATTUR:**

**Stærð:** S/M – M/L

**Höfuðmál:** ca 54/56 – 56/58 cm

**Efni:** DROPS ESKIMO frá Garnstudio

50 gr litur nr 23, móbrúnn

50 gr litur nr 48, beige

50 gr litur nr 47, ljós beige

**VETTLINGA-uppskriftin í stíl við hattinn er inn á www.garnstudio.com uppsk. nr 151-32.**

<u>DROPS HEKLUNÁL NR 7 – eða sú stærð sem þarf til að 14 fl verði 10 cm á breiddina fyrir hatt & vetlinga.</u>

HEKLAÐ Í HRING:

Eftir síðustu l í umf, haldið áfram að næstu umf með 1 l í næstu l (= fyrsta l í næstu umf). ATH: Merkið byrjun á umf með prjónamerki á milli síðustu l í umf og fyrstu l í næstu umf, látið prjónamerkið fylgja með stykkinu.

**HATTUR**:

Hatturinn er heklaður í hring ofan frá og niður. Heklið 4 ll með heklunál nr 7 með ljós beige og tengið saman í hring með 1 kl í fyrstu ll. ATHUGIÐ VIRKFASTHETEN! Heklið framan í lykkjubogann ef ekki stendur annað í umf.

UMFERÐ 1: LESIÐ HEKLAÐ Í HRING! Heklið 9-9 fl um hringinn.

UMFERÐ 2: Heklið 1 kl í hverja fl umf hringinn.

UMFERÐ 3: Heklið 1 kl og 1 ll í hverja kl umf hringinn = 18-18 l.

UMFERÐ 4: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 18-18 kl.

UMFERÐ 5: * Heklið 1 kl í fyrstu kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 27-27 l.

UMFERÐ 6: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 27-27 kl.

UMFERÐ 7: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 2 kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 36-36 l.

UMFERÐ 8: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 36-36 kl.

UMFERÐ 9: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 3 kl, í næstu kl er heklað 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 45-45 l.

UMFERÐ 10: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 45-45 kl.

UMFERÐ 11: * Heklið 1 kl í hverja og eina af 4 fyrstu kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 54-54 l.

UMFERÐ 12: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 54-54 kl.

UMFERÐ 13: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 5 kl, í næstu kl er heklað 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 63-63 l.

UMFERÐ 14: Heklið 1 kl í hverja og kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 63-63 kl.

AUKA UMF, HEKLIÐ BARA Í STÆRÐ L/XL: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 6 kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 72 l.

UMFERÐ 15: Skiptið yfir í beige og heklið 1 kl aftan í lykkjubogann í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 63-72 kl.

UMFERÐ 16-17: Heklið 1 kl aftan í lykkjubogann í hverja kl umf hringinn.

UMFERÐ 18: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 6-7 kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 72-81 l.

UMFERÐ 19: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 72-81 kl.

UMFERÐ 20: * Heklið 1 kl í hverja og eina af fyrstu 7-8 kl, í næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 81-90 l.

UMFERÐ 21: Heklið 1 kl í hverja kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 81-90 kl.

UMFERÐ 22: Skiptið yfir í móbrúnt og heklið 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn.

UMFERÐ 23-24: Heklið 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri kl umf hringinn.

UMFERÐ 25-28: Heklið 1 kl framan í lykkjubogann á hverri kl umf hringinn.

UMFERÐ 29-31: Heklið 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri kl umf hringinn.

UMFERÐ 32: Heklið * 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri og einni af fyrstu 8-9 kl, aftan í lykkjubogann á næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 90-99 l.

UMFERÐ 33: Heklið 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 90-99 kl.

UMFERÐ 34: Heklið * 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri og einni af fyrstu 9-10 kl, aftan í lykkjubogann á næstu kl er hekluð 1 kl og 1 ll *, endurtakið frá *-* umf hringinn = 99-108 l.

UMFERÐ 35-40: Heklið 1 kl aftan í lykkjubogann á hverri kl og 1 kl í hverja ll umf hringinn = 99-108 kl.

Klippið frá og festið enda.

Bestu nýárskveðjur með þökk fyrir frábærar viðtökur á árinu sem var að líða.

Hlökkum til að vera með ykkur á komandi ári.

*Stelpurnar í Gallery Spuna.*

Vantar þig íslenskan lopa?
Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn
Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !
LÆGSTA VERÐIÐ 100% LÆGSTA VERÐIÐ VERÐVERND
Sendum um allt land!
GEFJUN.IS



Kæru viðskiptavinir!
Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir viðskiptin á nýliðnu ári.
Nýárskveðja,
Gallery spuni
og hjálpahellur
www.galleryspuni.is
gallery spuni

### Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 5 | 6 | | | 9 |
| 5 | 4 | 7 | | | | 3 | 8 | 6 |
| | 3 | | | | 7 | | 5 | |
| 1 | | | 5 | | | | 6 | |
| | | 4 | 9 | | 3 | 8 | | |
| | 8 | | | | 2 | | | 7 |
| | 2 | | 6 | | | | 9 | |
| 8 | 9 | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| 7 | | | 4 | 1 | | | | 8 |

### Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 7 | 9 |
| | 3 | | 9 | 6 | | | | 4 |
| | | 6 | | | 8 | | | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | | | | 7 | | | | 5 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| | | | 3 | | | 1 | | |
| 7 | | | | 1 | 5 | | 2 | |
| 5 | 9 | | | 2 | | | | |

### Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | |
| | | 3 | | | | | | 1 |
| | | | 8 | 5 | 4 | | | |
| | 2 | 1 | | | | | | |
| | | 5 | | 9 | | 6 | | |
| | | | | | | 7 | 8 | |
| | | | 6 | 1 | 3 | | | |
| 7 | | | | | | 4 | | |
| | | | | | 2 | | | |

### Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | 1 | 8 | 5 |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | | 2 | | | |
| 9 | | | 5 | | | | | |
| | | 1 | | 4 | | 6 | | |
| | | | | | 3 | | | 7 |
| | | | 9 | | | | | 3 |
| | | 7 | | | | | | |
| 3 | 4 | 8 | | 1 | | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## Fólkið sem erfir landið

# Hitti Mikka mús þegar hann var lítill

**Hilmir bjó í alvöru kastala síðasta sumar.**



**Nafn:** Hilmir Hrafnkelsson.

**Aldur:** 9 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Garðabæ.

**Skóli:** Hofsstaðaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** íþróttir.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari.

**Uppáhaldshljómsveit:** Ég á enga uppáhaldshljómsveit.

**Uppáhaldskvikmynd:** Scary Movie.

**Fyrsta minning þín?** Ég man eftir því þegar ég var 4 ára og við fórum til útlanda og ég hitti Mikka mús.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi handbolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Lögga.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Ég man það ekki.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já, ég fór til Frakklands og bjó í alvöru kastala.

**Næst** » Hilmir skorar á Daníel Pétur Gunnþórsson.

MENNING & LISTIR

# Þættir Hjalta Gestssonar frá Hæli

**Í því mikla bókaflóði sem landsmönnum birtist á síðustu þremur mánuðum ársins er að finna margar gullperlur.**



Hjalti Gestsson.

Eina þeirra sem ég náði þar að tína upp held ég að sé ástæða til að kynna lesendum þessa blaðs vegna þess að hvorki rataði hún í Bókatíðindi eða auglýsingaflóð desembermánaðar sem reynslan segir að miklu ræður um hvað þar flýtur lengst. Bókin sem um ræðir ber heitið „Þættir Hjalta Gestssonar frá Hæli“ og er tekin saman og gefin út af börnum hans.

Eins og nafnið segir þá er þetta safn af sjálfstæðum þáttum annars vegar um marga af forfeðrum og -mæðrum Hjalta og hins vegar margháttaðar minningar frá bernsku- og unglingsárum. Val þáttanna í bókina hefur tekist ákaflega vel að því leyti að endurtekningar eru mjög litlar þrátt fyrir að bókin sé til orðin eins og nefnt er.

Í bókinni kemur fram hvílíkt áfall það var þegar faðir Hjalta, Gestur Einarsson, fellur frá eiginkonu og stórum barnahópi á ungum aldri árið 1918. Þá er Gestur kominn langt með að verða einn helsti forystumaður íslenskra bænda vegna sinna meðfæddu forystuhæfileika. Móðir þeirra, Margrét Gísladóttir, heldur samt áfram búskapnum á Hæli með barnahópnum. Börnunum er mótað í uppeldinu það lífsviðhorf að þeim beri að standa sig í lífinu á þann veg að þau haldi uppi minningu föður síns. Þetta veganesti dugði þeim til að flest þeirra stóðu í stafni í lífsstarfi sínu þar sem þau hösluðu sér völl. Minningaþættir forfeðranna sýna líka að stofninn var sterkur sem að baki stóð. Einkum þykir mér umfjöllunin um föðurbróður hans, Eirík Einarsson, kjarnmikil. Það er greinilegt að Eiríkur hefur verið fjölskyldu bróður síns á Hæli fádæma styrkur og hefur haft sín mótandi áhrif á Hjalta. Ljóst virðist að Eiríkur hafði með skáldagáfu sinni fágætt vald á íslenskri tungu.

Í bernskuminningaþáttunum kemur skýrt fram hve Hjalti hefur sem ungur drengur haft mikla athyglisgáfu, tekið vel eftir öllu og haft mikla náttúrutengingu við það stórbrotna landslag og náttúru sem umlykur hann á barnsárunum og hann kynnist enn betur í fjallaferðum sínum um afréttalöndin.

Greinilegt er að stúdentaárgangur Hjalta úr MR hefur verið með sterkustu slíkum hópum. Kaflinn um nám hans, kennara og bekkjarfélaga í MR er bæði ákaflega fróðlegur og listilega skrifaður.

Þó að fyrir mig séu þessir kaflar forvitnilegastir eru allir kaflar bókarinnar snilldarlega vel gerðir.

Ég varð þeirra forréttinda aðnjótandi að kynnast Hjalta mikið á síðasta hluta starfsferils hans. Þar kynntist ég hinum einstöku frásagnarhæfileikum hans sem bókin geislar af. Þekking hans var með ólíkindum um menn og málefni, eðlilega mest á Suðurlandi en mikil um allt land vegna starfa hans. Mikið af slíkri þekkingu er miðlað í þessum minningarbrotum.

Hjalti er í mínum huga án efa sá einstaklingur sem hafði mest áhrif á uppbyggingu og þróun landbúnaðar á Suðurlandi á síðari hluta síðustu aldar. Hann var í hópi fjölgáfuðustu einstaklinga og þess vegna voru öll kynni af honum í ræðu, riti og beinum samskiptum mannbætandi.

Ég er viss um að fjöldi fólks um allt land hefur áhuga á að endurnýja kynni sín af þessum mikla höfðingja. Slíkt tækifæri hefur nú skapast með lestri þessara minningaþátta. Ég mæli með því við alla.

Eins og áður er nefnt þá er dreifing bókarinnar takmörkuð. Hana mun samt mega fá í ýmsum af verslunum Hagkaups, beint frá börnum Hjalta, á skrifstofu Bsb. Suðurlands og bókaverslunninni Sunnlenska bókakaffið á Selfossi og jafnvel fleiri stöðum.

*/Jón Viðar Jónmundsson*


# Sumarhús óskast

**AFL Starfsgreinafélag** óskar að leigja sumarhús í Borgarfirði og á Suðurlandi til afnota fyrir félagsmenn. Æskileg stærð sumarhúsa er 50 – 100 fm og að í þeim sé svefnpláss fyrir 6 – 8 manns. Húsin þurfa að vera fullbúin húsgögnum og búnaði og æskilegt að unnt sé að kaupa umsjón á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Ívarsdóttir, lilja@asa.is, 4700 316

***AFL Starfsgreinafélag / Orlofssjóður***


Á FAGLEGUM NÓTUM

# Nokkur orð um fósturtalningar frá Heiðunum og Loga

**Sælt veri fólkið og gleðilegt ár. Nú styttist í fósturtalningavertíðina 2017 og okkur langar að koma nokkrum atriðum á framfæri.**




Það ríkir ákveðin upplausn innan fyrirtækisins hjá okkur, ekki það samt að okkur semji ekki ennþá ljómandi vel og séum full áhuga á fósturtalningum. Heldur það að Logi skellti sér í framhaldsnám á Hvanneyri og tekur því ekki fulla vertíð þennan veturinn vegna anna við námið. Heiða er að rýja kindur í Nýja-Sjálandi og kemur ekki fyrr en 15. febrúar að lokinni keppni, og Ella dreif í að útbúa framtíðarfósturteljara og verður því ekkert með þessa vertíð.

Út af öllu þessu brambolti í okkur munum við ekki taka að okkur neina nýja viðskiptavini þetta árið en munum gera okkar allra besta til að sinna okkar föstu kúnnum.

Við viljum minna á mikilvægi þess að panta fósturtalningu í tíma. Við verðum pottþétt enn styttri í spunann og fúlli en nokkru sinni fyrr yfir seinum pöntunum. Það eru einfaldlega of fáir að sinna þessu starfi og of mikið að gera hjá öllum og skipulagið er gríðarlega stíft, því fyrr sem hægt er að glöggva sig á fjölda fjár á hverju svæði því betur gengur að skipuleggja.

Þar sem það er útilokað að við komumst yfir sama prógramm og í fyrra með þessum allavega gönuhlaupum okkar höfum við samið við hana Ástu G. Einarsdóttur, fósturteljara á Veðramóti í Skagafirði, að taka eins mikið og hún mögulega getur fyrir okkur í Húnavatnssýslunum. Okkar fastakúnnar þar eru vinsamlega beðnir að hafa fyrst samband við Ástu þetta árið.

Pantanir úr Húnavatnssýslum berist því til Ástu í síma 8495665.

Aðrar pantanir til Loga í síma 8488668 eða á netfangið logi08@menntaborg.is eða til Heiðu á netfangið heidabondi@simnet.is Svo er hægt að ná í okkur bæði á facebook og Heiða kveikir á símanum 8660790 við komuna til landsins 15. feb.

*Hlökkum til að sjá ykkur,*
***Heiða og Logi.***

LESENDABÁS

# Um nýsamþykkt fjárlög

**Það var um margt sérstakt að vinna að gerð fjárlaga fyrir árið sem nú er nýhafið bæði vegna þröngs tímaramma og vegna þess að fulltrúar sjö flokka á Alþingi þurftu að fara saman í gegnum frumvarpið og leita málamiðlana um fá en mikilvæg mál, þar sem ekki var starfandi ríkisstjórn með þingmeirihluta. Af þessum sökum var margt sem ekki fékk nægjanlega umfjöllun. En meginniðurstaðan er að samkomulag tókst um mikilvægar viðbætur til heilbrigðis-, mennta- og samgöngumála.**



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Við Vinstri græn fengum því framgengt að framlög voru aukin til skattaeftirlits og skattrannsókna. Þingmenn tókust með þessu á við ábyrgð sína gagnvart samfélaginu og stjórnskipulega skyldu. Málamiðlun var nauðsynleg við ríkjandi aðstæður og þótt samkomulag tækist er það alveg ljóst að Vinstri græn hefðu kosið að leggja aðrar áherslur í samræmi við stefnu flokksins í fjármálum ríkisins og samfélagsmálum, en tök voru á að þessu sinni.

### *Það þarf að gera betur*

Það er sannarlega sérstakt að fyrsta fjárlagafrumvarpið með nýju og gerbreyttu sniði komi til umfjöllunar Alþingis við þær aðstæður sem uppi voru nú. Telja má fullvíst að margir aðilar innan og utan ríkisgeirans hafi ekki áttað sig fyllilega á hinum gagngeru breytingum sem lögin um opinber fjármál hafa valdið á framsetningu fjárlaga og hlutverki þeirra, sem nú er mun takmarkaðra en áður þar sem stefnumörkun í ríkisfjármálum fer nú að mestu fram við gerð fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Ný framsetning fjárlagafrumvarpsins veldur því að ekki er hlaupið að því að gera samanburð við fyrri fjárlagafrumvörp.

Fjárlaganefnd gerir sjaldan miklar breytingar í heildarsamhengi fjárlagafrumvarpsins. Þær breytingar sem nú voru gerðar leysa sannarlega ekki allan vanda en eru mikilvægar viðbætur og skref til að rétta af slaka stöðu nokkurra stofnana. Um leið er alveg ljóst að ýmsar opinberar stofnanir eru vanfjármagnaðar og verða reknar með halla á nýju ári verði ekkert að gert. Ég ætla að ræða hér þrennt sem fjárlaganefnd gerði breytingu á.

### *Löggæsla og sýslumenn*

Þrátt fyrir að auknum fjármunum sé veitt í málaflokkinn í fjárlögum ársins 2017 er óralangt í að staðan geti talist ásættanleg. Á undanförnum árum hefur álag á löggæsluna aukist jafnt og þétt. Þetta skýrist einkum af stöðnun í fjölda stöðugilda og fjölgun verkefna. Lögreglumenn voru 652 talsins í febrúar 2011 en 659 á sama tíma árið 2016. Leiðrétta þarf öfugþróun síðustu ára og tryggja að framlög til lögreglunnar verði slík að embættin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og boðið starfsfólki sínu upp á góð starfsskilyrði.

Gera þarf miklar úrbætur á rekstrarumhverfi hinna nýju sýslumannsembætta sem hafa verið vanfjármögnuð allt frá stofnun þeirra árið 2015. Þrátt fyrir sameiginlega niðurstöðu fjárlaganefndar um niðurfellingu uppsafnaðs rekstrarhalla að hluta stendur eftir að fjárþörf embættanna er enn ekki rétt metin og munu þau því búa við viðvarandi hallarekstur ef fjárheimildum til þeirra verður ekki breytt.

### *Samgönguáætlun*

Það er í raun óþolandi að nýsamþykkt samgönguáætlun sé ekki að fullu fjármögnuð enda samþykkt mótatkvæðalaust í október. Álagið á vegakerfið er okkur öllum kunnugt og óhætt að segja að það veki furðu að fráfarandi ríkisstjórn hafi ekki hafið uppbyggingu vegakerfisins þegar í upphafi síðasta kjörtímabils, þegar fjárhagslegt svigrúm hafði myndast til þess.

Það er þó mitt mat að samkomulagið sem náðist um að takast á við allra brýnustu verkefnin í samgöngumálum var til mikilla bóta þó einungis hafi tekist að bæta við 1/3 af því sem samþykkt var í haust.

Af helstu framkvæmdum má nefna Dettifossveg, Dýrafjarðargöng, Berufjarðarbotn, Vestmannaeyjaferju ásamt auknum fjármunum í viðhald sem er afar brýnt en betur má ef duga skal.

Það eru mörg gríðarstór verkefni framundan þegar kemur að sameiginlegri velferð og innviðauppbyggingu landsins, það kostar peninga og þá getum við sótt á rétta staði ef næsta ríkisstjórn hefur til þess vilja og kjark.

***Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir***
*þingmaður Vinstri grænna*




SILUNGANET!




HEIMAVÍK EHF
Sími 555 6090
Sporhamrar 3 - 112 Reykjavík
www.heimavik.is

KULDAGALLAR MEÐ HETTU Á TILBOÐI

Gallinn er loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum, efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
Beaver nylon 50% pólyester og 50% bómull.



Gallinn er með rennilás að framan og á skálmum og með vindlistum yfir lásana.

Gallinn fæst í kóngabláum lit og í stærðunum S – 3XL.
Verð 12.900 kr m/vsk.

Hægt er að panta í síma 577 1000 eða senda tölvupóst á: khvinnufot@khvinnufot.is

Vandaður kuldagalli á góðu verði og við sendum hvert á land sem er.

Tilboðsverð
Kr. 12.900,-

KH Vinnuföt • Tunguhálsi 10
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
khvinnufot@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt ehf, sérhæfir sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisstígvélum, öryggisvörum og vinnuvettlingum.


Næsta Bændablað kemur út 26. janúar

Smáauglýsingasíminn er:
563 0300

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.200 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.400 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Vel með farin Terex 860 traktorsgrafa, árg. 2005. Notkun: 11.856 klst. Skiptingin nýuppgerð. Nýjar keðjur geta fylgt með á öll dekk. V: 3,8 m +vsk. Sk. möguleg. Uppl. í síma 892-1508.



Einstakur bíll, Rambler American 1967. Vantar vél og kassa, passar úr öllum AMC bílum. Þessi var happdrættisvinningur hjá Sjálfstæðisflokknum 1966. Uppl. í síma 777-4296. Öll smíðavinna búin. TILBOÐ.



Weckmann 18 tonna malarvagn. Hardox stál í skúffu. Dekk 710/45R22,5. Verð kr. 3.980.000 með vsk (kr. 3.210.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 11 tonn, verð kr. 1.560.000 með vsk (1.259.000,- án vsk). 13 tonn, verð kr. 1.860.000 með vsk (1.500.000 án vsk). Tilboð = Frír flutningur eða 100.000 afsláttur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.500:- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s.894-5111. Opið frá kl.13-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30, www.brimco.is



Bílalyftur. 2ja pósta bílalyftur, 3,2, 4,0 eða 5 tonn. Ýmsar útfærslur. Verðið frábært og gæðin góð. Sýningarlyfta á staðnum. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30, www.brimco.is



Til sölu Chervolet Captiva, árg. 7/11. Ekinn 112 þús., 7 manna, bsk., bensín, metan breyttur, ný kúpling, dráttarkrókur. Verð kr. 2.980 þús. Uppl. í síma 895-6307.



Nissan King Cab 2005, 5 gíra, dísil, 4wd. Nánari uppl. á bilasolur.is - Nissan King cab eða í síma 847- 8305 / sigrunmarta@internet.is



Sambyggður Ilsa ískápur og frystir. Tilboð. Er í góðu lagi. Fyrstur kemur fyrstur fær. Áhugasamir sendi tölvupóst á hannes.eyvindsson@tempra.is



Harðfiskvalsar til sölu! Nýsmíðaðir harðfiskvalsar til afgreiðslu. Nánari uppl. í síma 897-6684 – Eiríkur.



Gestahús/sumarhús. Til sölu nýtt 30 m² hús, viðhaldsfrítt að utan. Byggt fyrir íslenskar aðstæður. Teikningar fylgja og get hjálpað til við flutning. Fullbúið að utan, fokhelt að innan. Verð 4,7 eða fullbúið á 7,6. Uppl. í s. 773-5901.



JCB 8050 beltavél, árg. '15, ek. 450 st. Aukahlutir: glussahraðt., fleyglagnir, jöfnunarskófla og tennt skófla. Verð 5.4+VSK. Uppl. í s. 899-6186.



Til sölu lítið notuð PREFORM stálsteypumót ásamt fylgibúnaði, undirsláttarstoðum, steypu-sílói, I-bitum, timbri o.fl. Uppl. í símum 896-1012 og 898-1014.




VERDO. Gæða spónakögglar, undirburður fyrir hross í 15 kg pokum. Einnig til sölu spónakögglar í stórsekkjum. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.




Quittpad undirdýnur undir hnakkinn, tvær gerðir, Sport og Comfort. Dýnur sem lofta vel og eru einstaklega hestvænar. Má þvo í þvottavél. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu Claas 420 dráttarvél, árg. 2012. Notuð um 3.300 tíma. Ný Michelin framdekk, góð afturdekk. Ný skófla. 110/120 ha. Góð vél. Verð 6 millj. + vsk. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Bandsög keypt f. rúmu ári í Landvélum en verið lítið sem ekkert notuð. Tilboð v./án vsk 430.000. Gerð: Imet GBS 240 gh autocut. Uppl. í síma 844-7824.


Hefurðu skoðað Sölutorgið okkar ?
www.kraftvelar.is/solutorg

New Holland T5-115



Alö Q46 ámoksturstæki
Skóflustærð 210
Gírkassi 24+24
Vendigír
Vökvaúttök 3

Verð án vsk: 7.290.000

New Holland TM175



Fjaðrandi hús
Vendigír
16x8 gíra
4 ventlar (8 úttök)
Dráttarvélin er með framlyftubúnaði og aflúttaki

Verð án vsk: 4.990.000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is




Dökkgrár Mitsubishi L200, árg. 2008. Nýskr. 5/2008. Álfelgur, pallhýsi, húðaður pallur, dráttark. skíðafest. Nýlegar bremsur að framan. Ekkert áhv. Einn eigandi. Sími: 864-3448.



Massey Ferguson '57, gullbelgur með tækjum í mjög góðu standi. Einnig Mc Cormick international Farmall d217 á lokaspretti uppgerðar. Allt til í hann. Uppl. í síma 869-3242.



Isuzu D-Max, árg.2007, ekinn 178 þús. km. Reyklaus bíll, vel með farinn. Einn eigandi. Verðtilboð. Nánari uppl. í síma 841-7526, Árni.



VOLVO XC70, dísil, árg. 2008. Ekinn 152.000 km. Næsta sk. 2018. Ek. 12.000 á tímareim og ný heilsársdekk. Verð 3.570.000. Uppl. í síma 892-0405.



**New Holland Kobelco E50,2 SR.**
árg. 2011. Vst. 1910
Verð kr. 4.200.000- án/vsk.



**Case 965 SR.**
árg. 2006. Vst. 7400.
Verð kr. 4.900.000- án/vsk.



**JCB 4cxSuper.**
árg. 2007. Vst. 8100.
Verð kr. 5.500.000- án/vsk.



**JCB JS175W**
árg. 2004. Vst. 5580.
Verð kr. 5.900.000- án/vsk.



**Case WX125**
árg. 2007. Vst. 6500.
Verð kr. 7.500.000- án/vsk.



**Komatsu PW 130-7**
árg. 2005. Vst. 7416.
Verð kr. 7.600.000- án/vsk.



**Terex Fermec 860SX**
árg. 2005. Vst. 7900.
Verð kr. 3.300.000- án/vsk.

VÉLFANG
Vélfang – Gylfaflöt 32 – Reykjavík
Sími 580-8200 og 840-0827
www.velfang.is

**Smáauglýsinga-síminn er:**
**563 0300**
**Bændablaðið**



Land Rover Defender Td5, árg. 2003, ek. 189.000. Er á góðum 35" dekkjum og með Webasto olíumiðstöð. Þéttur og góður bíll sem hefur fengið gott viðhald. Verð 2.600.000, engin skipti. Uppl. í síma 853-8610. Er í Reykjavík.



Til sölu salt/sand dreifari á pallbíl, 1,5 rúmmetri og hann er rafstýrður. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.



Til sölu Volvo mx255, árg. '03, vinnust. 11.500, vélin er um 26 tonn. Beltagangur 40%, fleyglagnir, 800 mm spyrnur, 80 mm skófluboltar, vélin var máluð 2013. Verð 4.200.000+vsk. Uppl í síma 894-4896.



Eigum til á lager dreifara aftan á traktor með kastdisk, dreifir 2,5 - 6 metra. 1,0 rúmmetra. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.




Eigum til á lager flestar stærðir af fjölplógum. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu Sami flaghefill 275 cm. Verð 482.000 með vsk. Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.




Eigum til á lager 2 stærðir af krókheysisvögnum bæði 15 og 21 tonna heildarþyngd. Verð frá kr. 2.140.000 án vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.




Sími : 8920016.



Til sölu salt/sand dreifari frá Prónar 0,5 rúmmetra. Verð 280.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Taðklær. Breidd 120 cm, verð kr. 210.000,- með vsk. Breidd 170 cm, verð kr. 272.000,- með vsk. Breidd 220 cm, verð kr. 357.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 5881130.




Sími : 8920016.




Sími : 8920016.




Sími : 8920016.




Til sölu Prónar snjóblásari. 1,5 mtr vinnslubreidd. Verð 992.000 m/vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Flaghefill/Snjótönn. Breidd 3,0 m. Verð kr. 696.000 með virðisaukaskatti (kr. 561.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf., Flugumýri 8, 270 Mos., opið 13-16.30, s. 894-5111, www.brimco.is



Til sölu 3 mtr. skekkjanleg snjótönn með euro festingum. Verð 359.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Til sölu stór snjóskófla með vængjum, stærð 2300-3750. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s. 480-0000.



Byltingarkennd nýjung í dælingu á mykju !! Hnífadælur með öflugum hræriskrúfum og sprautustútum. Traktorsdrifnar eða með rafmótorum frá 5,5 kw upp í 30 kw. Brunndælur eða skádælur, 100 mm, 120 mm, 150 mm, 200 mm. Mikil dælugeta. Haughrærur í mörgum útfærslum og stærðum. Mykjuskiljur sem framleiða undirburð. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is. s. 8924163.



Þýskir Rauch hágæða áburðardreifarar. Afmælistilboð frá kr. 489.000.- án vsk. Búvís ehf., sími 465-1332.



Traustur og ódýr vinnumaður. Búvís. Sími 465-1332.



Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk, kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



LED útiljós 10000 LM. Búvís ehf., sími 465-1332.



***Bobcat E50***
*Árgerð: 2015*
*Notkun: 1.192 vinnustundir*
*Hraðtengi + 3 skóflur*
*Verð:* ***5.950.000,-*** *án vsk*



***Bobcat S185***
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 2.995 vinnustundir*
*Skófla + gafflar*
*Verð:* ***2.650.000,-*** *án vsk*



***Kubota KX61-3***
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 3.694 vinnustundir*
*Verð:* ***2.450.000,-*** *án vsk*



***Volvo EC160CL***
*Árgerð: 2007 - Notkun: 8.982 vst.*
*Smurkerfi - Hraðtengi + 2 skóflur*
*Verð:* ***6.450.000,-*** *án vsk*



***Scania R144, 460***
*Árgerð: 2015 - Sturtudæla*
*Notkun aðeins: 309.000 km*
*Verð:* ***3.850.000,-*** *án vsk*



***Caterpillar 930G***
*Árgerð: 2007 - Notkun: 10.920 vst.*
*Smurkerfi - Ný dekk*
*Skófla + snjótönn*
*Verð:* ***8.700.000,-*** *án vsk*

*Margar aðrar vélar í boði.*
*Skoðaðu úrvalið á:*
***www.vinnuvelar.is***

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



**Hitachi ZX38U-5**
Árg 2016, 150 tímar
PAT belti, langur dipper
Hraðtengi og 3 skóflur.
Verð 5,650,000 + vsk



**M.Benz 2635**
Árg 2000, 390,000km
Krókheysi og 1 pallur
Rafmagnsskiptur
Verð 3,750,000 + vsk



**Case WX148**
Árg 2014, 200 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi, 2 skóflur.
Verð 14,000,000 + vsk



**Hamm 3414**
Árg 2009, 1,700 tímar
13 tonn í góðu lagi
Verð 6,900,000 + vsk



**Hyundai HX220L**
Árg 2016, 300 tímar
Fleyglagnir, hraðtengi
900mm spyrnur, flott vél
Verð 16,800,000 + vsk



**Liebherr 934**
Árg 2005, 8,800 tímar
Smurkerfi, hraðtengi fleyglagnir
FRD F35 fleygur, 2 skóflur
Verð 8,250,000 + vsk



**New Holland MH 3,6**
Árg 2007, 3,000 tímar
Rótortilt og 2 skóflur
Verð 6,500,000 + vsk



**Hitachi ZX160W**
Árg 2006, 12,600 tímar
Rótortilt og 2 skóflur
Verð 6,500,000 + vsk

VÉLAFL
**Uppl. í síma**
**893-8424 / set@velafl .is**
**og á 694-3700 / gk@velafl .is**
**www.velafl.is**

GALLOWAY VALLARNAUT



Nýtt! Solis 90. Með lyftikrók og 40 km hámarkshraða. Óbreytt verð! 3.990.000 án vsk.



Solis 60 með tækjum og skóflu. Verð með tækjum 4.320.000 án vsk.



Haugsuga Belmac 6100 L550/60x22,5 9T öxull. Verð 1.350.000 án vsk.



Haugsuga Belmac 9546L 620/75R 26, 10.000 l. dæla. Verð 1.680.000 án vsk.



Haugsuga Belmac 12.274L 800/65R 32, 10.000 l. dæla. Verð 2.350.000 án vsk.



Kane malarvagnar 15T, verð 2.190.000 án vsk. 16T Hardox, verð 2.480.000 án vsk.



Kane vélavagn 24T 3ja öxla. Verð 2.460.000 án vsk.



Nugent hestakerra / gripakerra. Með milligólfi / sauðfjárgólfi. 3ja öxla. Verð aðeins 1.478.817 kr án vsk.



Vélakerra, 642.000 án vsk.



Fjölplógur. Hámarks vinnslubreidd 3,15 m. Lágmarks vinnslubreidd 2,7 m. Ábyrgð 2 ár. Ljós til að sýna breidd. Hjól. Tveir tjakkar. Ísblöð fylgja með. Verð 610.000kr án vsk. Vallarnaut, s. 841-1200 & 841-7300, vallarnaut.is




Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf., s. 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m. vsk. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos., sími 894-5111. Opið kl.13-16.30.



Úrval lausna frá þýska stórfyrirtækinu Patura. Fóðurframhliðar, sjálflæsigrindur, milligjarðir, kálfafóðurkassar, brynningarskálar og margt fleira. Leitið tilboða og heildarlausna fyrir nautgripina. Bæklinga má sjá á heimasíðu okkar www.brimco.is, Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Dekkaður Viking 700, vel með farinn, endurnýjað rafmagn, nýir 12 og 24 w geymar, sjálfstýring og 2 dng (5000). Ganghraði 7 sml, eyðslugrannur og góður bátur, siglingatölva Max-c og sjálfstýring. Lækkað verð 3,9 millj. Skoða ýmis skipti. Uppl. í síma 692-6825 og 863-1033.



Taðklær. Breidd 120 cm, kr. 179.000.- án vsk. Breidd 150 cm, kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm, kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf., www.buvis.is - Sími 465-1332.



Snjóskófla með vængjum. A) Stærð 1800-3000 mm. Verð kr. 436.000,- með vsk. B) Stærð 2000-3450 mm. Verð kr. 547.000,- með vsk. Tilboð mínus 10% afsl. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Pallagafflar. Verð kr. 119.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Til sölu lokuð kerra.Ytri mál kassa (lxbxh) 262x150x163 cm. Innri mál kassa (lxbxh) 258x148x157 cm. Afturhurð (bxh) 137x152 cm. Verð: 628.525 kr. + vsk. Búvís ehf., sími 465-1332.



Weckman WS 150 sturtuvagn. Burðargeta 15 tonn. Verð kr. 2.350.000,- með vsk (1.895.000,- án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Weckman flatvagn/rúlluvagn. Stærð pall 2,55x9,00 m. Verð kr. 1.990.000 með vsk (kr. 1.605.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



**Liebherr 63K**
byggingakrani, 1995 árg
43 m bóma, 1100 kg í enda,
6000 kg max, 23 m undir krók
Verð 4,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm BW 211 D-4**
2004 árg, 5.100 vst
Verð 4,3 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Claas Ranger 960**
skotbómulyftari, 1998 árg
Lyftigeta 3 tonn, Lyftihæð 7,5 m
Gaflar með hliðarfærslu
Verð 1,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm H13i**
valtari, 2014 árg, 950 vst
HCQ-GPS mælikerfi
Verð 11,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr L507**
2005 árg, 4500 vinnustundi
Nýleg dekk, hraðtengi,
skófla og gaflar
Verð 3,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr A900** hjólagrafa
2007 árg, Engcon EC20 rótortilt
3 skóflur
Verð 7,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051

**Weber** jarðvegsþjöppur og
hoppara til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali
Upplýsingar í síma 660-6050

**Uppl. í síma 660-6051.**
MERKÚR
merkur.is




Lambamerki kr. 28.- án vsk ef pantaðar eru heilar raðir. Töng fylgir fyrstu pöntun. Sendum sýnishorn. Búvís ehf, sími 465-1332, www.buvis.is.



Samasz salt og sandreifarar, vinnslubreidd 1,4 og 2,4 metrar. Búvís ehf 465- 1332.






Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Baggagreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð kr. 340.000,- með vsk (275.000 án vsk). Tilboð mínus 10% afsl. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk. Erum líka á facebook undir: Suður England sími 499-0588. Haukur. sudurengland@gmail.com

**Smáauglýsingasíminn er:**

**563 0300**

**Bændablaðið**

## Til sölu

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7900 kr. Sönnu vestfirsku þjóðsögurnar allar þrjár 1.980 kr. Fín afmælisgjöf. Frítt með póstinum. Ekkert vesen. Vestfirska forlagið jons@snerpa.is sími 456-8181.

Til sölu Isuzu Trooper, árg. 1999, ekinn 270 þ. Er á 33 tommu dekkjum. Á að skoðast í ágúst. Verð kr. 420.000- Einnig sambyggð trésmíðavél og vatnskæld punktsuðuvél. Uppl. í síma 897-6630.

Scania 10 hjóla með búkka, árg.´98, 400 mótor, ekin 653 þús. km. Með kojuhúsi á grind. Allar uppl. eru veittar í síma 896-5600.

Til sölu 1000 ltr. fiskiþvottakar úr ryðfríu stáli með 80 cm breiðu færibandi sem flytur í 230 cm hæð. Gæti einnig hentað til að þvo kartöflur, rófur eða gulrætur. Gott verð. Uppl. gefur Steinar í síma 893-1802.

HEY til sölu. Efnagreint hey til sölu á góðu verði. Staðsett á Hofi á Höfðaströnd. Nánari uppl. í síma 857-1585, Axel.

Liebherr 38K í góðu standi, árg.'88. Þráðlaus fjarstýring. Lyftir tæpu tonni í 36 m. Er í notkun. Nýlegur hífivír. Ásett 3,3 millj.+vsk. Uppl. í síma 897-8082 eða moeidarhvoll@gmail.com

Til sölu rúlluvél Taarup BIO sem pakkar, árg. 2005. Ásett verð 2,6 millj. Uppl. í síma 845-1052.

Til sölu Toyota Landcruiser ´97, ek. 400 þús. km. Í góðu lagi nema ryðgaður á sílsum. Sanngjarnt verð. Skipti á þægum reiðhestum koma til greina. Uppl. í s.896-6412.

Weckman þak- og veggjastál. 0,5 mm galv. Verð 1.190 m². 0,6 mm galv. Verð 1.450 m². 0,45 litað. Verð 1.480 m². 0,5 litað. Verð 1.790 m². Stallað /litað. Verð kr. 2.400 m². Með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög róbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar-og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Uppl. í síma 864-0290 og á sag.is

Bása- og drenmottur, nótuð plastborð, girðingastaurar og plastprófílar, margar stærðir. Útileiktæki, girðingar, gervigras og heildarlausn á leiksvæðum. Uppl. á vefsíðu Johannhelgi.is, eða í sími 820-8096.

Fjárhúsamottur. Verð kr. 9.350 með vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð - Frír flutningur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

## Óska eftir

Óska eftir nettum 4“- 6“ viðarkurlara við dráttarvél (PTO þrítengi), aflþörf 25-40 hp. Má vera kínverskur, skoða allt. Uppl. í síma 896-8604, e-mail: gjgestsson@gmail.com

Óska eftir bandsög. Skoða allt. Uppl. í síma 867-9040, Magnús.

Þarf einhvern sem getur tekið að sér sérverkefni í prjóni/hekli. Borga kostnað og vinnu. Email: hoddi_holm@hotmail.com

Óska eftir þægum og traustum reiðhestum með reynslu. Hentuga fyrir óvana 10-16 vetra. Hafið samband í egillorn2@gmail.com eða í síma 778-4566.

## Atvinna

Skrúðgarðyrkjufræðingur á Húsavík. Skrúðgarðyrkjufyrirtækið Garðvík óskar að ráða Skrúðgarðyrkjufræðing til starfa. Til greina kemur að ráða nema. Mikil vinna framundan hjá framsæknu, vaxandi fyrirtæki. Við getum útvegað fallega 3 herbergja íbúð í grónu hverfi sem yrði hluti af starfskjörum. Aðstoðum við að finna starf fyrir maka. Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri; Guðmundur Vilhjálmsson í síma 894-4413 eða gudmundur@velavorur.is

18 ára stúlka frá Þýskalandi óskar eftir að komast á bóndabýli í júní í 6-8 vikur. Nánari uppl.: gellert-0123@hotmail.com

## Jarðir

Óska eftir jörð til leigu í Eyjafirði, erum 5 manna fjölskylda. Nordbondi@gmail.com

Óska eftir jörð til leigu, útihús verða að vera til staðar helst á Eyjafjarðasvæðinu. Við erum 5 í heimili og svo fylgir okkur einn hundur, 4 kálfar og 4 hestar. Odinnk@hotmail.com eða 820-1562.

Til leigu tvær aðliggjandi jarðir á Tröllaskaga, fjárhús, hlaða og skemma eru á jörðunum, ásamt 130 m² íbúðarhúsi, sem þarfnast viðgerðar. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari uppl. á arnarfell@gmail.com.

## Til leigu

Reglusamt, snyrtilegt og reyklaust ungt par utan af landi óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá 1. feb. Skilvísum greiðslum heitið. Endilega verið í sambandi í netfang lovisa.95@gmail.com.

## Veiði

Vill greiða fyrir aðgang að landssvæði til andaveiða t.d. tjarnir, ós eða annað hentugt votlendi. Tímabil eitt ár í senn og staðsett á Vestur- eða Suðurlandi. Góðri og hófsamri umgengni heitið. Allar nánari upplýsingar í síma 691-0636 eða icehuntfish@gmail.com

## Einkamál

67 ára karlmaður óskar eftir að kynnast konu um sextugt sem ferðafélaga. Svör óskast send til Bændablaðsins merkt ,,A-2017", Hagatorgi 1, 107 Rvk fyrir 26. janúar.

## Þjónusta

Tek að mér að búa til excel skjöl sem geta einfaldað vinnu og sparað tíma. Sérsniðuð skjöl eftir þínum þörfum. Einar, einarsw@gmail.com

Öll alhliða hönnun á byggingum. Sumarhús, íbúðarhús, skemmur, fjós, fjárhús og ferðaþjónustubyggingar. BK Hönnun ehf., s. 865-9277 - birkir@bkhonnun.is





**Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.**






Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:




Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



# SAMSUNG
# JANÚAR STORMUR

KU6175




40” KR. 89.900,-

55” KR. 139.900,-

49” KR. 99.900,-

65” KR. 219.900,-

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49” eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

**FULL BÚÐ AF TILBOÐSVÖRUM** - Kæliskápar - Uppþvottavélar - Þvottavélar - Þurkarar - Frystiskápar - Sjónvörp - Hljómtæki

ecobubble þvottavélar

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð




**Þvottavél**
WF70
7 kg /1400 sn.
**Verð nú: 67.900,-**

KU6405




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 99.900.- / 49“ kr. 119.900.- / 55“ kr. 149.900.- / 65“ kr. 269.900.-**

KU6505




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**49“ kr. 119.900.- / 55“ kr. 159.900.- / 65“ kr. 289.900.-**



**Kælir - frystir 178cm**
RB29FSRNDWW
178 cm skápur. 192+98 ltr.
Blásturskældur og þarf aldreiað afþýða.
**Kr. 79.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Yara selenbættur áburður:

# Til að bæta heilbrigði

Jarðvegur er víða selensnauður. Notkun á Yara selenbættum áburði er hagstæðasta leiðin til þess að auka selenmagn í gróffóðri. Með selengjöf í gegnum hey eða beit fær búfé selenið í lífrænum samböndum sem nýtist betur en ólífrænt selen úr steinefnablöndum eða lyfjum. Heyefnaniðurstöður hjá bændum sem hafa borið á selenbættan Yara áburð staðfesta með óyggjandi hætti góða selenstöðu gróffóðursins.
Hver er selenstaðan í þínu heyi?




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

## Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is